**INGVELDUR ÝR JÓNSDÓTTIR SÖNGKONA**

*Allir geta haldið lagi*

Nám Bílar Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**VALA MATT**

*Hættir með Veggfóður*

Kominn tími á nýja hluti

FÓLK 42



**ÓTTAR SVEINSSON**

*Skrifar bók um flugslysið á Srí Lanka*

Átta Íslendingar og 175 Indónesar létust árið 1978

FÓLK 42




FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. september 2006 — 251. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Hnífamaður á X-inu

Maður vopnaður hnífi réðst inn í hljóðver X-ins í beinni útsendingu í leit að Dóra DNA.

FÓLK 32



### Vímulaus gleði

Samtökin Vímulaus æska fagna 20 ára afmæli í dag.

TÍMAMÓT 24



### Samsteypa sigrar stjórnarflokk

„Fordæmin frá Svíþjóð og Noregi sýna að það er hægt að mynda skýrar meginlínur fyrir kosningar," segir Ólafur Hannibalsson.

Í DAG 20

### Fimm mögulegir kostir

Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins gætu allt að fimm félög sýnt knattspyrnuþjálfaranum Guðjóni Þórðarsyni áhuga en hann er í leit að vinnu hér á landi.

ÍÞRÓTTIR 36



### VEÐRIÐ Í DAG




**ALLHVASST SUÐAUSTAN TIL** í dag verða norðaustan 13-18 m/s við suðausturströndina og á Snæfellsnesi, annars hægari. Rigning eftir hádegi suðaustan til, skúrir nyrðra en bjart með köflum vestan til. Hiti 5-13 stig, mildast suðvestanlands.

VEÐUR 4

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# 370 fötluð börn líða fyrir deilu ríkis og sveitarfélaga

**Fötluð börn á aldrinum 10-16 ára fá enga aðstoð eftir að skóla lýkur. Foreldrar þeirra verða þá að sækja þau og geta þeir því ekki unnið fullan vinnudag. Málið er í kyrrstöðu í kerfinu.**

**FÉLAGSMÁL** „Þegar um fötluð börn er að ræða virðist það talið eðlilegt að málin fái að velkjast í kerfinu svo mánuðum og árum skiptir án þess að nokkuð sé að gert," segja Sigurbjörn Magnússon og Kristín Steinarsdóttir, foreldrar fatlaðrar stúlku.

Þau vísa með því í umræðu um viðveru fatlaðra grunnskólabarna á aldrinum tíu til sextán ára. Þegar grunnskólum lýkur eftir hádegi fá fötluð börn á þessum aldri hvergi inni vegna deilna milli ríkis og sveitarfélaga um hvort þeirra eigi að greiða fyrir þjónustuna sem börnin þarfnast. Þetta veldur því að foreldrar, annað eða bæði, neyðast til að vinna skemur með tilheyrandi launaskerðingu. Kristín bendir einnig á að þessi staða einangri börnin.

Í byrjun mars á síðasta ári skipaði Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, starfshóp til að fjalla um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu um miðjan síðasta mánuð. Í henni harmar starfshópurinn að heildstætt bráðabirgðasamkomulag hafi ekki náðst og leggur til að bráðabirgðasamkomulag verði gert milli ríkis og sveitarfélaga til tveggja ára, á meðan lög um málefni fatlaðra séu í endurskoðun.

Samkomulag virðist þó ekki í sjónmáli og segir Óskar Páll Óskarsson, lögfræðingur í félagsmálaráðuneytinu, ástæðuna vera þá að ríki og sveitarfélög hafi ekki náð að semja um upphæð sem þyrfti fyrir þessa þjónustu. Þrátt fyrir að ríkið telji sér ekki lagalega skylt að greiða fyrir þjónustuna hafi það komið með tilboð um kostnaðarskiptingu á móti sveitarfélögum, vegna brýnnar þarfar á þjónustunni. Þetta hafi sveitarfélögin þó ekki samþykkt.

> Bráðabirgðaniðurstaða, hvað þá lausn, virðist hvergi í sjónmáli í þessu máli.
>
> SIGURBJÖRN MAGNÚSSON
> FAÐIR FATLAÐRAR STÚLKU

Sigurður Óli Kolbeinsson, hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, segir að sveitarfélögum beri ekki skylda til að sjá um þessa þjónustu. Hann segir ástæðuna fyrir því að sveitarfélögin hafi ekki samið við ríkið vera þá að upphæðin sem ríkið hafi reiknað með að þurfi sé um 109 milljónir. Vitað sé að sú upphæð sé allt of lág. Sveitarfélögin hafi því ekki verið tilbúin að semja um að ríkið greiddi helming upphæðar sem vitað væri að ekki dygði til.

„Bráðabirgðaniðurstaða, hvað þá lausn, virðist hvergi í sjónmáli í þessu máli," segir Sigurbjörn Magnússon og bætir við að hann telji ekkert lengur því til fyrirstöðu að leysa málið. Börn eigi ekki að líða fyrir seinagang ríkis og sveitarfélaga, allra síst fötluð börn. **- kdk**



**KVEÐJUSTUND** Eftir þrjátíu og fimm ára starf á Íslandi var síðasta þyrla björgunarsveitar Varnarliðsins sett um borð í flugvél sem flutti hana áleiðis til Englands, þar sem hennar bíða ný verkefni. Björgunarsveitin hefur bjargað yfir 300 mannslífum á þeim tíma sem hún hefur verið starfrækt á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLERT GRÉTARSSON

Starfsemi Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli lokið:

# Síðasta þyrlan af landi brott

**VARNARLIÐIÐ** Starfi björgunarþyrlna Varnarliðsins lauk í gær á táknrænan hátt þegar síðasta þyrlan var sett um borð í stóra flutningavél sem flaug með hana til Englands. Með síðustu tveim þyrlunum, sem hér höfðu verið um nokkurt skeið, fóru um tuttugu varnarliðsmenn.

Um sex mánuðir eru liðnir síðan tilkynnt var um lokun herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Þyrlusveitin kom hingað til lands frá Englandi árið 1971 og þá sem hliðarsveit frá aðalsveitinni þar í landi. Nú þegar síðasta þyrlan er horfin af landi brott má segja að starfsemi Varnarliðsins sé endanlega lokið á Íslandi, þar sem viðvera björgunarþyrlnanna tveggja var síðasta eiginlega starfsemin sem haldið var úti.

Í 35 ára langri sögu hennar hefur sveitin bjargað yfir þrjú hundruð mannslífum og eru björgunarafrek sveitarinnar Íslendingum í fersku minni. Flugbjörgunarstarf á Íslandi færist nú að öllu leyti í hendur Landhelgisgæslunni. **- shá**

Í fjarveru forsætisráðherrans:

# Valdarán hersins í Taílandi

**BANGKOK** Taílenski herinn umkringdi í gærkvöldi stjórnarráðið í Bangkok og setti herlög. Stjórnarskrá landsins var felld úr gildi og herinn lýsti því yfir að mynduð yrði ný borgaraleg stjórn, hliðholl konungi.

Á sjónvarpsstöð hersins var sýnd mynd af konungshjónunum og spiluð „valdaránstónlist." Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra landsins, var staddur í New York í gær á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og lýsti þaðan yfir neyðarástandi í landinu.

Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður, sem er í Taílandi, segir valdaránið hafa verið tímaspursmál, sökum mikillar óánægju með störf forsætisráðherrans. **- kóp /** **sjá síðu 6**


**2005 árgerðin komin!**

Bílaland B&L verður með bílaleigubíla af árgerðinni 2005 til sölu, dagana 20. til 23. september. Þarna er kjörin vettvangur til að gera afar góð bílakaup, en auk ríflegs afsláttar eru þetta bílar með 18 mánaða verksmiðjuábyrgð.

Vertu á góðum notuðum bíl í ábyrgð.

bíla land B&L notaðir bílar

bilaland.is

**Nánari upplýsingar**
**Sjá auglýsingu í blaðinu í dag**

## SPURNING DAGSINS



*Kolbrún, finnst þér Sykurmolarnir góðir?*

„Mér finnst þeir mjög góðir en ég vil halda þeim frá kaffinu mínu."

Sykurmolarnir hafa tilkynnt að þeir ætli að halda afmælistónleika í Laugardagshöll. Kolbrún Ýr Einarsdóttir er kaffiþjónn í Kaffitári í Kringlunni.

Fyrir mistök fékk hópur grunnskólakennara ofgreidd laun í verkfallinu árið 2004:

# Kennarar krafnir um endurgreiðslu launa

**MENNTAMÁL** Fimmtán grunnskólakennurum í Reykjavík er gert að endurgreiða ofgreidd laun frá árinu 2004. Mannlegum mistökum starfsmanns borgarinnar er um að kenna. Upphæðirnar nema frá tugum þúsunda en þeir sem verst verða úti þurfa að greiða á annað hundrað þúsund króna.

Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, segir ofgreiðsluna tilkomna í kennaraverkfallinu haustið 2004. „Það var samið við kennara um fyrirframgreiðslu sem kæmi til frádráttar næstu mánaðamót á eftir. Um síðustu mánaðamót kom í ljós að þessi greiðsla var ekki tekin til baka."

Ingunn segir að um mannleg mistök sé að ræða. „Ég geri mér fullkomlega grein fyrir að þetta er afskaplega óheppilegt." Spurð hvort ekki hafi komið til greina að borgin bæri kostnaðinn vegna þessara mistaka segir Ingunn að engar heimildir séu fyrir slíku. „Ábyrgðin er líka að hluta til hjá starfsmanninum sem tekur við greiðslunni."

Ólafur Loftsson, formaður Félags grunnskólakennara, segir kennara hafa leitað til félagsins vegna málsins og búið sé að koma mótmælum til borgaryfirvalda vegna þess. „Þeir kennarar sem tóku við þessum launum í góðri trú gátu ekki vitað að þeir hefðu fengið ofgreitt. Á þeim forsendum finnst okkur afar ósanngjarnt að krefjast endurgreiðslu á þennan hátt núna." Ólafur segir að leitað verði til borgarinnar um lausn málsins en ef það skili ekki árangri þá muni lögfræðingur félagsins fá málið til umfjöllunar. - shá



**VERKFALL 2004** Kennarar eru nú krafðir um ofgreidd laun frá 2004 vegna mistaka starfsmanns Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Karlmaður á sextugsaldri:

## Kærður fyrir kynferðisofbeldi

**KYNFERÐISOFBELDI Karlmaður á sextugsaldri, búsettur í Reykjavík, hefur verið kærður fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.**

**Mál mannsins kom inn á borð til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur síðastliðinn föstudag og óskuðu forsvarsmenn nefndarinnar í kjölfarið eftir því að lögreglan í Reykjavík hæfi rannsókn á málinu. Að sögn Bjarnþórs Aðalsteinssonar, fulltrúa í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, er rannsókn málsins á frumstigi. Hugsanleg fórnarlömb í málinu eru fleiri en eitt en fjöldi þeirra er meðal þess sem lögreglan rannsakar nú.**

**Lögreglan verst frekari frétta af málinu.** - mh

Egilsstaðir:

## Skaut kött nágrannans

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á Egilsstöðum hefur verið kærður til lögreglu fyrir að skjóta heimiliskött nágranna síns í bakgarði eigandans í vor.



**LÆÐAN DIDDA**

Kristinn Kristmundsson, eigandi kattarins, sem hét Didda og var af síamskyni, segir aðkomuna hafa verið ljóta því læðan hafi skriðið helsær úr bakgarðinum inn í íbúðarhúsið þar sem henni blæddi út. Kristinn hefur fengið staðfest hjá dýralækni og lögreglu að kötturinn hafi verið skotinn. Hann segir verknaðinn enn alvarlegri fyrir þá sök að ungt barn var í garðinum stuttu áður en dýrið var skotið. shá

# Viðræðurnar þróast í takt við vonir Geirs

**Geir Haarde forsætisráðherra væntir þess að niðurstöður í viðræðum Íslendinga og Bandaríkjamanna um varnir Íslands og viðskilnað Bandaríkjahers liggi fyrir í þessari viku. Hann segir leyndina yfir viðræðunum hafa verið nauðsynlega.**

**STJÓRNMÁL** Búist er við að niðurstöður viðræðna Íslendinga og Bandaríkjamanna um varnir Íslands verði kynntar fyrir helgi. Viðræðunefndir ríkjanna hittust síðast á fundi í húsakynnum bandaríska utanríkisráðuneytisins í Washington á fimmtudag og ræddu málin í um þrjár klukkustundir.

Mikil leynd hefur hvílt yfir viðræðunum og nefndarmenn og ráðherra varist allra frétta. Yfirlýsingar og tilkynningar eftir fundi nefndanna hafa jafnan verið varfærnar en eftir fundinn á fimmtudag kvað við nýjan tón. Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu sagði að gert væri ráð fyrir að samkomulag lægi fyrir fljótlega.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær enn vonast til að geta skýrt frá niðurstöðunum fyrir helgi. „Ég geri mér vonir um að það dragi til tíðinda í þessari viku," sagði Geir en tók jafnframt fram að hann gæti ekki fullyrt um það. Aðspurður svaraði Geir því játandi að viðræðurnar hefðu þróast í takt við væntingar sínar. „Já, upp á síðkastið hafa þær gert það. En auðvitað erum við að bregðast við ákveðnum breytingum sem við höfum kosið að ekki höfðu orðið."

Stjórnvöld hafa legið undir ámæli fyrir að upplýsa ekki stjórnarandstöðuna og utanríkismálanefnd Alþingis um gang mála í viðræðunum. Geir segir leyndina hafa verið nauðsynlega og boðar kynningu á málinu innan tíðar. „Leyndin hefur verið nauðsynleg,



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra segir varnarviðræðurnar við Bandaríkjamenn hafa þróast í takt við væntingar sínar.

meðal annars vegna þess að við þurfum að taka tillit til Bandaríkjamanna. Ég greindi stjórnarandstöðunni frá þessu í sumar og ég mun eiga fund með henni aftur við fyrsta tækifæri og jafnframt utanríkismálanefnd áður en málið verður gert opinbert."

> Ég geri mér vonir um að það dragi til tíðinda í þessari viku.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Geir segir ekki ljóst hvort viðræðunefndirnar þurfi að hittast á ný.

Bandaríkjamenn tilkynntu um brotthvarf varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli þann 15. mars. Tveimur vikum síðar hittust viðræðunefndir ríkjanna á fundi í Reykjavík og síðan hafa verið haldnir fjórir fundir. Rætt hefur verið jöfnum höndum um varnir Íslands og yfirtöku Íslendinga á rekstri og viðhaldi Keflavíkurflugvallar. bjorn@frettabladid.is



**JÓN H. B. SNORRASON** „Við keppumst við að ljúka þess eins fljótt og hægt er," segir Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Fjárdrátturinn hjá TR:

## Hald lagt á bíla og fasteignir

**FJÁRSVIK** Öflun gagna og yfirheyrslur í fjársvikamáli fyrrum starfsmanns Tryggingastofnunar standa enn yfir hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. Aflað er upplýsinga hjá á þriðja tug manna til að kanna hvort þeir tengist fjársvikamálinu eða ekki. Talið er að starfsmaðurinn hafi dregið að sér allt að sjötíu milljónir króna.

Jón H. B. Snorrason saksóknari segir að bankareikningar hafi verið frystir, hald lagt á peninga og verðmæti svo sem fasteignir og bíla. „Við stefnum að því að ljúka þessu fyrir áramót," segir Jón H. B. Snorrason. - ghs



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Stefnt er að því að Kauphöllin verði hluti af OMX, sem á kauphallir Norðurlandanna og í Eystrasaltsríkjunum.

Íslensk fyrirtæki skráð á OMX:

## Kauphöllin seld á þrjá milljarða

**VIÐSKIPTI** Skrifað hefur verið undir viljayfirlýsingu um kaup OMX kauphallanna á Eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi hf. sem á Kauphöll Íslands. Verðið nemur rúmum þremur milljörðum króna.

Ganga á frá kaupunum í næsta mánuði og samkeyra kauphallirnar frá áramótum. Við sameininguna breytast aðstæður fyrirtækja sem hér eru skráð á markað, þau verða sýnilegri og líklegt að erlend fjárfesting aukist. Þá má búast við að erlendar greiningardeildir taki að sýna íslenskum fyrirtækjum áhuga og fjalli um þau með reglulegum hætti. - óká/Sjá Markaðinn

**LÍBANON**

### Herinn heim fyrir helgi

Ísraelski herinn verður sendur heim frá Líbanon áður en hið nýja ár gyðinga rennur upp á föstudagskvöld. Ákvörðunina um brottflutning liðsins kynnti undirhershöfðinginn Dan Halutz varnar- og utanríkismálanefnd ísraelska þingsins í gær.


BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY WAGON
Nýskr. 06.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 102 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Tveir piltar og stúlka grunuð um fjölda innbrota:

# Tekin á stolnum bíl fullum af þýfi

**LÖGREGLUMÁL** Tveir piltar um tvítugt og sextán ára stúlka voru handtekin í gær vegna gruns um innbrot í félagsheimilið Árnes en þaðan var stolið flatskjá, skjávarpa og tölvuerðu af áfengi. Lögreglan á Selfossi handtók ungmennin og við leit í bifreið þeirra fannst þýfi úr innbrotinu í Árnesi.

Þremenningarnir voru teknir til yfirheyrslu og kom í ljós að þau höfðu stolið bílnum á Húsavík aðfaranótt sunnudagsins. Þau tóku stefnuna suður og að sögn lögreglunnar eru þau grunuð um að hafa brotist inn í að minnsta fjóra sumarbústaði í Borgarfirði auk þess að valda skemmdum. Þá fann lögregla tæki og tól til fíkniefnaneyslu í fyrrnefndum bústöðum.

Lögreglan í Borgarnesi útilokar ekki að þremenningarnir hafi brotist inn í fleiri sumarbústaði því iðulega berist ekki tilkynningar um slíkt fyrr en eigendur komi að bústöðum sínum.

Lögreglan í Reykjavík hafði lýst eftir stúlkunni. Hún er ólögráða og hafði strokið að heiman.

Piltarnir tveir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eiga að baki sakaferil, hafa verið teknir við innbrot og brotið fíkniefnalög.

Þá staðfestir lögreglan í Kópavogi að piltarnir liggi undir grun um að hafa framið afbrot í Kópavogi. Samstarf verði milli lögregluembættanna við lausn þeirra mála. - þsj




# Hið góða sigrar að lokum




Góðir Íslendingar.

Neytendur víða um heim - og þar á meðal á Íslandi - hafa í marga undanfarna mánuði lagt hart að okkur hjá General Mills að taka upp á nýjan leik framleiðslu á Cocoa Puffs með góða, sígilda bragðinu. Fyrir allnokkru varð blæbrigðamunur á bragði af Cocoa Puffs þar sem byrjað var að framleiða þetta vinsæla morgunkorn skv. nýrri uppskrift. Okkur er ljúft að viðurkenna að þarna urðu okkur á mistök.

Við hjá General Mills höfum þá meginreglu að laga framleiðslu okkar í einu og öllu að óskum og þörfum neytandans. Mér er því sérstök ánægja að tilkynna að við höfum lagt nýju uppskriftina til hliðar og hið sígilda, góða Cocoa Puffs fæst nú aftur í verslunum á Íslandi.

Óskir og vilji neytenda ráða mestu um velgengni fyrirtækis eins og General Mills. Þannig eru þessi málalok til góðs bæði fyrir okkur og fyrir þær tugþúsundir Íslendinga sem vita fátt betra en Cocoa Puffs.

Verði ykkur að góðu. Bengt Engelbrektsson

General Mills

## GENGIÐ 19.9.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,01 | 70,35 |
| Sterlingspund | 131,66 | 132,38 |
| Evra | 88,58 | 89,08 |
| Dönsk króna | 11,871 | 11,941 |
| Norsk króna | 10,706 | 10,77 |
| Sænsk króna | 9,662 | 9,718 |
| Japanskt jen | 0,5954 | 0,5988 |
| SDR | 103,37 | 103,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 122,6211

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ungur maður dæmdur í Héraðsdómi fyrir að stinga föður sinn:

# Hundaheppni að ekki fór verr

**DÓMSMÁL** Átján ára piltur hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir að ráðast að föður sínum með hnífi. Héraðsdómur Reykjavíkur felldi dóminn í gær og eru níu mánuðir dómsins skilorðsbundnir til fimm ára.

Málavextir eru þeir að pilturinn réðist á föður sinn á veitingahúsinu Kaffisetrinu aðfaranótt 17. júní síðastliðins í kjölfar deilna um fjölskyldumál. Feðgarnir höfðu fyrr um kvöldið lent í átökum á heimili sínu með þeim afleiðingum að báðir hlutu minniháttar áverka. Stuttu síðar hélt rifrildi þeirra áfram á fyrrnefndum veitingastað og bar vitnum saman um að faðirinn hafi



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Átján ára piltur hefur verið dæmdur fyrir stórfellda líkamsárás.

egnt son sinn meðal annars með því að kalla hann ítrekað „aumingja“.

Við það missti pilturinn endanlega stjórn á sér, greip til hnífs og stakk föður sinn í hægri síðu.

Pilturinn viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu að hafa ætlað sér að drepa föður sinn en hann dró þann vitnisburð til baka fyrir dómi.

Hnífurinn, sem var rúmlega 16 sentimetra langur, stakkst um 10 til 15 sentimetra inn í síðu föðurins, í gegnum lifrarblað og skaddaði hægra nýra. Í vottorði læknis kom fram að faðirinn hefði vafalaust látist ef hann hefði ekki komist undir læknishendur. Sagði í vottorðinu að hundaheppni hefði ráðið því að ekki fór verr. **- þsj**

Húsleitir víðsvegar um landið:

# Grunsemdir um barnaklám

**LÖGREGLUMÁL Húsleit var gerð á fimm heimilum víðsvegar um landið í gærmorgun vegna ábendinga frá Interpol um niðurhal og vörslu á barnaklámi. Lögreglan í Reykjavík, Kópavogi, á Selfossi og Ísafirði lögðu hald á tölvuvert af tölvum, tölvudiskum og öðrum tengdum búnaði sem gæti hjálpað til við rannsókn málsins.**

**Í Reykjavík var farið inn á tvö heimili, en á eitt á hinum stöðunum. Hinir grunuðu voru teknir til yfirheyrslu en sleppt að þeim loknum. Ekki liggur fyrir hvort tengsl séu á milli málanna. Búnaðurinn verður rannsakaður í Reykjavík. - þsj**

# Útlit fyrir að lífeyrir öryrkja verði skertur

**Búist er við vaxandi átökum milli Öryrkjabandalagsins og lífeyrissjóðanna vegna skerðingar á lífeyrisgreiðslum til öryrkja. Fundað verður um málið í dag. Formaður Starfsgreinasambandsins býst við að málið fari dómstólaleiðina.**

**LÍFEYRISMÁL** Búist er við að í dag skýrist hvað verður um skerðingu fjórtán lífeyrissjóða á lífeyrisgreiðslum til öryrkja. Skerðingin nemur allt að tugum þúsunda króna á manninn og skipta þeir nokkrum þúsundum sem verða fyrir henni.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, sagði í gær að allt benti til þess að skerðingunni verði haldið til streitu þar sem framkvæmdinni verði ekki frestað lengur. Hann bjóst við að málið færi í framhaldinu fyrir dómstóla.

„Málið hefur verið til skoðunar og langur aðdragandi verið að þessu þannig að við erum ekki að hrapa að neinu. Það hefur verið til skoðunar að reyna að mæta óskum Öryrkjabandalagsins eins og kostur er en það er því miður ekki hægt. Skerðingunni verður ekki frestað lengur eins og staðan er í dag,“ sagði hann.

Kristján telur að Öryrkjabandalagið, ÖBÍ, fari með skerðinguna fyrir dómstóla og reki þá

> Við höfum fulla samúð með þessu fólki sem hefur ekki úr stórum fjármunum að spila og auðvitað er maður dapur yfir því að þurfa að hrifsa einhverja smáaura af fátæku fólki. Það er ömurleg staða.



**KRISTJÁN GUNNARSSON**
FORMAÐUR STARFSGREINASAMBANDSINS



**SKERÐING YFIRVOFANDI** Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fjallar í dag um skerðingu lífeyissjóða. Greiðslurnar eiga að skerðast 1. nóvember og verði þeim ekki frestað eða aflýst fá þúsundir öryrkja allt að tugum þúsunda minna í vasann.

innheimtumál gagnvart lífeyrissjóðunum. „Öryrkjabandalagið hefur því miður haldið á þessu þannig gagnvart lífeyrissjóðunum. Það er því ekkert annað í farvatninu en málaferli,“ segir hann og vonar að ÖBÍ fái gjafsókn og flýtimeðferð.

Kristján segir að lífeyrissjóðirnir séu knúnir til að fara þessa leið. „Þetta er ekki óskastaðan okkar. Við höfum fulla samúð með þessu fólki sem hefur ekki úr stóru fjármunum að spila og auðvitað er maður dapur yfir því að þurfa að hrifsa einhverja smáaura af fátæku fólki. Það er ömurleg staða.“

Kristján segir það gefa auga leið að ríkið verði að koma til móts við öryrkjana í gegnum Tryggingastofnun og bæta þeim þann tekjumissi sem þeir verða fyrir.

Fjallað verður um skerðinguna í dag í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, miðstjórn ASÍ og á stjórnarfundi hjá Gildi, stærsta lífeyrissjóðnum. Vilhjálmur Egilsson, varaformaður Gildis, sagði í gær málið vera rætt frá öllum hliðum en engin niðurstaða lægi fyrir.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, sagði mörg álitamál og margt flókið í málinu. „Menn eru að skoða þessi mál,“ sagði hann í gær. **ghs@frettabladid.is**



**SADDAM HUSSEIN** Fyrrverandi forseti Íraks var þögull í dómsalnum í gær og hripaði niður minnispunkta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Seinna dómsmál Husseins:

# Kúrdar bera harðræði vitni

**BAGDAD, AP** Kúrdískur öryggisgæslumaður, sem ber vitni í máli Saddams Hussein, sýndi réttinum brunaför í gær. Áverkana segist hann hafa fengið í efnavopnaárás sem gerð hafi verið á þorp sitt árið 1988.

Kúrdinn lýsti tveimur gerðum sprengna sem fallið hefðu og afleiðingum sprengjuregnsins á sig og sína, en hann leitaði síðar læknishjálpar í Íran. Annað vitni lýsti bágbornum aðstæðum í fangabúðum, reknum af hersveitum Husseins.

Sækjendur í málinu halda því fram að Saddam Hussein, ásamt sex öðrum mönnum, sé ábyrgur fyrir þjóðarmorði á 180.000 Kúrdum á síðustu árum níunda áratugarins. **- kóþ**

## LEIÐRÉTTING

**Framboðsfrestur** vegna prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík rann ekki út í gær, líkt og stóð í blaðinu í gær. Hins vegar rann út framboðsfrestur til kjörnefndar Varðar - fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.
Beðist er velvirðingar á mistökunum.



**UMBOÐIÐ AFHENT** Fredrik Reinfeldt, verðandi forsætisráðherra, og Björn von Sydow, forseti sænska þingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Svíþjóð:

# Helmingur ráðherra konur

**SVÍÞJÓÐ, AP** Fredrik Reinfeldt, verðandi forsætisráðherra Svíþjóðar og formaður Hægriflokksins, fékk í gær formlega í hendur umboð til stjórnarmyndunar. Lýsti hann því yfir að hann myndi mynda samsteypustjórn borgaralegu flokkanna fjögurra, sem gengu til kosninga með sameiginlega stefnuskrá og yfirlýstan vilja til stjórnarsamstarfs.

Ráðherralisti nýrrar stjórnar á að liggja fyrir er þingið kemur saman 3. október. Maud Olofsson, formaður Miðflokksins sem með tíu prósenta fylgi er næststærsti flokkurinn í borgaralega bandalaginu, sagðist ætlast til að helmingur ráðherranna yrði konur. **- aa**

## GJALDÞROT

**Trésmiðja gjaldþrota**
Stjórn Trésmiðju Fljótsdalshéraðs hefur ákveðið að leggja fram beiðni í dag til sýslumannsins á Seyðisfirði um að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Öllum 30 starfsmönnum fyrirtækisins var sagt upp störfum um miðjan ágúst síðastliðinn.





**Reglur:** Aldurstakmark **15-25 ára**, myndir **ekki eldri en 2 ára**, lengd **u.þ.b. 0-20 mín.** Skilafrestur er þriðjudagur 27. sept. **Fyrirkomulag:** Hátíðin fer fram í **Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 30. sept.** Kl. 12.30-15 verða fyrirlestrar/námskeið frá íslenskum kvikmyndagerðarmönnum. **5-8 myndir** keppa um aðalverðlaunin kl 16:00. **Aðgangur ókeypis**. Sendist á **MiniDV eða DVD** ásamt almennum upplýsingum um aðstandendur á Zik Zak, Hverfisgötu 14a, 101 RVK. **EYMUNDSSON** er aðalstyrktaraðili Ljósvakaljóða 2006.
Samstarfsaðilar eru ZikZak, Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík og Reykjavíkurborg


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**SÓLARGLENNA VESTAN TIL**
Horfur eru á að smám saman fari að birta til á vestanverðu landinu. Á Snæfellsnesi eru horfur á léttskýjuðu veðri í dag en hins vegar verður vindurinn mjög sterkur þegar líður á daginn. Reyndar er hann að hvessa allhressilega suðaustan til með tilkomu lægðar og þar verður vindasamt fram að helgi.

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG**
Fremur stíf suðvestan átt og bætir smám saman í vind þegar líður á daginn. Skýjað með köflum og þurrt. Hiti 9-13 stig. Hægt kólnandi veður.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C léttskýjað | London | 23°C léttskýjað | Alicante | 28°C skýjað |
| Þórshöfn | 13°C skúrir | París | 24°C léttskýjað | Mallorca | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 18°C hálfskýjað | Frankfurt | 21°C skýjað | Algarve | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 20°C léttskýjað | Krít | 26°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 16°C léttskýjað | Berlín | 20°C heiðskírt | Las Palmas | 25°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


Betri leið í Interneti
Síminn
ENNEMM / SÍA / NM23526
NÝJAR ÁSKRIFTARLEIÐIR Í INTERNETI • NÝTT
Betri leið í Interneti
Góður
NETIÐ 1 Mb
4 GB niðurhal**
og 1 Mb/sek
3.990 kr. á mán.
Betri
NETIÐ 2 Mb
6 GB niðurhal**
og 2 Mb/sek
4.990 kr. á mán.
AUKINN HRAÐI
Bestur
NETIÐ 8 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 8 Mb/sek***
5.990 kr. á mán.
AUKINN HRAÐI
Langbestur
NETIÐ 12 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 12 Mb/sek***
6.490 kr. á mán.
færir þér Safnið!
Safnið er traust geymsla fyrir stafræn gögn þar sem þú getur á öruggan hátt geymt stafrænar ljósmyndir, tónlist og dýrmæt skjöl. Það skemmtilegasta við Safnið er að þú getur skoðað stafrænar ljósmyndir í sjónvarpi um ADSL og auk þess veitt fjölskyldu og vinum aðgang að ákveðnum myndum eða myndaalbúmum.
Safnið er aðgengilegt og öruggt fyrir gögnin þín.
Farðu á siminn.is og kynntu þér allar nánari upplýsingar um Safnið og Betri leiðir Símans. Skráðu þig í Betri leið á sölustöðum Símans um allt land eða í síma 800 7000.
Kynntu þér skilmálana á siminn.is
*Myndlykill fyrir Skjáinn og uppsetning fylgir ADSL hjá Símanum gegn 12 mánaða samningi **Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá ***Ef tæknilega mögulegt
800 7000 - siminn.is

**KJÖRKASSINN**



*Tekur þú strætó?*

| | |
|---|---|
| Já | 29% |
| Nei | 71% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfir þú á NFS?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, hættir í stjórnmálum í vor eftir sextán ár á þingi:

# Hvetur konur til framboðs

**STJÓRNMÁL** Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, lætur af þingmennsku í vor. Hún tilkynnti um ákvörðun sína á fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík í gær.

Sólveig sagðist í samtali við Fréttablaðið í gær hafa verið í yfir tuttugu ár í stjórnmálum, fyrst í borgarmálum og svo á þingi, og það væri orðinn góður tími. „Ég hef aldrei litið svo á að þingmennska væri ævistarf og finnst eðlilegt að það verði endurnýjun.“

Sólveig var í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins 1986-1990 og var þá jafnframt varaþingmaður. Hún tók fast sæti á Alþingi 1. febrúar 1991. Sólveig gegndi formennsku í allsherjar- og utanríkismálanefndum þingsins, hún var dóms- og kirkjumálaráðherra 1999-2003 og er nú forseti Alþingis. Hún segist hafa verið heppin að fá að gegna miklum trúnaðarstörfum um ævina og fengið tækifæri til að fylgja pólitískum áherslum sínum eftir.



**SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR** Segist aldrei hafa litið svo á að þingmennska væri ævistarf.

Sólveigu er umhugað um framgang kvenna í stjórnmálum og hvetur konur til að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík. „Ég hef farið í gegnum fimm prófkjör og þó það geti verið harður slagur er þetta lýðræðisleg aðferð. Það virðist stundum erfiðara fyrir konur en karla að koma sér á framfæri en það er engu að kvíða og ég hvet konur til að gefa kost á sér.“ **- bþs**

Slagsmálamyndbandi dreift:

# Slagsmál auglýst á netinu

**LÖGREGLUFRÉTT** Allt að fimmtíu unglingar fylgdust með slagsmálum tveggja pilta fyrir utan Háskólabíó um helgina. Myndbandi, sem sýnir slagsmálin, hefur verið dreift á netinu en þau voru skipulögð og auglýst þar í síðustu viku. Ruv.is sagði frá.

Samkvæmt lögreglunni í Reykjavík var hún ekki boðuð á staðinn. Lögreglan hefur haft spurnir af því að netið sé notað til að auglýsa slagsmál, en þá eigi hópar í hlut. Lögreglan hefur brugðist við slíku en yfirleitt hefur ekkert orðið úr átökum þrátt fyrir að auglýst sé á netinu og með smáskilaboðum. **- shá**

Reykjavíkurborg

**SAMGÖNGUVIKAN 2006**

**REYKJAVÍK, 15.–22. SEPTEMBER**

**LOFTSLAGSBREYTINGAR**

Reykjavíkurborg tekur nú, fjórða árið í röð, þátt í Evrópsku Samgönguvikunni. Þema Samgönguvikunnar í ár er loftslagsbreytingar og tekur dagskrá vikunnar mið af því. Leiðarljós Samgönguviku er hreint loft og lögð er áhersla á hvernig val á samgöngumáta hefur áhrif á umhverfi, heilsu og borgarbrag.

**Miðvikudagur 20. september**

12.00 Borgarbragur og samgöngur. Hádegisfundur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Getum við breytt götumynd Reykjavíkur þannig að meira jafnræðis gæti á milli ólíkra samgöngumáta? Hvaða áhrif hafa samgöngur á borgarbrag?
Frummælendur: Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi, Guðmundur Steingrímsson, blaðamaður og rithöfundur og Sigurður Guðmundsson skipulagsfræðingur.
Fundarstjóri er Sigmar Guðmundsson.

Fyrir utan Ráðhúsið sýna bílaumboð visthæfa og sparneytna bíla.

**Fimmtudagur 21. september**

08.00 Hversu lengi ertu í skólann/vinnuna?
Rannsókn á ferðahraða þriggja einstaklinga í Reykjavík – á hjóli, í bíl og í strætó. Lagt verður af stað kl. 08.00 frá þungamiðju Reykjavíkur sem miðast við Vogaskóla. Ferðinni er heitið að Háskóla Íslands og verður safnast saman að nýju við aðalinngang Háskólans. Rannsóknin er gerð til að kanna hentugleika allra samgöngumáta í borgarumhverfi á háannatíma.

**Föstudagur 22. september**

08.30 Borgin í bítið – breytt loftslag í Reykjavík? Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur. Hvaða áhrif geta loftslagsbreytingar haft á Reykjavík? Hvaða áhrif geta Reykvíkingar haft á loftslagsbreytingar?
Frummælendur: Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræðum við Háskóla Íslands, Hjalti J. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Stefnumótunar og þróunar hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar og Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Stofnunar Sæmundar fróða, Háskóla Íslands.

Meira um dagskrá Samgönguviku á www.reykjavik.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6349



TALSMENN HREINS LOFTS

www.reykjavik.is

EVRÓPSK SAMGÖNGUVIKA

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



**TAÍLENSKIR HERMENN UMKRINGJA STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ** Herinn hóf valdarán í Taílandi í gær, meðan Thaksin Shinawatra, forsætisráðherra landsins, var í New York á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Herinn náði valdi á helstu stjórnarbyggingum og sjónvarpsstöðum og lýsti yfir stuðningi við konung ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Herinn í Taílandi framdi valdarán

**Forsætisráðherrann lýsti yfir neyðarástandi frá New York og leysti yfirhershöfðingjann frá störfum. Svo mikil óánægja er með forsætisráðherrann að valdaránið var einungis tímaspursmál, segir Ólafur Jóhannesson, sem er í Taílandi.**

**BANGKOK** Yfirstjórn taílenska hersins fyrirskipaði skriðdrekahermönnum í gær að umkringja stjórnarráðið og setti herlög í landinu. Stjórnarskrá Taílands var numin úr gildi og dagskrá sjónvarpsstöðva slitið. Á skjánum sáust einungis textaboð sem skipuðu fólki að halda sig heima við og að nánari útskýringar kæmu von bráðar. Á sjónvarpsstöð hersins sást hins vegar mynd af konungshjónunum og spiluð „valdaránstónlist“, það er tónlist sem herinn hefur spilað í valdaránum fyrri tíma.

Herinn tilkynnti seinna um kvöldið að stjórnartaumar væru nú í höndum „Ráðs um stjórnsýslulegar umbætur“ og sór konungi landsins hollustu. Ríkissjónvarpið birti svo yfirlýsingu frá Sondhi Boonyaratkalin yfirhershöfðingja, þar sem hann skipaði öllum hermönnum að gefa sig samstundis fram við yfirmenn sína og halda síðan kyrru fyrir í herbúðum. Herinn hefði náð völdum í Bangkok og nágrenni, án nokkurrar mótstöðu.

Thaksin Shinawatra forsætisráðherra var staddur í New York þar sem hann ávarpaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í gærkvöldi, en ávarpi hans var flýtt um einn dag vegna valdaránsins. Shinawatra lýsti yfir neyðarástandi í Taílandi og leysti yfirhershöfðingjann frá störfum.

> Það voru allir hlaupandi í eina átt úti á götu, alveg eins og í bíómyndunum.
>
> **ÓLAFUR JÓHANNESSON**
> KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR.

Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður sagði í samtali við Fréttablaðið að nokkuð órólegt væri í borginni. „Ég var á leið út í tíu-ellefu verslun þegar ég var stoppaður á götunni og sendur aftur heim á hótel. Það voru allir hlaupandi í eina átt úti á götu, alveg eins og í bíómyndunum.“ Ólafur segir það hafa verið tímaspursmál hvenær herinn tæki völdin í sínar hendur, því óánægjan í landinu hafi verið afar mikil og herinn sé vanur að grípa inn í atburðarásina þegar svo standi á.

„Það hafa verið dagleg mótmæli út af ýmsum spillingarmálum Thaksins,“ sagði Ólafur, „Herinn hefur leyst upp þing eitthvað um fjórtán sinnum á síðustu sextíutilsjötíuárum.„Vesturlandabúarnir sem hafa verið hér lengur en ég eru á taugum og segja að nú gætu stúdentar farið út á götu að mótmæla. Það var víst mannfall í síðasta valdaráni.“ Friðsamlegt var þó í höfuðborginni þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.

klemens@frettabladid.is

Leiðtogar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna funda í New York:

# Átök í Palestínu grafa undan SÞ

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan flutti í gær síðustu opnunarræðu sína við upphaf Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York, því næsta haust verður nýr framkvæmdastjóri tekinn við af honum. Annan dró í ræðu sinni upp dökka mynd af ástandi heimsmálanna. Hagstjórnin væri ranglát, glundroði væri ríkjandi og almenn fyrirlitning á mannréttindum og lögum. Hann hvatti ríki heims til þess að taka höndum saman og vinna að einingu í alþjóðasamfélaginu.

Hann sagði enn fremur að á meðan Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna væri ófært um að binda enda á átök Ísraels og Palestínumanna „myndi virðing fyrir Sameinuðu þjóðunum halda áfram að dvína“.



**ÍRANSKA NEFNDIN HLÝÐIR Á BUSH** Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, lét ekki sjá sig í salnum meðan Bandaríkjaforseti flutti ræðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meðan Annan flutti ræðu sína bárust þau tíðindi frá Taílandi að herinn hefði gert stjórnarbyltingu og steypt Thaksin Shinawatra forsætisráðherra af stóli. Thaksin var staddur í salnum og fékk að skipta við Svartfjallaland á ræðutíma, þannig að hann gat flutt ræðu sína í gærkvöld til þess að komast heim til Taílands degi fyrr en til stóð.

Einna mesta athygli vakti þó ræða George W. Bush Bandaríkjaforseta, sem beindi meðal annars máli sínu að Írönum og hvatti þá til að hætta kjarnorkuáformum sínum. Hann varði einnig stefnu sína í málefnum Mið-Austurlanda. **- gb**




**10 daga**

# afmælistilboð

Á meðan birgðir endast



**Ifö Samba**
Sturtuhorn úr hertu öryggisgleri með stálbotni.
Stærð 90x90 sm.

TILBOÐ:
14.900 kr.
Ifö

ótrúlegt verð



**Ifö Kreta m/nuddi**
Einföld og falleg hönnun sem skapar vellíðan fyrir alla fjölskylduna.
Stærð 143x143 sm.

TILBOÐ:
99.000 kr.
Ifö



**Mora Marena**
Hitastillt sturtutæki með ömmu-stöng, skipti, sturtuhaus og tilheyrandi búnaði.

TILBOÐ:
28.000 kr.
mora

Í tilefni af 25 ára afmæli Tengis bjóðum við afslátt á völdum vörum, þar á meðal 25% afslátt af sturtuhurðum. Hjá okkur getur þú skapað baðherbergi drauma þinna en við erum með fjölmörg frábær vörumerki sem bjóða upp á glæsi-lega hönnun á baðkerum, hreinlætistækjum og eldhúsvöskum. Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Smiðjuvegi 76.

**HANNAÐU HEIMILIÐ MEÐ TENGI**

**Opið:**
Virka daga 08-18
Laugardaga 10-15

1981 25 2006
TENGI

VISA MasterCard Nú getur þú greitt með léttgreiðslum Euro og Visa – vaxtalaust í 3 mánuði.

Smiðjuvegur 76 200 Kópavogur Sími 414 1000 Fax 414 1001 tengi.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Hvað heitir organistinn í Skálholti sem sagt hefur verið upp?*

**2.** *Hvert er tilefni tónleika Sykurmolanna í Laugardalshöll 17. nóvember?*

**3.** *Hver verður kynnir sjónvarpsþátta sem sýndir verða á undan Miss World keppninni?*

SVÖR Á BLS. 42

Forsætisráðherra segir góð teikn á lofti í efnahagsmálum og spáir lægri verðbólgu:

# Verðbólgan niður á næsta ári

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra er bjartsýnn á að tímabundin niðursveifla efnahagslífsins snúist við von bráðar.

„Ég tel að það séu mjög góð teikn á lofti núna, nýjustu verðbólgutölurnar benda til þess,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær. Hann benti á endurskoðaðar hagvaxtartölur og lítið atvinnuleysi máli sínu til stuðnings og sagði aðgerðir stjórnvalda frá því í sumar vera að skila árangri. Geir vildi þó ekki segja til um hvenær hægt yrði að efna til opinberra útboða á nýjan leik. „Það styttist í það en við höfum ekki tekið nýja ákvörðun um þau mál.“



**GEIR H. HAARDE** Telur að stjórnvöldum takist að koma verðbólgunni niður á miðju næsta ári.

Stýrivextir Seðlabanka hafa hækkað stig af stigi undanfarin ár og nema nú fjórtán prósentum. Geir vildi ekkert gefa út á hækkanirnar, sagðist ekki tjá sig um vaxtaákvarðanir bankans.

Spurður út í nýjan samanburð á verðbólgu í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, þar sem Ísland trónir á toppnum, sagðist Geir hafa áhyggjur af stöðunni. „En við erum að vinna að því að koma henni niður og ég tel allt benda til þess að það muni takast fyrir eða um mitt næsta ár. Ég tel að verðbólgutölurnar sem við munum sjá á næstum mánuðum og upphafi næsta árs verði allt aðrar en verið hefur á þessu ári.“ **- bþs**

Danir búa sig undir mótmæli:

## Óánægja með aðhaldsaðgerðir

**DANMÖRK** Víða í Danmörku eru fjölmennar mótmælaaðgerðir í undirbúningi. Mikil óánægja ríkir í landinu með nauman fjárhag sveitarfélaga, sem hafa tekið á sig aukin verkefni frá ríkinu en skortir fé til að sinna grunnþáttum í velferðarþjónustunni eins og leikskólum, grunnskólum og umönnun aldraðra svo vel þyki.

Í gær mótmæltu íbúar í Árósum með því að loka fyrir inngang allra leikskóla þar í borg. Fjölmiðlar skýrðu frá því að víðar væru fjölmennar mótmælaaðgerðir í aðsigi á vegum danska Alþýðusambandsins. **- gb**



**TUTTUGU TONN AF GLERI** Mikil hætta skapaðist þegar glerið féll af flutningabílnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óhapp í Ártúnsbrekku:

## Biðraðir í þrjár klukkustundir

**UMFERÐ** Mikil umferðarteppa myndaðist í Ártúnsbrekku í Reykjavík í gær í kjölfar umferðarslyss sem varð skömmu fyrir hádegi.

Vörubíll með tengivagn, sem var að flytja rúðugler, valt með þeim afleiðingum að glerið dreifðist um götuna og því var ákveðið að loka Miklubraut frá Grensásvegi til austurs og upp í Ártúnsbrekku. Gatan var lokuð í um þrjár klukkustundir og mynduðust miklar biðraðir á þeim vegum þangað sem umferðinni var beint. Engan sakaði í óhappinu. **- shá**

## NORÐUR-KÓREA

### Nýjar refsiaðgerðir

Stjórnvöld í Japan og Ástralíu samþykktu í gær nýjar refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu vegna flugskeytatilrauna í júlí. Kínversk stjórnvöld lýstu óánægju sinni með þessar refsiaðgerðir og segja þær einungis gera deilurnar um meint kjarnorkuáform Norður-Kóreu enn erfiðari.

# Diddú og Megas gagnrýna stjórn Skálholts harkalega

**Diddú og Megas, sem hafa reglulega haldið tónleika í Skálholtskirkju, segja tónlistarlífið í Skálholti í uppnámi vegna uppsagnar dómorganistans. Biskup Íslands fundar í dag með kirkjuráði Skálholtskirkju.**

**KIRKJUMÁL** Tónlistarkonan Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, telur að breytingar sem boðaðar hafa verið á starfsskipulagi í Skálholti verði til þess að draga til mikilla muna úr tónlistarlífi í Skálholti og jafnvel leggja það í rúst.

„Ég hef haft einstaka ánægju af því að starfa með Skálholtskórnum og listafólki úr sveitunum í kring. Starfið sem hefur farið fram í Skálholti undir stjórn Hilmars Arnar er mjög göfugt. Þar hefur manngæska og kærleikur verið haft að leiðarljósi og skilað sér í ómetanlegu starfi fyrir íbúa í sveitinni. Ég held að það sé verið að rústa tónlistarlífi heils sveitarfélags með því að segja Hilmari Erni upp störfum,“ sagði Sigrún.



**SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR**

Tónlistarmaðurinn Magnús Þór Jónsson, Megas, sem nokkrum sinnum hefur komið fram í Skálholti á tónleikum, gagnrýnir vígslubiskupinn í Skálholti fyrir valdníðslu. „Mér finnst þessar breytingar vera eins og þær séu reiddar fram af einræðisherra sem vill sýna vald sitt án þess að hugsa nokkuð út í afleiðingarnar,“ segir Megas og bætir við að þetta muni skaða Þjóðkirkjuna. „Þetta er auðvitað mikið högg fyrir marga en þetta er enn meira högg fyrir Þjóðkirkjuna.“

> „Mér finnst þessar breytingar vera eins og þær séu reiddar fram af einræðisherra sem vill sýna vald sitt án þess að hugsa nokkuð út í afleiðingarnar.
>
> **MEGAS TÓNLISTARMAÐUR**

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu sagði stjórn Skálholts Hilmari Erni Agnarssyni dómorganista upp störfum vegna skipulagsbreytinga sem boðaðar hafa verið í Skálholti. Breytingarnar hafa fallið í grýttan jarðveg hjá heimamönnum en sóknarnefndarformaður Skálholtssóknar, Ingólfur Guðnason, segir stjórn Skálholts hafa farið á bak við sóknarnefndir í héraðinu með boðuðum breytingum. Því hefur Sigurður Sigurðarson, vígslubiskup í Skálholti, neitað og sagt breytingarnar hafa verið ræddar með sóknarnefndunum áður en þær komu til framkvæmda.

Hörður Áskelsson, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, vann greinargerð um tónlistarlífið í Skálholti fyrir skömmu en hann var einn þeirra sem beðnir voru um að koma með tillögur að skipulagsbreytingum í Skálholti. „Mér var falið það sem fagmanni að gera úttekt á stöðu mála fyrir þá sem eru í stjórn Skálholts, og skoða tónlistarlífið í Skálholti út frá tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar. Ég legg það til að starfið í Skálholti verði enn öflugra, fyrir þá fjármuni sem Þjóðkirkjan er að setja í þetta starf, því þetta er eina fræðasetrið við íslenska kirkju sem Þjóðkirkjan borgar fyrir en ekki sóknirnar sjálfar. Ég legg það til að sá sem stýrir tónlistarlífi í Skálholti fái meira svigrúm til þess að starfa sem kirkjutónlistarmaður að eflingu staðarins sem æðsta kirkjutónlistarstaðar á Íslandi,“ segir Hörður og leggur áherslu á að hann hafi ekki komið að skipulagsbreytingunum með neinum hætti.



**MEGAS FLYTUR PASSÍUSÁLMANA Í SKÁLHOLTSKIRKJU** Megas gagnrýnir stjórn Skálholts harkalega fyrir að segja Hilmari Erni Agnarssyni dómorganista upp störfum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, fundar í dag með kirkjuráði Skálholtskirkju vegna málsins. Ekki náðist í biskup í gær.

**magnush@frettabladid.is**


## PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 14,0% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst–1. september 2006. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun**

**14,0% ávöxtun**

Fíton/SÍA

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is**

SPARISJÓÐURINN

# FJÖRIÐ ER BYRJAÐ

**30-70% Afsláttur**

lagerútsala Betra Bak hefst á þriðjudaginn 19. sept. og stendur til sunnudagsins 24. sept.

## Í bústaðinn !
Crown heilsudýna með botni í hvítu leðurlook og Square Alu löppum.
**Verðdæmi 160x200 cm kr. 79.900,-**



## Teppasett
Teppi - pífa - púði og tvö koddaver
Verðdæmi Queen
Frá kr. 12.900,-





## Hægindastólar
**25-30% afsláttur**



## Apple náttborð
Eik, vengi og ljóst beyki
15 til 50% afsláttur.

## Gaflar
**Í miklu úrvali.**
**15-70% afsláttur**



## Stillanleg rúm!
Aeroflex stillanleg rúm með Tempur heilsudýnu á verði sem ekki hefur sést áður.





## Nú er rétti tíminn
Gravity Zero stillanlegu rúmin á ótrúlegu tilboði í Betra Bak.



## Spring Air
Verðdæmi - Never Turn:
Queen rúm 153x203 cm
99.000,- án gafls.




www.design.is © 2006

Vegna lagerbreytinga bjóðum við 30-70% afslátt af völdum vörum.
Aðeins þriðjudag 19 sept til sunn. 24. sept.
Virka daga frá kl. 12-18, laugardag og sunnudag frá kl. 13-16

## Holtavegi 8
á bak við Ikea Holtagörðum!!

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**MUNNFYLLI AF RÖRUM** Svisslendingurinn Marco Hort sést hér troða 259 drykkjarstráum upp í sig í keppni sem fram fór í Vínarborg um helgina. Fleiri myndir eru á marcohort.com. NORDICPHOTOS/AFP

Kjaraviðræðum leikskólakennara hefur verið vísað til sáttasemjara ríkisins:

# Kjaradeila til sáttasemjara

**KJARAVIÐRÆÐUR** Kjaraviðræðum leikskólakennara hefur nú verið vísað til sáttasemjara ríkisins.

Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, segir það mat leikskólakennara að ekki beri mikið í milli og vonast til að samningar takist áður en samningar leikskólakennara losna í lok september.

Viðræður leikskólakennara hafa staðið yfir með hléum frá í júní en um síðustu helgi hafnaði launanefnd sveitafélaga tillögu Félags leikskólakennara, sem félagið telur forsendu samkomulags.

Björg segir leiðréttingu launa leikskólakennara frá 1. janúar síðastliðinn hafa áhrif á kröfur þeirra nú.

Björg vildi ekkert gefa upp um kröfur leikskólakennara eða hvers eðlis þær væru. Þess má geta að laun nýútskrifaðs leikskólakennara eru 196.970 krónur á mánuði. Fyrsti fundur með ríkissáttasemjara hefur ekki verið ákveðinn.

Launanefnd sveitafélaga hefur ákveðið að framlengja tímabundnar heimildir sveitarfélaga sem samþykkar voru í janúar til viðbótargreiðslna umfram kjarasamning leikskólakennara. Heimildirnar gilda til gildistöku nýs kjarasamnings. - hs



**BJÖRG BJARNADÓTTIR** Það er mat leikskólakennara að ekki beri mikið á milli í samningaviðræðum.

Veiðar á lokuðu hafsvæði:

# Ólögleg þorskanet í Eystrasalti

**FISKVEIÐAR** Skip Greenpeace-samtakana, Arctic Sunrise, hefur verið á ferð um Eystrasalt og reynt að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar.

Eystri hluti Eystrasaltsins er lokaður fyrir fiskveiðum frá 15. júní til 15. september en grænfriðungar sigldu fram á fjölda neta á svæðinu á þessu tímabili, að því er fram kemur á vef Fiskifrétta.

Samkvæmt talskonu Greenpeace í Svíþjóð lögðu áhafnir pólskra fiskiskipa fjölda ólöglegra þorskaneta á svæðinu. Í netunum var aðallega ókynþroska smáþorskur. - hs


**Læknastofa**
**Steingerðar Sigurbjörnsdóttur**
**í Domus Medica**

Læknastofan lokar **1.nóvember** næstkomandi. Þeim sem verið hafa í reglulegu eftirliti er bent á að panta tíma sem fyrst í s. **563 1011**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Ástand trjágróðurs víða gott:

# Sitkalúsin á undanhaldi

**GRÓÐURFAR Greni er víða í sæmilegu ástandi og mun minna er um sitkalús núna en fyrr í sumar.**

**Þetta var meðal þess sem kom í ljós þegar útbreiðsla og skaðsemi trjásjúkdóma og meindýra var könnuð fyrir skömmu. Samtals komu rannsóknarmenn við á 43 stöðum á landinu til að kanna ástand skóga.**

**Yfirleitt reyndist heilbrigði trjágróðurs vera þokkalegt og munar þar mestu um að birkimaðksfaröldrum er lokið. Ösp er víða skemmd eftir haust- og vorfrost og sumstaðar hafa aspartré dáið vegna þessa.**

**Leiðangursmenn voru Guðríður Eyjólfsdóttir, Halldór Sverrisson og Guðmundur Halldórsson.** - hs



**BJÖRN BJARNASON** Dómsmálaráðherra boðar hertari viðurlög við kynferðisbrotum. Enn fremur er í frumvarpi hans gert ráð fyrir að refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu verði felld niður og í staðinn gert refsivert að auglýsa eftir kynmökum.

# Refsivert að auglýsa vændi

**Refsing fyrir að stunda vændi fellur niður en í staðinn gert refsivert að auglýsa vændi. Þá verður refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en fjórtán ára þyngd, samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra.**

**STJÓRNMÁL** Nýtt frumvarp Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra um kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga gerir ráð fyrir umfangsmiklum breytingum frá því sem nú er kveðið á um í lögunum.

Björn kynnti frumvarpið á fundi ríkisstjórnarinnar í gærmorgun en það er endurbætt útgáfa af frumvarpi sem hann lagði fyrir Alþingi síðasta vor en hlaut ekki framgöngu.

Meðal nýmæla frumvarpsins er að upphaf fyrningarfrests kynferðisbrota miðist við átján ára aldur brotaþola en ekki fjórtán ár eins og nú er. Refsihámark fyrir kynferðislega áreitni gegn börnum verður hækkað þannig að brot gegn yngstu börnunum munu fyrnast á lengri tíma en nú er kveðið á um.

Refsing fyrir samræði og önnur kynferðismök við barn yngra en fjórtán ára verður þyngd og verða refsimörkin þau sömu og fyrir nauðgun; fangelsi frá einu ári og allt að sextán árum. Með því er lögð áhersla á alvarleika slíkra brota og teljast þá nauðgun og kynmök við börn yngri en fjórtán ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður.

Þó er gert ráð fyrir að heimilt verði að lækka refsingu eða fella hana niður ef sá er gerist sekur um samræði eða önnur kynferðismök gagnvart barni yngra en fjórtán ára er á svipuðum aldri og þroskastigi og barnið.

Hugtakið nauðgun verður rýmkað frá því sem nú er. Þannig er gert ráð fyrir að önnur kynferðisnauðung og misnotkun á bágu andlegu ástandi og því að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans teljist nauðgun. Við það þyngist refsing vegna slíkra brota frá því sem nú er og verður fangelsisvist frá einu ári og allt að sextán árum, í stað fangelsis allt að sex árum nú.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að refsing fyrir að stunda vændi sér til framfærslu verði felld niður og í staðinn gert refsivert að bjóða fram, miðla eða óska eftir kynmökum í opinberum auglýsingum.

Enn fremur er í frumvarpinu almennt ákvæði um lögfestingu refsiábyrgðar vegna kynferðislegrar áreitni. bjorn@frettabladid.is




ARGUS / 06-0472

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 24. september næstkomandi** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti um áramótin.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

spron



SIEMENS



ATARNA / STÍNA MAJA / FÍT

Tækifæri í tvímánuði

Skoðið öll tilboðin á: www.sminor.is



Verið ávallt velkomin í heimsókn

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4
Sími 520 3000



Sjáðu verðið!
770g
98 KR.
HVEITI
Eins og úr eigin ofni!
Stjáni bakari GETUR þetta!
DJÖFLATERTA
DJÖFLATERTA
499 KR.
784g
EKKERT BRUÐL
KVÖLDROÐINN OG MORGUNDÖGGIN
Tilboð: 2x 500g frá Kaffitári
KAFFITÁRSTILBOÐ 500g+500g
899 KR.
KÍLÓVERÐ
BAUNIR EÐA MALAÐ
Veljið sjálf!
Bónus býður betur!
ÍSLANDS LAMB
LAMBASTEIK ÚR LAMBALÆRI
ÍSLANDS NAUT
ÍSLANDS GRÍS
POTTAGALDRAR
LAMB ISLANDIA
25% afsláttur við kassann
Blönduð ber/rifsber
129 KR.
400g
KJARNA
RIFSB
BLÖNDUÐ BERJA
RIFSBERJAHLAUP OG BLÖNDUÐ BERJASULTA
Þorskurinn
FROSINN ÞORSKUR
99 KR.
400g
Stillahavstorsk
Tyynenmeren turskafilee
Pacific cod
Fínt að eiga í frystinum!
Lambasaltkjöt hálsabitar
30% afsláttur við kassann
Alaska pollock
FROSINN UFSI
99 KR.
400g
Ufsinn
SALTAÐIR HÁLSA BITAR KÍLÓVERÐ:
359 KR.
100 ml
Colgate
Triple Action
TRIPLE ACTION
159 KR.
100 ml
www.bonus.is
KJARNAFÆÐI
BÓNUS
bonus.is




Dómur í Héraðsdómi Vesturlands fyrir fíkniefnabrot og ofbeldisverk:

# Sló og sparkaði í andlit pilts

**DÓMSMÁL** Tveir menn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Vesturlands fyrir fíkniefnabrot og ofbeldisverk. Annar var dæmdur í fangelsi, hinn í sekt.

Annar mannanna réðst að manni aðfaranótt sunnudagsins 17. apríl 2005 fyrir utan Búðarklett í Borgarnesi. Fórnarlambið marðist mikið í andliti og fékk skurð á vinstra kinnbein. Sömu nótt réðust báðir sakborningarnir á annan pilt á sama stað. Annar þeirra sló hann í jörðina, en hinn sló og sparkaði í andlit honum þar sem hann lá. Pilturinn missti við þetta tvær tennur úr efri gómi.

Auk þessa var öðrum hinna dæmdu gefið að sök að hafa gert tilraun til fíkniefnabrots meðan hann sat í fangelsinu á Akureyri, en þá reyndi hann að smygla kókaíni inn í fangelsið.

Annar mannanna var dæmdur í tveggja mánaða fangelsi. Honum var gert að greiða þeim sem tennurnar missti 135 þúsund krónur, svo og sakarkostnað. Hinn var dæmdur í 50 þúsund króna sekt eða fjögurra daga fangelsi, greiði hann hana ekki innan tilskilins tíma. - jss



**BORGARNES** Ofbeldisverkin áttu sér stað fyrir utan Búðarklett í Borgarnesi.

Starfsfólk matvöruverslana:

## Meirihluti ungt fólk

**ATVINNUMÁL** Meirihluti starfsmanna matvöruverslana, veitingastaða og kráa er yngri en 25 ára. Þetta leiða nýjar tölur frá Hagstofu Íslands í ljós en þeirra er getið í vefriti fjármálaráðuneytisins. Í október á síðasta ári voru 46 prósent þeirra sem störfuðu í matvöruverslunum tvítugt fólk eða yngra og sextíu prósent allra sem þar störfuðu höfðu ekki náð 25 ára aldri.

Svipaða sögu er að segja af veitingahúsum og krám, þar voru 61 prósent starfsmanna 25 ára og yngri. Samtals starfa um níu þúsund manns í þessum tveimur atvinnugreinum. - kdk



**VERKSUMMERKI ÓEIRÐA** Eyðilagður lögreglubíll fyrir utan höfuðstöðvar ungverska ríkissjónvarpsins í Búdapest í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁHYGGJUFULLUR** Áhyggjusvipurinn leyndi sér ekki á Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, er hann heimsótti í gær lögreglumenn sem slösuðust í óeirðunum í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þrýsta á afsögn Gyurcsanys

**Birting upptöku þar sem ungverski forsætisráðherrann Gyurcsany segir ríkisstjórn sósíalista hafa logið um ástand efnahagsmála fyrir kosningar í vor hefur valdið mikilli reiði meðal Ungverja. Hann neitar að víkja.**

**UNGVERJALAND, AP** Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, sagði í gær að atburðir þeir sem áttu sér stað í Búdapest í fyrrinótt hefðu gert hana að „lengstu og myrkustu nótt“ í sögu landsins frá því kommúnisminn féll árið 1989.

Um 150 manns slösuðust í óeirðum sem upphófust eftir að spilað var í ungverska ríkisútvarpinu upptaka af ræðu Gyurcsanys í lokuðum hópi flokksmanna sinna, en í ræðunni segir hann að ríkisstjórn hans hefði „logið öllum stundum“ um ástand efnahagsmála í landinu í aðdraganda þingkosninga í apríl síðastliðnum.

Mótmælendum og óeirðalögreglu laust saman við höfuðstöðvar ungverska sjónvarpsins í Búdapest í fyrrakvöld. Mótmælendur báru lögregluna ofurliði og gengu berserksgang í sjónvarpshúsinu. Lágu allar útsendingar niðri um hríð. Um 150 manns slösuðust í átökunum, þar af 102 lögreglumenn. Einn var lagður inn á sjúkrahús með alvarlega höfuðáverka, að sögn talsmanns lögreglunnar.

> Ég fer hvergi og gegni starfi mínu áfram.
>
> FERENC GYURCSANY
> FORSÆTISRÁÐHERRA UNGVERJALANDS

Í viðtali við AP-fréttastofuna sagði Gyurcsany að hann hafnaði því algerlega að verða við kröfum um að víkja úr embætti vegna málsins. Hann sór hins vegar að hann myndi halda til streitu efnahagsumbótaáætlun sinni.

„Ég fer hvergi og gegni starfi mínu áfram. Það á hug minn allan að hrinda áætluninni í framkvæmd,“ segir Gyurcsany. „Ég veit að fólk á erfitt með að kyngja þessu, en þetta er eina leiðin fram á við fyrir Ungverjaland.“

Gyurcsany fordæmdi „skemmdarfýsn“ þeirra á að giska tvö þúsund til þrjú þúsund mótmælenda sem réðust inn í sjónvarpshúsið. Hann sagðist jafnframt hafa fullt traust á lögreglunni að koma aftur á friði og ró.

Bræðin sem hin umdeilda upptaka hefur leyst úr læðingi er rakin til sparnaðaraðgerða stjórnvalda, sem þau hafa gripið til í því skyni að freista þess að hemja fjárlagahallann, sem stefnir í að verða meira en tíu prósent af vergri landsframleiðslu í ár, og þar með langmesti hallinn sem um getur í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Meðal aðgerða sem boðaðar hafa verið í þessu skyni eru skattahækkanir, uppsagnir fjölda ríkisstarfsmanna, og að tekin verði upp þjónustugjöld í heilbrigðisþjónustu og skólagjöld fyrir flesta háskólanema.

Samsteypustjórn Sósíalistaflokks Gyurcsanys og frjálsra demókrata var fyrsta ríkisstjórn Ungverjalands sem náði endurkjöri eftir að lýðræði komst aftur á í landinu árið 1990.

audunn@frettabladid.is

Pólsk menningarhátíð verður haldin um næstu mánaðamót:

# Pólsk menning kynnt í Reykjavík

**MENNINGARMÁL** Pólsk menningarhátíð verður haldin dagana 28. september - 1. október næstkomandi. Hátíðin hefur verið tvö ár í undirbúningi og með henni verður ýtt úr vör stærstu kynningu á pólskri menningu sem fram hefur farið hér á landi.

Landsvirkjunstyrkirmenningarhátíðina en íslensk/pólska vináttufélagið og Landsvirkjun hafa undirritað samstarfssamning sem hefur það að markmiði að kynna pólska menningu á Íslandi og stuðla að skilningi á fjölmenningu og nútímasamfélagi á Íslandi.

Í byrjun tíunda áratugarins fluttu margir Pólverjar til Íslands í leit að betur launuðum störfum og nú eru þeir langstærsti hópur innflytjenda. Flestir þeirra eru dreifðir um landið í ýmsum störfum þar sem lítillar sérmenntunar er krafist. Menningarhátíðinni er ætlað að kynna menningarlegan bakgrunn þessa fólks.

Meðal þeirra sem fram koma á hátíðinni eru heimsfrægir pólskir listamenn eins og Krzysztof Penderecki, sem mun stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá verða sýndar pólskar kvikmyndir og tónleikar haldnir til heiðurs Szymon Kuran tónlistarmanni sem lést á síðasta ári. Þeir sem vilja kynna sér dagskrá menningarhátíðarinnar betur er bent á heimasíðuna www.polska.is. - hs



**UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, ásamt Önnu Wojtynska og Mörtu Macuga.

Boðað til opinnar samkeppni:

## Velja nýtt byggðarmerki

**BORGARBYGGÐ** Opin samkeppni verður haldin um nýtt byggðarmerki fyrir hið sameinaða sveitarfélag Borgarbyggðar. Þetta var samþykkt á fundi atvinnu- og markaðsnefndar í síðustu viku. Merkið á að hafa augljósa skírskotun til landafræði, sögu, menningar, dýralífs eða atvinnulífs svæðisins.

Peningaverðlaun eru í boði fyrir þrjár bestu tillögurnar og fær höfundur þeirrar álitlegustu hundrað þúsund krónur. Skilafrestur er til 8. nóvember og verða úrslit kynnt á vef borgarbyggðar hinn 19. nóvember. - þsj

Náttúruvaktin mótmælir áætlunum um að leggja háspennulínur ofanjarðar:

# Sjónmengun af völdum háspennulína

**HÁSPENNULÍNUR** Náttúruvaktin mótmælir harðlega þeim áætlunum Landsnets að leggja háspennulínur frá Hellisheiðarvirkjun vegna þeirrar gríðarlegu sjónmengunar sem þær munu valda.

Landsnet undirbýr nú framkvæmdir við háspennulínur frá fyrirhuguðum virkjunum á Ölkelduhálsi og við Hverahlíð, og frá Hellisheiðarvirkjun í Ölfusi, að Geithálsi í Reykjavík og Straumsvík í Hafnarfirði. Mat á umhverfisáhrifum þessara framkvæmda er að hefjast og gefst almenningi kostur á að koma með athugasemdir við drög að matsáætlun fram til 29. september.

Ásta Þorleifsdóttir, sem situr í stjórn Náttúruvaktarinnar, segir óforsvaranlegt að hafa háspennulínur ofanjarðar svo nálægt þéttbýli. „Landsneti ber skylda til að bera saman kosti þess að leggja háspennulínur í jörð eða ofanjarðar.“ Ásta telur skammtíma gróðahyggju of ráðandi og að þegar litið sé til lengri tíma sé alls óvíst að ódýrara sé að leggja háspennulínur ofanjarðar með tilheyrandi viðhaldskostnaði.

Í drögum að matsáætlun Landsnets, sem kynnt voru á sunnudag, segir að kostnaður við jarðstrengi á lægstu spennu sé sambærilegur við loftlínu en hækki hratt með aukinni spennu, einkum þegar komið er upp fyrir 132 kílóvatta spennu. Af þeim sökum sé ekki reiknað með jarðlínu sem valkosti nema aðstæður verði með þeim hætti að ekki sé um aðra lausn að ræða. - sdg



**HÁSPENNULÍNUR** Möstur sem reist voru í sumar við bæinn Eyrarteig í Skriðdal í Fljótsdalshéraði. MYND/SIGURÐUR ARNARSSON

Umhverfisstefna viðurkennd:

## Grænfáninn til Ármúlaskóla

**UMHVERFISMÁL Fjölbrautaskólinn við Ármúla er fyrsti framhaldsskólinn sem hlýtur Grænfánann. Skólinn er sá stærsti hér á landi sem hefur tekið þátt í verkefninu.**

**Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur sýnt fram á að nemendur og starfsfólk skólans hafi viðhaldið öflugu og markvissu starfi í þeim tilgangi að vernda umhverfið og hefur sett sér ný markmið til að stefna að næstu tvö ár.**

**Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar í Evrópu sem tákn um góða fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. - hs**

Dæmdur til að greiða sekt:

## Tvívegis tekinn með fíkniefni

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur dæmt mann til að greiða 70.000 króna sekt til ríkissjóðs vegna tveggja fíkniefnabrota. Maðurinn hefur tvívegis áður hlotið dóma vegna brota á fíkniefnalögum. Hann játaði sök fyrir dómi en rauf skilorð.

Dómara þótti þó við hæfi að láta skilorðsdóminn standa áfram og dæma sérstaklega fyrir þau brot sem ákært var fyrir nú. - þsj



**HAFNARFJÖRÐUR** Byggingarlóðum hefur verið skilað í auknum mæli í Hafnarfirði.

Hafnarfjörður:

## Lóðum skilað

**LÓÐAMÁL** Óvenjumikið hefur verið um að byggingarlóðum hafi verið skilað í Hafnarfirði upp á síðkastið. Þannig var 68 lóðum úthlutað í fyrstu úthlutun í Áslandshverfi í vor og var fimm skilað. Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi hjá Hafnarfjarðarbæ, segir að venjulega sé einni til tveimur lóðum skilað.

„Lóðarhafar þurfa ekki að gefa upp neina ástæðu þegar þeir skila inn lóðum og núna hefur aðeins fleiri lóðum verið skilað vegna þess að bankar eru búnir að loka meira eða minna á lán, fólk hefur gert aðrar ráðstafanir eða það hefur ekki getað selt eldri eignir,“ segir hún.- ghs

SÁDI-ARABÍA

### Útlendingar hálshöggnir

Tveir menn, Bangladessi og Afgani, voru nýlega gerðir höfðinu styttri með sveðju fyrir allra augum í Riyadh-borg. Bangladessinn hafði verið dæmdur fyrir morð og Afganinn reyndi að smygla heróíni inn í konungsríkið. 83 menn voru afhöfðaðir í landinu í fyrra.

www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**GOLFPOKI TIGER WOODS** Kylfingurinn geðþekki æfði sig í gær fyrir keppnina um Ryder-bikarinn í Kildare-sýslu á Írlandi, en hún hefst hinn 22. september. Hér sést poki hans við elleftu holuna. NORDICPHOTOS/AFP

Tuttugu prósentum fleiri tóku strætó í júlí og ágúst en á sama tíma í fyrra:

# Farþegum Strætó bs. fjölgar

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR** Farþegum Strætó bs. fjölgaði um tuttugu prósent í júlí og ágúst samanborið við sömu mánuði í fyrra. Sé horft á annan ársþriðjung í heild nemur fjölgunin 9,2 prósentum. Er það mikill viðsnúningur frá fyrsta ársþriðjungi þegar farþegum fækkaði um 1,9 prósent frá sama tímabili í fyrra. Farþegar í júlí voru alls 559.315, miðað við 470.160 í fyrra, og í ágúst voru farþegar 755.325, miðað við 625.589 fyrir ári.

„Við álítum að þessa fjölgun megi rekja til þess að almenningur hefur nú betri þekkingu á nýja leiðakerfinu eftir endurbætur á því fyrr á árinu,“ segir Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs.



**STRÆTÓ** Forstjóri Strætó segir reynslu komna á nýja leiðakerfið.

Rúmt ár er síðan nýtt leiðakerfi var tekið í notkun og voru talsverðar endurbætur gerðar á því í mars samkvæmt ábendingum frá viðskiptavinum og vagnstjórum að sögn Ásgeirs. „Við merktum straumhvörf í viðhorfi viðskiptavina til þjónustunnar þarna eftir að við bættum við fleiri leiðum og komum til móts við þær aðfinnsluraddir sem uppi höfðu verið.“

Ásgeir segir að áhersla verði nú lögð á stöðugleika í þjónustunni. „Við munum gera lagfæringar á leiðarkerfinu einu sinni á ári héðan í frá og verður reynt að miða þær við upphaf sumars.“ - sdg

Lögreglan í Keflavík:

# Tólf teknir fyrir hraðakstur

**LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn í Keflavík stöðvuðu sex ökumenn fyrir of hraðan akstur um liðna helgi. Að sögn lögreglunnar var einn ökumannanna mældur á 146 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni. Það er langt yfir mörkum, enda leyfilegur hámarkshraði á brautinni 90 kílómetrar á klukkustund.**

**Þá stöðvaði lögregla annan ökumann á Grindavíkurvegi en sá mældist á 120 kílómetra hraða.**

**Þrír ökumenn voru stöðvaðir vegna gruns um ölvun undir stýri og jafn margir vegna annarra umferðarlagabrota.** - þsj

## STJÓRNMÁL

**Formaður UJ**

Magnús Már Guðmundsson var á laugardaginn kjörinn formaður Ungra jafnaðarmanna, ungliðahreyfingar Samfylkingarinnar. Hann var áður gjaldkeri í stjórn félagsins og tekur við af Andrési Jónssyni.

## BANDARÍKIN

**New York hættuminni borg**

Árið 2005 var minnst glæpatíðni í New York, sé litið til tíu stærstu borga Bandaríkjanna. Einn glæpur var tilkynntur til lögreglu á hverja 37 borgarbúa. Flestir glæpir mældust í Dallas, einn á hverja tólf borgara.

Forseti Lettlands býður sig fram í starf aðalritara:

# Freiberga vill komast í karlaklúbb SÞ

**NEW YORK, AP** Vaira Vike-Freiberga, forseti Lettlands, vonast til þess að framboð sitt til embættis aðalritara Sameinuðu þjóðanna verði til þess að auðvelda konum aðgang að „strákagengi“ því sem hafi ginið yfir ákvarðanatöku um æðstu embætti SÞ.

Framboð Vike-Freiberga hefur mætt andstöðu Kínverja og Rússa. Kínverjar vilja að næsti aðalritari verði Asíumaður og samband Rússa við Lettland er ekki upp á marga fiska. Sjálf segist hún ekki ýkja bjartsýn á að ná kjöri. Allir keppinautar hennar eru karlmenn frá Asíu. - kóþ



**VIRA VIKE-FREIBERGA**




**BARNA- OG UNGLINGAGEÐDEILD** Þegar beiðnir berast inn á BUGL er athugað hvort unnt sé að afgreiða þær annars staðar en nú bíða um 100 börn þjónustu göngudeildar BUGL.

# Ný þjónusta styttir leiðina

**Meðferðarteymi barna við heilsugæsluna í Grafarvogi léttir á sérfræðiþjónustu Barna- og unglingageðdeildar. Þar er hægt að sinna börnum áður en vandamál þeirra verða mjög alvarleg.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Við heilsugæsluna í Grafarvogi er nú í gangi tilraunaverkefni sem hugsað er sem fyrsta úrræði fyrir fjölskyldur í vanda. Inga María Vilhjálmsdóttir, félagsráðgjafi við heilsugæsluna í Grafarvogi, segir að í meðferðarteyminu sé hægt að veita þeim börnum aðstoð sem stríða við geðræn vandamál af ýmsum toga, eins og til dæmis kvíða sem komið hefur vegna breytinga svo sem skilnaðar eða annarra erfiðleika í fjölskyldunni.

Inga María segir þá sem þiggja þjónustuna byrja á því að panta tíma hjá heimilislækni, sem síðan geti vísað viðkomandi í meðferðarteymi barna sem samanstendur af fagaðilum.

„Þetta tilraunaverkefni hefur nú staðið yfir í á annað ár og hefur ásóknin verið mikil en þrátt fyrir það hafa biðlistar ekki myndast. Með þessu úrræði geta einstaklingar stytt sér leið ef vandamálið er ekki orðið mjög alvarlegt og virkar þá sem eins konar forvörn.

Barna- og unglingageðdeild (BUGL) hefur verið að sinna alvarlegri málum en hefur einnig fengið inn á borð til sín mál sem við getum sinnt og þannig styttum við biðlistana á BUGL að einhverju leyti.“

Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir Barna- og unglingageðdeildar, segir verkefnið í Grafarvogi mikilvægt og þykir líklegt að meðferðarteymi barna létti á sérfræðiþjónustu BUGL. „Ég myndi vilja sjá teymi af þessari gerð við fleiri heilsugæslustöðvar og beina þannig þjónustu á vægari vandamálum til þeirra.“

Ólafur segir þessa þjónustu einnig mikilvæga þegar BUGL hafi lokið meðferð málsins, til að fylgja málum eftir. „Eins og staðan er núna bíða um 100 börn eftir þjónustu göngudeildar BUGL. Biðtími þeirra er breytilegur eftir eðli vandans en getur farið yfir ár.

Þegar beiðnir berast reynum við að finna út hvort hægt sé að afgreiða þær annars staðar og stytta þannig biðlistann. Hingað til hefur heilsugæslan ekki getað sinnt málum barna og unglinga með geðræn vandamál og hverfaþjónusturnar hafa lagt áherslu á félagsleg vandamál og vandamál innan skólanna.“

Ólafur segir næsta útspil hjá heilbrigðisráðherra, sem hefur leitað álits sænskra lækna um hvernig takast eigi á við geðræn vandamál barna og unglinga.

hugrun@frettabladid.is



**INGA MARÍA VILHJÁLMSDÓTTIR**



**ÓLAFUR GUÐMUNDSSON**

> „Ég myndi vilja sjá teymi af þessari gerð við fleiri heilsugæslustöðvar og beina þannig þjónustu á vægari vandamálum til þeirra.
>
> **ÓLAFUR GUÐMUNDSSON**
> YFIRLÆKNIR BUGL


**Dagsbrún 100 ára ❁ Bókasafn Dagsbrúnar 50 ára**
**Efling-stéttarfélag og ReykjavíkurAkademían** *bjóða til ráðstefnu*

DAGSBRÚN

# Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld - Framtíðarsýn á 21. öldinni

laugardaginn 23. september 2006 í Iðnó kl. 10.00–17.00. Ráðstefnustjóri er ***Guðmundur Þ Jónsson***

## Dagskrá:

- ***Sigurður Bessason,*** formaður Eflingar, setur ráðstefnuna
- **Framleiðsluhættir og stjórnmál**
  ***Ingólfur Gíslason,*** félagsfræðingur hjá Jafnréttisstofu
- **Barnaskólar í ljósi þjóðfélagsuppruna. Ísland á fyrri hluta 20. aldar**
  ***Ólöf Garðarsdóttir,*** sagnfræðingur hjá Hagstofu Íslands
- **Verkalýðshreyfingin og staða kvenna og karla á vinnumarkaði**
  ***Guðbjörg Linda Rafnsdóttir,*** dósent við félagsvísindadeild H.Í.
- **Baráttan fyrir mannsæmandi húsnæði**
  Jón Rúnar Sveinsson, félagsfræðingur hjá ReykjavíkurAkademíunni
- **Tryggvi sigurvegari? – Verkalýðsbókmenntir á 20. öld**
  ***Viðar Hreinsson,*** bókmenntafræðingur hjá ReykjavíkurAkademíunni
- **Velferðarkerfið: Ávöxtur af baráttu verkalýðshreyfingarinnar?**
  ***Guðmundur Jónsson,*** prófessor við hugvísindadeild H.Í.
- **Launþegahreyfing á nýrri öld**
  ***Stefán Ólafsson,*** prófessor við félagsvísindadeild H.Í.
- **Hvar stöndum við – hvert stefnum við?**
  ***Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir,*** 1. varaformaður Eflingar, stjórnar pallborði með þátttakendunum ***Ásmundi Stefánssyni,*** ríkissáttasemjara, ***Eddu Rós Karlsdóttur,*** forstöðumanni greiningardeildar Landsbanka Íslands, ***Atla Gíslasyni,*** lögmanni Eflingar-stéttarfélags og ***Sigurði Bessasyni,*** formanni Eflingar-stéttarfélags

Formaður ReykjavíkurAkademíunnar, ***Clarence E. Glad,*** slítur ráðstefnunni
Léttur hádegisverður verður í boði á ráðstefnunni frá 09.30-10.00
Myndefni úr óútkominni sögu Dagsbrúnar, eftir ***Þorleif Friðriksson,*** sagnfræðing, verður til sýnis á ráðstefnunni

EFLING STÉTTARFÉLAG
REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

EINN TVEIR OG ÞRÍR 41 246




Elizabeth Arden ráðgjafi verður í Hagkaupum Skeifu og Smáralind dagana 21. - 27. September.

GJÖFIN ER ÞÍN EF KEYPTIR ERU TVEIR HLUTIR, ÞAR AF EITT ANDLITSKREM.

Elizabeth Arden

Gildir til 27. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

### *Undir hvað?*

**„Við teljum að vaxtartækifæri félagsins liggi víða og munum við halda áfram að efla góða undirliggjandi starfsemi félagsins.“**

RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS, UM VIÐSKIPTI Í FRÉTTABLAÐINU.

### *Er ekki kominn tími til að hætta?*

**„...fyrir utan mína nánustu fjölskyldu er það ekkert sem hrærir eins strengi væntumþykju í brjósti mínu og þessi hreyfing...“**

ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON ÞINGMAÐUR UM SAMFYLKINGUNA Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HALLBJÖRN HJARTARSON KÚREKI NORÐURSINS

## *Rólegheitin alltaf notaleg*



„Kántrýbær er nú bara búinn vera lokaður í mánuð. Það fór að verða svo lítið að gera hjá okkur þegar sumri tók að halla að það tók því ekki að hafa þetta opið. Bara fáeinar hræður sem læddust inn á dag. Ég veit því ekkert hvort hann verður opinn í vetur, það verður bara að koma í ljós,“ segir Hallbjörn Hjartarson, kántrýkóngur Íslands, þungmáll.

Hann segir rólegheitin þó notaleg, nóg sé alltaf að gera hjá honum við útvarpsstöðina og því ekki yfir neinu að kvarta. „Já, lífið hérna á Skagaströnd er sæmilegt og hér gengur allt sinn vanagang. Nú er smalamennskan búin að vera í fullum gangi og ég hefði nú getað tekið þátt í henni. Það gerði ég þó ekki enda orðinn gamall og latur,“ segir Hallbjörn.

Spurður hvort hann hafi farið í berjamó í sumar þvertekur hann fyrir hafa nokkuð gaman af því.

„Í berjamó hef ég aldrei farið og fer varla að taka upp á því núna á gamals aldri. Ég held bara áfram að spila kántrý í hæsta gæðaflokki og bíð spenntur eftir næsta pósti með tónlist frá Bandaríkjunum.“

## SAMANBURÐUR
### SYKURMOLARNIR OG JACKSON FIVE

*Sykurmolarnir hafa nú boðað kombakk 17. nóvember. Molarnir spiluðu síðast fyrir fjórtán árum í Tunglinu en lognuðust svo út af. Skömmu síðar varð Björk stærsta stjarna Íslandssögunnar. Jackson Five lognaðist út af á fyrri hluta níunda áratugarins en kom saman aftur árið 1989 og gerði síðustu plötuna sína. Hún fékk litla athygli enda skyggðu ofurvinsældir Michaels á allt.*

Eins og dæmin sanna hætta hljómsveitir aldrei því alltaf má kýla á kommbakk. Þó má telja vonlítið að Bítlarnir og ABBA komi saman aftur, en Dátar eru ólíklegasta íslenska sveitin til að eiga kombakk, enda aðeins einn meðlimur á lífi.

## SJÓNARHÓLL
### ENDURKOMA SYKURMOLANNA

## *Þetta er heimsfrétt*

„Mér finnst þetta bara alveg frábærar fréttir,“ segir Andrea Jónsdóttir, tónlistarfræðingur og útvarpskona á Rás 2, um þær óvæntu fréttir að Sykurmolarnir ætli að koma saman aftur og spila á einum tónleikum í Laugardalshöll 17. nóvember í tilefni af 20 ára afmæli fyrstu plötunnar þeirra. „Ég var búin að liggja í flensu og þessar fréttir hreinlega lyftu mér upp úr veikindunum. Þetta er tónlistarfrétt ársins og hreinlega heimsfrétt.“



**ANDREA JÓNSDÓTTIR TÓNLISTARFRÆÐINGUR**

Andrea var með þeim fyrstu sem kveiktu á Sykurmolunum. „Ég mætti á útgáfutónleika fyrstu plötunnar í Duus-húsi árið 1986 og það voru bara örfáar hræður þarna. Ég var með næturvakt á Rás 2 á þessum tíma og spilaði lagið Ammæli mikið. Ég man að Illugi Jökulsson hringdi oft og bað um lagið á B-hliðinni, Köttur. Það var uppáhaldslagið hans.“ Andrea ætlar að mæta í Höllina. „Það verður húsfyllir. Fólk er alvarlega úti að aka ef það missir af þessu.“

# Lundinn og Laxness vinsælir hjá túristum

**Nú er ferðamannastraumurinn farinn að minnka en um 170 þúsund erlendir ferðamenn lögðu leið sína til landsins í sumar. Samkvæmt könnunum eyða þeir hér um 10-15 prósentum í verslun. Hvað skyldu nú þessir gjaldeyrisskapandi farfuglar hafa keypt og tekið með sér heim frá landinu bláa?**

Rammagerðin er rótgrónasta minjagripaverslunin og Bryndís Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Hafnarstræti, segir verslun hafa verið mikla í sumar. „Við finnum ekki fyrir neinni minnkun þótt túristabúðir séu opnaðar nánast á hverju götuhorni yfir sumarið. Túristarnir eru mest í smávöru en minna í stærri hlutum.“ Bryndís segir gömlu góðu lopapeysuna eiga undir högg að sækja. „Nýja útgáfan af lopapeysunni sem er minni og með rennilás selst miklu meira en þessi gamla góða.“

Bryndís heldur áfram: „Allt með lundanum og íslensku rúnastöfunum er mjög vinsælt, t.d. bolir og hálsmen. Vörumerkið Lost in Iceland er líka orðið mjög vinsælt. Það byrjaði sem ljósmyndabók fyrir nokkrum árum en nú seljast bolir, húfur og hettupeysur með áletruninni „Lost in Iceland“ eins og heitar lummur.“

Ásdís Benediktsdóttir hjá bókabúð Máls og menningar á Laugavegi tekur undir þetta. Hún er ekki í vafa um hvaða bók túristarnir kaupa mest: „Það er ljósmyndabókin Lost in Iceland eftir Sigurgeir Sigurjónsson.“ segir hún. „Ég held mér sé óhætt að segja að frá því hún kom út hafi hún verið vinsælasta túristabókin.“

Ásdís segir ferðamannastrauminn alltaf vera að aukast. „Þetta er líka að lengjast fram á haustið. Ég er að fara að taka túristavörurnar niður núna, en áður var ég að því í ágúst.“ Ásdís segir ýmsar aðrar bækur njóta hylli. „Margir sækja í söguarfinn okkar og Völuspá og Íslendingasögurnar eru vinsælar. Þó eru Hávamál alltaf vinsælust. Hávamál má fá á fjölmörgum tungumálum, rússnesku og arabísku meira að segja. Ýmsar barnabækur á ensku eru líka vinsælar og matreiðslubækur Nönnu Rögnvaldsdóttur. Vinsælasta skáldsagan er svo Sjálfstætt fólk á ensku – Independent People – en Arnaldur kemur á hæla Laxness. Hann er til bæði á ensku og þýsku.“




Plötubúð 12 Tóna á Skólavörðustíg er vinsæll viðkomustaður túrista. „Við erum að sjá ótrúlega aukningu í sölu til ferðamanna og þegar mest lætur yfir sumarið fáum við hér rúmlega hundrað túrista á dag,“ segir Einar Kristjánsson innanbúðarmaður. „Það er mikið hlustað og skoðað og aðallega eru okkar gestir að tékka á nútímatónlist. Söluhæsti diskurinn í sumar var ný safnplata Tilraunaeldhússins en eini hefðbundni túristadiskurinn sem selst að einhverju ráði hjá okkur heitir The Soul of the Great Viking.“

Í Skífunni á Laugavegi kaupa túristar einnig mikið. „Við seljum langmest af plötum Sigur Rósar og Emilíönu Torrini, og svo er Gling Gló mjög vinsæl,“ segir Davíð Sigurðsson, starfsmaður Skífunnar. Gling Gló með Björk og Tríói Guðmundar Ingólfssonar kom út fyrir sextán árum og hefur selst á Íslandi í um 40 þúsundum eintaka. Þar með er Gling Gló líklega söluhæsta íslenska platan og er stór hluti sölunnar til ferðamanna.

Í verslun 66° N í Bankastræti fengust þau svör að útlendingarnir væru vitlausir í íslenska flísið og allt sem er merkt 66° N. „Þeir kaupa allt sem við erum með,“ segir Katrín Kristjánsdóttir, „en ef ég ætti að giska á vinsælustu vöruna myndi ég segja að það væru Windstopper-peysurnar sem við erum með.“ Hjá Global Refund sem endurgreiðir útlendingum virðisaukaskatt fengust þær upplýsingar að stærstur hluti endurgreiðslna væri vegna kvenfatnaðar og skartgripa, bæði íslenskrar framleiðslu og erlendrar merkjavöru.

Yfir sumarið verður ekki þverfótað fyrir ferðamönnum að mynda Hallgrímskirkjuturn. Margir þeirra koma við í Krambúðinni efst á Skólavörðustíg. „Það er vatn og mjólkurvörur eins og skyr og jógúrt sem túristar kaupa mest,“ segir Gunnar Ársæll Ársælsson, verslunarstjóri. „Íslenskt sælgæti er líka vinsælt, lakkrísinn líklega vinsælastur. Japanarnir eru svo mikið í fiskmetinu, búðin tæmist nánast af harðfiski, laxi og kavíar þegar við fáum Japana hingað inn.“



**gunnarh@frettabladid.is**




STÓRMERKILEGUR FLÖSKUFUNDUR Á ÍSAFIRÐI:

## *Verða það fyrsta sem fer upp á vegg*

Bræðurnir Gísli og Úlfur Úlfarssynir festu nýlega kaup á gömlu húsi í miðbæ Ísafjarðar sem gengur undir nafninu Hæstikaupstaður. Húsið hefur um tíðina hýst alls konar starfssemi, síðast vídeóleigu og líkkistusmíði. Þegar verið var að hreinsa til á háaloftinu fundust fjórar ævagamlar flöskur milli þilja, sem Úlfur telur líklegast að hafi endað þar fyrir slysni. „Merkilegasta flaskan er hindberja límonaði frá verslun Leonhard Tang,“ segir hann. „Tang var danskur og lét reisa þetta hús árið 1855 sem verslun. Þessi flaska gæti því verið hátt í 150 ára gömul og miðinn er einstaklega skýr ennþá. Ég lyktaði upp úr flöskunni en fann nú auðvitað enga lykt.“



**FLÖSKURNAR GÓÐU** Ótrúlega heillegar miðað við aldur.
FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Hinar flöskurnar sem fundust voru Carlsberg-flaska með hakakrossi, en Úlfur segir hana ekki meira en kannski sextíu ára gamla. Hinar flöskurnar eru óþekkjanlegar, en Úlfur segir líklegast að þær séu líka frá Carlsberg. „Hugmynd okkar bræðranna er að koma húsinu í upprunalegt ástand og gera svo eitthvað skemmtilegt í því. Ætli það verði ekki einhvers konar veitingarekstur. Það fer eftir því hvað við verðum kaldir hvenær af þessu verður, en það er ljóst að flöskurnar verða það fyrsta sem fer upp á vegg þegar við byrjum að skreyta.“

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Kaupir þú þjónustu af ferðaskrifstofu?

– gefðu þá þessum merkjum gaum

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Ferðaskipuleggjandi
Leyfishafi Ferðamálastofu

**Ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum** er skylt að nota sérstakt auðkenni (sjá að ofan) Ferðamálastofu í hvers kyns auglýsingum um þjónustu sína sem beinast að neytendum og á heimasíðu sinni, svo neytendur geti gengið úr skugga um að tilskilin leyfi séu fyrir hendi.

Auðkenni þessi staðfesta að ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur sem selja þjónustu sína, innan lands jafnt sem utan, fullnægja kröfum laga nr. 73/2005 um skipan ferðamála. **Gefðu þeim gaum!**

ferdamalastofa.is

Ferðamálastofa | Lækjargötu 3 | 101 Reykjavík | 535 5500 | upplysingar@icetourist.is

STÍLL

# SAMSUNG dagar

Samsung er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og þróun rafeindatækja. Fyrirtækið er eitt af stærstu fyrirtækjunum í framleiðslu og sölu á sjónvörpum og ýmsum öðrum heimilistækjum. Samsung seldi á síðasta ári fyrir 56,7 milljarða dollara og hagnaðist um 7,5 milljarða.

Hjá fyrirtækinu starfa 128.000. manns á 120 stöðum í 57 löndum. Fyrirtækið hefur haft það markmið að geta boðið vandaða vöru á verði fyrir alla. Jafnframt hefur Samsung lagt sig fram um tækninýjungar og fékk nú nýverið Eisa verðlaun fyrir bestu tæknina í LCD sjónvörpi. Einnig fékk Samsung Eisa verðlaun fyrir besta heimabíóið annað árið í röð, besta smá ljósmyndaprentarann og smátölvuna, mediabook.





NÝTT

## Þægilega þunnt sjónvarp

LE32R71 - sjónvarp
**219.900.-**

Litir: Hvítt / Svart



EISA BEST PRODUCT 2005-2006

**HT-P1200** - heimabíó
5 x 100 w +150 w er með HDMI tengi og USB. útvarp með RDS. Spilar bæði DVD og CD diska, ásamt ljósmyndum.
**149.900,-**

## LCD sjónvarps tilboð

*Gæði á einstöku tilboði:*



### 40" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki

**LE40M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: 379.900,-
Tilboðsverð: **319.900,-**
**ÞÚ SPARAR 60.000,-**



EISA BEST PRODUCT 2005-2006



**LE40M61B**
40" LCD sjónvarp

6,4 milljarðar lita
Upplausn1366 x 768, skerpa 5000:1
Birta 500 cd/m2
1.000 blaðsíðna textavarpsminni
**399.000,-**



Ný tækni: **SILVER NANO** sem drepur bakteríur

Svitalykt **hverfur úr fötunum** jafnvel án þvottaefna

Þetta hefur sérstaklega áhrif á föt sem þarf að þvo við lágan hita t.d. **íþróttaföt**

Þvottavél sem tekur 7,5 kg af þvotti

**Q1457** 1400 sn. **104.900,-**
**Q1657** 1600 sn. **119.900,-**

### 32" LCD sjónvarp og DVD upptökutæki

**LE32M51BX** LCD sjónvarp
& **DVDR-125** DVD upptökutæki og spilari
Verð áður: 264.900,-
Tilboðsverð: **219.900,-**
**ÞÚ SPARAR 45.000,-**

MEIRI ÞJÖPPUN - LENGRI ENDING RAFHLÖÐU

## FLOTTIR MP3 SPILARAR

**YP-Z5**
4 GB flashminni
1,82" LCD-Litaskjár
FM útvarp
MP3, WMA
JPEG, OGG



| 1 GB | 2 GB | 4 GB |
|---|---|---|
| 19.900,- | 26.900,- | 34.900,- |

## NÝ TÆKNI SILVER NANO sem drepur bakteríur

Lengir **líftíma matvæla** í kæliskápum

og varnar því að það komi lykt úr þeim ef þeir **standa tómir og ekki í notkun**.

Silfur Nano er silfur í örlitlu magni ,nano stærð. Því er blandað út í plastið og fær plastið örlítin bláan blæ við það. Silfur hefur þann eiginleika að drepa bakteríur. Í kæliskápum er þetta ætlað til að matur skemmist síður.
Einnig er í öllum „Amerískum" Samsung kæliskápum tvö kælikerfi þannig að frostnu og þurru lofti er ekki dælt úr frystinum í kælinn, eins og hjá flestum öðrum framleiðendum, heldur tekur kæliskápurinn ferskt loft að utan til kælingar. Með þessu þornar maturinn síður í skápnum og ávextir og grænmeti verður ekki fyrir frost skemdum.



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð, kælir og frystir. Kælir 246 l og frystir 104 l. Orkunotkun 404 kwh á ári.
**89.990.-**



Kynntu þér SILVER NANO

**RS21DGUS** - Burstað stál
Burstað stál með vatni og klaka.
Sér kælikerfi fyrir kæli og sér í frysti.
Kælir 346 l og frystir 186 l eða alls 532 l.
Orkunotkun 520 kwh á ári.
**279.900,-**

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

imago

## Svona erum við

> Lögskilnaðir á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** LEIÐTOGAEFNI SÆNSKRA JAFNAÐARMANNA EFTIR GÖRAN PERSSON?

# Háværar raddir um að kona taki við

Fljótlega eftir að **Göran Persson**, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar og leiðtogi sænskra jafnaðarmanna, lýsti því yfir að hann myndi hætta hófust vangaveltur um hver yrði næsti leiðtogi jafnaðarmanna. Það geta þó liðið margir mánuðir þar til þetta skýrist.

**Hverjir koma helst til greina?**
Háværar raddir eru uppi um að kona taki við sem leiðtogi og eru fjórar konur einkum nefndar. Þetta eru þær **Margot Wallström**, sem þykir koma helst til greina, Mona Sahlin, Ulrica Messing og Carin Jämtin.

**Hvenær eiga leiðtogaskiptin sér stað?**
Skiptin eiga sér stað næsta vor, sennilega í mars. Þá verður auka flokksþing haldið og þá verður eitthvert eitt nafn kynnt sem almenn samstaða verður um. Auðvitað væri hægt að halda flokksþingið fyrr en það þykir ekki æskilegt. Betra þykir að hafa tímann fyrir sér og hafa ígrundað málið vel og rætt það innan flokksins.

**Er ljóst að kona tekur við?**
Það er ekki frágengið mál en það er samt skýr ósk innan flokksins. Ef kona tekur við verður 117 ára gömul hefð brotin. Margot Wallström hefur lengi verið ofarlega á óskalistanum innan Jafnaðarmannaflokksins. Hún hefur áður sagt nei en nú stendur sem sagt til að reyna að tala hana inn á að verða formaður flokksins.



**SPURT OG SVARAÐ**
ORGANISTAR

## Organistar friðelskandi fólk

Deilur hafa verið um uppsögn dómorganista í Skálholti. Guðmundur Sigurðsson, formaður stjórnar Organistadeildar FÍH, segir að mikið mun meira felist í starfi organista en fólk geri sér grein fyrir.



GUÐMUNDUR SIGURÐSSON

**Hvað felst í starfi organista?** Það er mjög margt. Orgelleikur, kórstjórnun og mikil mannleg samskipti. Þetta er mikið þjónustustarf við almenning. Starfið snýst ekki bara um að spila á orgel.

**Hvað eru organistar menntaðir?** Organistar eru upp til hópa hámenntaðir tónlistarmenn. Þetta er fólk með mikla færni og menntun í orgelleik og kórstjórn og mætti njóta meiri virðingar sem fagstétt.

**Eiga organistar alltaf í einhverjum deilum?** Nei, alls ekki. Organistar eru upp til hópa friðelskandi fólk og við báðum ekki um þennan hávaða sem nú stendur yfir.




# Í baráttu gegn vímuefnavánni

**Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, kallaði eftir því í Fréttablaðinu á dögunum að stjórnvöld reyndu að taka á vímuefnavandanum með trúverðugum hætti. Forvarnarstarf hefur verið eflt nokkuð á síðustu árum en vímuefnaneysla, og þá sérstaklega neysla áfengis, hefur aukist mikið síðastliðinn áratug.**



**FRÁ VOGI** Þórarinn fór í gegnum starfsferla á Vogi með blaðamanni. Fólk úr öllum stéttum leitar sér hjálpar á meðferðarstofnunni til þess reyna að koma lífi sínu á réttan kjöl.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðeins lítill hluti fólks sem þjáist vegna fylgikvilla vímuefnaneyslu leitar sér hjálpar á meðferðarsjúkrahúsum eða öðrum heilbrigðisstofnunum. Þessi veruleiki gerir það að verkum að einungis lítill hluti vandans, sem virðist vera rótfast samfélagsmein, kemst upp á yfirborðið.

Sá hluti vandans, sem starfsfólk heilbrigðisstofnana vinnur daglega við að uppræta, er átakanlegur og erfiður viðureignar.

**Neysla áfengis aukist umtalsvert**
Í umræðu um vímuefnavanda gleymist oft sú staðreynd, að áfengi er sá vímugjafi sem flesta dregur til dauða og dýrast er fyrir samfélagið að berjast gegn. Að því leytinu til finna heilbrigðisstofnanir fyrir því með skýrum hætti að neysla á hreinu áfengi hefur aukist um meira en 35 prósent frá því árið 1993 hér á landi, eins og greint var frá í Fréttablaðinu fyrir skömmu.

Neyslan hefur farið úr 4,6 lítrum af hreinu áfengi á alla Íslendinga yfir fimmtán ára aldri árið 1993, í rúma sjö lítra árið 2005. Miðað við þessar tölur drekkum við ekki lengur minnst allra Norðurlandaþjóða og „er ekki lengur marktækur munur á drykkju okkar og Svía, Norðmanna og Færeyinga ef marka má tölurnar frá Hagstofunni", eins og segir orðrétt í ársskýrslu SÁÁ. Finnar og Danir drekka mest allra Norðurlandaþjóða en áfengisneysla þeirra er um tvöfalt meiri en hjá Íslendingum.

**Þverskurður af vímuefnavandanum**
Í vettvangsferð sem blaðamaður fór í á dögunum á meðferðarsjúkrahúsið á Vogi, undir leiðsögn Þórarins Tyrfingssonar, blasti við þverskurður af djúpstæðu samfélagsvandamáli. Fólk á öllum aldri, úr öllum stéttum samfélagsins, var þar saman komið til að taka á vímuefnafíkninni og reyna að leggja grunn að betra lífi.

Rannsóknir á áfengissjúklingum og vímuefnafíklum hafa leitt í ljós að sjúkdómar, sem rekja má til vímuefnaneyslu, eru algengir og alvarlegir. „Sjúkdómarnir eru þrálátir og valda áralangri óvirkni og fötlun. Ef bati fæst ekki, deyja flestir úr fylgikvillum á aldrinum 45 til 65 ára. Þrátt fyrir þetta eru læknar seinir til að greina þessa sjúkdóma og þeirra er sjaldnast getið sem orsakaþátta í dauðsföllum, slysum og fylgikvillum," segir orðrétt í skýrslu SÁÁ.

**Andleg líðan sjúklings og aðstandenda**
Einn alvarlegasti fylgifiskur óhóflegrar vímuefnaneyslu er andleg vanlíðan sjúklings og hans nánustu. Hrikaleg dæmi eru til um hvernig fíkniefnaneysla fjölskyldumeðlims hefur grafið undan trausti, samheldni og venjubundnu lífi fjölskyldunnar. Því fylgir andleg þjáning fjölskyldunnar, sem óhjákvæmilega gengur í gegnum neyslulífernið með þeim sem á í hlut.




Til þess að forða fjölskyldum frá því að upplifa þær hörmungar sem fylgja vímuefnavandanum hefur forvarnarstarf verið aukið umtalsvert á síðustu árum. Það gerir gagn og sýna rannsóknir að neysla ungmenna hefur minnkað. Þrátt fyrir þær niðurstöður „sýna allar upplýsingar sem teknar eru saman að vandinn er að aukast", eins og Þórarinn lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu er hann óskaði eftir hugarfarsbreytingu hjá stjórnvöldum vegna vímuefnavandans. „Það þýðir ekki að bregðast við vandanum með því að lækka kostnað við meðferðir í sífellu", sagði Þórarinn á dögunum er hann gagnrýndi heilbrigðisráðuneytið sérstaklega.

**Áhersla á forvarnir**
Stjórnvöld leggja megináherslu á að efla forvarnarstarf þegar kemur að opinberum aðgerðum gegn vímuefnaneyslu. Í einföldu máli byggist hugsjónin við slíka aðferðarfræði á því grundvallaratriði að beina ungmennum frá því að lenda í klóm fíkniefna. Einhugur ríkir um það, meðal sérfræðinga á sviði vímuefna, að þessi stefna sé skynsamleg. Henni hefur verið framfylgt í skólum, ýmsum félagasamtökum og ekki síst í íþróttafélögunum. Þau hafa um árabil lagt áherslu á uppeldislegt gildi íþróttastarfs og þá staðreynd að skýr fylgni er á milli þess að ungmenni leiðist síður út í að neyta vímuefna og þess að taka þátt í íþróttastarfi.

Umdeilt hefur verið um árabil hversu mikið fé hið opinbera þarf að leggja til reksturs meðferðarstofnana og hafa þær raddir heyrst reglulega, að þær séu fjársveltar.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, lýsti á dögunum yfir stríði á hendur fíkniefnum um leið og hann fjallaði ítarlega um þá vá sem vímuefnavandinn er í nútíma samfélögum. Undir orð forsetans hafa fjölmargir tekið og reyna með því að skapa samstöðu í erfiðri baráttu.

Óraunhæft er að uppræta vímuefnavandann innan fyrir fram ákveðinna tímamarka, það hefur margsannast. En sú viðleitni allra að trúa því að líf án vandans sé betra og til þess að fallið að bæta og lengja líf fólks er sá drifkraftur sem þarf að mati viðmælenda Fréttablaðsins að vera kjarninn í þeirri hugarfarsbreytingu sem Þórarinn kallaði eftir í Fréttablaðinu.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is


TILBOÐ!
INNBYGGÐ WC
VERÐ FRÁ:
32.900 kr stgr.
Innifalið í verði:
- Innbyggingar WC kassi hár eða lár
- WC skál með setu
- Sturtuspjald
- Affallsrör, beint eða bogið
- Barki fyrir vatnsinntak
- Festingar upp og niðri
(Auka fyrir krómmatt eða króm-háglans sturtuspjöld; 2.500 kr. stgr.)
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
eða komdu í verslun okkar í Ármúla 31
Val á sturtuspjaldi, skál og setu
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálaflokkar geta ekki endurnýjað sig öðruvísi en með innflokksátökum.

# Jákvæður ófriður

JÓN KALDAL SKRIFAR

Össur Skarphéðinsson og Björn Bjarnason eru með baráttuglöðustu mönnum íslenskra stjórnmála í seinni tíð. Báðir eru í efstu vigt í sínum flokkum og eftir því er tekið þegar þeir tjá sig. Athyglisvert er að bera saman þau ólíku sjónarmið til prófkjara sem þeir hafa viðrað undanfarna daga.

Í tilefni af fréttum um að Guðlaugur Þór Þórðarson hygðist sækjast eftir 2. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, sama sæti og Björn sækist eftir, lét dómsmálaráðherra þessi orð falla á heimasíðu sinni síðastliðinn sunnudag: „Ég hef ekki boðið mig fram gegn neinum samflokksmanna minna, enda tel ég samstöðu innan flokka best fallna til sigurs og hef viljað vinna að henni innan Sjálfstæðisflokksins á þingi og í borgarstjórn."

Ekki er hægt að skilja þetta á annan hátt en að Björn telji framboð Guðlaugs rýra sigurmöguleika Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningunum í vor. Hið sama gildir þá væntanlega um aðra sjálfstæðismenn sem vilja etja kappi við þá flokksfélaga sína sem telja sig eiga vís sæti á listum flokksins; framboð þeirra skemmir fyrir flokknum samkvæmt Birni.

Töluvert annað og jákvæðara viðhorf til átaka um sæti á lista í prófkjörum má lesa út úr hugleiðingum Össurar Skarphéðinssonar í pistli á heimasíðu hans um hvort stjórnmálaflokkarnir eigi að taka upp prófkjör á landsvísu. Ein af röksemdum Össurar fyrir því fyrirkomulagi er að á þann hátt eigi flokkarnir auðveldara með að endurnýja og styrkja þinglið sitt. Eða eins og hann orðar það: „Prófkjörin eins og þau eru rekin í dag eru ekki leið til mikillar endurnýjunar heldur hafa fremur þróast upp í að verða vörn fyrir sitjandi þingmenn."

Það sem Össur á hér við er að sjálfsögðu það skrítna viðhorf, sem hefur ríkt um prófkjör, að það sé nánast ókurteisi að fara gegn sitjandi þingmanni og sækjast eftir sæti hans á lista í stað þess að bíða eftir því að viðkomandi ákveði sjálfur að standa upp úr sæti sínu á Alþingi. Slíkt umhverfi getur tæplega boðið upp á annað en stöðnun, enda stjórnmálmenn síður en svo betur fallnir til þess en annað fólk að þekkja sinn vitjunartíma.

Stjórnmálaflokkar verða að geta endurnýjað sig og það verður ekki gert öðruvísi en með innflokksátökum og kosningabaráttu. Slíkur ófriður er því ekki aðeins jákvæður heldur beinlínis merki um að lífsmark sé með viðkomandi flokki; að þar vilji nýtt fólk láta til sín taka og telji sig hafa betri hugmyndir og meiri getu til að koma þeim í framkvæmd en hinir sem fyrir eru.

Annars sýnist manni helsti vandi stjórnmálaflokkanna vera skortur á frambærilegu fólki. Það er því hressandi að sjá tvo öfluga menn koma til leiks sem báðir myndu styrkja hóp alþingismanna. Þetta eru þeir Árni Páll Árnason, lögmaður og fyrrverandi aðstoðarmaður Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem stefnir á forystusæti fyrir Samfylkinguna í Suðvesturkjördæmi, og Illugi Gunnarsson, hagfræðingur og fyrrverandi aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, sem stefnir að 3. sæti hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík.

Hvorugur hefur nokkrar áhyggjur af þeim flokksfélögum sínum sem sitja þar fyrir. Svona eiga menn að vera.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Dekurdrengurinn**

Össur Skarphéðinsson var harðorður á NFS í gær í garð íslensku sendinefndarinnar í varnarviðræðunum. Sagði hann óhæfa menn hafa leitt þessar viðræður. Albert Jónsson væri ekkert annað en „dekurdrengur Davíðs Oddssonar" sem engum samningum hefði lokið fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Furðaði hann sig á því að Björn Bjarnason hefði ekki verið fenginn til að veita pólitískri sendinefnd forystu í þessum viðræðum. Reynslu hans væri sólundað. „Niðurstaðan er klúður," sagði þessi skeleggi þingflokksformaður Samfylkingarinnar.



**Á eftir - ekki undan**

Ekki var rétt, sem stóð á þessum stað í blaðinu í gær, að vígsla Hellisheiðarvirkjunar væri fyrirhuguð 20. október. Hún verður degi síðar, 21. október. Þá var hermt að til hefði staðið að gangsetja virkjunina í nóvember en fyrir atbeina stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, hafi verið ákveðið að flýta verkinu. Þetta ku vera rangt, þvert á móti dregst verkið því upphaflega var ráðgert að vígja virkjunina 30. september.

**NýMoggi**

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins í fyrradag segir að sænski Hægriflokkurinn hafi iðulega „verið kenndur við nýfrjálshyggju". Sækir höfundur leiðarans þarna í smiðju vinstri manna, eins og Ögmundar Jónassonar, þegar talað er um frjálshyggju. Skrifarinn er örugglega ekki sá sami og skrifaði Staksteina 16. júlí 2003 undir fyrirsögninni „Það er ekkert nýtt við nýfrjálshyggjuna". Og stjórnublaðamaðurinn Kristján Jónsson hefur örugglega ekki heldur skrifað leiðarann því í gær sagði hann í miðopnu Moggans að flokkurinn hefði viljað þvo af sér „alla stimpla ofurhægristefnu og frjálshyggju". Ekkert öfga- eða ný- að hætti vinstri manna í þeirri ágætu umfjöllun.



bjorgvin@frettabladid.is

# Samsteypa sigrar stjórnarflokk

Sósíaldemókrataflokkurinn í Svíþjóð er Stjórnarflokkurinn með stórum staf og ákveðnum greini. Hann hefur farið einn með völdin í landinu í 70 ár að undanskildum tveimur kjörtímabilum sem hægri flokkarnir náðu völdum. Ef eitthvað er hæft í þeirri fullyrðingu að kosningar vinnist ekki af stjórnarandstöðu heldur tapist af ríkisstjórnum hefur það átt við um Svíþjóð þangað til núna. Í fyrri skiptin sem sundraðir borgaraflokkar hafa náð að mynda ríkisstjórn hafa þeir skolast upp í valdastólana nánast fyrir tilviljun og verið sjálfum sér sundurþykkir alla sína stjórnartíð. Glundroðakenningin hefur löngum verið beittasta vopn sósíaldemókrata jafnframt því sem þeir, ásamt verkalýðshreyfingunni, hafa á sér blæ stöðugleika og staðfestu. Og eftir áratuga valdasetu hafa þeir runnið saman við víðtækt stofnanaveldi hins opinbera og geta jafnan teflt fram „vönum mönnum" umfram aðra flokka.

En nú tóku stjórnarandstöðuflokkarnir höndum saman fyrir kosningar og leituðu eftir umboði þjóðarinnar við skýra stefnu, sem þeir mundu hrinda í framkvæmd fengju þeir til þess fylgi. Það var mjótt á mununum, en meirihluta kjósenda fannst þó tími til kominn að breyta til og reyna nýjum mönnum að spreyta sig.

Stjórnmál á Íslandi hafa löngum verið spegilmynd af stjórnmálum norrænu þjóðanna. Hér er það stóri hægri flokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, sem hefur farið með hlutverk stóra sósíaldemókrataflokksins og löngum haft forystu í ríkisstjórn, þótt aldrei hafi hann fengið afl til að stjórna einn. Hinn kosturinn hefur verið ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins. Aðeins einu sinni hefur samsteypustjórn verið mynduð undir forystu Alþýðuflokksins, auk þess sem minnihlutastjórnir sama flokks sátu tvisvar skamma stund við stjórnvölinn í millibilsástandi.



ÓLAFUR HANNIBALSSON
**Í DAG** | Tveir kostir

*Fordæmin frá Svíþjóð og Noregi sýna að það er hægt að mynda skýrar meginlínur fyrir kosningar og gefa kjósendum kost á því að kjósa sér ríkisstjórn.*

Nú hafa þessir tveir gamalgrónu valdaflokkar verið við völd, annar í bráðum 16 ár en hinn í 12, og runnið þannig saman við stofnanaveldi ríkisins og gegnsýrt það svo með veitingum allra embætta til sauðtryggra flokksmanna, að segja má að löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald séu á góðri leið með að renna út í eitt. Að vísu hefur fyrrverandi forsætisráðherra nýlega kvartað yfir því að enn ráði dómskerfið ekki við að afgreiða meiriháttar mál, sem saksóknarar Sjálfstæðisflokksins þeir Kjartan Gunnarsson, Styrmir Gunnarsson og Jón Steinar Gunnlaugsson, „innvígðir og innmúraðir" í hollustu við „ónefndan mann", kusu að leggja fyrir það, með þeim hætti að við verði unað. Með fjögurra ára framlengingu á völdum tvíflokksins mætti væntanlega skipa Hæstarétt með þeim hætti að tryggt verði að hann komist að „réttum" niðurstöðum!

Það er, eða ætti að vera, grundvallaratriði í lýðræðisskipulagi að kjósendur eigi kost á að kjósa um verk fráfarandi ríkisstjórnar og eigi möguleika á því að veita nýrri ríkisstjórn umboð til góðra verka á næsta kjörtímabili.

Á það hefur verulega skort hér á landi um langa hríð. Nú hafa stjórnarandstöðuflokkarnir farið að dæmi stjórnarandstöðuflokkanna í Noregi og Svíþjóð og gefið skýrar línur um það í tæka tíð fyrir kosningar að þeir hyggist leita eftir umboði þjóðarinnar til að mynda nýja ríkisstjórn að kosningum loknum. Það er stórt skref í átt til aukins lýðræðis. Nú hljóta þeir að stíga næsta skref og stilla saman strengi sína um afgreiðslu mála á þingi í vetur og um mótun nýrrar stjórnarstefnu, sem þeir leiti eftir umboði kjósenda til að framkvæma á næsta kjörtímabili.

Forystumenn í Sjálfstæðisflokknum hafa brugðist ókvæða við þessum tíðindum. Sumir hafa gengið svo langt að jafna því við rasisma, að aðrir flokkar lýsi yfir að þeir kjósi fremur að vinna með öðrum en honum að loknum kosningum. Þeir vilja að allir gangi til kosninga með allt laust og óbundið og kjósendur treysti forystumönnum sínum til að vinna úr úrslitum kosninganna með hag þjóðarinnar fyrir augum. Það er augljóslega þeim í hag, þar sem þeir eru eini flokkurinn af þeirri stærð að geta valið sér einhvern einn hinna sem samstarfsflokk. Þeir tala niðrandi orðum um kosningabandalag og jafna því við Hræðslubandalagið, tilraun Framsóknar og Alþýðuflokks til að ná völdum 1956 út á minnihluta atkvæða. Hér er ekkert slíkt á ferðinni. Fordæmin frá Svíþjóð og Noregi sýna að það er hægt að mynda skýrar meginlínur fyrir kosningar og gefa kjósendum kost á því að kjósa sér ríkisstjórn með umboði til ákveðinna verka. Í Svíþjóð hét flokkabandalagið því að viðhalda sænska velferðarmódelinu. Hér hlýtur meginmálið að vera að endurreisa velferðar- og heilbrigðiskerfið og skipa því viðlíka sess í þjóðfélaginu og best hefur gefist annars staðar. Það er ábyggilega kominn tími á aðra.

# Dýraníð og lögin

**Umræðan**

Athugasemd frá Dýraverndarsambandi Íslands



SIGRÍÐUR ÁSGEIRSDÓTTIR

Vegna frétta í fjölmiðlum af dýraníði (dyresex) vegna kynferðislegrar misnotkunar á íslenskum hesti í Danmörku vill Dýraverndarsamband Íslands koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Engin ákvæði eru til í íslenskum lögum, sem banna beinlínis þessháttar verknað gagnvart dýrum en hinsvegar segir í lögum nr. 15/1994 um dýravernd 2. gr: „Skylt er að fara vel með öll dýr. Óheimilt er að hrekkja dýr eða meiða. Forðast skal að ofbjóða kröftum þeirra og þoli."

Í október 2004 kom upp slíkt mál í Þorlákshöfn og kærði hestaeigandinn meintan dýraníðing fyrir innbrot í hesthúsið sitt og jafnframt fyrir að hafa haft í frammi kynferðislega áreitni við hrossin þar. Lögregluembættið í Árnessýslu tók málið föstum tökum og mun það bæði hafa verið rannsakað sem innbrot en líka sem brot á lögum um dýravernd. Fékk það alveg sömu málsmeðferð og ef um nauðgun hefði verið að ræða. Sýni og lífsýni voru tekin af meintum geranda og hrossunum og send til útlanda til DNA-greiningar.

Niðurstöður voru ekki nógu afgerandi til þess að verknaðurinn þætti tvímælalaus enda er sönnunarbyrðin mjög rík í slíkum málum. Sök um dýraníð þótti því ekki nægilega sönnuð en viðkomandi mun hafa fengið einhverja refsingu fyrir innbrotið í hesthúsið.

Í umræðunni í fjölmiðlum um þessi mál hafa komið fram fyllyrðingar um að þar sem ekki séu til í lögum nein bein ákvæði um svona mál endi þau yfirleitt ekki í kæru þar sem oftast sjái ekki á dýrunum. Þetta er sem betur fer rangt eins og dæmið hér að ofan sannar, þar sem fram kemur að lögreglan í Árnessýslu rannsakaði svona dýraníðingsmál sem brot á framangreindri grein í dýraverndarlögunum og með alveg sama hætti og ef um nauðgun hefði verið að ræða. Á lögreglan hrós skilið fyrir þessi frábæru vinnubrögð. Í íslenskum rétti er til urmull af lögum og reglugerðum og samþykktum um hverskonar meðferð dýra - en því miður er það gömul saga og ný að þau eru vita gagnslaus ef þeim er ekki fylgt eftir af þar til bærum aðilum.

*Höfundur er hdl. og formaður Dýraverndarsambands Íslands.*

# Gagnkvæm virðing, jafnræði og breytilegt samfélag

**Umræðan**

Líf í nýju landi

Ég las nýlega grein um konu í blaðinu þar sem hún vildi vita hvert íslenska ríkisstjórnin stefndi varðandi málefni innflytjenda. Hún kom með marga góða punkta í greininni sem væri við hæfi að skoða vandlega. Í mörgum löndum í Evrópu í dag er Evrópusambandið ásamt ríkisstjórnum, sveitarfélögum, félagasamtökum og almenningi að vinna hörðum höndum saman að því að kynna hugtakið ÞÁTTTAKA. Það er að segja að vekja almenning til umhugsunar á mikilvægi þess að hvetja og aðstoða alla í samfélaginu til að vera virkir þátttakendur óháð uppruna, trú, þjóðerni, kynþáttar, litarhætti, útliti o.s.frv.

Þetta er nokkuð sem við verðum öll að gera okkur grein fyrir og vera meðvituð um. En sérstaklega ríkisstjórnin. Við verðum að gera öllum kleift að vera með og í leiðinni að fjarlægja það sem heldur okkur í sundur þ.á m. fordóma, misskilning, óþarfa ótta, fáfræði, staðalmyndir, öfgahyggju, hatur o.s.frv. En þetta á að vera gagnkvæmt. Ríkisstjórnin má ekki bíða of lengi fyrir hlutina að byrja að versna áður en þau grípa í taumana eins og hefur oft gerst erlendis. Það margborgar sig að gera ráðstafanir um leið og samfélagið er augljóslega byrjað að breytast. En þau sem ef til vil vilja leggja leið sína hingað eða eru nú þegar hérna þurfa líka að leggja sitt af mörkum og sýna fúsleika til að vera með og það þýðir oft á tíðum hugarfarsbreytingar hjá þeim líka.



AKEEM CUJO OPPONG

Svo þurfa ráðamenn að gera sér grein fyrir þvi að í þessu samhengi er alltaf þörf fyrir samstarf við félagasamtök. Í dag er hægt að finna slíkt á Íslandi að nafni Ísland Panorama. Við verðum að gera allt til að forðast það sem við höfum séð gerast í kringum okkur og á öðrum stöðum álfunnar. Við getum gert þetta vel ef við forðumst aðgerðarleysi og bregðumst við tímanlega og það er nú. Ísland er orðið stór partur af svokölluðu alþjóðlegu samfélagi þar sem fólk af mismunandi uppruna þarf daglega að eiga í gagnkvæmum samskiptum. Við þurfum ekki að vera eitthvað hrædd eða fordómafull bara því að sumir eru öðruvísi að sjá. Og þau sem vilja koma þurfa að vera tilbúin fyrir breytingar í lífinu. Sýnum umburðarlyndi og gefum öllum tækifæri. Byggjum betra samfélag sem er öllum í hag og verum til fyrirmyndar. Ríkisstjórn og ráðamenn, ekki fresta nauðsynlegum aðgerðum endalaust. Framkvæmum nú. Næsta ári er Evrópu árið fyrir „Jafnræði fyrir alla“ eða European Year of Equal Opportunities. Félagsmálaráðuneytið hyggst taka þátt og vonumst við til þess að þetta verði sýnt í verki. Við höfum engu að tapa og allt til að vinna.

> Við þurfum ekki að vera eitthvað hrædd eða fordómafull bara því að sumir eru öðruvísi að sjá.

*Höfundur er formaður Ísland Panorama samtakanna.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Umferðaröryggi, hvað er nú það?

**Sigurður Þórsson, bifreiðarstjóri í Neskaupstað, hneykslast á reglugerð.**

Ég ek svokölluðum „efnistrailer“, sem hefur verið ágætt til þessa. Nú er það búið vegna þess að einhver möppudýr í kerfinu smíðuðu reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, sem er algjörlega glötuð. Hún gerir þessa stóru bíla alveg stórhættulega í akstri. Þar segir að frá miðju aftasta hjóls á bíl og í fremsta hjól eftirvagns skulu ekki vera minna en 3 metrar. Vegna þessa verður að breyta stól á bíl og færa allt að 65 sentimetra aftar á bílnum. Kemur hann þá nánast eingöngu á öftustu hásingu, sem veldur því að bíllinn verður allt of léttur að framan og lætur afskaplega illa að stjórn – fer jafnvel beint áfram í beygjum þegar hann er lestaður. Þessir bílar eru hannaðir og prófaðir á allan hátt hjá verksmiðjunum og gefið út hvað hver ás má bera. En þessir herramenn álíta sig betur í stakk búna en hönnuðina og leyfa sér að ógna vegfarendum með þessum aðgerðum, og ráðherra skrifar undir þetta. Ætla þeir að axla ábyrgðina ef það verður banaslys af þessu? Því ábyrgðin er þeirra.

## AF NETINU

### Skrítinn flokkur

**jong skrifar á skoðanasíður á visir.is.**

Samfylkingin studdi Kárahnjúkavirkjun. Það sást best á upptalningu Hallgríms Helgasonar í Lesbók Morgunblaðsins á þeim alþingismönnum sem greiddu atkvæði sitt með virkjuninni. Frábær grein Hallgríms. Samfylkingin er mjög skrýtinn flokkur sem lagar sig að aðstæðum og andstæðingum hverju sinni. Formaðurinn núverandi sem átti að raka saman fylgi gerir það ekki vegna þess að allir sjá nema hörðustu stuðningsmenn formannsins að hann var stórlega ofmetinn stjórnmálamaður og leiðtogi. Verst að sennilega verður Ingibjörg Sólrún forsætisráðherra á endanum.


10% vaxtaauki!



spron
www.spron.is



# Arctic Trucks jeppamiðstöð



Dagur Jónasson

*Arctic Trucks jeppamiðstöð er þjónustufyrirtæki og vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum. Hér er flest það sem jeppaeigandinn þarf á að halda: Dekkja- og smurþjónusta, ástandsskoðun, jeppabreytingar, jeppasala, fagleg þjónusta og ráðgjöf.*



Skúli K. Skúlason

# Notaðir og nýir jeppar

Allir jepparnir eru ástandsskoðaðir



Nissan Patrol Luxury nýr bíll - 3,0 dísel sjálfskiptur.
35″ Arctic Trucks breyting og fleira.
Verð 5.980.000



Nissan Navara D/C LE - 2,5 dísel sjálfskiptur.
12/2005 ek. 18 þ. km. 32″ Arctic Trucks breyting.
Verð 3.690.000



Toyota Landcruiser 100 VX - 4,7 bensín, sjálfskiptur.
07/2003 ek. 100 þ. km. Nýleg 35″ breyting.
Verð 4.300.000



Nissan Pathfinder SE nýr bíll - 2,5 dísel sjálfskiptur.
35″ Arctic Trucks breyting og fleira.
Verð 5.490.000



Toyota Landcruiser 90 VX - 3,0 dísel sjálfskiptur.
12/1998 ek. 199 þ. km.
Verð 1.790.000



Nissan Pathfinder LE IT - 2,5 dísel sjálfskiptur.
12/2005 ek. 12 þ. km. Vel útbúinn bíll.
Verð 5.260.000



Toyota Landcruiser 90 LX - 3,0 dísel sjálfskiptur.
04/1999 ek. 152 þ. km. 33″ breyttur.
Verð 1.690.000



Nissan Patrol GR - 3,0 dísel sjálfskiptur.
10/2004 ek. 78 þ. km.
Verð 3.570.000



Toyota Landcruiser 120 - 3,0 dísel sjálfskiptur.
03/2003 ek. 74 þ. km. 38″ breyttur með öllu.
Verð 5.990.000



Toyota Landcruiser 90 LX - 3,0 dísel 5 gíra.
06/2000 ek. 128 þ. km.
Verð 2.190.000



Toyota Landcruiser 120 - 3,0 dísel sjálfskiptur.
05/2006 ek. 1 þ. km. 38″ breyttur.
Verð 7.100.000



Nissan Pathfinder LE IT - 2,5 dísel sjálfskiptur.
01/2006 ek. 14 þ. km. Vel útbúinn bíll.
Verð 5.260.000

**Vantar góða jeppa á skrá.**
**Líttu inn hjá okkur á bílasölusvæðinu Kletthálsi.**

ARCTIC TRUCKS®

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0038 KC

# Kæri Róbert

**Umræðan**

Bréf til forstöðumanns NFS



BJÖRG EVA ERLENDSDÓTTIR

Við á Ríkisútvarpinu erum fullkomlega sammála því að þjóðin þurfi frjálsa og óháða fjölmiðla. Einmitt þess vegna vil ég senda þér nokkrar línur. Í bréfi þínu „Kæri Jón“ í blöðum, þar sem þú biður NFS griða - gætir ranghugmynda um starf okkar hér á RÚV sem skylt er að leiðrétta.

Þú segir að fólki á NFS hafi þótt freistandi að ganga til liðs við RÚV, því þar vinni menn tólf daga í mánuði á fullum launum. NFS-menn vinni langan og strangan vinnudag og fleiri daga í mánuði en á RÚV.

Þetta er rangt. Bæði sjónvarps- og útvarpsfréttamenn vinna venjulega dagvinnuviku, 40 stundir eftir stimpilklukku. Þeir sem eru í vaktavinnu vinna 38,5 stundir á viku. Sjónvarpsfréttamenn vinna að meðaltali 15 daga í mánuði, og vaktirnar eru upp í ellefu og hálfur tími, sem varla er styttri dagur en á NFS. Útvarpsfréttamenn vinna á ýmisskonar vöktum, sumir alla virka daga, sumir morgna, kvöld eða nætur. Enginn fréttamaður á Ríkisútvarpinu vinnur tólf daga í mánuði á fullum launum. Föst heildarlaun með vaktaálagi og öllu eru gjarnan frá 260 þúsund krónur og upp í rúmlega 300 þúsund á mánuði eftir áratuga starf í fréttum. Laun fyrir dagvinnu fara niður í 200 þúsund. Nær allir vinna meira en dagvinnu, en ná samt ekki launum gullmolanna sem NFS og Kastljósið hafa kastað á milli sín síðustu misserin.

Tekið skal fram að starfsmenn í Kastljósi heyra ekki undir fréttasvið RÚV og Kastljósfólkið er ekki í Félagi fréttamanna. Undantekningarnar eru þegar fréttamenn hafa verið fengnir þangað úr almennu fréttunum, þá hafa þeir verið í félaginu áfram. En því miður er oftast nær aðkeypt fólk fengið í Kastljós.

*Laun fyrir dagvinnu fara niður í 200 þúsund. Nær allir vinna meira en dagvinnu, en ná samt ekki launum gullmolanna sem NFS og Kastljósið hafa kastað á milli sín síðustu misserin.*

Samanburður þinn á frammistöðu NFS og RÚV í stórum þjóðfélagsmálum sýnir sjálfstraust sem örugglega er gott að hafa þegar ráðist er í risavaxin verkefni. En eitthvað skortir á raunveruleikatenginguna þegar þú segir að fjölmiðlar framtíðarinnar verði eins og NFS.

Fjölmiðlar framtíðarinnar verða vonandi ekki eins og NFS. Það er ekki frjáls fjölmiðill sem á allt sitt undir Kæra Jóni og þarf að biðja hann um náðun ef dauðadómur er kveðinn upp. Frjáls fjölmiðill hefur trygga afkomu, óháða fréttamenn, gagnsæi í launum. Tilvera hans byggir á því að almenningur í landinu á rétt á hlutlægri, óháðri umfjöllun um hvaðeina sem máli skiptir í samfélaginu. Með fullri virðingu fyrir Kæra Jóni treysti ég honum ekki til að tryggja þetta. Raunar treysti ég ekki öðrum eigendum fjölmiðla eða fulltrúum þeirra heldur. Allt þetta fólk þarf aðhald fjölmiðla, sem aftur þurfa aðhald almennings. Fjölmiðlar framtíðarinnar verða vonandi ekki heldur eins og RÚV er núna, mikið nagað pólitískt bitbein til margra ára. En viðburðir síðustu ára í fjölmiðlaheiminum sýna okkur fyrst og fremst að fjölmiðlar verða sífellt tannlausari og lélegri í þeim ólgusjó óvissu, fjárhagserfiðleika og afskipta fjármála- og stjórnmálamanna sem þeir hafa siglt að undanförnu. Það sem þarf til að fjölmiðill geti verið góður er staðfesta í rekstri, góðir stjórnendur, þekking, reynsla, viðunandi vinnuumhverfi og síðast en ekki síst fagleg samstaða fjölmiðlafólks.

*Höfundur er fréttamaður á Ríkisútvarpinu og formaður Félags fréttamanna.*




# Smjörklípur

**Umræðan**

Viðbrögð við ummælum Davíðs Oddssonar

Þegar ljóst var að vinir ALCOA höfðu í tvígang leynt Alþingi grundvallarupplýsingum um geigvænlega hættu af því að byggja stíflur við Kárahnjúka og varðar ekki aðeins rekstur virkjunar heldur líka líf og heill fólks í byggðum neðan Hálslóns.



GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

Þegar alþjóð varð kunnugt um að vinirnir höfðu tvívegis þaggað niður í einum virtasta og hugaðasta jarðvísindamanni landsins sem vildi upplýsa stjórnvöld, Alþingi og almenning um áhættuna af lón- og stíflustæði á hvellsprungnu landi.

Þegar upplýst var að ALCOA styrkir austfirska lögreglumenn til æfinga í sérstökum búðum í Bandaríkjunum og kom þannig óorði á grandvara lögreglumenn og rýrði traust á stofnanir þeirra.

Þegar ALCOA hélt áfram ólögmætri byggingu verksmiðju án umhverfismats í skjóli dómsmálaráðuneytis – var ljóst að bregðast þurfti við með óvæntri atlögu.

*Davíð kemur nú inn í íslenska pólitík líkt og Hurðaskellir sem lætur fólki bregða en er óðara horfinn. Samt vita allir að hann leynist á bak við næstu hurð með smjörklípu milli fingra.*

Og hver skyldi þá ekki birtast nema örlagavaldur alls þessa, sveinninn með smjörklípuna.

Í stórfurðulegum Kastljósþætti Evu Maríu Jónsdóttur 3.9. 2006 opinberaði Davíð Oddsson aðferðafræði sína. Árátta þessa merka hrekkjalóms íslenskra stjórnmála er að trufla óþægilega umræðu með því sem hann lýsti sjálfur sem smjörklípu-aðferðinni. Sannarlega hefur hún mótað íslensk stjórnmál frá því að ríkisstjórn hans réðist í Kárahnjúkavirkjun að Íslendingum forspurðum. Erfitt hefur verið að halda uppi opinni og vitsmunalegri umræðu því jafnan hefur smjörklípan verið á lofti og klínt á næsta mann, næsta umræðuefni – til að trufla.

Sem fjölleikamaður í Seðlabanka spratt Davíð fram á Morgunvaktinni 1. september (ansi snemma á ferð) með smjörklípu á lofti og taldi umræðu um leyniskjöl „venjulega vitleysu sem alltaf kemur fram ...“ að ákvarðanir um jarðfræðirannsóknir, glufur og sprungur eigi ekkert erindi á Alþingi ... „vitleysa ... vitlaust ... færustu vísindamenn ... vitleysa“.

Davíð gerði lítið úr upplýstri umræðu svo og hæfileikum og dómgreind þingmanna (að vísu ekki nýlunda) en aldrei virðist hann hafa tileinkað sér þá visku sem felst í uppbyggilegri gagnrýni og vel þótti honum takast að þagga niður í vísindamanninum í tvígang; hann sá ekkert athugavert við málsmeðferðina. Ef marka má orð Davíðs Oddssonar er hann hlynntur því að skerða tjáningar- og skoðanafrelsi til verndar forsjárhyggjunni, pólitísku hryggjarstykki Kárahnjúkavirkjunar.

Yfirleitt er þingmönnum talið til tekna að þeir hafi vit á umræðum á Alþingi. Sumir þeirra virðast þó fljóta vel á talandanum án þess að vita eða skilja meginrök og klína sméri. Samt eiga þeir aldrei að samþykkja virkjun á ótraustum grunni berglaga og efnahags. Þeir eiga að hafa vit á því.

„Ákvörðunin að virkja við Kárahnjúka er sennilega gálausasta fjárfesting á heimsbyggðinni miðað við fjölda fólksins, sem þarf að borga brúsann ef illa fer. Ofan á þetta bætist að einstæðum náttúruverðmætum verður fórnað til þess eins að misvitrir stjórnmálamenn geti lofað leikjum og brauði fyrir næstu kosningar.“

*Guðmundur E. Sigvaldason. Erindi í Borgarleikhúsinu 15. jan. 2003*

**Hver ber ábyrgð?**

Davíð á erfitt með að kyngja því að þeir Halldór Ásgrímsson tóku ákvörðun um virkjun af fullkomnu ábyrgðarleysi og á Morgunvaktinni fór hann frjálslega með staðreyndir. Hann sagði ósatt að „færustu vísindamenn“ hefðu farið yfir öll jarðfræðigögn um „sprungur og glufur“. Upplýsingar um virkar sprungur vantaði frá upphafi – voru ekki þúsundir blaðsíðna eins og Davíð staðhæfði. Athugasemdirnar sem Alþingi var meinað að sjá árið 2002 og skiptu sköpum voru þrjár blaðsíður. Í nóvember 2005 kom loks út Sprunguskýrsla (31 bls.) ásamt korti sem enginn þingmaður sá. Nóg er að lesa kortið til að sjá að HÆTTA er á ferð og þar átti að stoppa Kárahnjúkalestina.

Þessi gögn hefðu átt að liggja fyrir þegar þeir Davíð og Halldór spáðu í virkjun. Svo er hitt að færustu og reyndustu vísindamenn okkar vöruðu við virkjuninni eins og fram kom í merkilegum varnarorðum Helga Björnssonar jöklafræðings í Velvakanda (Mbl. 22. ágúst sl.). Og margir þeirra eru ennþá uggandi. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur og prófessor hvatti til þess að unnið yrði nýtt og óháð áhættumat. Dettur einhverjum í hug að hann hafi sagt það sem pólitískan aulabrandara? Framkvæmdin í heild ber merki ofstopa og valdhroka, sama hvert litið er. Talnaglaði seðlabankastjórinn fullyrti líka að framkvæmdin myndi skila „11% arði á ári“. Ein leyniskýrslan enn, ekki satt? Orð Davíðs eru ótraust og án sönnunar verður fullyrðingin dæmd dauð og ómerk líkt og klisjan að „færustu vísindamenn okkar“ hafi grandskoðað allt. Samkvæmt tölum Landsvirkjunar og útreikningum á vegum Náttúruverndarsamtaka Íslands er tapið 20–30 milljarðar ólíkt trúverðugra – og ærlegra.

Davíð kemur nú inn í íslenska pólitík líkt og Hurðaskellir sem lætur fólki bregða en er óðara horfinn. Samt vita allir að hann leynist á bak við næstu hurð með smjörklípu milli fingra. Örlög íslenskrar náttúru og þjóðarhags eru sveipuð skugga hans og því eðlilegt að spyrja:

Var niðurstöðum úr tilraunamati Rammaáætlunar leynt fyrir Alþingi í aðdraganda Kárahnjúkaumræðu á Alþingi þar sem svæðið fékk hæstu einkunn sem náttúrugersemi og verstu einkunn sem virkjanakostur vegna náttúrugæða?

Hver ber ábyrgð á gróðureyðingu og rofi á Vesturöræfum, haldi lón og stíflur vatni?

Hver ber ábyrgð, aðra en fjárhagslega, ef Hálslón heldur illa vatni?

Hver ber ábyrgð ef stíflurof verður?

Hver ber ábyrgð ef Kárahnjúkavirkjun er ónýt framkvæmd?

Kannski er núna ráð að grípa til gömlu smjörklípunnar og tala um allt annað – til dæmis lýsingu Davíðs Oddssonar þ.v. forsætisráðherra á fallega, litla fjallavatninu Hálslóni þar sem fólk gæti unað sér á vatnaskíðum í jökuleðjunni á sumrin. NFS-stöðin gæti nú endursýnt þá fantasíu og svo má líka lesa fullyrðingu hans í tímaritinu Smithsonian frá því í júní 2002 (bls. 92) að virkjunin „muni ekki skaða landslagið“ – will not spoil the landscape.

Davíð Oddsson var forsætisráðherra Íslands frá 1991 til 2004.

*Höfundur er náttúrufræðingur.*








# allt



## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR NÁM]**

**Árleg** Land Rover jeppaferð á vegum B & L verður farin laugardaginn 23. september næstkomandi. Dagurinn hefst kl. 08.30 í sýningarsal B&L á umræðum um ferðatilhögun og öryggismál. Er ferðinni heitið til Brautarholts í Skeiðahreppi um Hrunamannaafrétt. Dagskrá lýkur kl. 17.00. Sjá nánar á www.bl.is

**Í** vefverslun Útiveru er nú fáanlegur fjöldi nýrra bóka sem henta vel í ferðalög og útiveru eða eru góður undirbúningur að þeim, þ.á.m. bókin „Bicycling with children“ þar sem sagt er frá því hvernig best sé að hjóla með börnum. Allar nánari upplýsingar er finna inni á vefsíðu Útiveru www.utivera.is



**Stjórnmálafræðiskor** HÍ stendur fyrir sýningu á kvikmyndinni „Divorce Iranian Style“ (1998), þar sem fjallað er um konur sem leita lögskilnaðar við eiginmenn sína. Myndin er sýnd kl. 20.00 í kvöld í Öskju. Sjá www.stjornmalogstjornsysla.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 20. september, 263. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.04 | 13.21 | 19.37 |
| Akureyri | 6.48 | 13.06 | 19.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



„Af því að „tóneyrað“ er í raun bara ákveðin heilastöð þá hefur þetta ekkert með röddina sjálfa að gera,“ segir Ingveldur Ýr söngkona og söngkennari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allir geta haldið lagi

***Ingveldur Ýr Jónsdóttir hefur kennt fólki að nota raddböndin í um tuttugu ár. Hún segir að allir geti lært að syngja. Um þessar mundir er hægt að skrá sig á söngnámskeið hjá Ingveldi.***

„Ég kenni grunnatriði í raddbeitingu, en sú kennsla felur í sér öndunaræfingar, rétta líkamsstöðu, raddæfingar og létt sönglög,“ útskýrir Ingveldur Ýr þegar blaðamaður spyr hana hvað gerist á söngnámskeiðunum.

„Í raun er hægt að læra öll undirstöðuatriði söngs í þessum tímum og að auki öðlast nemendur innsýn í tónlist með því að fá kennslu í tónheyrn og nótnalestri.“

Ingveldur telur að allir geti lært að syngja. „Það verða kannski ekki allir atvinnusöngvarar en hver sem er getur lært að beita röddinni þannig að öndun og stuðningur séu með inni í myndinni. Fólk getur lært að stilla hljóðfærið sitt, röddina, á réttan hátt og haldið þannig lagi. Sumir eru reyndar ólagvissari en aðrir af því það vantar samhæfingu milli eyra og raddbanda, en af því að „tóneyrað“ er í raun bara ákveðin heilastöð þá hefur þetta ekkert með röddina sjálfa að gera. Fólk heldur stundum að það sé laglaust vegna þess að það hefur ekki tök á röddinni, en um leið og það nær tökum á henni þá fylgir næmni tóneyrans eftir.“

Innt eftir því hvernig einstaklingar það séu sem sækist eftir því að læra að syngja hjá henni segir Ingveldur það vera fólk á öllum aldri. „Alveg frá átján ára og upp í sextugt. Bæði konur og karlar; allur þjóðfélagsstiginn eins og hann leggur sig. Fólk hefur gríðarlega mikinn áhuga á þessu. Í því samhengi þætti mér gaman að minna á að 21. september verður kennslufyrirlestur hjá Mími þar sem farið er yfir öll grunnatriði söngs og fólk getur í kjölfarið tekið æfingar með sér heim,“ segir Ingveldur.

Til að skrá sig á námskeið hjá Ingveldi má annaðhvort fara á heimasíðu hennar www.songstudio.ehf.is og skrá sig þar eða hafa samband við Mími símenntun.

# Tækniundur frá Citroën

HULUNNI SVIPT AF C-MÉTISSE UM NÆSTU HELGI.

Citroën sviptir hulunni af afar spennandi hugmyndabíl, sem kallaður er C-Métisse, á alþjóðlegu bílasýningunni í París sem hefst nú í lok mánaðarins. Bíllinn ber hönnuðum sínum vitni um mikla ástríðu því við hönnun hans var lagt upp með það að hann markaði ný spor þegar akstursánægja væri annars vegar. Tæknileg útfærsla C-Métissé er enn athyglisverðari en nýstárlegar hurðir, því bíllinn er búinn tveimur samstarfsvélum, dísil- og rafmagnsvél, og því hannaður til þess að taka fullt tillit til umhverfis síns. Útfærsla þess búnaðar er einna athyglisverðust vegna þess að dísilvélin er tengd framhjólum hans en rafmótorinn hins vegar afturhjólunum. Að grunni til er C-Métissé byggður á sömu hugmynd og C4 sem kynntur var fyrr á árinu en þessi frumlega útfærsla eykur mjög á aksturseiginleika C-Métisse og stöðugleika í akstri.



C-Métisse er ekki bara sérstakur í útliti heldur er vélbúnaður hans byltingakenndur líka.



Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

**Misskilinn gulur** Munið að gult ljós við gatnamót þýðir ekki að gefa eigi í heldur að hægja eigi á ferðinni. Stöndum saman og gerum umferðina öruggari.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

STÝRISENDAR, SPINDILKÚLUR OG FÓÐRINGAR
í jeppa í miklu úrvali
Japan/U.S.A.
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Útlit bílsins fylgir hefðbundnum línum 911, ef frá er talinn Aerokit vindskeiðapakkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

REYNSLUAKSTUR

# Hreinræktaður sportbíll

***Reynsluakstur Porsche 911 Carrera 4S með aflaukningarpakka.***

Ímyndaðu þér að einn góðan veðurdag komist þú að því að þú hafir aðeins notað annað lungað alla þína ævi. Skyndilega byrjar svo hitt lungað að starfa og í fyrsta skipti getur þú dregið andann fyrir alvöru.

Þetta er kannski ekki góð samlíking en gefur smá hugmynd um muninn á því að keyra Porsche 911 Carrera 4S og venjulegan fólksbíl. Samband ökumannsins við bílinn er mjög sterkt, maður skynjar hann og veginn með næstum öllum líkamanum. Þrátt fyrir að vera hlaðinn búnaði af nýjustu sort verður hann fyrst og fremst framlenging á manni sjálfum. Og þá fyrst verður nú gaman að keyra bíl.

Ekki skemmir að fyrir aftan aftursætin, og reyndar afturöxlana líka, liggur 381 hestafls mótor sem öskrar eins og hjörð villidýra um leið og þú treður bensíngjöfinni niður. Kannski hávaði í eyrum sumra, en ljúfasta tónlist í eyrum allra sem kunna að njóta þeirrar óhefluðu ánægju sem það er að keyra alvöru sportbíl.

Í akstri hefur bíllinn breitt notkunarsvið og þó að allar tölur sýni að hægt sé að koma honum í 300 km hraða er það alls ekki nauðsynlegt til að njóta þess að keyra hann. Maður er mjög fljótur að fá tilfinningu fyrir bílnum og hann er léttari og þægilegri í akstri en margir vinsælir fólksbílar, kannski ekki síst fyrir það hvað vélin svarar vel.

Gírskiptingin er sérlega ljúf og áreynslulaus. Sama má segja um kúplingu og bensíngjöf, svo að bíllinn er mjög þægilegur í innanbæjarakstri, öfugt við suma sportbíla sem eru stífir og þreytandi að keyra lengi í þéttri og tafsamri umferð.

Bíllinn er búinn fjórhjóladrifi sem tryggir honum gott upptak, aðeins 4,6 sekúndur úr kyrrstöðu í hundrað. Að viðbættri stillanlegri fjöðrun, breiðum dekkjum og kraftmiklum og stórum keramikbremsum gerir það bílinn líka gríðarlega skemmtilegan í akstri. Á hlykkjóttum vegum heldur hann hraða í gegnum hverja beygjuna á fætur annarri án þess svo mikið sem að halla, og í þeim kröppustu er ekkert mál að bremsa eldsnöggt niður, taka beygjuna og skjótast aftur upp í leyfðan hámarkshraða á svipstundu.



Með aflaukingarpakkanum verður bíllinn 381 hestafl í stað 355 áður.

Þó að um hreinræktaðan sportbíl sé að ræða ber innréttingin þess vott að Porsche er líka lúxusbíll. Leður og burstað ál hvert sem litið er, gervihnattaleiðsögukerfi, mjög vandað hljóðkerfi og fallegt mælaborð sem er að hluta til stafrænt. Skriðstillir, innbyggður sími og rafmagn í sætum, rúðum, speglum og topplúgu eru meðal annarra hluta sem hægt væri að telja upp.



Mælaborðið er leðurklætt, með gervihnattaleiðsöguskjá, innbyggðum síma og mörgu fleiru.



Í Porsche þýða gular bremsudælur að um keramikbremsur sé að ræða.

Porshe hefur að þessu leytinu breyst í gegnum árin, en áður fyrr voru bílarnir frekar hráir að innan, enda fyrst og fremst byggðir til að njóta þess að keyra þá.

Eitt sem hefur ekki breyst er staðsetning vélarinnar, sem gerði það reyndar að verkum að í árdaga 911, fyrir fjörutíu árum, var frekar erfitt að stjórna bílnum. Afturendinn átti það til að vilja fara eitthvert annað en framendinn. Þessu hefur fyrir löngu síðan verið kippt í lag með háþróaðri fjöðrun og vandlegri þyngdardreifingu. Í dag ræður nánast hvaða ökumaður sem er við að keyra bílinn þannig að hans sé notið, enda af mörgum talinn best heppnaði og vandaðasti 911-bíllinn til þessa.

En þarf maður virkilega bíl sem er 4,6 sekúndur í hundrað, ræður við vinkilbeygju á mikilli ferð og kæmist í 300 ef maður færi með hann á kappakstursbraut? Nei nei, ekkert frekar en maður þarf bæði lungun.

**PORSCHE 911 CARRERA S4**

**(MEÐ AFLAUKNINGARPAKKA)**

**Vél:** 3,8 lítra bensín
381 hestafl / 415 Nm
**Uppg. eyðsla í bl. akstri:** 12,5 l/100 km
**Hámarkshraði:** 300 km/klst
**0-100 km/kls:** 4,6 sek.
**Farangursrými:** 105 lítrar
**Þyngd:** 1.550 kg
6 gíra „short shift“ beinskipting

**PLÚS:**
Unaðslegir akstursegiginleikar
Góð hröðun og bremsur
Hljóðið í vélinni

**MÍNUS:**
Afturætin aðeins fyrir lítil börn

**Umboð:** Bílabúð Benna

Höfum til afhendingar strax



BluCamp Sky 20

Nýir 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestöfl - Commandrail diesel, ABS- EBD Aksturstalva – Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggispúðar – Útvarp - Geislaspilari með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Gírskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þriggja punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16”.
**Verð 5,200,000 kr. með vsk. skráður og skoðaður. Til sölu fyrir viðskiptavin.**



Mercedes Benz 316CDI

Mercedes Bens 316CDI árg. 2005. Ekinn 6000 km. 156 hestafla Commandrail Td. Stórt hjónarúm aftur í - Stór geymsla m. aðgengi að utan, L eldhús – Loftkæling Geislaspilari-Dvd + tvö sjónvörp m/flatskjá. og m.m.fleira. Sjón er sögu ríkari.
**Verð 6.200.000 skráður og skoðaður.**



MAN 26.430

Man 26.430. fyrst skráður Desember 2005. Tveggjadrifa dráttarbíll á lofti að aftan með sturtudælu. Nádrif - XL Hús með einni koju – Sólskyggni - Kælibox Símkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48,000 km. **Verð 7.250,000 + vsk. skráður og skoðaður.**

Bílexport á Íslandi ehf.
Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

## TESLA ER KVEIKJAN AÐ NÝRRI KYNSLÓÐ RAFMAGNSBÍLA

**Rafmagnsbíll sem er jafnfljótur og Ferrari að ná hundrað kílómetra hraða, um fjórar sekúndur, gæti breytt bílaiðnaðinum eins og hann leggur sig. Tesla Roadster er hannaður í Kaliforníu og smíðaður af Lotus í Bretlandi. Lithium-ion rafhlöður gefa bílnum 400 km drægni á einni hleðslu og 209 km hámarkshraða.**




Heimild: Tesla Motors © GRAPHIC NEWS

# Rafmagnsbílar tolllágir

Tesla, fyrsti rafmagnsofurbíllinn, gæti hugsanlega verið á þolanlegu verði kominn hingað til lands.

Hann verður þó engan veginn ókeypis en þær tölur sem heyrast um þessar mundir eru um 90.000 dollara markið, eða um 6,3 milljónir. Þá er verið að tala um verð í Bandaríkjunum en kominn hingað til lands mundi það þýða um 10-11 milljónir miðað við venjulega skóttun. Af upplýsingum frá Tollstjóranum í Reykjavík má hins vegar ráða að ekki sé greitt vörugjald af rafmagnsbílum heldur aðeins 24,5 prósenta virðisaukaskattur af kaupverði og flutningsgjöldum. Það þýðir að Teslan gæti orðið undir 8,1 milljón, komin til landsins.

*- elí*

# Nýr VW sportbíll

***Enn á teikniborðinu.***

Árið 2008 gæti fjórtán ára bið eftir VW sportbíl verið á enda. Ef Scirocco hugmyndabíllinn ratar í framleiðslu verður hann byggður á sömu grunnplötu og Golf. Hægt verður að velja á milli 200 og 230 hestafla 2 lítra túrbóvéla í framhjóladrifsútgáfuna, en dýrari fjórhjóladrifsútgáfan verður sennilega með 3,6 lítra VR6-vélinni. Blæjubíll er líka í undirbúningi.



Af hverju enda svona bílar aldrei óbreyttir í framleiðslu? Flott form og djörf litanotkun gefa bílnum ferskt og skemmtilegt yfirbragð.



Urrrr... Þessi Voffi lítur út fyrir að ætla að bíta einhvern.



Hin árlega Land Rover ferð er venjulega mjög vel sótt.

# Jeppaferð Land Rover

***Árleg jeppaferð Land Rover eigenda***

Hin árlega jeppaferð Land Rover eigenda verður á laugardaginn kemur.

B&L húsið opnar klukkan 8.30 um morguninn og verður farið yfir ferðatilhögun og öryggismál, áður en lagt verður af stað hálftíma síðar. Ferðinni er að þessu sinni heitið austur í Brautarholt um Hrunamannaafrétt og verður að vanda boðið í grill á áfangastað. Að því búnu verður svo fitjað upp á leikjum fyrir ferðalanga á öllum aldri.

Ferðin er þátttakendum að kostnaðarlausu og er eina skilyrðið að þeir hafi með í för útivistarfatnað eftir veðurspá og góða skapið. Skráning er hjá B&L eða Íslandrover.

allt matur
Alla föstudaga

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is







Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



**Handfarangur í flugvélum** lýtur ákveðnum reglum. Ferðalangar ættu að kynna sér þær reglur áður en pakkað er niður, svo afgreiðslan gangi hraðar á flugvellinum.

# Tilnefnt til umhverfisverðlauna

***Óskað er eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Ferðamálastofu fyrir árið 2006.***

Hinn 16. nóvember næstkomandi verða umhverfisverðlaun Ferðamálastofu veitt. Þá eru aðilar í ferðaþjónustu sem þykja hafa skarað fram úr í umhverfismálum heiðraðir.

Tilgangur verðlaunanna er meðal annars að hvetja ferðaþjónustuaðila til að huga að þeirri auðlind sem þeir nýta, ásamt því að hvetja til ábyrgðar á eigin athöfnum og styrkja þannig framtíð ferðaiðnaðarins.

Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlaunanna og er öllum heimilt að senda þær inn. Við tilnefningu er vert að hafa í huga að viðkomandi uppfylli markmið umhverfisvænnar ferðaþjónustu; verndi menningar- og náttúrulegt umhverfi og vinni að samspili milli ferðamanna, heimamanna og umhverfis.

Tilnefningar þurfa að berast umhverfisfulltrúa Ferðamálastofu fyrir 30. september. Tilnefningar má senda með tölvupósti á netfangið valur@icetourist.is eða til Ferðamálastofu í Strandgötu 29, 600 Akureyri. Nánari upplýsingar má finna á www.ferdamalastofa.is. *- jóa*



Ferðamálastofa óskar eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905






6. jan. – 12 dagar
18. jan. – 9 dagar
27. jan. – vika
3. feb. – vika
10. feb. – vika
17. feb. – vika
24. feb. – vika

*Frá 29.990 kr.
Flugsæti með sköttum. Fargjald A.

67.990 kr.
vikuferð 27. jan.
Flug, skattar og gisting, m.v. 2 í herbergi á gististað „án nafns“ við Zell am See, 27. jan., vikuferð með morgunmat.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500



Þýskland, Austurríki og Sviss eiga landamæri að Bodensee-vatni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Þar sem vegir liggja til allra átta í Evrópu

***Iceland Express flýgur þrisvar í viku til Friedrichshafen sem er við Bodensee í Suður-Þýskalandi.***

Saga Bodensee-svæðisins er margslungin og mótuð af flugumferð og vélarhönnun. Claude Dornier, flugvélahönnuður, Ferdninand von Zeppelin greifi sem var loftskipahönnuður og Wilhelm og Karl Maybach, sem hönnuðu vélar fyrir Mercedes Benz bílana voru frumkvöðlar sem Friedrichshafen á mikilvægi og velmegun sína að þakka.

Heilmargt er hægt að gera sér til ánægju og yndisauka á svæðinu. Tæplega 20 farþegaskip sigla á næststærsta stöðuvatni Evrópu. Þau liggja einnig við akkeri í Friedrichshafen og ferja þaðan farþega til annarra bæja við bakka þessa stóra stöðuvatns þar sem löndin þrjú Þýskaland, Austurríki og Sviss liggja saman. Framhjá vínviðarekrum sem bera vott um blómstrandi vínyrkju siglir maður til fallegra borga eins og Lindau, Meersburg, Überlingen eða Stein am Rhein sem eru, með sínar einstöku byggingar og þröngu götur, sérlega aðlaðandi.

Enginn ætti að missa af siglingu til blómaeyjunnar Mainau en þar dafna í veðursældinni, auk þúsunda blóma, sítrónur og bananar. Ef einhver er á hraðferð er hægt að fara um borð í nýjan „katamaran“ í Friedrichshafen og fara til háskólaborgarinnar Konstanz sem er stærsta borgin við Bodensee.



Kastali í Allgau í Bæjaralandi í Suður-Þýsklandi, skammt frá Friedrichshafen. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Það er einnig hægt að fara frá Friedrichshafen með bílferju sem flytur bæði bíl og farþega beint til Sviss. Um miðjan júlí hefjast siglingar til Bregenz í Austurríki en þar er árlega haldin hátíðin Bregenzer Festspiele á stærsta sviði í Evrópu sem byggt er á stöðuvatni og í ár var hin rómantíska ópera Verdis Il Trovatore sýnd. Að upplifa þessa sýningu á hlýju sumarkvöldi við blóðrautt sólarlag á vatninu er ólýsanlegt og mun seint úr minni hverfa.

Vinsældir Bodensee-flugvallar í Friedrichshafen aukast sífellt, einkum hjá þeim sem stunda vetraríþróttir. Í fyrra komu þangað tíu þúsund skíðamenn, aðallega frá Englandi, Norðurlöndunum og Rússlandi, og héldu þaðan áfram með rútum í nálægar skíðabrekkur í Allgäu, Austurríki og Sviss. Þeir sem kjósa að dvelja í Friedrichshafen geta bókað hóteldvöl þar með ferðum í skíðabrekkurnar að morgni og til baka á kvöldin og látið dekra við sig í Zeppelinborginni. Þennan möguleika býður Frey-Zeit-Service einnig upp á frá Lindau.

Frá flugvellinum í Friedrichshafen er möguleiki á áframhaldandi flugi til annarra þýskra borga og dvalarstaða eða sumaráfangastaða við Miðjarðarhafið. Hægt er að fara með rútu eða lest beint frá flugvellinum til Austurríkis eða Sviss og til hinna ýmsu bæja við bakka Bodensee-vatns. Lestarstöðin er aðeins fáeinum metrum frá komusalnum.

Sjálfsagt er að kíkja inn síðuna hjá Bodenseesérfræðingnum Frey (www.frey-zeit-service-iceland-express.de / c.frey@frey-zeit-service.de ) þar sem er að finna nánari upplýsingar um hvað eina sem hægt er að gera á svæðinu. Hann aðstoðar við hótelbókanir, leigu á húsbílum, og veitir jafnframt upplýsingar um söfn eða setur saman hjólareiðatúra og finnur góða golfvelli svo eitthvað sé nefnt.

**Prófatíðin** á það til að læðast aftan að námsmönnum sem verða alltaf jafn hissa þegar desember rennur upp. Byrjið strax á heimavinnunni.






Kristín segir að námið og starfið fari vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Nýtt sjónarhorn

***Kristín Þorbjörnsdóttir hjúkrunarfræðingur hóf mastersnám í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands nú í haust og henni líst mjög vel á námið.***

Kristín útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur 1991 og hafði skoðað möguleika til framhaldsnáms á Íslandi þegar hún datt niður á heilsuhagfræðina. „Mig er búið að langa aftur í nám í svolítinn tíma og þar sem ég hef unnið bæði í klínískri vinnu og við stjórnun fannst mér þetta nám áhugavert framhald af því og spennandi að geta horft á heilbrigðisþjónustuna með augum hagfræðinnar,“ segir hún.

Núna starfar Kristín sem verkefnisstjóri á geðsviði Landspítalans og hún telur að námið eigi eftir að nýtast henni vel í starfinu. „Þetta nám er nákvæmlega það sem ég var að leita eftir sem er svona annað sjónarhorn á heilbrigðisþjónustuna. Í heilsuhagfræðinni skoðum við stefnumótun í heilbrigðisgeiranum, hvernig forgangsröðunin er og forvarnarstarfið, hvað heilbrigðisþjónustan kostar og hvort hægt er að gera eitthvað öðruvísi.“

Heilsuhagfræði er fjörutíu og fimm eininga nám svo þeir sem eru í fullu námi geta klárað það á einu og hálfu ári. „Ég tek þetta með vinnunni svo ég er í hálfu námi en ég stefni á að klára innan tveggja til þriggja ára,“ segir Kristín.

Kristín er í þremur námskeiðum núna í haust og hún segir að henni lítist vel á þau öll. „Einn kúrsinn heitir bara heilsuhagfræði, annar kostnaður og nytjagreining og sá þriðji stjórnun og stefnumótun heilbrigðisstétta. Þetta er mjög fjölbreytt og það var einmitt það sem heillaði mig við námið, hvað það er fjölbreytt og opnar margar dyr.“

*emilia@frettabladid.is*

## viðburður }

### Vísindavaka

Vísindavaka verður haldin í annað sinn föstudaginn 22. september í Listasafni Reykjavíkur frá kl. 17-21.

Rannís stendur fyrir vökunni sem ber yfirskriftina Stefnumót við vísindamenn, en dagurinn er tileinkaður vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu.
Á Vísindavökunni fá vísindamenn tækifæri til að koma rannsóknum sínum og niðurstöðum á framfæri á auðskiljanlegan og skemmtilegan hátt enda á Vísindavakan að höfða til almennings á öllum aldri.
Í aðdraganda vísindavökunnar verða boðið nokkrum sinnum í vísindakaffi á kaffistofu Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsinu sem hefst kl. 20. Þar munu vísindamenn sitja og ræða um rannsóknir sínar á mannamáli.
Í kvöld ber fundurinn yfirskriftina, Má bjóða þér sjálfflýsandi svín, en þá verður rætt um erfðabreytt matvæli.
Annað kvöld verður fundur með heitinu, Pálmatré við Jökulsárlón, þar sem fjallað verður um hnattrænar breytingar og áhrif þeirra á Ísland.
www.khi.is

**Einstakt enskunámskeið**

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.tungumal.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

“Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning.”
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
“...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor.”
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
“...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...”
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð fljónusta.

**Nýtt** 6. vikna námskeið **16. okt. (nokkur sæti laus)**
**Nýtt!!** 3. vikna hraðnámskeið **13. okt.**
**SUÐURNES** 3 vikna hraðnámskeið **12. október**
3 vikna fyrirtækjanámskeið 12. október (kl. 13-16)
Skráning er hafin á á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja Þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

## Að stofna fyrirtæki

STUTT OG HNITMIÐUÐ NÁMSKEIÐ UM HVERNIG STOFNA Á FYRIRTÆKI VERÐA HALDIN AÐ HALLVEIGARSTÍG 1 Í LOK ÞESSA MÁNAÐAR OG BYRJUN OKTÓBER.

Skattlagning fyrirtækja, félagaform og frádráttarbær rekstrarkostnaður eru meðal umfjöllunarefna á námskeiðum sem verða haldin í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1 á næstunni. Fyrirlesari er Anna Linda Bjarnadóttir héraðsdómslögmaður sem nú heldur slík námskeið í 18. sinn. Þar upplýsir hún fólk um ýmsa þætti sem nauðsynlegt er að kunna skil á þegar fyrirtæki er stofnað og leiðir það í gegnum raunhæf verkefni. Fræðir það um úttektir úr félögum og arðgreiðslur sem og skattlagningu hluta fyrirtækja og réttarstöðu þeirra gagnvart skattayfirvöldum. Ábyrgð stjórnenda í einkahlutafélögum og hlutafélögum kemur þar líka við sögu, ásamt öðrum mikilvægum atriðum. Annars vegar er um þriggja hluta morgunnámskeið að ræða og hins vegar þriggja hluta síðdegisnámskeið. Í báðum tilfellum er boðið upp á léttan málsverð í hléi. Námskeiðslýsing er á www.isjuris.is og skráning og upplýsingar í síma 894-6090 eða á alb@isjuris.is



Anna Linda Bjarnadóttir




BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662




BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 20. september 2006 – 36. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



Gutenberg
samstarf sem skapar verðmæti
Síðumúli 16–18, 105 Reykjavík | s: 545 4400 fax: 545 4401 | www.gutenberg.is



**Sterling**
Horfir fram á veginn



12

**Alþjóðaviðskipti**
Húmor er ekkert grín



12-13

**Fjárfestingarstofa Íslands**
Útrásin eykur áhuga fjárfesta



12


## Fólkið ósammála stjórnvöldum

Fólkið í landinu er ósammála stefnu íslenskra stjórnvalda í Evrópumálum, segir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í aðsendri grein. Með stefnu sinni í Evrópumálum og skattlagningu matvæla séu stjórnvöld í raun að segja Íslendingum að þeim henti best að búa við háa vexti og hátt matvælaverð.

Sveinn vitnar í könnun sem Samtök iðnaðarins létu gera þar sem fram kom að meirihluti kjósenda allra flokka vill ganga til viðræðna um ESB-aðild. Þá var meirihluti í öllum flokkum nema Vinstrihreyfingunni - grænu framboði fylgjandi því að taka upp evru í stað íslensku krónunnar.

Sveinn telur jafnframt að Íslendingar gætu lært ýmislegt af þróun matvöruverðs í Svíþjóð. Þar hafi matvælaverð einungis hækkað um fimm prósent síðustu fimmtán ár, meðan neysluverðsvísitalan hafi hækkað um 35 prósent. **-jsk** Nánar í Iðnaðarblaði

## Erlend skráning ekki ákveðin

Forsvarsmenn Mosaic Fashion segja ekkert liggja fyrir um það hvort stefnt verði að tvöfaldri skráningu félagsins. Mail on Sunday sagði frá því að félagið stefndi að því að skrá félagið einnig á markaði í Bretlandi á næsta ári. Mosaic er skráð í Kauphöll Íslands.

Fulltrúar Mosaic segja full mikið hafa verið lesið í orð forstjóra félagsins, Dereks Lovelock, þar sem hann útilokaði ekki tvöfalda skráningu félagsins. Eftir kaup á Rubicon hefur félagið náð stærð sem gæti hentað slíkri skráningu, en engin ákvörðun liggur fyrir. Talið er einnig að kaup OMX á Kauphöllinni kunni að draga úr líkum á skráningu félagsins í London. **-hh**

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Kjörin batna** | Nokkuð skörp lækkunarhrina hefur verið á tryggingarálagi skuldabréfa bankanna á erlendum mörkuðum. Lækkaði álagið um tíu punkta yfir línuna á einni viku.

**Meiri krónubréf** | Talsverður kippur hefur komist í útgáfu krónubréfa á síðustu mánuðum og hafa alls verið gefin út krónubréf fyrir 45 milljarða króna frá miðjum júlí.

**Minni vanskil** | Hlutfall vanskila sem hafa staðið lengur en einn mánuð af útlánum á öðrum ársfjórðungi 2006 var 0,6 prósent en var 1,1 prósent á öðrum ársfjórðungi í fyrra.

**Hækkar vexti** | Seðlabanki Íslands hækkaði stýrivexti um fimmtíu punkta og standa þeir nú í fjórtán prósentum. Hækkunin var sú sautjánda í röð.



**Góð byrjun** | Viðskipti með hlutabréf í Exista hófust í Kauphöll Íslands á föstudag og námu viðskipti með bréf í Existu á fyrsta degi samtals 668 milljónum króna.

**Hægist á** | Á öðrum ársfjórðungi 2006 var 2,75 prósenta hagvöxtur hér á landi. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um sjö prósent en hafa ekki vaxið hægar síðan á fjórða fjórðungi 2003.

**Hækka ekki** | Actavis hefur ákveðið að hækka ekki tilboð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið Pliva og jafnar því ekki hækkun tilboðs Pliva upp í 820 kúnur á hlut.

**Samþykkja samruna** | Stefnt er að sameiningu Eglu og Fjárfestingafélagsins Vendingar, að stærstum hluta í eigu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa.

# Sameinast OMX

### Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing um kaup OMX kauphallanna á Kauphöll Íslands. Sameining verður um áramót.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

OMX, sem rekur kauphallir á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum, og Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing hf., sem á Kauphöll Íslands og Verðbréfaskráningu Íslands, hafa undirritað viljayfirlýsingu um kaup OMX á eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi hf.

Formleg undirritun samkomulags um kaupin á að verða í lok október og stefnt að því að sameiningin taki gildi um áramót og íslensk fyrirtæki verði þá hluti af Norræna listanum. Hluthöfum í eignarhaldsfélaginu Verðbréfaþingi hf. býðst að fá nýútgefna 2,07 milljón hluti í OMX í skiptum fyrir hlut sinn, að verðmæti 2.450 milljónir króna. Að auki fá hluthafar greitt handbært fé og verðbréf í eigu Verðbréfaþings að verðmæti 570 milljónir króna.

Kauphöllin og Verðbréfaskráning Íslands lúta eftir sem áður íslenskum lögum og eftirliti íslenskra yfirvalda. Þá eru kaupin meðal annars háð áreiðanleikakönnun, undirritun samnings um sameiningu, samþykki eftirlitsstofnana og samþykki aukaaðalfundar OMX.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar segir það sem snýr að skráðum fyrirtækjum, ramma um upplýsingagjöf, markaðinn og grundvallaratriði ekki breytast svo mjög þar sem þegar hafi verið samræmd viðskiptakerfi og reglur kauphallaraðila. Hann hins vegar fagnar tækifærinu til að taka þátt í frekari samþættingu verðbréfamarkaða á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og segir þetta bæði skráðum fyrirtækjum og fjárfestum til góðs, skráð fyrirtæki verði sýnilegri og fleiri erlendir aðilar taki þátt á íslenskum markaði og auki þannig seljanleikann. „Þarna liggja tækifæri og jafnframt ljóst að auðveldara ætti að vera að fá erlenda greiningaraðila til að fjalla um íslensk fyrirtæki, sem verið hefur erfitt hingað til.“ Þá segir Þórður sóknarfæri felast í því að auðveldara verði að fá erlenda banka og viðskiptastofnanir til að eiga viðskipti hér, auk þess sem kaup íslenskra fjárfesta erlendis verði auðveldari.

Þórður segir helsta áhyggjuefnið hafa verið hvernig minni fyrirtækjum myndi reiða af og segir þau þurfa að huga vel að sínum málum. „Ég held hins vegar að þau þurfi ekki að týnast í fjöldanum þótt auðvitað sé það dálítið undir þeim sjálfum komið,“ segir hann en fyrirtæki eru flokkuð eftir stærð í þrjá flokka. „Þau fara á lista sem mjög margir horfa á, en hann er auðvitað langur. Þess vegna þurfa þau að hafa fyrir því að vekja á sér athygli. Þetta er því ákveðin áskorun fyrir þau, en alls ekki hægt að gefa sér að lífið verði þeim erfiðara, heldur tel ég þvert á móti að þarna séu aukin tækifæri fyrir þau líka.

Jukku Ruuska, forstjóri kauphallararms OMX, segir félagið ánægt með að dýpka samstarfið enn frekar og bjóði það íslenska markaðinn velkominn inn í OMX. „Við erum að skapa samþættan norrænan markað til að auka viðskipti milli Norðurlandanna og gera hann meira aðlaðandi í augum erlendra fjárfesta,“ segir hann.

Sjá einnig síðu 4

# Sterling stefnir að hagnaði

### Forstjóri Sterling segir að stefnt sé að hagnaði á árinu 2006. Félagið eigi ekki í viðræðum við önnur lággjaldaflugfélag þessa stundina.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling, segist lítið geta tjáð sig um það hvort FL Group, eigendur félagsins, skoði sameiningu við önnur lággjaldaflugfélög eða þann möguleika að skrá félagið í kauphöll. FL Group er auðvitað fjárfestingafélag og hljóti að skoða alla kosti.

Báðir kostir hljóti að koma til greina, enda er eigandi Sterling, FL Group, fjárfestingafélag þegar allt kemur til alls. „Við erum ekkert að vinna í því að sameinast öðrum félögum í dag, en maður getur aldrei kastað slíkum tækifærum frá sér. Ég hef oft vaknað á morgnana og spurt sjálfan mig hvers vegna í ósköpunum við sameinuðumst Maersk. Þegar upp er staðið þá sé ég að það var auðvitað rétt ákvörðun.“

Gríðarlegur tími hefur farið í það að samþætta rekstur Sterlings og Maersk Air en nú er ár liðið frá því félögin voru sameinuð. Félagið skilaði hagnaði á öðrum ársfjórðungi eftir samfelldan hallarekstur í gegnum tíðina, en tap á fyrri hluta ársins nam 1,8 milljarði króna. „Árið 2006 stefnir í hagnað sem í reynd er ótrúlegur árangur á einu ári. Þetta var margfalt betra en þessi félög hafa gert nokkru sinni áður. Ég held að menn hafi verið búnir að gleyma því hjá Maersk að það hafi verið til plús í tölvunum.“

Þrátt fyrir þetta er það mat Almars að fátt hafi unnið með félaginu. „Við höfum verið að reka fyrirtæki og sameina á sama tíma, við höfum því miður lent í deilum við stóran hluta starfsfólksins og olíuverð er 70-80 prósent hærra en á síðasta ári.“ Á sama tíma hafi frábært sumar í Danmörku, ófriður fyrir botni Miðjarðarhafs, skopmyndamálið og fuglaflensan tvímælalaust haft áhrif.

**- eþa** / sjá bls. 10


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,3%*

GBP 6,2%*

USD 5,9%*

EUR 3,6%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst - 1. september 2006.

GOTT FÓLK McCANN

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 30% |
| Alfesca | 5% | 23% |
| Atlantic Petroleum | 1% | 34% |
| Atorka Group | 1% | 0% |
| Avion Group | 0% | -28% |
| Bakkavör | 7% | 14% |
| Dagsbrún | -6% | -23% |
| FL Group | 1% | 8% |
| Glitnir | 2% | 16% |
| KB banki | 4% | 16% |
| Landsbankinn | 2% | 4% |
| Marel | 5% | 25% |
| Mosaic Fashions | -2% | -6% |
| Straumur | 1% | 7% |
| Össur | 3% | 8% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Jákvæðari tónn hjá Danske Bank

## Fjallar um snarpa kólnun eftirspurnar.

Danske Bank fjallar í nýrri greiningu um íslenska hagkerfið og fagnar þar kólnun í innlendri eftirspurn og segir það góðar fréttir.

„Nú er hægt að tala um að verulega hafi hægt á innlendri eftispurn á Íslandi,“ segir Lars Christensen, sérfræðingur bankans, og vísar til eigin árstíðarleiðréttra útreikninga um að eftirspurn hér hafi dregist saman um sem nemi 15,9 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs. „Þrátt fyrir snarpan samdrátt í eftirspurn jókst vöxtur þjóðarframleiðslu milli ársfjórðunga vegna öflugrar aukningar nettóútflutnings. Reyndar svo mjög að útflutningurinn ýtti undir hagvöxt í fyrsta sinn í næstum tvö ár,“ bætir hann við, en telur engu að síður að hér á landi sé fyrir dyrum langvinn og harkaleg leiðrétting í hagkerfinu eftir löngu tímabært aðhald. - óká

# Velta umfram væntingar

Velta í hagkerfinu jókst um 22,4 prósent að nafnvirði í maí- og júní miðað við sama tíma í fyrra. Greiningardeild Glitnis segir neyslu- og fjárfestingatengdar atvinnugreinar hafa drifið hagkerfið áfram á tímabilinu og komi það ekki á óvart.

Vöxtur var mikill í fjárfestingatengdum atvinnugreinum á þessum tveimur mánuðum en hann tengist að stórum hluta uppbyggingu í stóriðju. Velta jókst um 54% í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð en um 37%í framleiðslu málma en það skýrist af stækkun á verksmiðjunni á Grundartanga og háu álverði.

Þá jókst áfram velta í greinum sem tengjast einkaneyslu. Velta í bílasölu jókst um 12% en í smásölu um 11% auk þess sem vöxtur var mikill í hótel- og veitingahúsarekstri eða 19%. Styður það upplýsingar um aukin umsvif í ferðaþjónustu í sumar.

Veltuaukningin á tímabilinu nam í heildina 22,4% og er það nokkuð meira en búast mátti við í ljósi talna um hagvöxt á öðrum fjórðungi ársins. Greiningardeildin setur þann fyrirvara að stór hluti veltuaukningarinnar er í innflutningi og kemur það til frádráttar í útreikningi á landsframleiðslu. - jab

# Sparisjóðir hagnast verulega á Existu

## Óinnleystur gengishagnaður 19 milljarðar króna.

Nokkrir sparisjóðir hafa tekið tæpa nítján milljarða króna í óinnleystan gengishagnað vegna skráningar Existu í Kauphöll Íslands en sex sparisjóðir og Sparisjóðabankinn eiga um sautján prósent hlutafjár í félaginu. Til samanburðar högnuðust sömu sparisjóðir um níu milljarða allt árið í fyrra.

Þessi óinnleysti gengishagnaður fæst út með því að reikna út þann mun sem var á markaðsvirði Existu í gær og eigin fé félagsins í lok júní sem var um 143 milljarðar. Exista var metið á 254 milljarða króna í gær en bréf félagsins hafa hækkað um níu prósent frá útboðsgengi.

Gengishagnaður SPRON er áætlaður um sjö milljarðar króna, 5,1 milljarður hjá Sparisjóðabankanum og yfir 3,4 milljarðar hjá Sparisjóðnum í Keflavík.

Einhverjir sparisjóðir hafa fært hlutabréfin í Existu til bókar sem fjárfestingarhlutabréf þannig að gengishagnaður hvers sparisjóðs kann að vera meiri í sumum tilvikum. - eþa

# LSR í 170. sæti í Evrópu

## Sautján íslenskir lífeyrissjóðir í hópi þúsund stærstu. ABP í Hollandi er stærsti sjóður Evrópu, 56 sinnum stærri en LSR.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), stærsti lífeyrissjóður landsins, var í 170. sæti yfir stærstu lífeyrissjóði Evrópu um síðustu áramót samkvæmt úttekt Investment & Pensions Europe (IPE), fagtímarits um lífeyrissjóði. Nær samantektin til eitt þúsund stærstu lífeyrissjóða álfunnar.

Heildareignir LSR námu 227 milljörðum króna í árslok 2005 og var ávöxtun síðasta árs sú besta í sögu sjóðsins. Ætla má að LSR hafi hækkað um einhver sæti á lista IPE þar sem eignir sjóðsins jukust um þrjátíu milljarða á fyrri hluta ársins.

„Síðustu þrjú ár hafa verið mjög góð og útlitið fyrir þetta ár er einnig gott,“ segir Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri LSR, og bendir á að sjóðurinn hafi vaxið hraðar en aðrir íslenskir lífeyrissjóðir á síðustu árum. „Eignasamsetningin er dreifð þar sem rétt rúmur helmingur eigna er í innlendum skuldabréfum og restin í innlendum og erlendum hlutabréfum.“ Haukur segir að hækkun á fyrri hluta ársins stafi meðal annars af gengisþróun krónunnar.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) og Gildi lífeyrissjóður eru einnig ofarlega á lista IPE; LV í 269. sæti og Gildi einu sæti neðar. Eignir LV voru 191 milljarður króna sem er tíu milljörðum hærri fjárhæð en heildareignir Gildis.

Almenni lífeyrissjóðurinn sat í 445. sæti en alls komust sautján íslenskir lífeyrissjóðir inn á lista IPE. Margt bendir til þess að íslensku sjóðirnir hækki enn frekar á næstu árum, enda er mikil sjóðasöfnun í lífeyrissjóðakerfinu og stefnir í ágæta raunávöxtun á árinu ef marka má milliuppgjör lífeyrissjóðanna.

Stærsti lífeyrissjóður Evrópu er ABP í Hollandi með heildareignir upp á 186,9 milljarða evra í árslok. ABP er því 56 sinnum stærri en LSR. Norski ríkislífeyrissjóðurinn, sem að hluta til er gamli Olíusjóðurinn, kemur næstur og sænsku ríkislífeyrissjóðirnir AP Fonden sitja í þriðja sæti listans.

# Gjörbreytt viðhorf til íslensku bankanna

## Fulltrúar íslensku viðskiptabankanna auk Seðlabankans sækja ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans.

„Við erum hérna fulltrúar bankanna, Landsbankans, Glitnis og Kaupþings, auk Seðlabankans,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, sem staddur er í Singapúr á sameiginlegum ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. „Hér hittum við tugi ef ekki hundruð bankamanna og kynnum starfsemi okkar.“

Sigurjón segir ekki virðast sem erfið umræða um íslensku bankana frá því fyrr á árinu hafi smitast inn á ársfundinn nú. „Menn eru mjög jákvæðir út í Landsbankann og meðvitaðir um að bankinn sé kominn yfir þetta ástand sem var og nú verði þróunin sú að tryggingarálag á skuldabréf sem bankarnir gefa út jafnt og þétt færast í það horf sem það var, það taki bara ákveðinn tíma. Andrúmsloftið er gjörbreytt frá því sem var fyrir ekki lengri tíma en hálfu ári,“ segir hann. - óká



SIGURJÓN Þ. ÁRNASON

# iCEX hefur hækkað um 17 prósent

## Hækkun síðustu sjö vikna nálgast þá sem varð á fyrstu vikum ársins. Dagsbrún er eina félagið sem hefur lækkað.

Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hefur hækkað um sautján prósent síðustu sjö vikur. Vísitalan stóð í 5.259 stigum 27. júlí síðastliðinn en var í rúmum 6.300 rétt fyrir hádegi í gær.

Hækkunin er því farin að nálgast þá sem varð fyrstu sjö vikur ársins þegar úrvalsvísitalan hækkaði um rétt rúm tuttugu prósent og náði að lokum sögulegu hámarki; 6.925 stigum hinn 15. febrúar. Þá höfðu raunar farið á undan talsverðar hækkanir í desembermánuði.

FL Group hefur hækkað félaga mest síðan 27. júlí eða um heil tuttugu og sex prósent. Landsbankinn hefur hækkað um tuttugu og þrjú prósent og Bakkavör um rúm tuttugu. Þá hafa Glitnir og KB banki hækkað um átján prósent hvor banki. Dagsbrún hefur lækkað um tæp sextán prósent og er eina félagið í Kauphöllinni sem ekki hefur hækkað undanfarnar sjö vikur. Úrvalsvísitalan hefur nú hækkað um tæp þrettán prósent frá áramótum. - jsk

### HÆKKANIR SÍÐUSTU SJÖ VIKNA

| Félag | 27. júlí | 20. ágúst | Hækkun |
|---|---|---|---|
| 1. FL Group | 15,5 | 21,0 | 26% |
| 2. Landsbankinn | 20,3 | 26,5 | 23% |
| 3. Bakkavör | 46,5 | 48,2 | 20% |
| 4.-5. Glitnir | 16,5 | 20,2 | 18% |
| 4.-5. KB Banki | 710 | 865 | 18% |
| **Úrvalsvísitalan** | **5.259** | **6.300** | **17%** |

*Tölfræðiupplýsingar: www.m5.is*


HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI



www.rs.is

*Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!*

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndaríi, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN · Bluetooth · VÉLASALAN · radiomiðun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is




**Þú þekkist þegar þú hringir**

## Með tvíburakortinu getur þú haft tvo síma með sama númeri

**Dæmi um hvernig hægt er að nýta Tvíburakort:**

- Vertu með tvo GSM síma, fyrir leik og starf.
- GSM sími og Blackberry (eða sambærileg lausn).
- GSM sími og innbyggður bílasími.

Tvíburakort er áskriftarleið sem gerir símnotendum kleift að vera með tvö símtæki og einungis eitt símanúmer. Þessi áskriftarleið er sérhönnuð fyrir þá símnotendur sem eru með tvö símtæki, t.d. tvo GSM síma, GSM síma og Blackberry eða jafnvel GSM síma og bílasíma.

Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 – **siminn.is**

**Síminn**

# Stela kúnnum frá Sterling



**STERLING MÆTIR MEIRI SAMKEPPNI** Nýja leiguflugfélagið Jet-Time tekur markaðshlutdeild frá Sterling.

**Jet-Time, nýju dönsku leiguflugfélagi, hefur tekist að ná viðskiptum frá dansk-íslenska lággjaldaflugfélaginu Sterling og náð um tíu prósenta markaðshlutdeild samkvæmt frétt fríblaðsins 24 timer.**

**Nú þegar er fullt í allar ferðir um háannatímann í ár og á næsta ári en félagið hefur ekki starfsemi fyrr en í þessari viku.**

**„Við höfum nú þegar selt fleiri ferðir en við ráðgerðum í áætlunum," segir Klaus Ren, framkvæmdastjóri hjá Jet-Time.** - eþa

# Penninn kaupir hlut í Te og kaffi

Penninn hefur keypt 30 prósenta hlut í sérversluninni Te og kaffi af stofnendum og eigendum fyrirtækisins og mun framvegis annast dreifingu og þjónustu á vörum fyrirtækisins. Núverandi eigendur halda eftir 70 prósenta hlut. Fyrirhugað er að opna nýtt kaffihús í verslun Pennans í Austurstræti.

Hjónin Sigmundur Dýrfjörð og Berglind Guðbrandsdóttir stofnuðu Te og kaffi árið 1984 en það hefur sérhæft sig í sölu og framleiðslu á fersku sælkerakaffi ásamt fersku tei í lausavigt. Fyrirtækið hefur meðal annars rekið sérverslanir í Reykjavík, á



**VERSLUN TES OG KAFFIS VIÐ LAUGAVEG** Penninn hefur keypt tæpan þriðjungshlut í Te og kaffi. Veitingahús Tes og kaffis við Laugaveg hefur verið selt öðrum aðilum.

Akureyri og Egilsstöðum ásamt því að reka kaffibrennslu.

Í framhaldi af sölunni hefur Te og kaffi dregið sig út úr dreifingu til fyrirtækja og hefur sömuleiðis selt öðrum aðilum veitingahús fyrirtækisins. Fyrirtækið mun framvegis einbeita sér að framleiðslu og heildsöludreifingu á tei og kaffi, ásamt sölu og þjónustu á tilheyrandi tækjum til verslana og veitingahúsa.

Að sögn Einars Snorra Magnússonar, framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Pennans, er kaupverð vera trúnaðarmál. Fyrirhugað er að opna kaffisölu í verslunum Pennans í kjölfarið en meðal annars verður nýtt kaffihús opnað í Austurstræti innan skamms, að sögn Einars. - jab

# Hræringar í Thorntons



**HRÆRINGAR Í SÚKKULAÐIKEÐJU** Baugur fylgist með gangi mála í Thorntons.

Peter Burdon, forstjóri bresku súkkulaðikeðjunnar Thorntons, hefur sagt starfi sínu lausu eftir að fyrirtækið birti afkomutölur sem sýndu að hagnaður á hlut lækkaði um 36 prósent milli ára; úr 8,1 milljón punda í 5,2 milljónir punda.

Þá hefur John Thorntons, sem var stjórnarformaður félagsins, selt tveggja prósenta hlut, en Thorntons-fjölskyldan á um fimmtungshlut í félaginu. Á sama tíma keypti stjórnarformaðurinn John Von Spreckelsen bréf í félaginu en aðeins þrír mánuðir eru liðnir síðan hann tók við stjórnartaumunum.

Stjórnendur Baugs hafa um nokkra hríð fylgst grannt með gangi máli í herbúðum Thorntons sem þeir telja að gætu fallið að rekstri sælkerakeðjanna Julian Graves og Whittard of Chelsea.

Þrátt fyrir minni hagnaði, hafa hlutabréf í Thorntons hækkað í virði að undanförnu eftir mikla lækkun framan af ári. Frá því í byrjun júní nemur hækkunin 35 prósentum. - eþa

# Lítið framboð á fiski



**ÝSA** 566 tonn af ýsu seldust á fiskmörkuðum í síðustu viku. Þetta er 197 tonnum minna en í vikunni á undan.

Framboð á fiski var í minni kantinum á fiskmörkuðum í síðustu viku þegar tæplega 1.400 tonn af fiski voru boðin upp.

Fiskifréttir hafa samkvæmt upplýsingum frá Íslandsmarkaði að þetta sé í minna lagi enda séu um eða yfir 2.000 tonn af fiski í boði á mörkuðum í viku hverri. Er talið að leiðinlegt tíðarfar hafi orðið til þess að hamla veiðum. Til samaburðar voru 1.943 tonn boðin upp í vikunni á undan.

Meðalverð á fiski var hins vegar ágætt eða 155,87 krónur á kíló sem er 12,19 krónum meira en fékkst fyrir hvert kíló af fiski vikuna áður.

Mest seldist af ýsu, en um 566 tonn voru í boði sem er 197 tonnum minna en vikuna á undan, og fengust 159,26 kr/kg fyrir slægða ýsu. Viku áður fengust 136,23 krónur fyrir sama magn. Næstmest seldist af þorski eða 376 tonn, sem er um tvöfalt minna magn en seldist vikuna áður en þá var framboðið mjög gott, að mati Fiskifrétta. Fyrir slægðan þorsk fékkst 221,74 kr/kg en viku áður stóð kílóverðið í 234,21 krónu.

Meðal annarra tegunda sem seldust í meira en 20 tonnum voru steinbítur, hlýri, skarkoli, gullkarfi, keila, skötuselur og ufsi. - jab

# Erum á góðum stað í samrunaferli kauphalla

## Sameining Kauphallarinnar og OMX er sögð heillaskref fyrir íslenskan fjármálamarkað. Þá er talið gott að stíga skrefið nú áður en OMX rennur inn í enn stærra samstarf.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Forsvarsmenn stærstu fyrirtækja í Kauphöll Íslands fagna mjög fyrirhuguðum samruna við OMX kauphallarinnar en stærri fyrirtæki Kauphallarinnar hafa lengi haft áhuga á auknu alþjóðasamstarfi.

Friðrik Jóhannsson, stjórnarformaður Kauphallar Íslands og forstjóri Straums Burðaráss fjárfestingabanka, segir ljóst að með sameiningunni aukist sýnileiki fyrirtækja og möguleikar á að fá til liðs við sig erlenda fjárfesta. Sömuleiðis segir hann hugsanlegt að ákveðin tækifæri felist í því fyrir stærstu fyrirtækin að komast inn í vísitölur OMX, því þar fjárfesti gjarnan stórir sjóðir sem ella hefðu ekki keypt í þessum fyrirtækjum. „Ég lít á þetta sem mikið framfaramál fyrir skráð félög," segir hann, en uppi hafa verið vangaveltur um að stærstu félögin myndu jafnvel færa skráningu sína annað verði ekki af auknu samstarfi. „Þetta styrkir félögin og viðskipti með hlutabréfin."

Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings banka á Íslandi, stærsta fyrirtækis Kauphallar Íslands, segir samrunann við OMX afar jákvæða frétt fyrir innlendan fjármálamarkað í heild sem haft geti víðtæk áhrif til hins betra. „Ef við hugsum um skráð félög og ekki síður fjárfestana, þá eru menn allt í einu orðnir hluti af mjög stórum norrænum fjármálamarkaði í kauphöll sem orðin er nafn í þessum kauphallarheimi með stór nöfn innanborðs. Allt í einu, með þessari einu aðgerð, er því kominn bæði aukinn sýnileiki og seljanleiki, nokkuð sem menn hafa árum saman verið að reyna að koma á."

Ingólfur segir að til viðbótar hafi fyrirtækin, eftir því hvar þau lendi í atvinnugreina- og stærðarflokkun, möguleika á að komast inn í vísitölur sem OMX stendur að án þess að missa sérkenni heimamarkaðarins. Þá gerist einnig og leið og fyrirtæki lenda inni í þessum vísitölum að erlendir greiningaraðilar taka að fjalla um þau, nokkuð sem sáralítið hefur verið um til þessa. Sömuleiðis ýtir



samræming sem í samstarfi felst undir fjárfestingar milli landa, enda er rutt úr vegi tæknihindrunum sem annars geta byggst upp milli landa í ólíkum viðskiptakerfum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir bankann hafa litið svo á að sameiningin við OMX geti falið í sér tækifæri með auknum sýnileika á stórum markaði og það eigi í raun við um öll fyrirtækin sem skráð séu í Kauphöllina hér. „Svo virðist líka tilhneigingin í þá átt að við förum ekki bara þarna inn heldur gæti OMX jafnvel orðið hluti af stærri heild. Þá er betra að vera kominn inn í þetta fremur en ætla að koma eftir á," segir hann og telur jafnvel að stærri kauphöll, með OMX innanborðs, hefði haft takmarkaðan áhuga á að taka inn Kauphöll Íslands. „Við lítum því á að þetta sé mjög jákvætt."

Orðrómur var uppi um miðjan mánuðinn að NASDAQ-markaðurinn í Bandaríkjunum hygðist taka yfir OMX. Á þeim tíma sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, að sameining við báða markaðina væri góður kostur. NASDAQ á þegar fjórðungshlut í LSE, kauphöll Lundúna í Bretlandi.


Besta ávöxtunin

Býður nokkur betur?

Stuttur skuldabréfasjóður og Langur skuldabréfasjóður SPRON Verðbréfa báru hæstu vextina á síðustu 6 og 12 mánuðum, miðað við síðasta skráningardag 31. 7. 2006, í samanburði við alla sambærilega verðbréfasjóði á Íslandi.

12,1% Stuttur skuldabréfasjóður

9,4% Langur skuldabréfasjóður

spron VERÐBRÉF

Rekstrarfélag SPRON sér um rekstur þeirra fimm sjóða sem eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003. Nánari upplýsingar má nálgast í útboðslýsingu hjá SPRON Verðbréfum.

Ofanskráðar upplýsingar eru fengnar á www.sjodir.is, sem er óháð upplýsingasíða um verðbréfasjóði.

Himinn og haf – SÍA

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34272 09/2006

## Hiace - Aukahlutatilboð á Toyota Hiace

Hiace hefur skapað sér sérstaklega gott orðspor meðal íslenskra atvinnubílstjóra, enda er bíllinn skynsamlega hannaður með notagildi og aðbúnað ökumanns að leiðarljósi. Fjölbreytilegar aðstæður kalla á fjölhæfan bíl, lipran, háan, breiðan, stöðugan, öruggan og umfram allt meðfærilegan. Þetta færðu allt með Hiace.

Verð frá **2.699.000** kr.

Veglegur og hagnýtur aukahlutapakki fylgir nú Hiace:

- Álfelgur
- Heilsársdekk
- Toppgrindarbogar
- Dráttarbeisli

TODAY TOMORROW TOYOTA

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 421-4888 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

# Windows Vista skapar ný störf

Windows Vista, nýjasta stýrikerfi bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, kemur á markað í Danmörku í lok janúar á næsta ári. Danska dagblaðið Börsen segir útgáfuna kalla á aukin störf og verði til 27.000 ný störf vegna þessa.

Blaðið hefur eftir könnun, sem markaðsrannsóknafyrirtækið IDC gerði fyrir Microsoft, að 150.000 manns vinni í upplýsingatæknigeiranum í Danmörku nú um stundir og séu líkur á að þegar fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar í Danmörku uppfæri stýrikerfi sín frá Microsoft þá muni þrýstingur aukast svo mikið á fyrirtæki í upplýsingatækni að þau verði að fjölga starfsfólki um um átján prósent. **- jab**



**BILL GATES, STOFNANDI MICROSOFT** Líkur eru á að starfsfólki í upplýsingatækni fjölgi um átján prósent í Danmörku þegar Windows Vista, nýtt stýrikerfi Microsoft, kemur út í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Háar álögur á bjúgaldin í Evrópu

Verð á banönum hefur hækkað um tíu prósent milli ára í Bandaríkjunum sökum slakrar afkomu framleiðandans Chiquita í Evrópu. Bananaverð í Evrópu hefur aftur á móti lækkað um 17 prósent innan aðildarríkja Evrópusambandsins, í Sviss, Noregi og hér á landi, að sögn fyrirtækisins.

Helsta ástæða lækkunarinnar er gott veður og styrking gjaldmiðla í Evrópu gagnvart bandaríkjadal. Þá segir Chiquita að samkeppni á bananamarkaði hafi harðnað talsvert í Evrópu vegna aðgerða framkvæmdastjórnar ESB til að auka samkeppni á evrópskum bananamarkaði auk þess sem tollar á innflutta banana frá Suður-Ameríku til aðildarríkja sambandsins voru hækkaðir talsvert.

Aðgerðirnar koma sérstaklega illa niður á Chiquita en fyrirtækið flytur flesta banana sína til annarra landa frá S-Ameríku. Álögur ESB fólu meðal annars í sér að verð á banönum fór úr 76 evrum eða um 6.700 krónum á tonnið í rúmar 15.700 krónur. Við þetta hækkaði kílóverðið og sala á banönum frá Chiquita hefur dregist saman í Evrópu það sem af er árs.

Hagnaður fyrirtækisins af öllum vörum á Evrópumarkaði fór sömu leið. Hann nam 45 milljónum dala, jafnvirði tæpra 3,2 milljarða króna, á öðrum ársfjórðungi og er það 39 prósenta samdráttur á milli ára. **- jab**



**AF BANANAMARKAÐI** Hagnaður Chiquita hefur dregist mikið saman í Evrópu vegna hærri tolla á banana frá S-Ameríku. MYND/AP

# Segir forstjórann sekan

## Fyrrverandi fjármálastjóri Livedoor vitnar gegn Takefumi Horie, fyrverandi forstjóra fyrirtækisins.

Ryoji Miyauchi, fyrrverandi fjármálastjóri japanska netfyrirtækisins Livedoor, fór í vitnastúkuna í bókhaldssvikamáli gegn fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins í héraðsdómi í Tókýó í Japan á föstudag í síðustu viku. Miyauchi sagði Takefumi Horie, stofnanda og fyrrverandi forstjóra fyrirtækisins, hafa vísvitandi falsað afkomutölur fyrirtækisins á síðasta ári og látið sem fyrirtækið hefði skilað hagnaði þegar afkoman var í raun á hinn veginn.

Þegar upp komst að fjármálayfirvöld í Japan væru að rannsaka bókhaldssvik fyrirtækisins í janúar síðastliðnum reyndu fjölmargir fjárfestar að losa sig við bréf í fyrirtækinu með þeim afleiðingum að tölvukerfi kauphallarinnar í Tókýó hrundi og varð að loka fyrir viðskipti í henni tuttugu mínútum fyrir venjulegan lokunartíma. Fyrirtækið, sem enn er starfandi, var afskráð úr kauphöllinni vegna svikanna í apríl síðastliðnum.

Yfirlýsing fjármálastjórans fyrrverandi þykir áfangasigur fyrir saksóknaraembættið í Japan og auka líkurnar á að Horie, sem lýst hefur yfir sakleysi sínu, verði sakfelldur fyrir brot sín. Verði hann fundinn sekur getur hann átt yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi. **- jab**



**FALLNI FORSTJÓRINN** Takefumi Horie, fyrrverandi forstjóri netfyrirtækisins Livedoor, ásamt bílstjóra er hann kom til réttarhaldanna í Tókýó í Japan á föstudag. MARKAÐURINN/AP

# Banna rafhlöður í flugi

Breska lággjaldaflugfélagið Virgin Atlantic hefur skikkað farþega í millilandaflugi til að taka rafhlöður úr fartölvum sínum ef þær eru frá Dell og Apple. Ástæðan er eldhætta af völdum rafhlaðanna, en Dell innkallaði í ágúst fjórar milljónir af rafhlöðum í tölvum sem Sony framleiddi fyrir fyrirtækið og Apple innkallaði tæplega tvær milljónir rafhlaða frá fyrirtækinu fyrir skömmu.

Samkvæmt reglum flugfélagsins mega farþegarnir einungis taka tvær rafhlöður með sér í millilandaflug en þeir verða að pakka þeim inn og setja í handfarangurinn. Búist er við að þetta komi mörgum farþegum illa sem þurfa að nota fartölvur sínar þegar þeir fljúga á milli landa því rafmagnsinnstungur er ekki að finna við öll sæti í vélum flugfélagsins. Ef innstungur er að finna við sætin er notkun fartölva leyfileg um borð í vélum Virgin en að öðru leyti er notkun þeirra bönnuð.

Tvö önnur flugfélög, í Katar og Suður-Kóreu, hafa gripið til sömu aðferða til að draga úr áhættu í millilandaflugi. **- jab**



**ÞOTA FRÁ VIRGIN** Richard Branson, stofnandi Virgin-samstæðunnar, með líkan af einni vél Virgin Atlantic. MYND/AFP

# Alþjóðabankinn horfir til barnanna

## Í nýrri skýrslu á vegum Alþjóðabankans segir að auka verði menntun barna víða um heim.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórnvöld víða um heim, þó helst í Afríku, Miðausturlöndum og í S-Ameríku, verða að auka fjárframlag til fyrstu skólastiga. Gerist það ekki eru horfurnar dökkar. Þetta kemur í fram í nýrri skýrslu Alþjóðabankans, sem kom út í síðustu viku.

Í skýrslunni segir enn fremur að fólk á aldrinum 12 til 24 ára sé 1,3 milljarðar talsins en af þeim er talið að 130 milljónir séu hvorki læs né skrifandi.

Francois Bourguignon, aðalhagfræðingur Alþjóðabankans, sagði á sameiginlegum ársfundi bankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) í Singapúr á dögunum, að ríkisstjórnir flestra landa verði að sjá tækifærin sem felist yngstu kynslóðinni og bætti við að auðvelt væri að kenna börnum fremur en þeim sem eldri væru. „Ef okkur mistekst [að mennnta börnin] þá missum við tækifærið úr höndunum og fáum það ekki aftur,“ sagði hann.

Menntun barna er eins og gefur að skilja mismunandi eftir löndum. Í skýrslunni kemur fram að barnavinna er algeng á Indlandi og að fá þeirra barna ljúka grunnskóla. Í Indónesíu ljúka 80 prósent barna grunnskólanámi en mun færri fara í framhaldsskóla. Þá er menntun stúlkna í mörgum tilfellum ábótavant og er nauðsynlegt að bæta úr því, að mati Alþjóðabankans.



**VIÐ SENDIRÁÐ SINGAPÚR** Íbúar í Indónesíu efndu til mótmæla gegn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir framan sendiráð Singapúr í Jakarta í Indónesíu í síðustu viku. MARKAÐURINN/AP

# Bílaverð í hæstu hæðum á eBay

Rauður Ferrari Enzo sportbíll er við það að slá verðmet í útibúi uppboðsvefsins eBay í Bretlandi. Hæsta boð í bílinn nú stendur í rúmum 300.000 pundum eða um 40 milljónum íslenskra króna.

Dýrasti hluturinn sem fram til þessa hefur selst á uppboðsvefnum er handtaska sem eitt sinn var í eigu Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Hún fór á 103.000 pund eða tæpar 13,6 milljónir króna fyrir sex árum. Þetta er engu að síður nokkuð lægra verð en fékkst fyrir bíl sömu tegundar hjá uppboðsvefnum í Sviss fyrir tveimur árum en sá fór á 540.000 pund eða rúmlega 71 milljón króna á núvirði.

Ástæðan fyrir svo háu verði fyrir bílinn er sú að einungis voru framleiddir 400 bílar af þessari gerð. Á meðal þeirra sem eiga bíla sem þessa eru leikarinn Nicolas Cage, tónlistarmennirnir Eric Clapton og Rod Stewart og formúlukappinn Michael Schumacher.

Bíllinn, sem er tveggja ára gamall, hefur nær einungis verið notaður í auglýsingaskyni og því fremur lítið ekinn eða um 800 kílómetra.

Tilboðsfrestur rennur út á morgun. Núverandi eigandi tekur það hins vegar skýrt fram að verði bíllinn ekki í Bretlandi verði sá sem kaupir hann að sjá sjálfur um flutning á bílnum og greiða flutningskostnaðinn. **- jab**



**FERRARI ENZO** Ein af ástæðum þess að bílar af gerðinni Ferrari Enzo eru dýrir er sú að einungis 400 slíkir bílar voru framleiddir. MARKAÐURINN/NJÁLL



Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

Klæðskerasniðnar lausnir

“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.“

Arnar Snær Kárason
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja

LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is




# 4 RÉTTA VEISLUR

*Njóttu kvöldsins með einstakri sælkeraveislu!*



## 4ra rétta villibráð

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**KRÓNHJARTARFILLE**
með kartöflukrókettum, rjómasoðnu
hvítkáli og kóngasveppasósu

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Perlur hafsins

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira
og grilluðum humarhölum

**REYKT HÖRPUSKEL**
með smjörsteiktum vorlauk
og blómkálsmauki

**FISKI-TVENNA**
ferskasta sjófang hverju sinni

**LJÓST SÚKKULAÐIFRAUÐ**
með mangóhlaupi og jarðarberjadrykk
með vanillufroðu

## Veldu þér veislu á 5.950 kr.

*4ra rétta veislur eru aðeins í boði fyrir allt borðið.*
*Ef gerðar eru breytingar á réttum þarf að greiða fullt verð á matseðli sem er kr. 8.750,-*

## Villbráðarhlaðborð

*19.október - 22.nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess í besta villibráðarhlaðborði landsins.

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.590 kr.**
*Tilboð mánudaga-miðvikudaga: 5.590* kr.

## Jólahlaðborð

*23.nóvember - 30.desember*

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hefst seinni part nóvembermánaðar en það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum.

**Aðeins 6.250 kr.**
*Tilboð mánudaga-þriðjudaga: 5.250* kr.

PERLAN

Perlan · Öskjuhlíð · Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 · perlan@perlan.is

Hringbrot

# Komnir úr mestu ókyrrðinni

Ár er liðið frá því að Sterling og Maersk Air runnu saman í fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu. **Almari Erni Hilmarssyni** og stjórnendum Sterling tókst á hálfu ári að ná settum markmiðum en það kostaði blóð, svita og tár. Þó að fátt hafi unnið með félaginu á fyrri hluta ársins stefnir í að Sterling verði rekið með hagnaði í ár. *Eggert Þór Aðalsteinsson* hitti Almar á Kastrup.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri norrænna lággjaldaflugfélagsins Sterling, er ekki dæmigerður forstjóri stórfyrirtækis. Þegar blaðamaður hitti hann á Kastrupflugvelli mætti hann til leiks í gallabuxum, bol og strigaskóm og með bakpoka. Þá var hann nýkominn af átján klukkustunda kjarafundi með flugfreyjum félagsins.

Undanfarið ár hefur Almar unnið myrkranna á milli með sínu fólki við að ganga frá samruna Sterling og Maersk Air, sem var langt í frá létt verk og tók gríðarlega á. Fyrstu mánuðirnir voru erfiðir en Almar bjó á hóteli fyrstu fimm mánuðina og þekkti lítið til Danmerkur. Hann segist varla hafa vitað hvað hann var að taka að sér þegar hann tók það verkefni að sér vorið 2005 að gerast forstjóri Sterling. „Ég hafði heyrt þetta nafn og vissi hvað Maersk Air var úr lögfræðinni þar sem okkur var kennt í samkeppnisrétti að gera ekki eins og Maersk og SAS,“ segir Almar hlæjandi. Hann segist hafa ákaflega gaman af þessu starfi, þetta sé eins og að vera atvinnumaður í fótbolta.



**ALMAR ÖRN HILMARSSON, FORSTJÓRI STERLINGS, FJÓRÐA STÆRSTA LÁGGJALDAFLUGFÉLAGS EVRÓPU** Fáir Íslendingar átta sig á stærðargráðu Sterling. Félagið er fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu, stærsta flugfélag Danmerkur og annar stærsti viðskiptavinur Kastrup-flugvallar á eftir erkifjendunum í SAS. Þá veltir Sterling meiru en systurfélagið Icelandair en bæði flugfélögin eru í eigu FL Group. Markaðurinn/Stefán

**SAMÞÆTTINGIN GEKK HRATT FYRIR SIG**

Pálmi Haraldsson í Fons fékk Almar, mág sinn, til sín skömmu eftir að hann keypti Sterling vorið 2005. Skömmu síðar gengu þeir á fund A.P. Møller og keyptu svarta sauðinn í fjölskyldunni – Maersk Air. Sterling og Maersk Air var steypt saman, sem var svo sem ekki ný hugmynd, enda höfðu margir fjárfestar velt því fyrir sér. Maersk var yfirtekið 13. september 2005 með öllu því sem fylgdi og fagnar því nú í raun og veru ársafmæli eftir samrunann.

Áætlun stjórnenda var sú að átján mánuðum yrði varið í að samþætta reksturinn en verkefninu lauk að mestu leyti á aðeins hálfu ári. Fyrirtækjamenning félaganna var auðvitað ólík og það mun taka lengri tíma að samþætta hana. „Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Við höfðum að vísu ekki her manns til þess að sameina félögin heldur keyrðum á starfsfólkinu sem vann að þessu samhliða öðrum störfum.“

**MAERSK UNDIR VÆNTINGUM**

Hvorki Sterling né Maersk Air voru í raun lággjaldaflugfélög. Þau voru miklu frekar rekin sem leiguflugfélög og stjórn Sterling horfði til dæmis einkum til suðlægari slóða en ekki styttri ferðalaga. Drjúgur tími hefur farið í að endurstaðsetja vörumerkið Sterling þannig að það höfði til breiðari hóps flugfarþega en jafnframt að gömlu viðskiptavinirnir haldi tryggð við það.

Almar dregur ekki dul á að kaupin á Maersk Air hafi verið erfið og við bættist að nýja félagið gat ekki notað Maersk-nafnið. Hjá Maersk var stuðst við sölukerfi sem hefðbundin flugfélög nota og því fylgdi mikill kostnaður.

Tækifærin lágu í því að sameina félögin, fækka flugleiðum og sameina sölu- og markaðskerfi. „Aðalvandamálið hjá þessum félögum, þegar maður ber þau saman, var hin mikla samkeppni sem var á milli þeirra. Þau voru að dæla of mörgum sætum inn á markaðinn. Nú er samkeppnin minni en aftur á móti erum við að keppa við ríkisflugfélagið SAS. Þar virðast engin takmörk vera fyrir því hversu miklum peningum má tapa.“
Mikill tími fór í það fyrstu mánuðina að laga leiðakerfi félaganna hvort að öðru en hvort um sig hafði selt ferðir langt fram í tímann. Almar segir að það hafi ekki gengið að fljúga tveimur hálftómum vélum sama dag á sama áfangastað. Þetta hafi auðvitað kostað tíma, orku og peninga auk óþæginda fyrir farþega. „Nú erum við í fyrsta skipti með vetraráætlun, sem hefst í byrjun nóvember, og vinnum eftir okkar flugáætlun. Flugáætlun skiptir gríðarlegu miklu máli þar sem fastur kostnaður hjá flugfélögum er um 85-90 prósent af öllum kostnaði.“

**VITA BETUR EN FORSTJÓRINN**

Við sameiningu félaganna fylgdu uppsagnir og mannabreytingar en störfum hefur fækkað um alls sex hundruð. Mannlegi þátturinn reyndist einna erfiðastur að sögn Almars. Þegar tilkynnt var um samrunann taldi hann sjálfsagt að allir yrðu þakklátir – eins og hafði gerst þegar hann kom til starfa hjá Iceland Express fyrir nokkrum árum við erfiðar aðstæður. Það var hins vegar minni skilningur á þessu í Danmörku. „Í stað þess að tvö þúsund störf væru í hættu myndum við að ná að tryggja 1.300-1.500 störf. Maður bjóst við að starfsmenn myndu sameinast og berjast fyrir tilvist fyrirtækisins. En raunin varð kannski önnur.“

Þá bendir Almar á að starfsmenn vildu einnig vera með puttana í öllu. „Á kaffistofunni tala menn þannig að vitlausasti maður í fyrirtækinu er framkvæmdastjórinn. Það vita allir allt betur en hann. En þegar maður spyr svo hvað eigi að gera verður oft fátt um svör.“

**STERLING SÝNIR HAGNAÐ Í ÁR**

Aðalmarkmiðið hefur verið að ná utan um reksturinn og koma honum úr tapi í hagnað. Þó að Sterling hafi tapað 1,8 milljörðum á fyrri hluta ársins, sem skýrist að stórum hluta af samrunakostnaði, varð hagnaður af rekstri félagsins á öðrum ársfjórðungi. Afkoman á fyrri hluta árs var í takt við væntingar stjórnenda, en Almar segir að félagið hafi sýnt töluvert betri árangur á öðrum ársfjórðungi en mörg evrópsk lággjaldaflugfélög. Í fyrra töpuðu Sterling og Maersk Air samanlagt 800 milljónum danskra króna (9,5 milljörðum íslenskra), eða einni milljón króna á klukkutíma, en nú hefur dæmið alveg snúist við.

„Árið 2006 stefnir í hagnað sem í reynd er ótrúlegur árangur á einu ári. Þetta er margfalt betra en þessi félög hafa gert nokkru sinni áður. Ég held að menn hafi verið búnir að gleyma því hjá Maersk að það hafi verið til plús í tölvunum,“ segir Almar en bætir við að á sama tíma hafi fátt unnist með stjórnendum. „Við höfum verið að reka fyrirtæki og sameina á sama tíma og höfum því miður lent í deilum við stóran hluta starfsfólksins og olíuverð er 70-80 prósentum hærra en á síðasta ári.“ Almar bætir við að veðrið í sumar sé það besta í Skandinavíu frá 1975, sem dró stórlega úr ferðalögum Dana, órói fyrir botni Miðjarðarhafs í Miðausturlöndum kom hart niður á félaginu á fyrsta ársfjórðungi og þá höfðu skopmyndamálið og fuglaflensan einnig áhrif. „Ég er í sjálfu sér ekki ósáttur við þennan árangur þótt ég hefði alveg viljað gera miklu betur.“ Almar er þeirrar skoðunar að félagið eigi eftir að ná enn betri árangri nú þegar unnið er eftir flugáætlun sem hámarki nýtingu á vélum og öðrum þáttum starfseminnar.

**NÁTTÚRULEGUR VÖXTUR**

Forstjórinn er sérstaklega ánægður með árangurinn í Noregi og Svíþjóð, þar sem félagið hefur aukið hratt við markaðshlutdeild sína. Hluti af samrunanum fólst í því að færa vélar frá Danmörku norður eftir. Mikil tækifæri liggja í Noregi og Svíþjóð á styttri flugleiðum, að sögn Almars, til dæmis frá Ósló og Stokkhólmi til stórborga annars staðar í Norður- og Mið-Evrópu. „Markmiðið er auðvitað að vaxa þótt við höfum frekar verið að skera niður. Náttúrulegur vöxtur er innbyggður í starfsemi lággjaldaflugfélaga og því má ekki gleyma að ef við værum ekki á markaðnum og tryggðum samkeppni þá myndu hin flugfélögin ekki selja miðana sína á þessu verði. Kakan er að stækka og ferðalögum fjölgar.“

Til viðbótar leitar Sterling nýrra tækifæra á mörkuðum þar sem aðrir eru ekki að fljúga eða þar sem einfaldlega vantar samkeppni. „En ég sé svo sem ekki fyrir mér að við getum vaxið gríðarlega mikið héðan frá Kastrup. Samkeppnin er mikil og völlurinn ber ekki meiri umferð.“ Sterling hóf í vikunni innanlandsflug frá Álaborg í Danmörku. Þetta er í fyrsta skipti sem samkeppni er á þeirri flugleið og er um stóran markað að ræða.

**SEGIST VERA NORÐMAÐUR**

Almar viðurkennir vissulega að sambandið við danska fjölmiðla hafi verið snúið og erfitt á köflum. Þeir vinni öðruvísi en íslensku miðlarnir og séu mun gagnrýnni, en ekki endilega nákvæmari. Hann segist hafa lært að passa sig mjög á sumum þeirra og tali helst ekki við þá: „Það er bara út af því að allt sem ég segi verður að einhverju allt öðru en ég sagði.“ Danskir fjölmiðlar hafi velt sér mikið upp úr fjárfestingum Íslendinga í Magasin, fasteignaviðskiptum og Sterling og finnst Almari einkennilegt hvað umræðan hefur verið neikvæð í þessum efnum; allt eru þetta verkefni sem hafa snúist um það að bjarga verðmætum og snúa rekstri við. Dönsku miðlarnir horfðu algjörlega framhjá því að Sterling skilaði hagnaði á öðrum ársfjórðungi og hver afkoman var í sögulegu samhengi.

„Ef ég horfi til baka til þess tíma er ég kom að þessu þá passaði maður sig kannski ekki á því að þetta er annað umhverfi og önnur sjónarmið gilda hér í Danmörku. Þegar ég kom þá hegðaði ég mér eins og ég er vanur og sagði það sem mér fannst. Það féll ekki í góðan jarðveg.“ Almar veltir því fyrir sér að kannski séu danskir fjölmiðlar að refsa mönnum fyrir það. „Ég segi mörgum að ég sé frá Noregi. Það er í sumum tilvikum skárra en að vera Íslendingur,“ segir Almar íbygginn á svip.

Vandamálið við dönsku viðskiptablöðin er einfaldlega það að þau eru með allt of margar síður. „Þau tóku hálfa síðu undir það í Börsen, sem er vandaður miðill, að segja frá því að við hefðum verið að skipta um samlokubirgja. Hverjum er ekki sama? Þá tók ég mig til og hringdi í þá og sagði: „Nú þurfið þið að fækka blaðsíðunum.““

**EKKI UNNIÐ AÐ SAMRUNA VIÐ ÖNNUR FÉLÖG**

Sögusagnir hafa verið uppi um að Sterling muni sameinast öðrum norrænum lággjaldaflugfélögum, til dæmis FlyMe og FlyNordic, og jafnvel verða skráð eitt og sér á hlutabréfamarkað. Almar vill lítið tjá sig um þessi mál, enda er það stjórnenda FL Group að ákvarða framtíð félagsins. Hann er þó ekki einn um þá skoðun að allt stefni í að á næstu árum verði þrjú til fimm mjög öflug lággjaldaflugfélög auk smærri félaga eins og Iceland Express sem njóta fjarlægðarverndar. „Við erum ekkert að vinna í því að sameinast öðrum félögum í dag, en maður getur aldrei kastað slíkum tækifærum frá sér. Ég hef oft vaknað á morgnana og spurt sjálfan mig hvers vegna í ósköpunum við sameinuðumst Maersk. Þegar upp er staðið sé ég að það var auðvitað rétt ákvörðun.“ Báðir kostir hljóti að koma til greina, enda er eigandi Sterling, FL Group, fjárfestingarfélag þegar allt kemur til alls.




Humarhúsið




Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is




# Fyrsti Mercedes GL-450 2007 bíllinn frá IB ehf er væntanlegur í september

**Mikið fóta- og höfuðrými gerir aðbúnað ökumanns og farþega afslappaðan og þægilegan. Farangursgeymslan er 2,3 rúmmetrar sem gerir GL-450 að einum plássmesta bílnum í sínum flokki.**

**Búnaður:**

- 7 gíra sjálfskipting
- Macadamia innrétting
- Bakkskynjarar & myndavél
- Dráttarbeisli
- Farangursnet
- Sérstakur hliðarstuðningur við sæti
- Rafmagn & minni í fram og aftursætum
- Sjálfvirk skygging á speglum (ef sterk ljós skína á spegla)
- Símatengingar
- Rafmagn í rúðum & speglum sem leggjast aftur
- Stillingar fyrir hljómtæki í farþegarými
- 6 diska CD spilari
- DVD- & leiðsögukerfi
- Sirius gervihnattaútvarp
- Harmon/Kardon hljóðkerfi
- Fjarstýrð rafmagnsopnun & lokun á afturhlera
- Álfelgur
- Rafdrifin gler sóllúga
- Xenon ljós
- Upphituð sæti & stýrishjól
- Loftfjöðrun
- Þrívirk loftkæling/hitun
- Rafdrifin opnun á aftur hliðarrúðum
- Sjömanna rafdrifin 3ja sæta röð sem hægt er að fella alveg niður í
- farangursrými.

**Glæsileg bifeið með fullri ábyrgð á betra verði:**

**9.640.000 kr.**



ib.is

Öruggir bílar til að vera á . . .

Varahlutir - Sala - Ábyrgð - Þjónusta - Sérpantanir

Sími 4 80 80 80 Fossnesi A 800 Selfossi




# Húmor er *ekkert grín*

**Flestum er tamt að beita skopskyninu til að draga úr spennu og bæta andrúmsloftið. Í alþjóðlegum samskiptum getur það þó verið hættulegt vopn, að minnsta kosti í höndum þeirra sem ekki kunna með það að fara. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir talaði við nokkra þaulvana menningarspekúlanta og komst að því að stundum er best að skilja húmorinn eftir heima.**

Augu fólks eru sífellt að opnast betur fyrir því að taka þarf tillit til ólíkrar menningar í alþjóðlegum samskiptum. Notkun skopskynsins, sem flestum er tamt með misgóðum árangri, er angi af þessum fræðum. Eitt af því sem mikilvægt er að átta sig á er að skopið endurspeglar fyrst og fremst menningarheim þess sem það notar. Húmor getur því verið hættulegt vopn í höndum þess sem fer óvarlega með hann eða hagar sér alltaf eins og hann sé í heimabyggð. Ef húmor hins vegar er rétt notaður getur hann greitt fyrir

## *Skopskynið nauðsynlegt*



**GUNNAR BEINTEINSSON, STARFSMANNASTJÓRI ACTAVIS GROUP** Gunnar segir það mikinn kost að Íslendingar taki sjálfa sig ekki mjög alvarlega og geti gert grín að sjálfum sér.

Gunnar Beinteinsson er vel kunnugur samskiptum við fólk af ýmsu þjóðerni og menningargerðum. Í starfi sínu sem starfsmannastjóri Actavis Group er hann sífellt á ferð og flugi en hjá fyrirtækinu starfa um ellefu þúsund karlar og konur um heim allan, þar af fimm hundruð á Íslandi. „Gegnumsneitt myndi ég segja að flestir deili sama húmornum. Eftir því sem maður fer lengra að heiman þarf maður þó að gæta sín betur,“ segir Gunnar. Hann segir nauðsynlegt að nota húmor í samskiptum enda hjálpi það fólki við að sjá spaugilegu hliðarnar og gamanið við verkefnin.

Það þykir einkennandi fyrir Íslendinga að hafa húmor fyrir sjálfum sér og taka sjálfa sig ekki sérstaklega alvarlega. Þetta segir Gunnar að sé mikill kostur. „Með því að taka okkur mátulega hátíðlega og gera jafnvel svolítið grín að sjálfum okkur brjótum við ísinn og það virkar vel á fólk. Að vísu þýðir lítið að nota það í Bandaríkjunum, þar myndu margir telja þig bölvaðan kjána ef þú gerðir grín að sjálfum þér.“ Gunnar segir það stundum hafa komið sér á óvart hversu ólík menning Íslendinga og Bandaríkjamanna er þegar kemur að notkun húmors. Það sem Íslendingum þyki fyndið geti hreinlega stundum móðgað fólk vestan hafs. Að hans mati eru Evrópubúar, hvort sem er frá henni austan- eða vestanverðri, oft nær okkur Íslendingum þegar kemur að skopskyninu.

Þó að Gunnar sé sennilega meðvitaðri en margur um mikilvægi þess að sýna nærgætni innan um fólk frá ólíkum menningarheimum hefur hann átt sína spretti í misheppnaðri notkun á húmor. Hann nefnir sem dæmi þegar hann var, í eitt skipti af mörgum, að stjórna fundi þar sem saman voru komnir stjórnendur frá ýmsum starfsstöðvum Actavis víðs vegar um heim. „Ég var að kynda undir mönnum að koma upp á svið og segja brandara og kalla menn upp. Svoleiðis gerði ég góðlátlegt grín að Dönum, Svíum, Bandaríkjamönnum og Bretum sem allir tóku þátt í því hlæjandi. Þegar ég kom að Indverjanum í hópnum notaði ég hinn fræga „rice and curry“ framburð. Skemmst er frá því að segja að þarna fór ég alveg yfir strikið. Það mátti heyra saumnál detta og Indverjinn harðneitaði að koma upp og taka þátt í leiknum.“ Gunnar segir þetta atvik þó ekki hafa haft alvarlegar afleiðingar í för með sér en þarna hafi hann gleymt að taka með í reikninginn að á Indlandi er mikil svokölluð valdafjarlægð fólks á milli. Þar tíðkast að borin sé virðing fyrir háttsettum mönnum, undir hvaða kringumstæðum sem er. Indverjanum þótti því að sér vegið og Gunnar gera lítið úr sér með því að gera grín að því hvernig hann talaði.

Annars segist Gunnar almennt ganga út frá þeirri sýn að öll séum við eins inni við beinið. „Við viljum láta bera virðingu fyrir okkur og við viljum treysta fólki. Þessir tveir þættir eru lykilþættirnir. Flest fólk er bara fólk eins og við.“

IÐAN.IS
veldu þér framtíð

Íslenskur hátækniiðnaður
forsenda hagvaxtar
og bættra lífskjara

Sjá á www.si.is/ut

meistarinn.is
Þar sem þú finnur meistara
og fagmenn til verksins

[ SÉRBLAÐ UM IÐNAÐ – MIÐVIKUDAGUR 20. SEPTEMBER 2006 ]

# Iðnaðarblaðið



## EFNISYFIRLIT



**TÍSKAN ERFIÐARI EN EFNAHAGSÞRENGINGAR**
*Halldór Helgason rakari hefur verið í faginu í tæpa fjóra áratugi.* BLS. 2

**ÞURFUM AÐ SÆTTA ÓLÍK SJÓNARMIÐ**
*Samtök iðnaðarins eru stærstu hagsmunasamtök landsins.* BLS. 4

**MATARVERÐIÐ OG VEXTIRNIR**
*Ekki eru allir þeirrar skoðunar að háir vextir séu af hinu illa.* BLS. 6

**STAFRÆNA TÆKNIN BREYTTI ÖLLU**
*Starf ljósmyndarans* BLS. 10

**LEIÐTOGASKÓLI FYRIR NEMENDAFÉLÖG**
*Iðnnemasamband Íslands* BLS. 26

**MÖGULEIKARNIR FYRIR HENDI**
*Getur hönnun orðið stór iðnaður á Íslandi?* BLS. 28

**FÆRRI KOMAST AÐ EN VILJA**
*Prenttæknistofnun býður upp á fjölbreytt námskeið.* BLS. 30

si.is
- öflugt
vefsetur
íslensks
iðnaðar



# Úttekt kynnt á Sprotaþingi

Á Sprotaþingi 2006 sem fyrirhugað er að halda í lok næsta mánaðar verða kynntar niðurstöður úttektar á þróun og stöðu sprotafyrirtækja. Úttektina unnu tveir námsmenn úr Háskólanum í Reykjavík, Hilmar Björn Harðarson og Pálmi Blængsson, sem sumarverkefni, en báðir stunda nám í iðnrekstrarfræði, en úttektin er unnin með tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Í ágústhefti Íslensks iðnaðar, riti Samtaka iðnaðarins, er fjallað stuttlega um verkefnið, en það er sagt tvíþætt. Annars vegar er ætlunin að kortleggja og flokka sprotafyrirtæki eftir stöðu þeirra og þörf fyrir stuðning og hins vegar kanna óskir og þarfir fjárfesta varðandi aðkomu þeirra að fjárfestingum í sprotafyrirtækjum með það fyrir augum að finna markvissari leiðir fyrir þessi fyrirtæki til að vekja áhuga fjárfestanna.

Rætt hefur verið við valinn hóp forsvarsmanna sprotafyrirtækja sem og þá sem koma að því að fjármagna slík fyrirtæki eða styðja við þau og einnig hefur verið send til fyrirtækjanna ítarleg könnun á rafrænu formi sem unnin er í samstarfi við Outcome-hugbúnað ehf.

Á þinginu í haust á svo sem fyrr segir að kynna niðurstöðurnar, en að því er fram kemur í Íslenskum iðnaði er stefnt að því að efna til samstarfs við þingflokka stjórnmálaflokkanna um framkvæmd þess. Í aðdraganda Sprotaþingsins á að kynna þeim niðurstöður úttektarinnar auk fleiri gagna sem snerta starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja hér á landi.


Frá fyrirlestri sem haldinn var um sprotafyrirtæki í fyrrasumar.








Halldór er hverfisrakarinn í Vesturbænum og klippir stundum marga ættliði í sömu fjölskyldu. „Ég hef nú stundum sagt að daginn sem einhver sem ég hef klippt á bleyju kemur með afabarnið sitt þá er ég hættur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tískan erfiðari en efnahagsþrengingar

Halldór Helgason rakari hefur verið í faginu í tæpa fjóra áratugi. Hann er hverfisrakarinn í Vesturbænum og segir rakara finna meira fyrir tískusveiflum en efnahagsþrengingum.

Halldór Helgason hefur rekið rakarastofu í kjallara Hótels Sögu síðan árið 1971 og hefur því verið lengi í faginu. „Ég fór að læra hárskurð strax á sautjánda ári hjá Hauki Óskarssyni við Kirkjutorg 6. Þeirri stofu var einmitt lokað nú á dögunum eftir hundrað ára rekstur.“

Fljótlega eftir að Halldór hóf störf á rakarastofunni á Sögu keypti hann hlut í fyrirtækinu og eignaðist hana loks að fullu árið 1972. „Þetta hefur gengið upp og ofan gegnum tíðina. Þó oftast nokkuð vel en það kostar alltaf yfirlegu og iðni.“

Halldór segir stóran hluta viðskiptavina sinna teljast fastakúnna þótt auðvitað komi alltaf einhverjir af hótelinu. Það séu þó helst hótelgestir í viðskiptaerindum enda hefðbundnir ferðamenn roknir í hinar ýmsu skoðunarferðir snemma á morgnana. „Ég hef verið lengi í þessu og er kannski orðinn hverfisrakarinn. Þótt vissulega hafi gengið misjafnlega held ég að ómögulegt sé að vera annað en sáttur.“

## BÍTLAÆÐIÐ ERFITT

Halldór er aldrei kallaður annað en Dóri í Vesturbænum og er afar vinsæll meðal KR-inga enda hangir vegleg klukka með merki Vesturbæjarstórveldisins á vegg á rakarastofunni. „Ég er nú af Grímsstaðaholtinu og var upphaflega Þróttari. Þeir fluttu síðan í burtu og þá var ekki annað í stöðunni en að gerast KR-ingur.“

Halldór hefur klippt margar kynslóðir Vesturbæinga og segist stundum klippa þrjá ættliði, hvern á eftir öðrum. „Ég hef nú stundum sagt að daginn sem einhver sem ég hef klippt á bleyju kemur með afabarnið sitt þá er ég hættur.“

Rakarar verða fremur varir við tískubreytingar en efnahagssveiflur að sögn Halldórs. Þannig gengu rakarar gegnum erfiða tíma þegar Halldór var að byrja, enda Bítlaæðið í hápunkti. „Menn voru með Bítla- eða hippahár lengst niður á bak og voru ekki að heimsækja okkur rakarana sérlega oft. Tískusveiflurnar hafa þannig stundum leikið hárskera grátt.“

Halldór minnist þess þó að rakarar hafi haft fremur lítið að gera upp úr 1990, í kjölfar þjóðarsáttarinnar. Annars hafi efnahagssveiflur ekki mikil áhrif á rekstur hárgreiðslustofa. Helst spari fólk dýrari meðferðir á borð við strípur, permanent eða litanir. „Unga fólkið þarf alltaf að líta vel út, sama hversu illa árar. Menn þurfa líka að vera snyrtilegir og koma vel fyrir þegar þeir leita sér að vinnu.“

Halldór segir Duran Duran-tímabilið hafa verið gósentíð fyrir rakara. Sérstaklega hafi menntaskólaböllin gefið vel af sér. „Stundum varð allt fyrirvaralaust vitlaust á stofunni og við komumst síðan að því að það var kannski menntaskólaball í MR eða Verzló. Í þá daga þurftu menn hárgreiðslu, strípur og allan pakkann,“ segir Halldór.

## MANNEKLA OG MIKIL AFFÖLL

Halldór starfar nú við annan mann á rakarastofunni. Hann segist hafa verið að leita manneskju til aðstoðar að undanförnu en erfitt sé að ráða í starfið enda gæti nokkurrar manneklu í greininni. Þá sé nokkuð erfitt að ráða útlendinga enda nauðsynlegt að hárgreiðslufólk tali íslensku. „Ég var einu sinni með rúmenska stúlku hér í vinnu. Hún var mikill fagmaður og góð stúlka. Málakunnáttan var hins vegar erfiður hjalli enda þarf hárgreiðslumaður bæði að geta tekið við pöntunum og spjallað við kúnna um daginn og veginn.“

Hann segir eldri kúnna helst hafa lent í tungumálavandræðum. „Tíu ára pjakkar ruddu því út úr sér á ensku hvað þeir vildu. Hins vegar kom á óvart hve margt eldra fólk lenti í vandræðum.“

Tilfinnanlegur skortur er á fólki í greininni og mikið um svarta vinnu, auk þess sem talsvert er um afföll. Halldór segir að þessi miklu afföll skýrist líklega af því hversu ungt fólk sé þegar það tekur þá ákvörðun að nema hárgreiðslu. „Fólk getur farið að læra strax eftir grunnskóla. Sextán, sautján ára unglinga skortir einfaldlega þroska til að velja sér framtíðarstarf. Þótt ég hafi byrjað að læra sautján ára var ég einfaldlega svo heppinn að finna strax eitthvað sem mér líkaði.“

# REACH nær yfir efnin

REACH stendur fyrir *Registration, Evaluation and Authorisation of CHemicals*, en svo nefnist ný efnalöggjöf sem í undirbúningi er í Evrópu.

Að því er fram kemur í grein Bryndísar Skúladóttur um umhverfismál í nýjasta hefti fréttablaðs Samtaka iðnaðarins er stefnt að því að samþykkja á næsta ári svokallaða REACH-tilskipun í Evrópu. „Markmiðið með henni er liprari innri markaður, vernd umhverfis og heilsu borgaranna, auk þess að stuðla að samkeppnishæfni og nýsköpun,“ skrifar Bryndís.

Hún segir að núverandi staða efnalöggjafar í Evrópu sé ekki talin nógu góð vegna misræmis í kröfum sem gerðar eru til nýrri og eldri efna, auk þess sem Evrópulöggjöfin sé á þessu sviði bæði flókin og þvæld í mörgum misgömlum tilskipunum. „REACH kemur í stað 40 núgildandi tilskipana,“ bendir hún á og kveður


Slökkviliðsmaður í eiturefnabúningi, albúinn að takast á við leka skaðlegra efna.

almennan vilja til að taka til í þessum ranni, en með nýrri tilskipun yrði sönnunarbyrði um öryggi á markaði snúið við, frá yfirvöldum til framleiðenda.




Frumkvöðlahugsun er grundvallarþáttur í fyrirtækjamenningu Össurar hf. Við leitumst sífellt við að yfirstíga hið ómögulega, finna nýjar og betri lausnir og nýtja þekkingu okkar á sem hugvitsamlegastan hátt. Allt starf Össurar hf. einkennist af metnaði og er helgað fólki sem vill njóta sín til fulls.

www.ossur.com

ÖSSUR

*Life Without Limitations*




Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, á Iðnþingi 2006. Hann segir hlutverk og skyldu samtakanna að stuðla að opinskárri og fordómalausri umræðu um Evrópusambandið. MYND/E.ÓL.

# Þurfum að sætta ólík sjónarmið

Samtök iðnaðarins eru stærstu hagsmunasamtök landsins. Helgi Magnússon, formaður samtakanna, segir alrangt að halda því fram að hagsmunir hinna ýmsu iðngreina fari ekki saman. Hann telur það hlutverk samtakanna að stuðla að opinskárri umræðu um mikilvæg málefni á borð við aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Mikilvægasta viðfangsefni íslensks þjóðfélags sé hins vegar að sætta sjónarmið um náttúruvernd og nýtingu auðlinda.

Samtök iðnaðarins eru stærstu hagsmunasamtök atvinnurekenda á landinu með um tólf hundruð fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda innan sinna vébanda. Helgi Magnússon formaður segir Samtök iðnaðarins mjög breið. Innan samtakanna séu einyrkjar og iðnmeistarar, álver og allt þar á milli. „Þetta er gríðarlega mikil flóra og þess vegna erum við oft á tíðum að sætta mjög ólík sjónarmið.“

Helgi segir hafa borið á því í opinberri umræðu undanfarin ár að aðilum innan samtakanna hafi verið teflt saman. Þannig hafi verið talað um að hátækniiðnaður eigi ekki samleið með stóriðjunni. „Við erum alls ekki sammála þessu og teljum að það sé svigrúm fyrir alla undir sama þaki. Við leggjum megináherslu á að allir geti unnið í góðri sátt og að rými sé fyrir alla.“

Minna hefur farið fyrir þessari umræðu nú eftir að krónan hóf að styrkjast á ný gagnvart erlendum gjaldmiðlum. „Hér fyrr á árinu var talað um að virkjana- og stóriðjuframkvæmdir væru að ryðja öðrum atvinnugreinum út. Með þeim breytingum sem hafa orðið á gengi krónunnar á þessu ári hefur samkeppnisstaða margra greina batnað til muna,“ segir Helgi.

Helgi telur nauðsynlegt fyrir þjóð á borð við þá íslensku að nýta auðlindir og þau tækifæri til tekjuöflunar sem gefast. Sík nýting sé einfaldlega nauðsynleg sé ætlunin að standa undir því velferðarþjóðfélagi sem við höfum komið okkur upp. „Án þess að nýta náttúruauðlindir okkar og tekjumöguleika getum við ekki gert sömu kröfur. Hins vegar á ekki að ganga svo hart fram að landið bíði þess ekki bætur.“

## FRELSISBYLTING

Samtök iðnaðarins hafa boðað til fundar hinn 5. október næstkomandi um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda; framsögu á fundinum hafa þeir Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra, Andri Snær Magnason rithöfundur og Illugi Gunnarsson, stjórnarmaður í Landsvirkjun.

Helgi segir fundinn til marks um þá stefnu samtakanna að reyna að sætta sjónarmið náttúruverndarsinna og þeirra sem vilja nýta auðlindir. „Við viljum umfram allt stuðla að upplýstri umræðu um hvernig megi ná sátt í samfélaginu milli náttúruverndar- og nýtingarsjónarmiða. Þetta eru að okkar mati meðal mikilvægustu úrlausnarefni íslensks samfélags.“

Samtök iðnaðarins hafa talsverð samskipti við ríkisvaldið. Einkum við gerð löggjafar sem snertir iðnað í landinu. „Stundum þurfum við að takast á, enda ekki hægt að búast við því að allir séu sammála öllum stundum. Samtök iðnaðarins eru hagsmunasamtök og við verðum að líta eftir hagsmunum okkar félagsmanna, smárra sem stórra. Við reynum að koma okkar sjónarmiðum á framfæri af festu, en með sanngirni að leiðarljósi.“

Afstaða samtakanna er sú að ríkisvaldið eigi að setja lagaramma, innan þess ramma þurfi athafnafrelsið að rúmast. Helgi telur það hlutverk samtakanna að láta heyra í sér þegar gengið er á athafnafrelsið og að berjast fyrir auknu olnbogarými.

Helgi segir íslenskt samfélag hafa gjörbreyst til batnaðar síðustu fimmtán ár. Raunar væri umfjöllun um þá byltingu sem orðið hefur efni í heila bók; frjálsræði í viðskiptum hafi aukist og ríkisvaldið í auknum mæli dregið sig í hlé. „Þótt samtök á borð við okkar séu alltaf að berjast fyrir einhverju og að láta í sér heyra verður maður að vera sanngjarn og viðurkenna að hér hefur orðið alger bylting. Við búum í miklu betra samfélagi nú en fyrir nokkrum árum.“

Helgi telur að fólkið í landinu finni áþreifanlega fyrir þeirri breytingu sem orðið hefur. Kaupmáttur í landinu hafi aukist til muna, atvinnuleysi sé nánast ekkert og hagvöxtur hafi verið mikill undanfarin ár. „Við þurfum auðvitað að fást við einhver vandamál. Aðalatriðið er þó að það sé alltaf meira til skiptanna fyrir samfélagið í heild. Umræðu um tekjuskiptingu í þjóðfélaginu lýkur aldrei, en er meira á borði stjórnmálamanna en samtaka á borð við okkar.“

Helgi telur afar mikilvægt að haldið verði áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið. Með því að veita atvinnulífinu, fyrirtækjum og fólkinu í landinu svigrúm verði tækifærin til.

## OPINSKÁ UMRÆÐA UM ESB

Samtök iðnaðarins vilja skoða mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar sem gjaldmiðils. Fjörutíu og sex prósent landsmanna eru sama sinnis en þriðjungur því mótfallinn, samkvæmt nýlegri könnun Samtaka iðnaðarins. Í könnuninni kom fram að 58 prósent landsmanna væru hlynnt því að taka upp aðildarviðræður við Evrópusambandið en einungis fjórðungur mótfallinn. Fjörutíu og sjö prósent svarenda vildu taka upp evru, en fjörutíu prósent töldu upptöku evrunnar ekki fýsilegan kost.

Helgi segir samtökin lengi hafa viljað stuðla að virkri umræðu um Evrópumálin. Sú umræða sé í fullum gangi og raunar sjái ekki fyrir endann á henni. „Þegar gengi krónunnar sveiflast, líkt og það gerði fyrr á þessu ári, er óhjákvæmilegt að umræða um Evrópusambandið og evruna magnist. Þetta er gríðarlega stórt og flókið mál og hvorki upptaka evru né innganga í Evrópusambandið getur orðið einhver galdralausn. Hins vegar má opinská og málefnaleg umræða um þessi mál ekki deyja út.“ Helgi segist raunar ekki eiga von á stórum tíðindum af þessum málum í bráð, enda kosningavetur í nánd og fátt bendi til þess að Evrópusambandsaðild verði að kosningamáli.

Helgi telur það hlutverk og skyldu Samtaka iðnaðarins að stuðla að opinskárri og fordómalausri umræðu um jafn mikilvægt málefni og Evrópusambandsaðild er. „Við höfum látið gera könnun um þessi mál fyrir okkur tvisvar á ári. Nauðsynlegt er að fylgjast með því hvernig þjóðin er innstillt í þessum málum. Þetta eru upplýsingar sem við teljum mikilvægar og nauðsynlegt að halda til haga. Ætlun okkar er alls ekki að reyna að stýra umræðunni.“

## STÖÐUGLEIKINN MIKILVÆGUR

Ein helstu rök þeirra sem hlynntir eru Evrópusambandsaðild og upptöku evrunnar eru þau að myntkerfið hér sé of lítið til að halda úti sjálfstæðum gjaldmiðli. Afleiðingin sé sú að krónan sveiflist til og frá og ýti undir óstöðugleika í hagkerfinu. Helgi segir Samtök iðnaðarins fyrst og fremst vilja að stöðugleiki í hagkerfinu sé tryggður, enda séu sveiflur slæmar fyrir iðnað í landinu. „Ef upptaka evrunnar tryggir þann stöðugleika verður auðvitað að skoða þann kost. Sjálfur er ég hins vegar ekki sannfærður um að upptaka evrunnar sé nein galdralausn í þeim efnum.“

Samtök atvinnulífsins hafa verið hávær í gagnrýni sinni á hagstjórn Seðlabankans. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, hefur meðal annars sagt bankann vera öfugu megin í hagsveiflunni og að hætt sé við að Seðlabankinn standi uppi skotfæralaus í næstu uppsveiflu; stýrivextir verði þá einfaldlega of háir og verðbólga rjúki upp úr öllu valdi. „Ég get alveg tekið undir það með Vilhjálmi að síðasta vaxtahækkun var óheppileg. Tími er kominn til að láta af hávaxtastefnunni,“ segir Helgi.

Helgi telur framtíð íslensks iðnaðar bjarta. Mikill uppgangur hafi verið undanfarin ár. Hann segist vona að fyrirtæki standi vel eftir uppsveiflu undanfarinna ára, en býst þó ekki við skarpri niðursveiflu í efnahagslífinu. „Ég met það þannig að fólk í fyrirtækjarekstri hafi öðlast mikla reynslu á undanförnum árum. Því ætti ekkert að koma á óvart þótt dragi úr þenslu, fyrirtæki verða einfaldlega að aðlagast og vera undirbúin undir næstu uppsveiflu. Mín spá er sú að uppsveiflan komi fyrr en seinna.“

Plötusmíði
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
'A góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# MOSFELL

Vakin er athygli á því að Trésmiðjan Mosfell ehf., er flutt úr Mosfellsbæ. Skrifstofa fyrirtækisins er nú að Miðhrauni 14, 210 Garðabæ og trésmiðjan að Norðurgarði 8 í Sandgerði.

# KERTO LÍMTRÉ



## KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er mikið notað sem burðarbitar, einnig í milligólf og þaksperrur þar sem venjulegar sperrur duga ekki.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.



*Æfingasvæði NK á Seltjarnarnesi*



*Iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði*



TM MOSFELL EHF • MIÐHRAUNI 14 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS

# Matarverðið og vextirnir



Kosningafundur í Malmö fyrir nýafstaðnar þingkosningar í Svíþjóð. Undanfarin 15 ár hefur neysluvísitalan í Svíþjóð hækkað um 35 prósent en matvælaverð um innan við 5 prósent. Greinarhöfundur spyr hvort við getum eitthvað lært af Svíum í þessum efnum og hvernig þeir hafi farið að.

Ekki eru allir þeirrar skoðunar að háir vextir séu af hinu illa. Fjármagnseigendur og fjármálastofnanir njóta góðs af háum vöxtum á kostnað skuldara. Það má ugglaust halda því fram að hátt matvælaverð hér á landi sé af hinu góða fyrir framleiðendur, úrvinnsluaðila og kaupmenn.

Með stefnu sinni í Evrópumálum og skattlagningu matvæla eru stjórnvöld í reynd að segja íslensku þjóðinni að henni henti best að búa við háa vexti og hátt matvælaverð.

STJÓRNMÁLAMENN OG KJÓSENDUR ÓSAMMÁLA

Ekki leikur nokkur vafi á að vaxandi fylgi við aðild að ESB og upptöku evru í stað íslenskrar krónu er til vitnis um það að almenningur á Íslandi er ekki sammála þessari stefnu.

Flestir forystumenn flokkanna finna ESB og evrunni allt til foráttu og hafa haft þann söng uppi um árabil. Kannanir sýna hins vegar að þeirra eigin kjósendur eru allt annarrar skoðunar. Þannig eru þeir sem afstöðu taka og vilja taka upp aðildarviðræður um ESB-aðild í meirihluta í öllum flokkum. Sömuleiðis er meirihluti í öllum flokkum nema VG fyrir því að taka upp evru í stað íslensku krónunnar.

HENTAR OKKUR BEST AÐ HAFA DÝR MATVÆLI OG HÁA VEXTI?

Stjórnmálamenn neita að horfast í augu við þá staðreynd að vextir hér eru og verða alltaf hærri en í nágrannalöndum okkar. Við náum aldrei þeim stöðugleika verðlags og gengis sem að er stefnt. Verðbólga er hér sjaldnast innan settra verðbólgumarka. Við munum til eilífðarnóns semja hér um meiri launahækkanir en nágrannaþjóðir okkar af því að við borgum laun í íslenskum krónum.

Erlendir fjármagnseigendur koma vissulega með mikið fé inn í íslenska hagkerfið um þessar mundir en þeir fjárfesta ekki í íslenskum atvinnurekstri. Þeir koma einungis til að hirða vaxtamun þegar vextir hér eru orðnir 3-4 faldir miðað við nágrannalöndin. Þannig hafa spákaupmenn tekið íslensku krónuna í gíslingu.



Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, skrifar um matvælaverð.

Matvælaverð hér var, síðast þegar það var skoðað, 48% hærra en að meðaltali í ESB. Sú staða hefur versnað ef eitthvað er. Almenningur í landinu er ekki sáttur við þetta en stjórnvöld telja að þetta sé okkur fyrir bestu.

EKKERT GERIST

Því er haldið fram að aðild að ESB hafi ekkert með matvælaverð að gera. Við getum sjálf breytt skóttum og tollum á matvælum. Þetta er ugglaust fræðilega hægt rétt eins og það er fræðilega hugsanlegt að hér verði einhvern tíma sömu eða lægri vextir heldur en í evrulöndunum. Gallinn er bara sá að þetta gerist ekki.

HVAÐ GERÐU SVÍAR?

Á fróðlegum fundi, sem SVÞ stóðu fyrir nú nýlega, rakti Tomas Svaton frá Svensk Dagligvaruhandel þróun matvælaverðs í Svíþjóð undanfarin 15 ár. Neysluvísitalan í Svíþjóð hefur hækkað um 35% en matvælaverð innan við 5%. Getum við eitthvað lært af Svíum í þessum efnum? Hvernig fóru þeir að?

1. Þeir drógu verulega úr innflutningshömlum og niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum upp úr 1990.
2. Þeir gengu í ESB 1995 og afnámu þar með hindranir í viðskiptum með matvæli innan ESB.
3. Þeir afnámu vörugjöld og settu öll matvæli í eitt VSK-þrep sem er 12% en almennt er VSK 25% í Svíþjóð.
4. Þeir hafa fengið inn á sænska markaðinn samkeppni frá stórum matvörukeðjum í Evrópu sem ekki höfðu áður haft áhuga á að starfa á sænskum matvörumarkaði.

VIÐ VITUM HVAÐ ÞARF AÐ GERA:

Afnema tolla og hindranir. Lagfæra skattlagningu og afnema vörugjöld og tryggja öfluga samkeppni á markaði. Því miður segir reynslan okkur að flest þau framfaraspor, sem stigin hafa verið hér á landi varðandi frelsi í viðskiptum og skýrar og eðlilegar leikreglur á markaði, hafa komið að utan og oftar en ekki hefur þeim verið þvingað upp á okkur á grundvelli alþjóðlegra skuldbindinga. Stærsta skrefið í þeim efnum er auðvitað EES-samningurinn. Það er alveg rétt að við getum ýmislegt gert til að lækka matvælaverð á Íslandi en það gerist bara ekkert.

EÐLILEGAR ÁHYGGJUR

Íslenskur framleiðsluiðnaður fékk 10 ára aðlögunartíma þegar tollar voru felldir niður af iðnaðarvöru með samningum um EFTA-aðild og fríverslunarsamningum við Efnahagsbandalag Evrópu sem þá var. Það er alveg skiljanlegt að þeir sem starfa í íslenskum landbúnaði og úrvinnsluiðnaði hafi af því áhyggjur þegar lagt er til að minnka eða fella niður þá miklu tollvernd sem nú er hér á landi.

Því var líka spáð að finnskur og sænskur úrvinnsluiðnaður myndi að mestu leggjast af með ESB-aðildinni. Sú varð ekki raunin en það urðu verulegar breytingar í iðnaðinum. Nú sýna tölur hins vegar að sala hefur aukist í þessum iðnaði og Svíar flytja nú út mun meira af landbúnaðarvörum en þeir áður gerðu.

Í ÖKKLA EÐA EYRA

Eðlilegt og best væri að tollar og aðrar viðskiptahindranir á sviði landbúnaðarvara væru afnumdar í áföngum og með alþjóðlegu samkomulagi á vettvangi WTO. Þess vegna er beinlínis átakanlegt að sjá að við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða sem harðast beita sér gegn tollalækkunum á landbúnaðarafurðir en heimtum síðan fríverslun með fisk og ætlum síðan að gera fríverslunarsamning við Kína sem ekkert vestrænt ríki hefur treyst sér til að gera. Áhugi okkar á fríverslun er vægast sagt ýmist í ökkla eða eyra.




Skýringarmynd sem fylgdi fyrirlestri Tomas Svaton og sýnir hvaða áhrif afnám hafta og niðurgreiðslna, aðild að ESB, breytingar á VSK og vörugjöldum og erlend samkeppni hefur á matvælaverð.

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

**Fjórhjóladrifinn**
**Fjórhjólastýrður**
**Lyftigeta:** 3.400 KG
**Lyftihæð:** 6.050 MM
**Gafflar:** 1.200 MM
**Vél:** Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ
**LOAD SENSING!!** Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAÞJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager

MANITOU

PON

PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.
Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-maiL: pon@pon.is

# Til móts við framtíðina



Hátæknivætt álver Alcoa Fjarðaáls verður spennandi og öruggur starfsvettvangur fyrir iðnaðarmenn og iðnnema. Hjá Alcoa Fjarðaáli verða um 120 iðnaðarmenn, tæknifræðingar og verkfræðingar auk fjölmargra tæknimenntaðra starfsmanna á vegum verktaka.

Nýsmíðar og viðhaldsverkefni verða unnin í teymum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefnin verða fjölbreytt og mikið lagt upp úr símenntun og starfsþróun.

Altækt, fyrirbyggjandi viðhald á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka verðmætasköpun. Faglegur metnaður og stöðug iðnþróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Á vinnusvæðinu verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, hápróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvírasteypa, atvinnuslökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskálakrani

Okkur vantar fleiri vaskar konur og karla í hópinn. Launakjörin eru góð, vinnan stöðug og verkefnin fjölbreytt. Allir fá tækifæri til að læra og vaxa í starfi. Iðnaðarmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu. Upplýsingar um launakjör og vinnufyrirkomulag er að finna á alcoa.is, undir liðnum starfsmannamál.

Við getum einnig boðið nokkrum nemum í rafvirkjun og vélvirkjun að ljúka réttindanámi með vinnu í álverinu. Námið verður sniðið að þörfum hvers og eins en miðað er við að umsækjendur hafi lokið hluta af námi og unnið í faginu.

capacent RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfin á (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á og hjá og ) hjá Capacent í síma 540 1000.



www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ALC 34273 09/2006

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


Upplýsingatækni er meira en tölvur einar, en í mars næstkomandi verður fjallað um upplýsingatækni í víðu samhengi á UT-deginum sem þá verður haldinn í annað sinn.

# UT-dagurinn verður haldinn á ný í mars

UT-dagurinn árið 2007 verður haldinn í mars næstkomandi, að því er er fram kemur á vef upplýsingatæknisamfélagsins sem forsætisráðuneytið heldur úti.

Fyrsti UT-dagurinn var haldinn í janúarlok á þessu ári, en mikill áhugi reyndist vera fyrir viðburðinum. „Var meðal annars haldin ráðstefna undir yfirskriftinni Tæknin og tækifærin og fór þátttaka í henni fram úr björtustu vonum því hana sátu um 300 manns. Ákvörðun um að halda UT-dag aftur að ári er því byggð á þeirri jákvæðu reynslu sem fékkst af fyrsta UT-deginum,“ segir á vefnum ut.is, sem áður var rekinn undir hatti Samtaka iðnaðarins en forsætisráðuneytið hefur nú tekið yfir.


Guðbjörg Sigurðardóttir

Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu upplýsingasamfélagsins hjá forsætisráðuneytinu, staðfestir að undirbúningur UT-dagsins næsta sé í fullum gangi og kveður nánara fyrirkomulag hans verða kynnt á næstunni.

allt tíska
Alla fimmtudaga

Stækkun álvers Norðuráls á Grundartanga
ÍSTAK
Traustur verktaki

Himinn og haf / SÍA – 9060200
ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is



Ræðst gegn verkjum!
Paratabs® – Öflugur verkjabani!
**Notkunarsvið:** Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum inflúensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrarbólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05
actavis
hagur í heilsu
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / ACTAVIS 507031

# Stafræna tæknin breytti öllu

Hjónin Bjarni Jónsson og Gréta Björgvinsdóttir hafa rekið ljósmyndastofuna Mynd í rúm tuttugu ár. Starf ljósmyndarans gerbreyttist að mati Bjarna með tilkomu stafrænnar tækni. Hann segir rekstur ljósmyndastofu árstíðabundinn og telur furðulegt að ófaglærðir starfsmenn sýslumanns hafi nú leyfi til að taka passamyndir.

Ljósmyndastofan Mynd var stofnuð árið 1984 og hefur verið í eigu hjónanna Bjarna Jónssonar og Grétu Björgvinsdóttur frá upphafi. „Við erum búin að vera í þessu í yfir tuttugu ár hjónin og höfum alltaf haft í nógu að snúast,“ segir Bjarni Jónsson.

Rekstur Myndar snýst að stórum hluta kringum fasta liði á borð við barna-, fermingar- og brúðkaupsmyndir. Á haustin er líka farið í skóla og teknar bekkjar- og einstaklingsmyndir.

Mynd hefur alltaf verið til húsa í Hafnarfirði. Fyrirtækið flutti í eigið húsnæði við Bæjarlind 26 fyrir fimm árum eftir að hafa verið í leiguhúsnæði árin þar á undan. Starfsmenn Myndar eru fjórir.

Bjarni segir rekstur ljósmyndastofu nokkuð sveiflukenndan og árstíðabundinn. Mestu tarnirnar séu fermingar og stúdentaútskriftir á vorin og síðan mánuðirnir fyrir jól „Það er helst sumartíminn sem er rólegur en þá eru helgarnar þó vanalega fullbókaðar í giftingar eða barnamyndatökur. Áður fyrr var líka mikið af passamyndatökum á sumrin en nú eru slíkar myndir teknar á skrifstofu sýslumanns.“

Ljósmyndabransinn hefur breyst gríðarlega undanfarin ár með tilkomu stafrænna myndavéla. Bjarni segist lengi hafa þráast við en loks látið undan fyrir um þremur árum. „Ég sakna nú ekki filmanna ef ég á að vera alveg hreinskilinn. Áður fyrr var ég mikill filmukarl og var því ekkert að skipta um bara til þess eins að skipta um.“

Bjarni segist hafa fengið lánaða stafræna vél fyrir nokkrum árum og eftir það hafi ekki verið aftur snúið. Hann bar saman stafrænu myndirnar annars vegar og aðrar teknar með hefðbundinni vél og sá augljósan gæðamun á myndunum. „Ég hugsaði með mér að ég gæti ekki þráast mikið lengur við.“

Spurður hvort stafrænu vélarnar spari ljósmyndurum ekki mikla vinnu segir Bjarni svo ekki vera. Vinnan verði hins vegar öll miklu léttari þótt sparnaður sé líklega ekki mikill mældur í mínútum. „Munurinn er sá að nú er maður alltaf að vinna í dagsljósi og sér hvað maður er með í höndunum. Ég ferðast mikið í starfinu og kom stundum til baka með tvö hundruð filmur og þurfti kannski að henda stórum hluta af því. Í dag sér maður þetta allt saman strax.“

Bjarni hafði komið sér upp miklu safni ljósmyndabúnaðar áður en hann skipti yfir í stafrænar vélar. „Ég á fullt af tækjum; vélum, linsum, stækkurum og dóti. Þetta stendur allt saman ónotað og enginn vill kaupa.“

Bjarni segir rekstur Myndar hafa gengið nokkuð vel um árin. Hins vegar liggi mikil vinna að baki, sérstaklega þar sem mikið þurfi að bera sig eftir vinnu við ljósmyndun. „Þetta hefur stundum verið barningur. Hins vegar liggur ljóst fyrir að við værum ekki ennþá í þessu ef ekki hefði gengið hreint ágætlega. Við lifum ágætis lífi og höfum ekki yfir neinu að kvarta.“

Margir ljósmyndarar hafa misst spón úr aski sínum eftir að sýslumannsembættum var heimilað að taka passamyndir. Ljósmyndarafélag Íslands hefur höfðað mál á hendur dómsmálaráðuneytinu og hyggst leita úrlausnar málsins fyrir dómstólum. Bjarni segir svolítið skrítið að ljósmyndarar þurfi meistarabréf í faginu til að opna eigin stofur en ófaglærðir starfsmenn sýslumanns geti myndað fólk án þess að spyrja kóng eða prest. „Sumir eru að missa allt að helmingi tekna sinna. Svo eru þetta oft einu myndirnar sem til eru af fólki við andlát og betra að slíkar myndir séu þokkalegar en ekki eins og af ótíndum glæpamönnum.“



Bjarni og Gréta hafa rekið ljósmyndastofuna Mynd í tuttugu og tvö ár. Stærsta breytingin varð með tilkomu stafrænna myndavéla, segir Bjarni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

NORM-X
Hita pottar
www.normx.is

**Mest seldu hita pottar á Íslandi**
Framleiddir með sérstöku tilliti til íslenska hitaveituvatnsins






Endingargóðir – yfir 30 ára reynsla
Þúsundir ánægðra notenda

**Íslensk framleiðsla**



Viðarkamínur á ótrúlega góðu verði

Skoðaðu heimasíðuna www.normx.is
Norm-x • Auðbrekku 6 • Kópavogi • Sími 565-8899.

# – Hugvit, tækniþekking og framfarir á Íslandi í 40 ár.

Fyrir 40 árum voru undirritaðir samningar um byggingu álversins í Straumsvík. Framkvæmdir hófust ári síðar og framleiðslan árið 1969. Allar götur síðan hefur verksmiðjan verið í stöðugri þróun, við gerum miklar kröfur til okkar sjálfra og setjum okkur metnaðarfull markmið.

Afmælisárinu höfum við fagnað með ýmsum hætti. Við höfum meðal annars opnað dyrnar að álverinu og boðið þjóðinni að kynna sér starfsemina. Við þökkum þeim 5000 gestum sem heimsóttu okkur í byrjun mánaðarins og vonumst til að upplýsingarnar sem birtast á næstu síðum séu fræðandi og gagnlegar þeim sem vilja kynna sér starfsemi fyrirtækisins.

Með kærri kveðju,

Rannveig Rist, forstjóri

ALCAN

MÁLMURINN

13 26.982
Al
660.4

# Aluminum



Ál er þriðja algengasta frumefni jarðskorpunnar, næst á eftir súrefni og kísli, og nemur það um 8% af þyngd hennar. Ál finnst í jarðvegi, flestum bergtegundum og öllum leirtegundum. Íslensk fjöll, þar með talin Esjan, Hekla og Keilir, eru því að hluta til úr áli. Ál er í matvælum, mannslíkamanum, gróðri, vatni og meira að segja rykögnum í andrúmsloftinu. Af öllum málmum á jörðinni er mest til af áli, sem er t.d. 800 sinnum algengara en kopar, sem menn hafa þekkt og notað í mörg þúsund ár.

Þrátt fyrir það finnst hreint ál hvergi í náttúrunni. Það er ávallt í sambandi við önnur efni og aðeins er hægt að vinna ál á hagkvæman hátt úr einni bergtegund, báxíti, sem finnst aðallega á breiðu belti við miðbaug jarðar. Úr báxíti er súrál unnið, en það er efnasamband súrefnis og áls og líkist það fínum, hvítum sandi. Súrál er svo meginhráefnið í álframleiðslu, en með rafstraumi er hægt að kljúfa það í frumefni sín.

## EIGINLEIKAR ÁLSINS

### Létt og sterkt
Eðlisþyngd áls er aðeins þriðjungur af eðlisþyngd stáls. Með því að blanda í það öðrum málmum, t.d. kopar, magnesíum eða mangani, er hægt að auka hörku þess og styrkleika verulega. Af þessum ástæðum hefur notkun áls í bílaframleiðslu aukist, en bílar úr áli eru léttari en aðrir, eyða minna bensíni og eru því umhverfisvænni.

### Vörn gegn tæringu
Komist ál í snertingu við súrefni myndast á því húð áloxíðs sem ver það gegn tæringu. Unnt er að gera þessa húð varanlega, framkalla á henni gljáa, lita hana og lakka.

### Góð leiðni
Ál leiðir vel rafmagn og varma, endurkastar ljósi og hita ágætlega, segulmagnast lítið og ekki varanlega sé það sett í segulsvið.

### Auðmótanlegt
Ál er sveigjanlegt og bræðslumark þess er aðeins 660 °C. Það rennur auðveldlega í fljótandi formi og er auðmótanlegt bæði heitt og kalt.

### Þétt og lyktarlaust
Álpappír er fullkomlega þéttur og hleypir hvorki ljósi, lykt né bragðefnum í gegn. Álpappír hefur engin áhrif á bragð matvæla sem hann er vafinn utan um.

### Óeldfimt
Ál er óeldfimt og hentar því vel í byggingar og farartæki. Það brennur aðeins í duftformi eða örþunnt og bráðnar án þess að gastegundir myndist.

### Vistvæn lausn
Vegna lágs bræðslumarks er afar auðvelt að endurvinna ál. Aðeins þarf 5% af orkunni sem notuð er við frumvinnslu áls til endurvinnslu þess. Þess vegna er ál oft kallað græni málmurinn.

### Notkunarmöguleikar
Notkun áls á ýmsum sviðum jókst jafnt og þétt alla síðustu öld og ekkert lát er á þeirri þróun. Listinn yfir notkunarmöguleikana lengist þannig stöðugt, því hann er einungis háður hugarflugi þeirra sem hanna og þróa nýja hluti.





## ER ÁL GAMALDAGS?

Ál er málmur framtíðarinnar. Framleiðsla á áli eykst ár frá ári auk þess sem endurvinnsla á áli hefur aukist verulega á undanförnum árum. Raunar er hægt að endurvinna álið aftur og aftur án þess að það missi eiginleika sína og þannig má búast við að hlutfall endurunnins áls hækki.

Fréttir af nýjum efnum sem sögð eru leysa álið af hólmi eru ýktar og þótt einhver þeirra kunni að veita álinu samkeppni þá verður hún aðeins á afmörkuðum sviðum en ekki almenn vegna ótrúlega fjölbreyttra eiginleika álsins. Sífellt er unnið að þróun á nýjum notkunarmöguleikum fyrir ál og það sækir frekar í sig veðrið heldur en hitt.

## HVAR ER ÁL FRAMLEITT?

Árið 2005 voru frumframleiddar í heiminum 23,5 milljónir tonna af hrááli og um 60% af því voru framleidd í Evrópu og Norður-Ameríku. Reyndar er álver að finna í öllum heimsálfum, en þau eru fleiri eftir því sem heimsálfurnar eru iðnvæddari.

Nútímaleg og tæknileg samfélög eins og Kanada, Noregur, Frakkland, Bandaríkin, Þýskaland og Ísland framleiða mikið af áli og álframleiðsla virðist vera hluti af leið annarra landa inn í framtíðina. Þannig hefur álframleiðsla í Kína aukist mjög mikið á undanförnum árum samhliða miklum framförum í landinu og búist er við að sú þróun haldi áfram næstu árin. Hlutur Asíu í álframleiðslu heimsins á því væntanlega eftir að aukast með aukinni uppbyggingu og betri lífskjörum Kínverja.

# Málmur framtíðarinnar

## SAGA ÁLSINS

Allt frá fornu fari hafa menn notað ýmsar efnablöndur með áli. Íbúar SV-Asíu, þar sem nú er Írak, hafa löngum verið slyngir leirkerasmiðir og 5000 árum fyrir Krist gerðu þeir ker úr efnasambandi leirs og áls. Jafnframt notuðu Egyptar hinir fornu og Babýlóníumenn efnasambönd með áli við ýmis konar efna- og lyfjaframleiðslu.

Rómverski náttúrufræðingurinn og rithöfundurinn Plinius, sem fæddist 23 árum eftir Krist, minnist á álún í ritum sínum en álún nefnist salt sem inniheldur ál, kalíum og súlfathópa auk kristalsvatns. Álún var notað til að festa lit í vefnaði, jafnt í fornöld sem á miðöldum.

Á öndverðri 18. öld töldu kunnáttumenn að unnt væri að vinna sérstakan málm úr súráli. Súrál er steinefni sem finnst meðal annars í leir og er efnasamband áls og súrefnis. Torvelt reyndist þó að skilja álið frá súrefninu og tókst það ekki fyrr en snemma á 19. öld.

Breski efnafræðingurinn Humphry Davy komst að þeirri niðurstöðu árið 1807 að súrál væri efnasamband súrefnis og óþekkts málms sem hann nefndi „aluminium." Davy gerði umfangsmiklar tilraunir til að kljúfa þetta efnasamband með rafgreiningu og notaði til þess rafmagn úr rafhlöðum. Ekki tókst honum að framleiða hreint ál en þó gat hann búið til álblöndu.

Danska eðlis-og efnafræðingnum Hans Christian Ørsted tókst árið 1825 fyrstum manna að framleiða hreint ál. Hann leysti álklóríð upp í blöndu kvikasilfurs og kalíummálms. Með því að eima kvikasilfrið burtu varð til moli af áli á stærð við baun.

Árangur Ørsteds varð þýska eðlisfræðingnum Frederich Wöhler hvatning til að halda áfram tilraunum og fann hann upp aðferð til að vinna ál úr álklóríði með kalíummálmi án kvikasilfurs árið 1827.

Frakkinn Sainte-Claire Deville endurbætti aðferð Wöhlers árið 1854 og notaði natríum í stað kalíums. Deville framleiddi 200 tonn af áli á 35 árum og á þeim tíma tókst honum að koma framleiðslukostnaði niður í 1% af því sem hann hafði verið í upphafi.

Árið 1855 var ál sýnt á heimssýningunni í París og vakti það geysimikla athygli.

Frakkinn Paul Héroult og Bandaríkjamaðurinn Charles Martin Hall sóttu hvor um sig um einkaleyfi til að framleiða ál árið 1886. Báðir beittu þeirri aðferð að leysa súrálið upp í bráðnu krýólíti og vinna síðan ál úr blöndunni með rafgreiningu.

Um svipað leyti fann Þjóðverjinn Siemens upp rafalinn og Austurríkismanninum Karl Josef Bayer hugkvæmdist aðferð til að vinna súrál úr báxíti. Þar með var lagður grundvöllur að áliðnaði sem fólst í því að vinna ál úr súráli með rafgreiningu. Sigurför áls um heiminn var hafin.






## FYRIRTÆKIÐ

Alcan á Íslandi hf. er hluti af Alcan Inc., fjölþjóðlegu fyrirtæki sem er annar stærsti álframleiðandi í heimi. Við erum stolt af því að tilheyra þessari öflugu samsteypu.

Alcan á Íslandi hf. rekur ellefta stærsta álverið innan samsteypunnar. Framleiðslugetan er um 180 þúsund tonn og starfsmennirnir eru um 470; vélvirkjar, verkfræðingar, stóriðjugreinar, rafvirkjar, verkafólk, tæknifræðingar, málarar, skrifstofufólk, bifvélavirkjar, viðskiptafræðingar, múrarar, matreiðslumenn, rafeindavirkjar, smiðir o.fl.

Þekking þessa fólks, markviss símenntun og stöðugar tæknilegar framfarir gera okkur kleift að framleiða hágæðavöru með miklum virðisauka, til hagsbóta fyrir þjóðina alla.

Alcan á Íslandi er ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 vottað.

Íslensku gæðaverðlaunin 2005

Alcan hlaut Íslensku gæðaverðlaunin fyrir árið 2005. Markmiðið með þeim er að veita fyrirtækjum og stofnunum viðurkenningu fyrir raunverulegan stjórnunarárangur og hvetja fyrirtæki til að setja sér skýr markmið og leggja reglulega mat á árangurinn.

## FRAMLEIÐSLA

Framleiðsla á áli í nútímalegu álveri byggir á háþróaðri tækni, öfugt við það sem margir halda. Allt framleiðsluferlið er tölvustýrt, tækjabúnaður er hátæknilegur og gerir ríkar kröfur til starfsmanna sem fylgjast með ferlinu og grípa inn í þegar þörf krefur.

Í Straumsvík eru framleidd um 500 tonn af áli á dag, eða um 180 þúsund tonn á ári. Meginhráefnið við framleiðsluna er súrál ($Al_2O_3$), hvítt duft sem er efnasamband áls og súrefnis.

Súrálið sem við notum er ýmist unnið í Bandaríkjunum eða á Írlandi og flutt sjóleiðis til Íslands. Það er sogað upp úr skipunum og því dælt í súrálsgeymana sem gnæfa yfir athafnasvæðið. Þéttflæðikerfi er svo notað til að flytja súrálið úr hafnargeymunum til kerskálanna, en með því er komið í veg fyrir rykmyndun við flutninginn, þar sem kerfið er algjörlega lokað.

### Kerskálar

Í kerskálunum eru samtals 480 ker og í þeim er álið framleitt. Súrálinu er dælt inn á kerin og þar leysist það upp í sérstakri flúorríkri efnabráð (raflausn) við 960°C. Þegar rafstraumur fer um bráðina klofnar súrálið í frumefni sín, ál og súrefni, og álið sest á botn kersins. Þessi framleiðsluaðferð er kölluð rafgreining, en ekki bræðsla eins og oft er ranglega sagt. Ál er tekið úr hverju keri á tveggja daga fresti og það flutt yfir í steypuskálann til úrvinnslu.

### Steypuskáli

Í steypuskálanum er fljótandi álinu breytt í fast form. Þar eru framleiddir barrar, en það eru lengjur úr áli sem geta verið mismunandi að stærð og gerð. Í steypuskálanum eru framleiddar 200 mismunandi tegundir af börrum, allt eftir því hvað viðskiptavinurinn hefur beðið um og ætlar að framleiða úr málminum.

### Sala

Öll framleiðslan er seld til Evrópu, langmest til Þýskalands en einnig er unnið úr álinu okkar í Sviss og Englandi. Íslenska álið er svo notað í framleiðslu á margs konar varningi, m.a. umbúðum fyrir lyfjaiðnaðinn, álplötum í klæðningar á hús, álpappír, plötum fyrir yfirbyggingar á bíla og prentplötum.







## HÁTÆKNI

Hátæknilegur og flókinn búnaður stýrir öllu framleiðsluferli álversins. Álverið er þannig hátæknifyrirtæki og í raun gott dæmi um hvernig rótgrónir atvinnuvegir geta nýtt sér það besta sem tölvu- og tæknisamfélagið býður upp á til að auka afköst og gæði framleiðslunnar.

Almenn umræða um stóriðju undanfarin ár hefur einkennst af ranghugmyndum, bæði um málminn sjálfan og framleiðslu á honum. Þannig halda margir að álverið sé frumstæð verksmiðja sem hafi lítið breyst í áranna rás en svo er alls ekki. Tækniframfarir hafa orðið miklar og í fyrirtækinu hefur orðið til mikil þekking, hugvit og kunnátta sem hefur leyst handaflið af hólmi.

Þessar staðreyndir hafa ráðið mestu um góðan árangur okkar á ýmsum sviðum undanfarin ár. Auk góðs árangurs í umhverfis- og öryggismálum má nefna sífellt aukna framleiðslu sem í dag er 20% meiri en verksmiðjan er hönnuð til að framleiða. Það gerist ekki af sjálfu sér og ekki án tækni- og verkþekkingar.

Hjá okkur er þekkingin eitt af hráefnunum og færnin í að vinna með hana skapar okkur verðmæti.

## HEIÐARLEIKI, ÁBYRGÐ, TRAUST OG SAMVINNA

Alcan hefur gefið út og dreift til starfsmanna og birgja siðareglum sem eru leiðbeinandi í okkar daglegu störfum. Siðareglurnar eru í gildi hjá fyrirtækjum Alcan samsteypunnar um allan heim og þeim er ætlað að efla grunngildi fyrirtækisins; heiðarleika, ábyrgð, traust og samvinnu. Fá, ef nokkur, önnur fyrirtæki á Íslandi hafa gefið út slíkar reglur en hægt er að nálgast siðareglurnar á www.alcan.is.

## STÆKKUN

Hugmyndir um að stækka álverið í Straumsvík hafa verið til umræðu allt frá árinu 2000. Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram og meðal annars er lokið umhverfismati vegna hugsanlegrar stækkunar, sem felur í sér 280 þúsund tonna framleiðsluaukningu á ári. Raunar hafa yfirvöld þegar veitt fyrirtækinu heimild til að framleiða allt að 460 þúsund tonn á ári, en hnýta þarf ýmsa lausa enda áður en stækkun getur orðið að veruleika.

Á www.alcan.is er að finna ítarlegar upplýsingar um stöðu málsins og við hvetjum alla áhugasama um að fylgjast vel með. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið isal@alcan.com.

### Upphafið

Samningar um byggingu álvers á Íslandi voru undirritaðir árið 1966, en viðræður milli svissneska fyrirtækisins Alusuisse og ríkisstjórnar Íslands höfðu þá staðið yfir í nokkur ár. Íslenska álfélagið hf. var stofnað og framkvæmdir hófust í Straumsvík. Þremur árum síðar hófst framleiðsla en verksmiðjan var formlega vígð í maí 1970.

Allt frá fyrstu árum fyrirtækisins hefur framleiðslugetan verið aukin, ýmist í stórum skrefum eða smáum, og er hún nú um 180 þúsund tonn á ári.

## FÓLKIÐ



Starfsmenn hjá Alcan á Íslandi eru um 470 talsins. Sérfræðingar, stjórnendur og millistjórnendur eru hátt í 70 og eru nær allir þeirra með háskólamenntun. Flestir hafa menntun á sviði verkfræði og tæknifræði, en einnig eru í okkar sérfræðingahópi viðskiptafræðingar, vörustjórnunarfræðingar og fólk með háskólapróf í jarðefnafræði, eðlisfræði, tölvunarfræði, félagsfræði og sálfræði svo fleiri dæmi séu nefnd. Um 120 iðnaðarmenn starfa hjá Alcan í Straumsvík; bifvélavirkjar, vélvirkjar, rafvirkjar, kokkar, rafeindavirkjar, málarar, múrarar o.fl. Hátt í 200 starfsmenn hafa lokið námi í Stóriðjuskólanum (stóriðjugreinar) og rúmlega 100 manns eru ófaglærðir.

Hjá fyrirtækinu er lítil sem engin starfsmannavelta, sem ótvírætt bendir til þess að okkar fólki líki við vinnustaðinn. Starfsaldurinn er að meðaltali hár og hátt á annað hundrað starfsmenn hafa náð 30 ára starfsaldri. Ákveðin kynslóðaskipti hafa þó orðið á undanförnum árum, þar sem margir frumkvöðlanna hafa látið af störfum og yngra fólk tekið við.

Ýmis fríðindi fylgja starfi hjá Alcan í Straumsvík. Auk vel samkeppnisfærra launa eiga starfsmenn kost á fari án endurgjalds með rútum sem aka um allt höfuðborgarsvæðið til og frá Straumsvík, þeim er lagður til vinnufatnaður og starfsmenn fá frítt fæði í vinnutímanum svo dæmi séu nefnd.

## JAFNRÉTTISMÁL

Alcan leggur ríka áherslu á jafnrétti kynjanna og að hver starfsmaður sé metinn að verðleikum út frá hæfni, reynslu og menntun. Fyrirtækið starfar eftir jafnréttisáætlun sem ætlað er að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum kynjanna. Á þetta við um rétt starfsmanna til starfa, kjara, aðstöðu, menntunar og setu í nefndum og ráðum.

Laus störf í öllum hópum standa báðum kynjum jafnt til boða, enda er ekkert í vinnuumhverfinu sem hamlar því að bæði kynin vinni tiltekin störf. Töluverður munur er þó á kynjahlutföllum milli hópa og margir hópar eru eingöngu skipaðir öðru kyninu, sérstaklega í hópi iðnaðarmanna.

Þótt greinin hafi alla tíð þótt karllæg eru konur við störf um alla verksmiðjuna, hvort sem er í kerskálum, steypuskála, mötuneyti eða á skrifstofum. Konur sýna flestum störfum áhuga og sumarið 2006 voru konur í meirihluta þeirra 140 starfsmanna sem ráðnir voru til sumarstarfa hjá fyrirtækinu. Hins vegar er hlutfall kvenna í föstu starfsliði enn aðeins um 15% þrátt fyrir að hafa mjakast upp á við á undanförnum árum. Sú tala er að okkar mati of lág, þótt svipaðar tölur megi finna í mörgum öðrum starfsgreinum.

Sjálfstæður réttur feðra til orlofs vegna fæðingar barns hefur haft mikil áhrif á fyrirtækið, enda heyrir það til undantekninga ef feður á vinnustaðnum nýta sér ekki þann rétt að fullu. Fyrirtækið hvetur þá einnig til þess, bæði almenna starfsmenn og stjórnendur, enda er það okkar skoðun að feðraorlofið geri karla að betri starfsmönnum. Mörg dæmi mætti nefna um duglega og kraftmikla starfsmenn sem komið hafa til baka úr feðraorlofinu jafn duglegir og áður, en með mun meiri ábyrgðartilfinningu og jafnvel betri öryggisvitund en fyrr. Það er ótvíræður kostur.

## ÖRYGGIÐ OFAR ÖLLU

Öryggismál eru stórmál í okkar augum, enda ekkert mikilvægara en að starfsmenn komist heilir frá vinnu. Sterk öryggisvitund hefur fest sig í sessi hjá okkar fólki og árangur þess á undanförnum árum er hreint út sagt frábær.

Með jákvæðum viðhorfum og hópstarfi hefur tekist að gera öryggismál að órjúfanlegum hluta af öllum daglegum störfum. Markviss fræðsla, áhættugreiningar og mælingar á árangursvísum, eru stöðugt í endurskoðun og náið samstarf við systurfyrirtæki okkar erlendis veitir okkur mikilvægan stuðning. Innan samsteypunnar er unnið eftir sameiginlegri aðferðafræði sem kallast EHS FIRST, en hún snýst um að setja ávallt umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismál í öndvegi.

Alcan í Straumsvík hefur um árabil verið í fararbroddi á sviði öryggismála á Íslandi og okkar starfsfólk hefur unnið mikið frumkvöðlastarf. Það gerir miklar kröfur til sjálfs sín og hvers annars, verktaka sem starfa á svæðinu og líður ekki brot á öryggisreglum. Árangur undanfarinna ára sýnir svart á hvítu hve samtakamátturinn er mikill þegar allir leggjast á eitt.

## FRÆÐSLUSTARF

Metnaðarfullt fræðslustarf er lykilþáttur í starfsemi Alcan á Íslandi. Fræðslan skilar sér í hærra menntunarstigi starfsfólksins og eflir fyrirtækið á allan hátt. Fræðslustundir starfsmanna skipta tugum þúsunda á hverju ári og ávinningurinn er sameiginleg eign starfsmannsins og fyrirtækisins og skapar verðmæti fyrir báða aðila.

Í fræðslustarfinu ber Stóriðjuskólann hæst. Í honum er boðið upp á sérhæft tækninám í áliðnaði á tveimur stigum, grunn- og framhaldsnámi. Markmiðið er að efla fagþekkingu og öryggi starfsfólks, auka möguleika þess á að vinna sig upp innan fyrirtækisins og efla samkeppnishæfni fyrirtækisins.

Að auki er boðið upp á margs konar fræðslu, t.d. þjálfun í tæknilegri færni starfsmanna á ýmsum sviðum, leiðtogaþjálfun, nýliðafræðslu, fræðslu um öryggis-, heilsu- og umhverfismál, mannleg samskipti og hópastarf. Hjá fyrirtækinu er til staðar fóstrakerfi sem auðveldar nýliðanum að kynnast vinnustaðnum og þeim fjölmörgu og flóknu verkum sem þarf að vinna.

Stjórnendum og framtíðarleiðtogum er einnig boðið upp á markvissa símenntun og það nýjasta er svokölluð Black Belt og Green Belt þjálfun, sem byggir á aðferðafræðinni Lean Six Sigma. Á www.alcan.is má fræðast nánar um þjálfunina. Á þessu sviði er Alcan í Straumsvík frumkvöðull á Íslandi en aðferðafræðin hefur notið vaxandi vinsælda erlendis upp á síðkastið.

## HEILBRIGÐISMÁL



Alcan er eitt fárra fyrirtækja á Íslandi sem hefur starfsmann í fullu starfi við að sinna heilsu- og heilbrigðismálum starfsfólks, auk þess sem trúnaðarlæknir fyrirtækisins hefur aðstöðu á svæðinu, þangað sem starfsmenn geta leitað. Þessi áhersla endurspeglar stefnu fyrirtækisins í umhverfis-, heilbrigðis og öryggismálum, en þá málaflokka teljum við náskylda og mikið samstarf er milli aðila sem sinna þeim.

Í heilbrigðismálum er áhersla lögð á vinnuverndarmál af ýmsum toga og með markvissum hætti er starfsfólk hvatt til að hugsa um heilsuna. Umfangsmikið heilsuátak varð t.d. kveikjan að breyttum lífsstíl hjá mörgum starfsmönnum og viðurkenningar frá opinberum aðilum sýna að árangurinn vekur athygli í samfélaginu. Meðal annars má nefna viðurkenningu frá Vinnueftirliti ríkisins fyrir góðan árangur í vinnuverndarmálum og Fjöreggið sem Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands afhendir fyrir góðan árangur á þessu sviði.

Margir starfsmenn Alcan eru mjög áhugasamir um þennan málaflokk, en sá áhugi kristallast til dæmis í mikilli þátttöku í átakinu Hjólað í vinnuna, sem Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands stendur fyrir árlega. Þar hafa starfsmenn Alcan frá upphafi farið með sigur af hólmi í flokki stærstu fyrirtækjanna og hjóluðu vorið 2006 rúma 19 þúsund kílómetra. Það nemur meira en vegalengdinni milli Íslands og Nýja-Sjálands!



UMHVERFISÞÆTTIR



## Grænt bókhald

Vorið 2001 voru gerðar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem m.a. fólu í sér að atvinnustarfsemi, sem er starfsleyfisskyld samkvæmt lögunum, skuli færa svokallað grænt bókhald. Alcan á Íslandi er eitt þeirra fyrirtækja sem skilar grænu bókhaldi og var skýrsla vegna starfseminnar árið 2005 að sjálfsögðu send inn fyrir tilskildan tíma.

Í reglugerð með lögunum er lýst þeim lágmarkskröfum sem grænt bókhald þarf að uppfylla, en stjórnendur fyrirtækja verða í hverju tilviki fyrir sig að ákveða hvernig þær lágmarkskröfur skuli uppfylltar, og hvort bókhaldið eigi að ná til fleiri sviða en lög gera ráð fyrir.

Hægt er að nálgast græna bókhaldið okkar á www.alcan.is.

## Lofttegundir

Við erum stolt af góðum árangri okkar í umhverfismálum og þar er losun lofttegunda ekki undanskilin. Okkar aðgerðum er ætlað að koma í veg fyrir að flúorgas og ryk frá kerskálum fari út í andrúmsloftið og stuðla að því að slík efni haldist í vinnslurásinni. Þetta er gert með þurrhreinsibúnaði í hæsta gæðaflokki og er árangurinn hér með því besta sem þekkist.

Þurrhreinsun á afgasi frá kerum er viðurkennd sem besta fáanlega tæknin til að hreinsa flúor úr lofti. Með henni náum við að hreinsa að meðaltali yfir 99,5% af flúornum og raunar er árangurinn í nýjustu þurrhreinsistöðinni af þremur yfir 99,9%.

Frábær árangur hefur einnig náðst við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Með góðum og jöfnum kerrekstri hefur dregið stórlega úr myndun flúorkolefna og dregið hefur verið úr notkun jarðefnaeldsneytis á ýmsum sviðum fyrirtækisins.

## Kerbrot og flæðigryfjur

Við álframleiðslu myndast mikill hiti í kerunum og því þarf að fóðra þau að innan með eldþolnum steinum af ýmsu tagi. Í botni keranna eru svo bakskaut úr kolefnum sem hafa það hlutverk að leiða rafstraum út úr kerinu.

Vegna mikils álags á fóðringuna þarf reglulega að endurfóðra kerin og er gamla fóðringin þá brotin úr þeim. Ný er sett í staðinn en mest af þeirri gömlu er urðað á sérstökum urðunarstað, eins og gert er ráð fyrir í starfsleyfi verksmiðjunnar. Þennan urðunarstað, sem staðsettur er við sjóinn, köllum við flæðigryfjur og gömlu fóðringuna köllum við kerbrot.

Þegar kerbrotin eru sett í flæðigryfjurnar er skeljasandi blandað saman við þau. Hár grjótgarður ver þær fyrir öldugangi en í þeim gætir sjávarfalla og því flýtur sjór yfir efnin á botni gryfjunnar. Þannig hlutleysast úrgangsefnin með tímanum, án þess þó að hafa skaðleg áhrif á lífríkið.

Þegar flæðigryfjurnar eru teknar úr notkun er þeim lokað með skeljasandi og mold áður en tyrft er yfir þær. Rannsóknir hafa verið gerðar frá 1990 af Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins á áhrifum flæðigryfja á lífríkið. Þær sýna að áhrifin eru hverfandi.

## Markviss flokkun

Til að stuðla að markvissri flokkun úrgangsefna og draga þannig úr urðun, rekur fyrirtækið sína eigin gámastöð á athafnasvæðinu í Straumsvík. Með tilkomu stöðvarinnar hefur óflokkaður úrgangur minnkað og í samráði við birgja hefur einnig verið dregið mjög úr umbúðanotkun. Spilliefnum er safnað sérstaklega og þau eru síðan send til eyðingar.

## Endurvinnsla og endurnýting

Meirihluti úrgangs sem til fellur er endurunninn eða endurnýttur og sífellt er nýrra leiða leitað til að draga úr urðun. Allar skautleifar eru sendar til framleiðenda og notaðar við framleiðslu á nýjum skautum, matar- og garðaúrgangi er safnað saman og hann notaður til moltugerðar.

## Frárennsli

Frárennslisvatn á svæðinu er hreinsað með tvennum hætti áður en það er leitt í sjó, annars vegar í rotþróm og hins vegar í olíugildrum, eftir því sem við á. Viðurkenndir aðilar hafa reglulegt eftirlit með rotþrónum og olíugildrunum og tæma þær eftir þörfum. Viðmiðunarmörk fyrir olíu í frárennsli í útrásum eru 15 mg/l, en árlega eru tekin sýni úr öllum útrásum. Styrkur olíu í frárennsli hefur um árabil mælst vel undir viðmiðunarmörkum.

## Hávaði

Til að fylgjast með því hvort hávaði frá verksmiðjunni sé innan viðmiðunarmarka er hann mældur á 14 mælipunktum á lóðamörkum Alcan. Helstu hávaðauppsprettur eru löndunarbúnaður og þurrhreinsistöðvar og eru mælingar framkvæmdar meðan löndun er í gangi. Viðmiðunarmörk hávaða við lóðamörk eru 70dB og voru allar mælingar árið 2005 innan þeirra marka.

## STUÐNINGUR VIÐ RANNSÓKNIR



Alcan í Straumsvík hefur á undanförnum árum styrkt ýmis verkefni sem lúta að náttúruvernd og umhverfisrannsóknum. Á undanförnum árum hafa sérstakir umhverfisstyrkir verið veittir en framvegis verður styrkjum til umhverfismála úthlutað úr nýstofnuðum Samfélagssjóði Alcan, þar sem ákveðinn hluti sjóðsins er eyrnamerktur málaflokknum.

Meðal þeirra umhverfisverkefna sem við höfum stutt á undanförnum árum eru:

- Rannsókn á líffræði, eðlis- og efnaþáttum Kleifarvatns.
- Rannsókn á hopi og skriði jökla.
- Rannsókn á dvergbleikju í Straumsvík og Kaldá.
- Rannsókn á áhrifum gróðurs á hraða og heildaruppsöfnun kolefnis í íslenskum vistkerfum.
- Rannsókn á stofnstærð villiminksins á Íslandi, náttúrulegum vanhöldum og áhrifum veiða á stofninn.
- Rannsókn á æxlunarlíffræði og nýliðun íslensku hálendisflórunnar.
- Rannsóknir á gleypnum leir (bentonite) sem bindiefni og skammtara áburðar í landgræðslu.
- Rannsókn á áhrifum eðlis- og efnafræðilegra umhverfisþátta á lágplöntu- og lyngsamfélög í nágrenni stóriðju.
- Rannsókn á þungmálmum í mosa í nágrenni álversins.

## SAMFÉLAGIÐ

Starfsemi Alcan á Íslandi hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið. Hátt í 500 manns eru í fullu starfi hjá fyrirtækinu, sem greiðir vel samkeppnishæf laun, og um 150 eru ráðnir til sumarafleysinga á hverju ári. Því til viðbótar lætur nærri, að á hverjum virkum degi séu á athafnasvæðinu í Straumsvík um 100 starfsmenn smærri og stærri verktaka.

Þótt mestur hluti hráefna og tækja sé innfluttur verða um 40% af veltunni eftir á Íslandi; aðallega í formi orkukaupa, skatta, launagreiðslna og fjárfestinga. Fyrirtækið kaupir margvíslega þjónustu og vörur af íslenskum fyrirtækjum og skiptir það mörg þeirra verulegu máli. T.d. kaupir Alcan í Straumsvík vörur og þjónustu af fyrirtækjum í Hafnarfirði fyrir rúman milljarð króna á ári.

## STYRKIR OG SAMSTARF

Alcan styður myndarlega ýmis samfélagsmál. Fyrirtækið styður til dæmis við barna- og unglingastarf allra íþróttafélaga í Hafnarfirði, en samkvæmt sérstökum samningi leggur fyrirtækið fram 15 milljónir króna á árunum 2005-2007 til stuðnings barna- og unglingastarfinu.

Fyrirtækið hefur stutt umhverfisrannsóknir og verkefni af ýmsum toga og látið fé renna til ýmissa góðgerðarfélaga. Meðal nýlegra verkefna má nefna veglegan stuðning við átakið Blátt áfram, verkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar um að hafa björgunarsveitir til taks á hálendinu yfir sumartímann og gerð göngustíga í skógarlundum Undirhlíða við Kaldársel. Alcan var einn bakhjarla rannsóknar á atvinnuþátttöku og stöðu foreldra að loknu foreldraorlofi og hefur stutt æskulýðsstarf hafnfirskra skáta svo dæmi séu nefnd.

Á www.alcan.is má sjá margvísleg önnur verkefni sem Alcan hefur stutt, en þar er einnig að finna ítarlegar upplýsingar um Samfélagssjóð Alcan. Hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum hvenær sem er, en honum er ætlað að styðja við verkefni sem endurspegla gildi fyrirtækisins.



## ÍSLENSKU BJARTSÝNISVERÐLAUNIN

Íslensku bjartsýnisverðlaunin, áður Bjartsýnis-verðlaun Brøstes, eru árleg menningarverðlaun sem eiga sér langa sögu. Þau voru fyrst afhent árið 1981 og voru allt til ársins 1999 kennd við upphafsmann sinn, Danann Peter Brøste.

Við verðlaunaafhendinguna það ár var ljóst að Brøste vildi draga sig í hlé eftir 18 ára starf og skoraði hann á íslensk fyrirtæki að halda þessum merku menningarverðlaunum á lífi. Alcan í Straumsvík tók þeirri áskorun og varð bakhjarl verðlaunanna frá og með árinu 2000. Nafni þeirra var breytt í Íslensku bjartsýnisverðlaunin með samþykki forseta Íslands, sem frá upphafi hefur verið verndari verðlaunanna.

Íslensku bjartsýnisverðlaunin hafa fyrir löngu fest sig í sessi. Margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar hafa hlotið verðlaunin, en þau eru í senn hvatning og viðurkennig fyrir vel unnin störf.



## SJÁLFBÆRIVERÐLAUN ALCAN

Alcan Inc., móðurfélag Alcan á Íslandi, hefur stofnað til alþjóðlegra verðlauna sem hlotið hafa nafnið Sjálfbæriverðlaun Alcan (e. Alcan Prize for Sustainability). Verðlaunin eru afhent árlega og vinningsféð, ein milljón dollara, kemur allt í hlut þess félags eða samtaka sem hljóta verðlaunin hverju sinni.

Með Sjálfbæriverðlaunum Alcan vill fyrirtækið ýta undir metnaðarfullt starf félagasamtaka um allan heim sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni en hafa umhverfislegt, félagslegt eða efnahagslegt sjálfbæri að markmiði.

Íslensk félagasamtök geta að sjálfsögðu sótt um verðlaunin en ítarlegar upplýsingar má finna á vefsíðunni www.alcanprizeforsustain ability.com.



## UMHVERFIÐ

Í umhverfismálum setjum við okkur metnaðarfull markmið og höfum náð mjög góðum árangri.  Við eigum samleið með þeim sem vilja hag umhverfisins sem mestan og teljum að í víðu samhengi sé ál umhverfisvænn málmur, sérstaklega þar sem endurnýtanlegir orkugjafar eru nýttir til framleiðslunnar.

Við viljum vera fyrirmynd annarra í umhverfismálum, bæði í okkar iðnaði og utan hans, og erum stolt af okkar framlagi.  Þannig varð Alcan í Straumsvík fyrst fyrirtækja á Íslandi til að koma á fót umhverfisstjórnun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14001 og grænt bókhald hefur verið fært hjá okkur mun lengur en reglugerðir kveða á um.  Umhverfisverðlaun Umhverfisráðuneytisins hafa komið í okkar hlut, m.a. fyrir að ganga lengra í umhverfismálum en íslensk lög krefjast.

Alcan í Straumsvík er frumkvöðull í birtingu umhverfisupplýsinga úr rekstrinum og hefur þannig stuðlað að upplýstri og fordómalausri umræðu um málefni fyrirtækisins. Því ætlum við að halda áfram.

Alcan á Íslandi hf.
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Netfang: isal@alcan.com
Vefur: www.alcan.is



Nýjar námskrár hafa tekið gildi í fjölmörgum iðngreinum á undanförnum misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Tölvusnillingur sýnir réttu taktana

## Hönnuðurinn og photoshop-kennarinn Ben Willmore heldur námskeið á vegum prenttæknisviðs Iðunnar.

Photoshop-fræðingurinn Ben Willmore er á leið til Íslands og mun halda námskeið í photoshop fyrir fagmenn og áhugamenn um hönnun og prentsmíði dagana 5.-6. október.

Á námskeiðinu kemur Willmore meðal annars inn á gegnsæi og vatnsmerki, „layera" og meðhöndlun þeirra í flókinni myndvinnslu meðal annars og meðhöndlun „vextor"-texta utan photoshop svo fátt eitt sé nefnt.

Námskeið Willmores hafa notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina, enda þykir hann bæði vera frábær kennari og fyrirlesari, meðal annars vegna þess að hann getur gert flókin verkefni einföld og aðgengileg.

Námskeiðið er haldið á vegum prenttæknisviðs Iðunnar og verður haldið í húsnæði fræðslusetursins að Hallveigarstíg 1. Það er um að gera og tryggja sér sæti með því að hafa samband í síma 590 6400 enda takmarkaður sætafjöldi í boði. Nánari upplýsingar á www.si.is

*-rve*



# Tæknin í iðnnámi að aukast

## Miklar breytingar hafa orðið í iðnnámi að undanförnu og eru áherslur að breytast.

Iðnnám þróast og breytist eins og annað nám, auk þess sem nýir áfangar bætast við. Til dæmis má nefna að Iðnskólinn í Reykjavík býður nú í ár í fyrsta skiptið upp á nám í lýsingarfræði, sem er menntun fyrir fólk til þess að hanna og skipuleggja lýsingu í húsnæði. „Við setjum þetta upp á háskólastigi þar sem við gerum kröfur um að nemendur hafi ákveðið mikið nám að baki," útskýrir Baldur Gíslason, skólameistari Iðnskólans í Reykjavík. Námið skiptist í tvennt; annars vegar er hægt að verða lýsingarfræðingur og hins vegar lýsingarhönnuður og eru áherslurnar í náminu mismunandi eftir bakgrunni nemenda.

Aðspurður um þær breytingar sem orðið hafa á undanförnum árum á iðnnámi segir Baldur þær vera þó nokkrar. „Í nær öllum iðngreinum eru komnar nýjar námskrár, sú nýjasta í rafiðngreinum. Breytingarnar felast að mestu í því að handverkið er farið að vega minna en tæknin er að verða meiri." Undir þessi sjónarmið tekur Þór Pálsson, áfangastjóri Iðnskólans í Hafnarfirði. „Námið er komið meira í skólana og aukin fagþekking og verkkunnátta er það sem hefur verið að þróast mest. Krafan um meiri tækni er alltaf að aukast."

*- sha*


allt
atvinna
Alla sunnudaga





Náttúruvernd
og nýting náttúruauðlinda

Hver er stefna stjórnvalda?
Er hægt að sætta sjónarmið um nýtingu og verndun?

Opinn morgunfundur Samtaka iðnaðarins fimmtudaginn 5. október á Hótel Nordica

Stjórn og ráðgjafaráð SI efna til morgunfundar um náttúruvernd og nýtingu náttúruauðlinda á Hótel Nordica fimmtudaginn 5. október nk. Fundurinn hefst stundvíslega kl. 8:00 og stendur til 10:00.

Ræðumenn:

Jón Sigurðsson
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Andri Snær Magnason
rithöfundur

Illugi Gunnarsson
hagfræðingur

Pallborðsumræður ræðumanna
Stjórnandi: Svanhildur Hólm Valsdóttir

Fundarstjóri:
Helgi Magnússon formaður Samtaka iðnaðarins



Fundurinn er öllum opinn.
Félagsmenn SI eru eindregið hvattir til að mæta.

SI
Samtök iðnaðarins





# Iðnaður í heimahúsi

Iðnaður fer ekki aðeins fram í stórum verksmiðjum. Hann er einnig hægt að stunda heima fyrir.

Heimilisiðnaður á borð við sultugerð hefur viðgengist frá ómunatíð og engin ástæða til annars en að halda í þá hefð. Hér eru uppskriftir að fjórum sultutegundum sem allir ættu að geta útbúið heima.

STIKILSBERJASULTA
1/2 kg stikilsber
1/2 kg græn epli
2 dl vatn
4 1/2 dl sykur
1 kanilstöng

Berin þvegin en eplin flysjuð og kjarnhreinsuð. Maukið ber og epli í matvinnsluvél. Maukið sett í pott með vatninu og kanilstönginni og soðið í 20 mínútur. Þá er sykurinn látinn út í og síðan er sultan soðin áfram í 10 mínútur.

SULTA ÚR JARÐARBERJUM OG RABARBARA
1 kg rabarbari (úr frystinum)
1 kg sykur
1/2 kg jarðarber



Allt soðið í um 20 mínútur og síðan maukað. Soðið aftur, hleypir settur út í samkvæmt leiðbeiningum á umbúðunum.

RIFSBERJAHLAUP



Berin þvegin og hreinsuð og sett í pott með stilkunum og smávegis laufi ásamt vatnslögg, þó ekki svo miklu vatni að fljóti yfir. Soðið í 30 mínútur. Síað í grisju yfir nótt. Safinn settur í pott, setjið 1 kg af sykri á móti 1 lítra af safa. Sjóðið í 30 mínútur. Setjið sjóðandi heitt í litlar krukkur sem áður hafa verið hitaðar í ofni og setjið lokið á.



BLÁBERJASULTA
500 g ber
1 1/2 l vatn
Soðið í fimm mínútur. Tekið af hellunni og berin kramin.
350 g sykur
Stráið sykri yfir smátt og smátt og sjóðið áfram í 10 mínútur.

Setjið í litlar krukkur, þær fylltar alveg og lokað strax. Nauðsynlegt er að vera nákvæmur með suðutímann.






www.fronkex.is
Frón
Súkkulaði
Póló
Frón
kemur við
sögu
á hverjum
degi
Súkkulaði Póló
Allir elska
Súkkulaði Póló
frá Frón.
Súkkulaðihúðað
kókoskexið
sem maður fær
aldrei nóg af,
enda kemur það
við sögu á hverjum degi!
ÍSAM
www.isam.is



Guðni Rúnar Jónasson, formaður Iðnnemasambands Íslands, segir margt vera á döfinni hjá INSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Leiðtogaskóli fyrir nemendafélög

Nóg er um að vera hjá Iðnnemasambandi Íslands á næstunni. Guðni Rúnar Jónasson, formaður INSÍ, fræddi blaðamann um það sem ber hæst hjá þessu fornfræga sambandi.

„Það sem ber kannski fyrst að nefna er að um næstkomand helgi verðum við með leiðtogaskóla fyrir forystufólk nemendafélaganna í iðn- og starfsnámsskólum landsins. Á námskeiðinu verður farið í almenna stjórnsýslu nemendafélaganna og farið yfir mikilvæga punkta sem flestir nemendafélagsmenn hafa ekki áttað sig á fyrr en tímabili þeirra er lokið,“ segir Guðni Rúnar.

„Reyndir leiðbeinendur úr félagsstarfi munu koma að leiðtogaskólanum; þetta er fólk sem hefur starfað lengi á sviði æskulýðsmála eða hjá Iðnnemasambandinu. Þetta mun gefa okkur nýja vídd í starfsemina, í iðn- og starfsnámsskólum er aldursdreifing nemenda mun meiri en í bóknámsskólum og því er það dálítið misjafnt hvernig nemendafélögin hafa virkað. Við teljum það mjög mikilvægt að efla félagslífið í skólunum því rannsóknir hafa sýnt að gott framboð í félagslífi spornar mjög við brottfalli úr skólum og stuðlar jafnframt að meiri námsáhuga,“ segir hann og bætir því við að sú stefna sem Iðnnemasambandið hafi tekið sé að berjast meira fyrir hagsmunum nemenda innan veggja skólana.

Landsþing Iðnnemasambands Íslands verður nú haldið í 64. skipti og býst Guðni Rúnar við líflegu þingi. „Ég á von á því að einna helst verði tekinn fyrir úrskurður Jónsnefndar svokallaðrar sem heitir svo eftir formanni nefndarinnar, Jóni B. Sigurðssyni. Þessi nefnd var að koma með nýjar og ferskar hugmyndir um uppsetningu framhaldsskólanna og þykja þær víst dálítið róttækar.“

Að lokum vill Guðni Rúnar minna á að Iðnneminn, blað Iðnnemasambands Íslands, kemur út á dögunum.

*- vör*






*Svíf þú inn í svefninn*



## *RB-rúm*

**Hágæðarúm á góðu verði.**
**Smíðuð eftir þínum óskum.**

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla

| Hágæða sælurúm | Nolterúm |
| --- | --- |



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á spring-dýnum.



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB RÚM
Stofnað 1943

# Möguleikarnir fyrir hendi

Íslensk hönnun hefur á undanförnum árum vaxið nokkuð ört. Listaháskólinn útskrifar á hverri önn fleiri og fleiri nemendur og því gera menn sér vonir um að hönnun geti orðið að stórum iðnaði hér á landi. En er möguleikarnir fyrir hendi? Fréttablaðið leitaði svara hjá Óðni Björgvinssyni vöruhönnuði.

„Auðvitað vonar maður að slíkt sé raunin en það er ekkert sjálfgefið að fólk haldi áfram í hönnun eftir námið. Hins vegar virðist vera nóg að gera fyrir þessa hönnuði," svarar Óðinn. Hann er sammála því að landslagið hafi breyst nokkuð að undanförnu fyrir íslenska hönnuði og þakkar það fyrst og fremst bættu námi í Listaháskóla Íslands. Aðspurður um hvort ríkið þurfi að styðja betur við bakið á upprennandi hönnuðum er Óðinn ekkert endilega hlyntur því. „Oft vill slíkt verka letjandi nema að það sé því meira aðhald og eins getur skapast mikill klíkuskapur í kringum styrktarkerfi." Óðinn telur mikilvægara að hönnuðum verði gert auðveldara um vik varðandi markaðssetningu og framleiðslu. „Það er umtalað að þetta sé flöskuhálsinn, við þurfum að komast inn á stærri markaði."

Óðinn segir að verið sé að leggja línurnar í rétta átt og því er mikilvægt að uppbygging haldi áfram á sömu braut. Eitt af því sem Óðinn nefnir sem dæmi að þurfi að stórbæta sé upplýsingaflæðið. „Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til þess að laga þetta en einhvern veginn hafa tilraunirnar aldrei heppnast sem skyldi. Smáatriði á borð við upplýsingaflæði er það sem þarf að laga og má auðveldlega gera með litlu fjármagni. Þannig geta hönnuðir líka unnið sem ein heild en ekki gegn hvor öðrum. Hins vegar verður að passa upp á að skemma ekki frumkvæði einstaklingsins. Allar keppnir eru til dæmis af hinu góða. Þær ýta undir að hönnuðir hittist og er hvatning til að halda áfram að þroskast sem hönnuðir."

Enn sem komið er hefur ekki mikið verið um útflutning á íslenskri hönnun. Óðinn telur hins vegar að möguleikarnir séu svo sannarlega fyrir hendi og bendir á nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum í því samhengi. Allir verði hins vegar að leggjast á eitt og sé hið ópinbera ekki undanskilið í því samhengi. „Hins vegar þarf að passa sig á því að þetta verði ekki einhvers konar bákn sem einkennist af klíkuskap og geri hlutina einsleita. En það er ekki spurning að hæfileikarnir eru hér á landi til þess að gera hönnun að stærri iðnaði," segir Óðinn að lokum. *-sha*



Einfalt dæmi um söluvæna hönnun en frekari upplýsingar um hönnun Óðins má nálgast á odinn.com.



Óðinn Bolli Björgvinsson iðnhönnuður í einu verka sinna.



## Hve marga þjóna vilt þú hafa?

Eitt sinn í árdaga rafmagnsins var sagt að not af rafmagni á heimili væri á við marga þjóna. Heimilistækin t.d. þvottavélin, örbylgjuofninn, eldavélin, ljósin og tölvurnar vinna margra manna verk á hverjum degi með hjálp rafmagns. Nú á dögum er þörf fyrir enn fleiri þjóna og þá getum við hjálpað.

Getur þú hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
*lifandi afl*

RARIK HF • RAUÐARÁRSTÍG 10 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 528 9000 • WWW.RARIK.IS

## Stjórnaðu tíma þínum

Starfsmennt fræðslusetur býður upp á námskeið í tímastjórnun.



Margir kvarta undan tímaleysi og finnst klukkustundirnar í sólarhringnum aldrei nógu margar. Góð tímastjórnun er mikilvæg fyrir alla, þó einkum þá sem vinna sjálfsætt og þurfa að stjórna sínum tíma algerlega sjálfir.

Starfsmennt Fræðslusetur bíður upp á námskeið í tímastjórnun sem hefst þann 26. október. Kennari er Ingrid Kuhlman, þjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun. Á námskeiðinu fá þátttakendur innsýn í hvernig má verja tíma sínum dag hvern og þeim kennt að forgangsraða verkefnum. Einnig eru kenndar aðferðir við að takast á við truflanir og áreiti af ýmsum toga. Tekin eru fyrir atriði eins og algengir tímaþjófar, frestun, skipulagning og áætlanagerð, fundir og fundarstjórn, að segja nei, jákvætt hugarfar og sjálfsstjórn.

Nánari upplýsingar má finna á www.smennt.is



Auðvelt er að búa til mjög fallega skartgripi úr Swarovski-kristöllum.

## Sérstakir skartgripir

Dagana 27. og 28. september verða haldin tvö námskeið í skartgripagerð í versluninni Föndru á Dalvegi í Kópavogi. Á fyrra námskeiðinu verður þáttakendum kennt að gera hálsmen úr grófum glerperlum og málmi og á seinna námskeiðinu verður unnið með Swarovskikristalsperlur. Námskeiðin hefjast klukkan 19.00 en allar frekari upplýsingar um þau má fá á heimasíðu Föndru, http://www.fondra.is eða í síma 568-6500.


VERTU MEÐ...
VERTU DÚNDUR!
Góa
Lakkrís dúndur
Góa
Stofnað 1968
hausverk / SÍA / 5971

# Færri komast að en vilja

**Prenttæknistofnun býður í haust og vetur upp á fjölbreytt námskeið fyrir þá sem starfa í prentiðnaðinum.**

Prenttæknistofnun hefur það hlutverk að sinna símenntun og endurmenntun fyrir prentiðnað á Íslandi. Stofnunin hefur undanfarin ár haldið námskeið er varða alla helstu þætti prentiðnaðarins, svo sem prentun, prentsmíð og bókband. Í haust eru fjölmörg áhugaverð námskeið í boði fyrir hópa og einstaklinga.

Meðal námskeiða sem í boði eru á haustönn 2006 eru námskeið í litstýringum fyrir prentara og prentsmiði, fóliugyllingar fyrir bókbindara og prentara og InDesign námskeið fyrir hönnuði og prentsmiði, auk hins vinsæla Photoshop-námskeiðs. Námskeiðin eru fjölbreytt og misjafnlega efnismikil, minnstu námskeiðinu eru kennd á 6 kennslustundum og þaðan upp úr, þau stærri eru kennd á allt upp í 36 kennslustundum. Samkvæmt upplýsingum hafa færri komist að en vilja á vinsælustu námskeiðin og því hafa myndast biðlistar, en aukanámskeið verða haldin ef áhugi fyrir þeim verðu nægilega mikill. Á vefsíðu Prenttæknistofnunar er hægt að nálgast lýsingar á fyrirhuguðum námskeiðum, en auk þess er hægt að ganga rafrænt frá skráningu í þau.

*-vör*



Fjöldi fólks sækir námskeið á vegum Prenttæknistofnunar.


# Drekkur þú vatn ? *í vinnunni*

Nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga:



Allur vatnsgangur útskiptanlegur



Innbyggt plastmálahald tryggir aukið hreinlæti. Lekabytta sem lætur vita þegar hún er full



Allir kælar færanlegir á hjólum

**Er kælirinn með útskiptanlegum vatnsgangi?**
Það þýðir að þeir hlutar sem eru í snertingu við vatnið, eru teknir úr kælinum og nýir settir í staðinn með reglulegu millibili. Þetta er gert til þess að tryggja gæði vatnsins.

**Þetta er hluti af Selecta þjónustunni**

**Er kælirinn frá viðurkenndum framleiðanda?**
Athugaðu hvort kælirinn er með löglega viðurkenningu yfirvalda, **CE** merkingu. Öll raftæki eiga að hafa slíka viðurkenningu samkvæmt lögum.

**Er kælirinn með virka loftsíu?**
Mikilvægt er að loftið sem fer inn í brúsann þegar vatnið rennur úr honum sé síað með bakteríusíu.

**Er vatnið átappað undir eftirliti?**
Selecta vatn er átappað undir gæðaeftirliti tveggja óháðra eftirlitsaðila.

**Er þjónustan veitt af viðurkenndum þjónustuaðila?**
Selecta er hluti af stærsta fyrirtæki heims á sviði matvælaþjónustu við vinnustaði og stofnanir Compass-Group PLC. Þar starfa 390.000 starfsmenn undir gæðaeftirliti um allan heim. Selecta starfar á Íslandi samkvæmt starfsleyfi Umhverfis og heilbrigðisstofu Reykjavíkur.



**Drekktu vatn - vertu viss um gæðin**

selecta
www.selecta.is



Bakteríusía

Einnota vatnsgangur sem skipt er um reglulega.

Hringdu og fáðu hjá okkur kæli til reynslu
**5 85 85 85**


## Vissir þú?

að hver einasta OPAL-tafla var gerð í höndunum í tuttugu ár, þar til vélar leystu mannshöndina af hólmi?

að árið 1936 voru aðeins 290 rafmagnseldavélar í Reykjavík eða í innan við 5% íbúða í bænum?

að smjörlíki var fyrst flutt til Íslands árið 1885 en fyrsta innlenda smjörlíkisverksmiðjan tók til starfa 1919 og þar var kona verkstjóri?

að fyrsta tölvan kom til Íslands árið 1964, kostaði á við vænt einbýlishús og þurfti heilan sal undir hana?

að „Vindlagjörðarfélag Reykjavíkur" var stofnað árið 1900 en á þeim tíma blómstruðu vindlagerðir í bænum og nærri 100 manns unnu við tóbaksiðnað?

að Vinnufatagerð Íslands og Sjóklæðagerð Íslands urðu fyrstar til að fjöldaframleiða fatnað hérlendis og þar var unnið í ákvæðisvinnu í fyrsta sinn í verksmiðjurekstri á Íslandi.

að vélvæðing hófst á reykvískum verkstæðum árið 1897 þegar járnsmiðja og prentsmiðja fengu steinolíumótora til að knýja rennibekk og prentvél?

að dráttarbáturinn Magni, tekinn í notkun árið 1955, var fyrsta stálskipið sem smíðað var á Íslandi?

að rafljósaskilti með heiti búðar var fyrst sett upp í Reykjavík haustið 1918 og var nafnið „skráð eldlegum stöfum" og lýsti langt á haf út?

*Heimild: www.idan.is*


MARKAÐURINN

**Sögurnar, tölurnar, fólkið.**

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**




**BLIKKSMIÐJA GYLFA EHF.**

KLETTHÁLS 9 ● 110 REYKJAVÍK ● SÍMI 567 4222 ● FAX 567 4232

Á undanförnum árum hefur það færst í vöxt að gera upp gömul hús víða um land og þar kemur bárujárnið sannarlega við sögu. Einnig hafa hönnuðir húsa aldrei lagt bárujárnið á hilluna þrátt fyrir miklar tískusveiflur í hönnun. Það sést vel á mörgum nýjum húsum. Blikksmiðja Gylfa býður uppá heildarlausnir á þakfrágangi og veggklæðningum úr bárujárni. Allir fylgihlutir eru framleiddir hjá Blikksmiðju Gylfa og ávallt til á lager. Þaulreyndir fagmenn með áratuga reynslu eru til staðar og veita tæknilegar upplýsingar og ráðgjöf. Nóg er að koma með teikningar á staðinn og fagmenn Blikksmiðju Gylfa finna réttu lausnina.

þakrennur • klæðningar • stallastál • fylgihlutir






Hágæðasteypa frá BORG – til afhendingar strax!




# Nýr valkostur fyrir byggingaraðila

- **BORG** býður **steinsteypu** úr hágæðasementi, besta fáanlega fylliefni og framleidda samkvæmt ströngustu gæðastöðlum.
- Steypan er framleidd í nýrri steypustöð okkar við Bakkabraut í Kópavogi. Steypan okkar hefur **þjálni, styrk og endingu**.
- **BORG** framleiðir steinsteypu samkvæmt **ÍST EN 206-1:2000** steinsteypustaðlinum.
- Steinsteypan frá **BORG** er framleidd undir gæðaeftirliti sérfræðinga frá **Línuhönnun ehf.**
- Framleiðslan frá **BORG** er vottuð af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.
- Steinsteypuframleiðslan hjá **BORG** er undir stöðugu innra gæðaeftirliti fyrirtækisins.
- **BORG** flytur steinsteypuna með nýjum Benz steypu- og dælubílum. Bílstjórarnir hjá BORG eru þaulvanir og þekktir fyrir einstaka þjónustulund.

**BORG býður allar tegundir steinsteypu auk sandlögunar, flotsteypu og sjálfútleggjandi steypu.**

**Pantanir og upplýsingar í síma: 414-7777**

GÆÐI - ENDING - ÁREIÐANLEIKI

**BORG - Steypustöð**

Bakkabraut 9 · 200 Kópavogur · Sími: 414-7777 · Fax: 517-8901 · borg@evborg.is




viðskiptasamböndum og hjálpað til við að byggja upp og bæta samskipti.

Nýleg dæmi sanna að oft getur það sem álitið er saklaust skop á einum stað verið túlkað sem argasti dónaskapur eða eitthvað mun verra annars staðar. Nærtækasta dæmið um hvernig húmor getur snúist upp í andhverfu sína er skopteikningamálið sem skók heimsbyggðina alla í fyrrahaust. Hvort sem segja má að það hafi verið saklaus húmor eða illkvittni af ásetningi mun fáa hafa grunað hversu víðtækar afleiðingar það átti eftir að hafa í för með sér. Það kostaði ekki bara fjölmörg dönsk fyrirtæki ógrynnin öll af peningum og áratugalöng viðskiptasambönd töpuðust, heldur gróf það enn frekar undan þeim skilningi sem þegar var til staðar milli menningarheimanna tveggja.

Sjaldan er vænlegast til vinnings að haga samskiptum sínum við fólk erlendis og eins og þeim má haga heima á Íslandi. Á það bæði við um fjarlæga og framandi menningarheima en líka um Evrópu þar sem fjölmörg þjóða- og menningarbrot búa saman á tiltölulega litlu landsvæði og menning þjóða sem jafnvel deila sömu landamærum getur verið gjörólík.

**VAXANDI ÁHUGI Á FJÖLMENNINGARFRÆÐUM**

Rafn Kjartansson, lektor við Háskólann á Akureyri, er einn þeirra sem tekið hafa þátt í nýsköpunarverkefninu CEReS á sviði menningarfræða sem kostað er af Leonardo, þróunarsjóði Evrópusambandsins. Háskólakennarar og kaupsýslumenn taka þátt í verkefninu auk nemenda úr fjórum háskólum í Evrópu sem að Rafns sögn brúa bilið milli akademíunnar og viðskiptalífsins. Tilgangur verkefnisins er hönnun námsefnis af nýjum toga í menningarlæsi og fjölmenningu sem ætlað er viðskiptadeildum háskóla og fyrirtækjum sem starfa erlendis. Rafn segir verkefnið brýnt því bæta þurfi menntun á sviði fjölmenningarfræða. „Maður lærir vissulega fyrst og fremst samskipti með því að eiga samskipti við fólk. En þótt reynslan sé hinn ágætasti kennari getur það verið þjáningarfullt að læra með því að reka sig á menningarmúrana.“ Áður en hafist var handa við framkvæmd verkefnisins var gerð könnun á því meðal háskóla aðildarlandanna hvort áhugi væri fyrir slíkri menntun. Kom í ljós að vaxandi áhugi er á þessum fræðum og svo virðist sem fleiri séu farnir að sjá gildi þess að þekkja viðskiptavininn og hvernig hann hugsar.

**NOTKUN HÚMORS SKIPTIR MÁLI**

Hluti af verkefninu var að nemendur tóku viðtöl við 25 stjórnendur víðs vegar um Evrópu. Voru þeir beðnir um að segja frá því hvað hefði farið úrskeiðis í alþjóðlegum samskiptum þeirra og leyfa þannig öðrum að læra af mistökum þeirra. Allir sem einn voru þeir sammála um að afar mikilvægt væri að nota húmor í viðskiptum. Jafn vissir voru þeir þó um að það bæri að fara að öllu með gát og mikilvægt að nota húmorinn rétt. Einn þeirra sem sagði sögu sína var breskur stjórnandi sem einhverju sinni var að stjórna löngum og erfiðum samningaviðræðum í Asíu með stórum hópi fólks. Þegar gert var hlé á fundinum vildi hann hrista upp í mannskapnum, eins og tíðkast á hans heimaslóðum, og lagði fyrir hópinn leik. Eftir fundinn fékk hann að heyra að með þessu hafði hann móðgað hátt settan yfirmann fyrirtækisins alvarlega og sett samningaviðræðurnar í uppnám. Honum hafði láðst að taka með í reikninginn að í Asíu er svokölluð valdafjarlægð mun meiri en hann átti að venjast. Þar sýna undirmenn yfirmanni sínum við allar kringumstæður djúpa virðingu og með þessu hafði hann opnað fyrir þann möguleika að hann yrði hlægilegur í návist þeirra.

Stjórnendurnir voru sammála um að húmor virkar ágætlega til að tryggja og tengja langtímaviðskipti. Þeir töluðu jafnframt um að hann virkaði vel þegar mistök verða eða misskilningur manna á milli, sem er ekki óalgengt í samskiptum fólks sem er jafnvel að tala tungumál sem það hefur ekki fullt vald á. Húmorinn geti því bjargað miklu við að hlæja að mistökunum í staðinn fyrir að skiptast á ásökunum.

**ÍSLENDINGAR SJÁ HEIMINN Í MISMUNANDI GRÁUM LITATÓNUM**

Serbinn Milan Todorovich er svæðisstjóri hjá Actavis á Balkansvæðinu og sér um umsvif fyrirtækisins í Serbíu, Króatíu, Bosníu, Albaníu, Makedóníu og Rúmeníu. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2003 og hefur því öðlast umtalsverða reynslu af samskiptum við Íslendinga sem hann hafði fyrir þann tíma haft lítil afskipti af.

„Það er gríðarlega mikill menningarmunur milli Serbíu og Íslands, hvort sem litið er til hugarfars íbúanna eða þjóðararfsins. Þegar ég kom fyrst til starfa hjá Actavis hugsaði ég sem svo að heimssýn Íslendinga væri örugglega nokkurn veginn sú sama og mín – litskrúðug og flókin eins og í mínu landi. Eftir nokkurn tíma áttaði ég mig þó á því að sú var ekki raunin. Íslendingar líta heiminn mun einfaldari augum en við – og það reynist þeim vel í viðskiptum. Ég hef oft sagt, kannski meira í gríni en alvöru, að Íslendingar sjái heiminn tvílitan. Ekki svartan og hvítan, eins og sumir kynnu að halda, heldur ljósgráan og dökkgráan. Þannig að ég vil meina að Íslendingar sjái í raun bara einn lit en í mismunandi tónum. Og það sem þeir sjá er nokkuð raunsær, þægilegur og jákvæður litur.“

Það tók Milan nokkurn tíma að átta sig á hegðun og samskiptamáta Íslendinganna en hann segist nú farinn að þekkja og kunna að meta hann. „Þeir eru mjög opnir og óhræddir við að koma inn í nýjan og óþekktan heim og læra af öðrum. Á sama tíma eru þeir mjög íslenskir í hegðun og hugsunarhætti. Þeir eru framkvæmdaglaðir og hafa alltaf augun á takmarkinu. Stundum eru þeir ekki mjög næmir á staðbundnar kringumstæður, einfaldlega vegna þess að þeir þekkja ekki falin merki menningarinnar þegar kemur að samskiptum milli fólks, bakgrunni þess, sögunni og þar fram eftir götunum. Við Serbar höfum tilhneigingu til að flækja málin á meðan Íslendingarnir ganga hreint til verks og sóa engum tíma. Þetta er mikill kostur en um leið galli því þeir verða þá að taka afleiðingunum af því að einfalda hlutina um of.“

**HLÆJA AÐ SÖMU BRÖNDURUNUM**

Milan þykir þeir Íslendingar sem hann hefur kynnst skemmtilegir og segir í reynd ekki mikinn mun á skopskyni Íslendinga og Serba þrátt fyrir ólíkan bakgrunn þjóðanna. „Við eigum ekki í neinum vandræðum með menningarmun þegar kemur að húmornum því við hlæjum öll að sömu bröndurunum. Það er ekki hægt með sumum þjóðum, eins og til dæmis Belgum og Austurríkismönnum. Landfræðilega eru þau lönd nær okkur en í raun er munurinn á þeim og okkur meiri en á okkur og Íslendingum. Það gæti verið að sumum þætti erfitt að fylgja Íslendingunum eftir, því þeir eru mjög orkumiklir, en þannig er íslenskt viðskiptafólk.“

**Nýleg dæmi sanna að oft getur það sem álitið er saklaust skop á einum stað verið túlkað sem argasti dónaskapur eða eitthvað mun verra en það annars staðar. Nærtækasta dæmið um hvernig húmor getur snúist upp í andhverfu sína er skopteikningamálið mikla sem skók heimsbyggðina alla.**

## *Íslensk kímni er óþýðanleg*



**VALUR BERGSVEINSSON, RÁÐGJAFI Í ALÞJÓÐASAMSKIPTUM** Valur segir að íslenskir kaupsýslumenn sem starfa á framandi mörkuðum átti sig oft ekki á því að íslenska nálgunin virkar ekki á fjölmarga kúltúra.

Valur Bergsveinsson starfar sem ráðgjafi í alþjóðasamskiptum og felst vinna hans í að aðstoða fólk og fyrirtæki með samskipti við „erfið“ markaðssvæði. Ef samskipti við eitthvert svæði ganga erfiðlega, svo sem við samninga, kemur Valur að og reynir að finna út úr því hvar vandamálin liggja og finna lausn á þeim í samráði við stjórnendur. Áður bjó Valur á Kýpur í sjö ár þar sem hann rak fyrirtæki sérhæft í verkefnaþróun og var í miklum samskiptum við Miðausturlönd og þekkir því það svæði sérstaklega vel.

„Ég ráðlegg þeim sem eru að fara í viðskipti við framandi þjóðir að láta sína kímni ekki endilega koma fram og um fram allt að reyna ekki að segja brandara. Kaldhæðnisbrandarar eiga sérstaklega aldrei við, enda er ekkert fyndið að vera kaldhæðinn, nema kannski við einhvern sem skilur þig og þekkir mjög vel. Íslenskan húmor er ekki hægt að þýða, það er svo einfalt,“ segir Valur sem segir það fyrst og fremst nauðsynlegt að bjóða af sér góðan þokka og þægilegt viðmót. „Það sem kemur frá hjartanu nær til hjartans,“ segir hann og vill með því segja að mikilvægast sé að fólk sé það sjálft þótt það sýni gildismati annarra nærgætni og hagi sér ekki endilega eins og heima hjá sér.

„Það er afar mikilvægt að leita sér upplýsinga um viðskiptavininn áður en samskiptin hefjast og kynna sér til hlítar hvað hann vill og hverju hann er vanur. Hvað þykir dónaskapur í hans landi? Hvernig á ég að klæða mig? Hvernig eru borðsiðirnir? Hvernig er gjafamenningin? Allt eru þetta hlutir sem er nauðsynlegt að vera meðvitaður um áður en maður fer af stað,“ segir Valur og segir lítið þýða að hoppa upp í flugvél og halda að maður geti alltaf verið maður sjálfur. Þetta segir hann algeng mistök hjá Íslendingum sem lenda í vandræðum með samskipti erlendis. „Sumir hverjir eru ekki nógu næmir og gagnrýnir á sjálfa sig, sína veikleika og sína viðskiptahegðan. Það er afar leiðandi haga þeir sér nákvæmlega eins og þeir myndu gera heima á Íslandi. Það getur verið eins og að vera fíll í postulínsverslun.“

Valur bendir á að oft séu mestu viðskiptasnillingarnir ekki endilega færastir í samskiptum og öfugt. Þeir sem eigi erfitt með samskipti ættu því að fá einhvern til að hjálpa sér við þau því annars sé hætta á að ekki náist að byggja upp það traust sem þarf til viðskipta. „Það er stundum of mikil þjóðremba í okkur og við áttum okkur ekki á að okkar nálgun virkar ekki á fjölmarga kúltúra.“

Valur segir það hafa færst í vöxt að fyrirtæki leiti sér aðstoðar með alþjóðasamskipti þótt þess viðhorfs gæti enn að í viðskiptum tali allir sama tungumálið. „Ég hef heyrt háttsetta stjórnendur íslenskra fyrirtækja segja: „Þetta er algjört bull, maður, við erum öll eins“ þegar talið berst að menningarmun og menningarlæsi. Það er alveg rétt, við erum að upplagi sama fólkið. En undirliggjandi þættir, gildismat okkar og viðmið, sem og félagsmótun, eru allt aðrir. Það færi enginn íslenskur kaupsýslumaður að kaupa fyrirtæki erlendis án þess að hafa gert á því verðmat og kynnt sér reksturinn í þaula. Hvernig stendur þá á því að farið er af stað án þess að kynna sér viðmið, gildismat, venjur og siði mótaðilanna?“

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Var ákvörðun Actavis um að hækka ekki tilboð í Pliva góðar eða slæmar fréttir?

# *Stríð vinnast þótt orrustur tapist*

**Hafliði Helgason**

Actavis hefur ákveðið að hækka ekki boð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið Pliva. Ekki vantaði áhugann á að eignast fyrirtækið en niðurstaða stjórnenda Actavis er að hærra verð sé ekki réttlætanlegt.

Ef að líkum lætur, þótt ekkert sé öruggt í þeim efnum, mun bandaríska lyfjafyrirtækið Barr eignast Pliva. Auðvitað er ekki gaman að lúta í lægra haldi og horfa á eftir eftirsóknarverðu fyrirtæki í annarra hendur. Þetta eru þó ekki endilega slæmar fréttir þegar til lengri tíma er horft.

Fyrirtæki gefa út stefnu og sýn á verkefni sín. Mat markaðar á virði þeirra ræðst af þessari framtíðarsýn og trúverðugleika hennar. Þannig hefur Actavis marglýst yfir að þrátt fyrir mikil fyrirtækjakaup á undanförnum árum standi fyrirtækið fast við skilgreiningar sínar á virði fyrirtækjanna og flokki stíft kauptækifæri á markaði. Þannig lendi mörg tilboð í ruslafötunni sem fáir vita um aðrir en fólk í innsta hring viðskipta fyrirtækisins.

Íslensk fyrirtæki hafa verið umsvifamikil í erlendum fyrirtækjakaupum. Flest þessi kaup hafa gengið vel, verið vel ígrunduð og skilað hluthöfum miklum ávinningi. Það fer hins vegar ekki hjá því þegar lítið land verður sýnilegt á alþjóðamarkaði að efasemdarraddirnar hljómi. Þannig hefur umræðan snúist um að Íslendingar kaupi fyrst og spyrji svo og gefið hefur verið í skyn að um tilviljanakennd og illa ígrunduð viðskipti hafi verið að ræða í mörgum tilvikum.

Íslendingar hafa hins vegar kvartað undan því að þeir hafi fundið fyrir því að þessi orðrómur hafi gert það að verkum að seljendur fyrirtækja hafi reynt að hækka verðið af því að Íslendingar sýndu áhuga á að kaupa. Þetta hefur stundum verið kallað Íslendingaálag og byggðist á goðsögninni um að Íslendingarnir stjórnuðust af kaupgleði fremur en hyggjuviti.

**Þannig hefur umræðan snúist um að Íslendingar kaupi fyrst og spyrji svo og ... að þessi orðrómur hafi gert það að verkum að seljendur fyrirtækja hafi reynt að hækka verðið af því að Íslendingar sýndu áhuga á að kaupa. Þetta hefur stundum verið kallað Íslendingaálag og byggðist á goðsögninni um að Íslendingarnir stjórnuðust af kaupgleði fremur en hyggjuviti.**

Í því ljósi er ákvörðun Actavis góðar fréttir. Fyrst og fremst vegna þess að fyrirtækið sýnir með henni staðfestu og stefnufylgni sem eykur trúverðugleika fyrirtækisins. Þetta mun án efa halda aftur af verði í framtíðarkaupum fyrirtækisins til sóknar í hóp þriggja stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. Almennt mun þetta nýtast Íslendingum í framtíðarkaupum á erlendum fyrirtækjum sem vísun í að menn séu einungis tilbúnir til að greiða skynsamlegt verð í útrásinni. Því hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá er tilhneigingin sú að setja öll íslensk fyrirtæki að einhverju leyti undir sama hatt.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI VERÐUR CAPACENT



Capacent Ráðningar (áður IMG Mannafl Liðsauki) er stærsta ráðningarstofa landsins og leggur mikla áherslu á trúnað við umsækjendur og fyrirtæki.

Ráðgjafar Capacent Ráðninga beita faglegum vinnubrögðum og starfa eftir ákveðnum verkferlum sem tryggja gæði þjónustunnar.

capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 www.capacent.is

# Samsæriskenning um krónuna

ORÐ Í BELG



**Edda Rós Karlsdóttir,** forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans

Háværar óánægjuraddir hafa hljómað í kjölfar vaxtaákvörðunar Seðlabanka Íslands í síðustu viku, en eins og kunnugt er hækkaði bankinn vexti um 0,5 prósent, í 14 prósent Svo háir vextir eru nánast einsdæmi í hinum vestræna heimi og er skammtímavaxtamunur við útlönd nú um 10 prósent. Verðbólga hér á landi er þó einnig töluvert meiri en í viðskiptalöndunum og er raunvaxtamunurinn því nokkuð minni. Þannig sýnir samræmd vísitala neysluverðs í ágúst 7,1 prósent verðbólgu hér á landi samanborið við 2,5 prósent í viðskiptalöndunum. En hvernig sem horft er á málið, þá eru vextir mjög háir hér á landi.

Undanfarna mánuði hefur Seðlabankinn tjáð skoðanir sínar með skýrum hætti og, ólíkt því sem áður var, hafa aðgerðir fylgt orðum. Þetta kemur hvað best fram í því að vaxtaákvörðun bankans í síðustu viku var algerlega í takt við væntingar markaðsaðila. Á fréttaveitu Bloomberg spáðu alls átta bankar, þrír innlendir og fimm erlendir, og minnist ég þess ekki að spámenn hafi allir verið sammála áður. Ástæðan er auðvitað einföld: Seðlabankinn lagði fram ítarlega greiningu í júlí og tók þá skýrt fram að fyrirliggjandi verðbólguspá kallaði á enn frekari vaxtahækkanir. Jafnframt nefndi bankinn þau atriði sem hann taldi geta dregið úr verðbólguþrýstingi og atriði sem gætu aukið verðbólguþrýsting. Markaðsaðilar hafa síðan fylgst grannt með hagvísum og átt óvenju auðvelt með að geta sér til um næstu skref bankans. Þetta er einkenni gengsærrar peningastefnu, sem jafnframt er mikilvæg forsenda trúverðugleika og virkni peningastefnunnar.

**TÓM VITLEYSA Í SEÐLABANKANUM?**

Í ljósi þessa gegnsæis kom það mér nokkuð á óvart hvers eðlis óánægjuraddirnar hafa verið í vikunni. Þá á ég við þá áherslu sem sumir gagnrýnendur leggja á að aðgerðir bankans skorti trúverðugleika. Einnig þá vaxandi tilhneigingu að gera lítið úr kunnáttu starfsmanna bankans. Það er sjálfsagt mál að gagnrýna bankann og verðbólgumarkmiðið sem slíkt, en þær áherslur sem hér hafa verið nefndar hljóta að verka öfugt. Umræða um getuleysi Seðlabankans kann að hola steininn og sannfæra einhverja um að gerðir Seðlabankans séu tóm vitleysa og virki ekki gegn verðbólgu. Ef svo er, þá aukast verðbólguvæntingar, sem að óbreyttu neyða Seðlabankann út í enn meiri vaxtahækkanir en ella. Ég velti fyrir mér hver sé tilgangur svona gagnrýni nú þegar stór hluti sérfræðinga á fjármálamarkaði gerir ráð fyrir að stýrivextir hafi náð hámarki og verði ekki hækkaðir meira. Ég sé ekki hver getur haft hag af því að gera Seðlabankann og aðgerðir hans ótrúverðugar, nema menn vilji hreinlega leggja niður innlenda peningamálastjórn – og það fljótt. Snýst umræðan þá ef til vill ekki um Seðlabankann, heldur um það hvort við getum yfirleitt haldið í krónuna?

Þetta leiðir hugann að umræðunni um nauðsyn þess að afnema verðtryggingu nú í sumar. Mikil verðbólga hefur aukið skuldir heimilanna, enda eru ríflega 90 prósent af skuldunum verðtryggð. Í mínum huga er það þó ekki verðtryggingin sem slík sem er vandamálið, heldur verðbólgan. Ég er nefnilega sannfærð um að lántakendur munu ekki fá neitt gefins þótt verðtryggingin yrði afnumin. Verðbólgan yrði að mínu mati innheimt í hærri nafnvöxtum. Þar sem verðbólgusveiflur eru gríðalegar hér á landi er líklegast að lán yrðu aðallega veitt með breytilegum vöxtum. Þá kæmu vaxtahækkanir strax fram í mjög mikilli hækkun afborgana lána í stað hækkunar á höfuðstóls í verðtryggðu kerfi. Virkni peningamálastefnunnar yrði að óbreyttu meiri í slíku kerfi, þótt líklega myndi almenningur allur flýja yfir í erlend lán og því tæplega hægt að tala um „að öðru óbreyttu“.

En hvað sem því líður er afar áhugavert að velta fyrir sér kröfunni um afnám verðtryggingar. Ég hef velt mögulegri framkvæmd töluvert fyrir mér og eina raunhæfa leiðin sem ég sé er að leggja niður krónuna og taka upp aðra mynt. Snýst umræðan þá ef til vill ekki um verðtrygginguna, heldur um það hvort við getum yfirleitt haldið í krónuna?

**HVAÐA HLUTVERK HEFUR KRÓNAN?**

Krónan spilar stórt hlutverk í óvenju miklum sveigjanleika íslensks hagkerfis. Með nokkurri einföldun er hagsveiflusagan eftirfarandi: Stórar fjárfestingar og kerfisbreytingar í fjármálakerfinu valda því að innlend eftirspurn eykst langt umfram framleiðslugetu og það sem opinber fjármálastjórn ræður við. Aðhaldssöm peningastefna veldur því að gengi krónunnar styrkist. Styrkingin ýtir undir innflutning, sérstaklega á fjárfestingavörum og hálfvaranlegum neysluvörum, og veldur miklum viðskiptahalla. Undir lok hagsveiflunnar fellur gengi krónunnar. Á sama tíma verður mikill samdráttur í innflutningi fjárfestingavara fyrir stóriðju. Þetta tvennt veldur því að viðskiptahallinn lækkar hratt og jafnvel hverfur á einu til tveimur árum.

**SAMSÆRISKENNING FÆÐIST**

Hágengi síðustu ára dregur þróttinn úr innlendri framleiðslu og hvetur eigendur fyrirtækjanna til að flytja framleiðsluna úr landi. Gengissveiflurnar, einar og sér, auka áhættu og framleiðslukostnað innlendra fyrirtækja og veikja þau í samkeppni við erlenda keppinauta. Því er eðlilegt að menn leiti leiða til að flytja inn stöðugleika. Kannski er það þess vegna sem umræðan virðist í auknum mæli snúast um að leggja niður krónuna. Getum við tryggt okkur stöðugleika t.d. með upptöku evrunnar?

Svarið við þessari spurningu ræðst af efnahagshorfum næstu ára. Ef horft er til þeirra stóriðjuáforma sem nú liggja á teikniborðinu, þá er svarið „nei“ í mínum huga. Til skemmri tíma er þörf á krónunni, en þegar frá líður er rétt að endurmeta stöðuna. Án krónunnar og peningamálastjórnunar yrðu ríkisstjórn og sveitarfélög ein með hagstjórnarhlutverk og mótvægisaðgerðir.

Þótt fjármálastefna ríkis og sveitarfélaga geti tekið mun meiri þátt í hagstjórninni en undanfarin ár, er óraunhæft að gera ráð fyrir að þau geti hjálparlaust veitt nauðsynlegt mótvægi við þær stóriðjufjárfestingar sem framundan eru. Í því sambandi má benda á að þótt ríkið og sveitarfélögin hættu við helming allra fjárfestinga dygði það tæplega til að sporna alfarið gegn verðbólgu. Þrátt fyrir upptöku evru eru því miklar líkur á að verðbólga og viðskiptahalli fari úr böndunum. Við skilyrði fullrar atvinnu veldur verðbólga launaskriði og dregur úr samkeppnishæfni Íslands. Þetta mun draga úr innlendri framleiðslu og fækka störfum, eins og hágengið gerir í dag. Ef krónan er horfin er hins vegar ekki hægt að „leiðrétta“ aukningu launakostnaðar með gengislækkun og erfiðara verður að endurheimta störfin.

**LISTFLUG KREFST SVEIGJANLEIKA**

Það er pólitísk ákvörðun að nýta orkulindir Íslands og fjárfestingunum fylgir gríðarlegt álag á hagkerfið allt. Við slíkar aðstæður er sveigjanlegt gengi kostur, en ljóst er að sá sveigjanleiki er á kostnað fjölda atvinnugreina sem fyrir eru. Pólitísk ákvörðun um stóraukna nýtingu orkulinda er því jafnframt ákvörðun um erfiðara rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Mitt mat er það, að á meðan við stöndum í stóriðjuframvæmdum sé afnám krónunnar ekki leiðin að stöðuleika. Það er jafnvel óraunhæft að gera yfirleitt ráð fyrir stöðugleika í slíku umhverfi. Þess vegna finnst mér samsærið gegn krónunni vanhugsað. Eftir stóriðjukúfinn getur hins vegar verið skynsamlegt að leggja krónuna niður og þvinga þannig fram aukinn aga í verðákvörðunum og hagstjórn.

STARFSMANNAMÁL

# Einelti á vinnustöðum

Margir velta ef til vill fyrir sér hvernig einelti geti átt sér stað á vinnustöðum og á meðal fullorðinna og hvernig það sé skilgreint. Algengara er að talað sé um einelti meðal barna í skólum en á meðal fullorðinna.

Byrjað var að rannsaka einelti meðal barna snemma á áttunda áratugnum en einelti á vinnustöðum í byrjun níunda áratugarins. Þá komu upp spurningar um hvort einelti væri nokkuð sem kæmi fyrirtækjum og stofnunum við og hvort þau þyrftu að bregðast við á einhvern sérstakan hátt. Skv. reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað kemur fram að einelti sé: „Ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.“

Einelti getur kostað fyrirtæki mikla fjármuni bæði vegna kærumála og vegna áhrifa sem það hefur á starfsfólkið. Einelti getur haft áhrif á mætingu starfsmanna, skilvirkni, eldmóð og hvatningu. Áhrifin lýsa sér m.a. í því að starfsmaður missir sjálfstraust, finnur til leiða, sefur illa, fær höfuðverki og hækkaðan blóðþrýsting.

Nýlega kom upp mál í Bretlandi þar sem bankastarfsmaður hjá Deutsche Bank í London fór í mál við bankann fyrir að hafa ekki varið sig gegn einelti sem átti sér stað á vinnustað. Starfsmaðurinn sagði fjóra starfsmenn hafa lagt sig í einelti sem hefði endað með taugaáfalli. Dómarinn dæmdi starfsmanninum í hag 800 þúsund pund eða yfir eitt hundrað milljónir íslenskra króna og sagði að yfirmenn bankans hefðu mátt vita af eineltinu og hefðu átt að grípa inn í.

Sífellt fleiri fyrirtæki setja nú í starfsmannastefnu sína reglur um að starfsfólk skuli vera meðvitað um hvernig hegðun þeirra getur haft áhrif á aðra og ennfremur að komið skuli fram við alla starfsmenn fyrirtækisins af virðingu. Þá er í auknum mæli tekið fram í starfsmannastefnum að einelti sé ekki liðið og að starfsfólk sem lætur einelti viðgangast eða tekur þátt í því skuli svara til saka.



**Sif Sigfúsdóttir, MA í mannauðsstjórnun**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hvað geta fyrirtæki gert til að auka umferðaröryggi?

Fyrirtæki eitt á höfuðborgarsvæðinu með stóran bílaflota var með mikla starfsmannaveltu. Kostnaður vegna bifreiðanna var mikill, mikið um tjón, bílarnir oft illa útlítandi og lítil virðing borin fyrir þeim. Ljóst var að bílarnir, sem eru andlit fyrirtækisins út á við, voru slæm auglýsing í umferðinni.

Forsvarsmenn fyrirtækisins ákváðu að fara í forvarnarsamstarf við tryggingafélag sitt í von um að fækka mætti tjónum. Tryggingafélagið setti upp aðgerðaáætlun með fyrirtækinu sem ákveðið var að fylgja eftir.

Það fyrsta og mikilvægasta var að forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu trú á að hægt væri að bæta ástandið. Þeir gerðu sér grein fyrir að lykillinn að bættu umferðaröryggi væri að hafa góða starfsmenn. Ráðist var í að funda með þeim, finna vandann, gera þá ábyrgari fyrir bílunum, umbuna þeim fyrir vel unnin störf og hrósa þeim þegar vel gekk.

Tryggingafélagið hélt námskeið fyrir bílstjórana og fundaði reglulega með þeim til að kynna þeim stöðuna.

Settir voru ökuritar í ákveðna bíla til að skoða hvernig aksturinn var og hvort aðgerðirnar skiluðu árangri.

Fljótlega fór árangurinn að koma í ljós. Tjónum fækkaði, bílarnir fóru að líta betur út og rekstrarkostnaður á þeim lækkaði og almennt viðhald varð minna.

Það sem gerðist einnig var að ánægja starfsmanna jókst og starfsmannaveltan minnkaði.

Ljóst var að með aðgerðunum batnaði rekstrarafkoma bílanna auk þess sem ímynd fyrirtækisins í umferðinni varð betri.

Vinna við að auka umferðaröryggi í fyrirtækjum er ekki átaksverkefni, hún þarf að vera stöðug. Við höfum nokkur dæmi um fyrirtæki sem ætluðu að bæta ástandið með tímabundinni vinnu, ástandið lagaðist í nokkra mánuði en fór síðan versnandi smátt og smátt og að lokum var allt komið í sama horf og var fyrir átakið.

Ljóst er að fyrirtæki bera mikla ábyrgð á bættu umferðaröryggi starfsmanna sinna.

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá

Með námskeiðum og fundum um umferðaröryggi var ekki aðeins verið að auka öryggi starfsmanna í vinnunni, heldur hafði þessi vinna einnig áhrif á viðhorf þeirra almennt í umferðinni og breytti akstri þeirra í frítímanum líka. Það er einnig hagur fyrirtækja að starfsmenn þeirra slasist ekki í frítímanum.

Í ljósi umræðna á síðustu misserum um hraðakstur og ofsaakstur hvetjum við forsvarsmenn fyrirtækja til að skoða þessi mál og sjá hvort ekki þurfi að taka til hendinni á þessu sviði.

**Einar Guðmundsson**
**forstöðumaður Sjóvár forvarnahúss**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Verðmætið í kennitölunum

Stundum er helvíti gott að geta kallað sig fagfjárfesti. Ég keypti auðvitað slatta í útboðinu á Exista og Marel, enda veiðin bæði sýnd og gefin. Maður tók náttúrlega slatta í gegnum fjárfestingarfélög og svo auðvitað á kennitölur allrar ættarinnar eins og venjulega. Ættin hefur alltaf verið til í að lána kennitölunnar sínar eða selja fyrir slikk. Það verður að segjast eins og er að maður er ættarlaukurinn því fæstir í fjölskyldunni reiða fjármálavitið í þverpokunum eða annað vit, svo maður opinberi nú eigin hroka.

Ég dró fram gamla excelskjalið úr bankaútboðunum og hringdi á línuna. Ég hef ekkert verið að upplýsa fjölskylduna um að ég hef grætt margar milljónir á kennitölunum þeirra undanfarin ár. Býð þeim bara í gott jólaboð fullt af kampavíni og fíneríi og svo eru allir sáttir. Það er alveg ótrúlegt hvað margir eru tilbúnir til að láta augljós tækifæri framhjá sér fara. Það eina sem ég hef þurft að glíma við er að þegar maður er með bestu veiðimönnunum á markaðnum finnst manni svona geim nánast of auðvelt. Svona eins og fyrir flinkan fluguveiðimann að taka þátt í laxaslátrun í laxeldisstöð.

Ég hef stundum reynt að útskýra það sem ég fæst við fyrir venjulegu fólki. Það eru ekki margir sem skilja um hvað er að ræða. Helst hefur mér fundist ég ná skilningi hjá ölvuðum listamönnum. Það er einhver sameiginlegur tónn í allri snilld heimsins.

Eins og allir snillingar þarf ég sífellt að leita nýrrar ögrunar; vinna ný lönd. Ég er ánægður með að OMX sé að kaupa Kauphöllina. Þar liggja tækifæri og svo vil ég sjá opnast möguleika á að skortselja bréf. Fyrir ykkur sem ekki eru innvígð þýðir það að fá lánuð hlutabréf og veðja á að verðið á þeim lækki. Þannig var ég algjörlega búinn að sjá fyrir að Dagsbrún myndi taka smá dýfu, en af því að möguleikinn á skortstöðu var ekki fyrir hendi nema í einhverjum safnsjóði, þá varð maður af því tækifæri. Ekki gat maður farið að plata ættingjana í svona díl. Maður er engin skepna. Þótt kennitölurnar séu góður biti fer maður ekki að háma í sig þá sem á bak við þær standa.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Saab 93 turbo



Nú geturðu fengið þér þotu á viðráðanlegu verði

Saab á að baki áralanga sögu sem herþotuframleiðandi auk þess að framleiða hina virtu Saab bíla. Saab 9-3 hefur hlotið fjölmörg verðlaun fyrir öryggi og aksturseiginleika. Stórkostleg hönnun, öflug vél, frábærir hemlar og ríkulegur staðalbúnaður gera Saab 9-3 að byltingu í klassíska geiranum.

Nú bjóðum við þér þotuna í Saab bílaflotanum, 9-3 Turbo, á frábæru verði. Komdu og reynsluaktu!



3.090.000 kr.
Saab 9-3 Combi Turbo, sjálfskiptur



2.990.000 kr.
Saab 9-3 Sedan Turbo, sjálfskiptur

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960

# Útrásin eykur áhuga erlendra fjárfesta

**Góður gangur hefur verið í starfsemi Fjárfestingarstofu Íslands síðustu ár og umtalsverð eftirspurn erlendra aðila á þjónustu hennar. Opnun hagkerfisins og útrás íslenskra fyrirtækja hefur stóraukið áhuga erlendra fjárfesta á Íslandi. *Óli Kristján Ármannsson* hitti Þórð H. Hilmarsson, forstöðumann Fjárfestingarstofunnar, og fór yfir stöðu mála.**

Fjárfestingarstofa Íslands hefur það hlutverk að kynna landið og atvinnulífið fyrir erlendum fjárfestum og fyrirtækjum. Hún gegnir ráðgjafar- og leiðbeiningarhlutverki jafnt fyrir erlenda fjárfesta sem hafa áhuga á að kynna sér fjárfestingarkosti hér á landi sem og fyrirtæki og stofnanir sem vinna að því að laða hingað fjárfestingu í ný verkefni. Þá heldur stofan utan um verkefnið Film in Iceland, þar sem framleiðendum kvikmynda hefur boðist endurgreiðsla á hluta kostnaðar sem til fellur hér á landi.

„Beinar erlendar fjárfestingar hafa verið hlutfallslega litlar hér á landi fram til þessa þó svo verulegur vöxtur sé reyndar þessi árin, ekki síst vegna stóriðjufjárfestinga,“ segir Þórður H. Hilmarsson, forstöðumaður Fjárfestingarstofunnar. „En fjárfestingar Íslendinga í útlöndum voru reyndar líka mjög takmarkaðar þar til fyrir tveimur til þremur árum,“ bætir hann við og bendir á að útrás íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkað hafi vakið verulega athygli á landinu og því hafi Fjárfestingarstofan fundið fyrir.

**Fjárfestingarstofa Íslands**
Stofnár: 1995
Fjöldi starfsmanna: 3
Aðsetur: Borgartún 35, 105 Reykjavík
Sími: 561-5200 Fax: 511-4040
Tölvupóstur: info@invest.is
Vefslóð: www.invest.is

**HLJÓÐ OG MYNDIR ÚR GEIMNUM**

„Fjárfestingarstofa Íslands var stofnuð árið 1995, að frumkvæði iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Hún er rekin í samstarfi við Útflutningsráð og strax í upphafi markaður tekjustofn í hluta af markaðsgjaldinu sem veitt er til Útflutningsráðs til að markaðssetja og aðstoða fyrirtæki í útflutningi. Hluti af gjaldinu fer því í að kynna Ísland fyrir erlendum fjárfestum,“ segir Þórður og bætir við að á þessum tíma, þegar stofan var að taka sín fyrstu skref, hafi verið til í heiminum um það bil tuttugu sambærilegar stofnanir. „Í dag eru þær 160 og með 250 útibú um heim allan. Þetta umhverfi hefur því breyst gífurlega.“

Þórður segir að með aukinni alþjóðavæðingu hafi einnig aukist til muna samkeppni milli landa í að laða til sín fjárfesta.

„Fjárfestingar hafa vaxið verulega milli landa sem afleiðing af alþjóðavæðingunni og við höfum auðvitað áttað okkur á auknum tækifærum þar. En þau tækifæri hafa verið að koma á síðustu nokkrum árum í kjölfar opnunar á þjóðfélaginu, með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, lækkun skatta og einkavæðingu bankanna svo eitthvað sé nefnt. Umhverfið hefur því gjörbreyst á örstuttum tíma. Því má segja að einmitt núna séu talsvert mikil sóknarfæri og við verðum enda vör við aukinn áhuga á Íslandi á fjölmörgum sviðum, meðal annars og ekki kannski síst fyrir þá athygli sem Ísland hefur fengið í kjölfar útrásarinnar. Æ fleiri muna eftir Íslandi og vita að landið er meðal framsæknustu þjóðfélaga í heiminum. Þess vegna fáum við einmitt miklu fleiri fyrirspurnir,“ segir Þórður og bendir á að fjölbreytnin sé talsverð meðal þeirra fyrirtækja sem sýna landinu áhuga. „Sem dæmi má nefna að fyrirtækið Yuzoz Ltd. hefur ákveðið að setja upp miðstöð fyrir mynda- og hljóðupptöku utan úr geimnum á Reykjanesskaga. Fyrirtækið hefur starfsemi nú í haust og verður staðsett við hlið nýrra orkuveitumannvirkja Hitaveitu Suðurnesja. Þá hafa fyrirtæki í líftækniiðnaði sýnt vaxandi áhuga á staðsetningu hér á landi og hafa þau sem fyrir eru, dregið að sér ný hingað til lands. Ágætt dæmi um þetta er líftæknifyrirtækið Nimblegen Ltd. sem hefur verið starfandi hér í nokkur ár, en hefur dregið til sín útibú frá öðrum bandarískum líftæknifyrirtækjum sem jafnframt eru viðskiptavinir þess.“

Að mati Þórðar eru því töluverð tækifæri og möguleikar til að auka erlenda fjárfestingu. Hann segir þau meðal annars vera í þekkingariðnaði, en undir hann fellur hugbúnaður, líftækni og hátækniiðnaður af ýmsum toga; í orkufrekum iðnaði sem býður upp á hlutfallslega litla mengun og hefur ekki áhrif á skuldbindingar þjóðarinnar gagnvart Kyoto-samningnum; í sérhæfðri fjármálastarfsemi sem nýtt geti sér hér þróað tæknistig, hátt menntunarstig, alþjóðlega bankaþjónustu, samkeppnishæfa sérfræðingataxta og hagstætt skattaumhverfi; og svo að lokum tækifæri í flugvallartengdri starfsemi af ýmsum toga í og við Keflavíkurflugvöll.

**AKKUR Í GRÆNNI ORKU**

Á næstunni er að vænta niðurstaðna í úttekt á möguleikum flugstöðvarsvæðisins, en það er eitt af þeim verkefnum sem einna hæst ber hjá Fjárfestingarstofunni um þessar mundir. „Keflavíkurflugvöllur er sem stendur einn af örfáum flugvöllum í Evrópu sem ekki býr við hömlur í vaxtarskilyrðum, auknar hávaðatakmarkanir og skort á landrými,“ segir Þórður, en úttektin er unnin í samstarfi við þau sveitarfélög á Reykjanesi sem mestra hagsmuna hafa að gæta af atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Samkeppni milli landa um fjárfestingu er þó töluverð, segir Þórður og þá ekki síst á sviði orkufreks iðnaðar sem ekki telst loftmengandi. Þar keppum við oft á tíðum við allan hnöttinn. Þessi fyrirtæki leita á kannski 15 til 20 stöðum í heimunum að því hvar best er að setja sig niður og þegar upp er staðið geta svo sem ýmsir aðrir þættir en orkuverð skipt máli.“ Hann telur okkur þó standa nokkuð vel í þessari samkeppni. „Að vísu, líkt og margoft hefur komið fram, er orkuverð bara samningsatriði milli þessara fyrirtækja og orkufyrirtækjanna og þar komum við ekki að, en



**ÞÓRÐUR H. HILMARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRFESTINGARSTOFU ÍSLANDS** Fjárfestingarstofan heitir upp á enska tungu *Invest in Iceland Agency* og á vef hennar **www.invest.is** er að finna margvíslegan fróðleik fyrir erlenda fjárfesta. Þá vinnur Fjárfestingarstofan með fyrirtækjum og opinberum aðilum hérlendis í að laða erlenda fjárfesta að nýjum verkefnum. MARKAÐURINN/GVA

**„Almennt má segja að fjárfestingarumhverfið hér á landi sé orðið tiltölulega hagstætt fyrir erlenda fjárfesta bæði lagalega og viðskiptalega. Ef horft er á sóknarfærin sem ég hef nefnt er t.d. ljóst að litlar sem engar takmarkanir eru á erlendri fjárfestingu á þeim sviðum.“**




Háskólabíó
ráðstefnu- og menningarmiðstöð

Háskólabíó er í nokkurra mínutna göngufæri frá miðborginni. Á Háskólasvæðinu er Þjóðminjasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn og Norræna húsið og í borgarkjarnanum Ráðhúsið, Alþingishúsið, Dómkirkjan, fjöldi veitingastaða, listasafna, hátískuverslana og fyrsta flokks hótela.

Reykjavík er jafnoki stærstu borga Evrópu hvað menningu og tísku varðar. Fyrir maka ráðstefnugesta eru áhugaverðir skoðunarstaðir og óviðjafnanleg náttúrufyrirbæri ekki langt undan. Verið velkomin, við tökum vel á móti ykkur

Háskólabíó • Hagatorg
Sími 525 5400 • Fax 525 5401 • Netfang info@haskolabio.is • Skrifstofutími kl. 9:00 - 13:00






Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is

mentis HUGBÚNAÐUR

það segir sig sjálft að orkuverðið virðist samkeppnishæft, ekki síst í því ljósi að orkuverð hefur farið mjög hækkandi í heiminum á undanförnum misserum og mánuðum. Þar af leiðandi skapast enn aukinn áhugi á starfsemi okkar hér.“ Að auki segir hann að hér sé um að ræða svokallaða græna orku, en mikill akkur sé í því fyrir mörg fyrirtæki, markaðssetningar þeirra vegna, að geta nýtt sér græna orku í framleiðslu sinni, í stað kola eða olíu.

Í samkeppni um fjárfestingar útlendinga hafa mörg lönd, svo sem Írland og Kanada, auk einhverra ríkja Austur-Evrópu, gripið til sértækra aðgerða á borð við skattaívilnanir og niðurfellingu margvíslegra aðstöðugjalda. „Almennt er slíku ekki til að dreifa hér á landi. Undanfarin 10 til 12 ár hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að skapa samkeppnishæft umhverfi og að gera skattaumhverfið eins hagfellt og einfalt og mögulegt er. Sveitarfélögin sjálf geta svo að sjálfsögðu tekið um það ákvörðun, vilji fyrirtæki staðsetja sig hjá þeim, hvort þau vilja gefa eftir einhver gjöld.“ Þá bætir Þórður við að ívilnanir einar og sér séu sjaldan úrslitaatriði þótt vissulega geti þær hjálpað til. „Oft á tíðum nota ríki, borgir og lönd ívilnanir til að bæta fyrir aðra ágalla, svo sem lélega innviði, illa menntað vinnuafl, eða fleiri slíka þætti. Á móti kemur svo líka oft að þessi ríki gera kröfur um tiltekið atvinnustig, svo sem um ákveðinn fjölda sem ráða þurfi inn í fyrirtækin og þetta þekkist til dæmis í Austur-Evrópu.

„Almennt má segja að fjárfestingarumhverfið hér á landi sé orðið tiltölulega hagstætt fyrir erlenda fjárfesta bæði lagalega og viðskiptalega. Ef horft er á sóknarfærin sem ég hef nefnt er t.d. ljóst að litlar sem engar takmarkanir eru á erlendri fjárfestingu á þeim sviðum.“ Þá segir hann ljóst að ávinningur af beinum fjárfestingum útlendinga hér á landi sé fjölþættur. „Þær auka fjölbreytni atvinnulífsins, skapa auknar skatttekjur og auka möguleika ungs vel menntaðs fólks á því að fá vellaunuð störf. Beinar erlendar fjárfestingar eru oft fljótvirkasta og auðveldasta leiðin til að skapa betri og hærra launuð störf í annars tiltölulega fábreyttri atvinnuflóru og styrkja stoðir fyrirtækja sem þegar eru fyrir í landinu.“

**SAMLEIÐ MEÐ FYRIRTÆKJUM**

Það sem hæst ber í starfi Fjárfestingarstofunnar um þessar mundir segir Þórður að séu áform um kynningu á þeim sviðum þar sem samkeppnisstyrkur landsins er hvað mestur, „svo sem í þekkingariðnaði, líftækni og skyldum greinum“. Þá er verið að vinna úr fyrirspurnum um staðsetningu hér á landi, bæði úr þekkingar- og líftæknigeira og eins frá fyrirtækjum í orkufrekum iðnaði sem tengjast þá öðrum sviðum en áli. Slík fyrirtæki geta verið af ýmsum toga, svo sem í trefja-, eða kísilflöguiðnaði. „Það eru iðngreinar sem vaxa mjög hratt í heiminum,“ segir Þórður og bætir við að í þennan flokk falli líka svokölluð netþjónabú, en Fjárfestingarstofan kom nýlega að því að aðstoða fyrirtækið Data Íslandia í að kynna samkeppnishæfni íslenskrar upplýsingatækni á alþjóðlegum markaði á stærstu ráðstefnunni um upplýsingatækni og gagnahýsingu, Storage Network World, í Frankfurt í Þýskalandi.

Þórður segir að auk fyrirspurna sem berist erlendis frá og kynningarstarfs Fjárfestingarstofunnar þar, felist hluti starfseminnar í aðstoð hér innanlands. Þar ber einna helst verkefnið um möguleika flugvallarsvæðisins í Keflavík þar sem sveitarfélögin á svæðinu leituðu til Fjárfestingarstofunnar. „Og við leiðum þá vinnu,“ segir hann og kveður íslensk fyrirtæki geta leitað til stofunnar ef leita þurfi að erlendum fjárfestum í tengslum við uppbyggingu nýrrar starfsemi, en oft á tíðum geti verið mikið hagræði í því að sameina kraftana. „Við erum búin að taka saman mikið af upplýsingum um Ísland og það umhverfi sem mætir fjárfestum hér og sú vinna getur vissulega gagnast margvíslegum fyrirtækjum sem kynna þurfa, ekki bara sjálf sig, heldur það umhverfi sem þau starfa í.“

Þórður segir að nú sé lag að kynna Ísland sem fjárfestingarkost vegna þess hve samkeppnisstaða landsins hafi batnað á undanförnum árum. „Í okkar starfsemi leggjum við mikla áherslu á samstarf við ýmsa aðila í þjóðfélaginu um kynningu. Við erum til dæmis að vinna með íslenskum einkafyrirtækjum þ.e. banka, Kauphöll Íslands og nokkrum endurskoðunarfyrirtækjum í kynningu á möguleikum fjármálatengdrar starfsemi hér á landi. Við vinnum með sveitarfélögunum að kynningu í sambandi við Keflavíkurflugvöll og tökum áfram að okkur slík verkefni. Okkar aðferðafræði er sú að fá í lið með okkur alla þá sem raunverulega hafa áhuga og hag af því að eitthvað gerist í erlendri fjárfestingu hér heima.“



**CLINT EASTWOOD** Verkefnið Film in Iceland hefur dregið hingað fjölda erlendra stórstjarna á borð við Clint Eastwood, sem hér sést að ofan með föruneyti. MARKAÐURINN/E.ÓL.

Plötusmíði

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

Á góðum járnum

HÉÐINN

Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

TUCSON

2.7L ssk. 175 hö.
Kr 2.990.000

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- Skriðstillir
- Sjálfvirkt 4x4 aldrif
- Driflæsing
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublöð
- 16" álfelgur
- Aftenging fyrir barnabílstól
- Gullverðlaun fyrir gæði

Vertu í góðum málum

Hefur gæðin




Toyota RAV4 GX, 150 hö ssk. kr. 3.380.000
TUCSON, 175 hö ssk. kr. 2.990.000

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"Hópurinn mjög ánægður með námskeiðið og allir sáu greinilegar framfarir á lestrarhraða. ...mun nýtast okkur vel í starfi."
**Hópur frá Upplýsingatæknisviði Landsbankans.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða**
**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.
NÝTT!! NÝTT!! Fyrirtækjanámskeið
3 vikna fyrirtækjanámskeið **12. okt.**
Dagnámskeið frá kl. 13-16 í samstarfi við Námsflokka Hafnafjarðar

**Náðu árangri með okkur í haust og skráðu þig á hraðlestrarnámskeið Hraðlestrarskólans.**
Skráning hafin á **www.h.is** og í síma **586-9400**
**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN
**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

# Microsoft og ESB í hár saman á ný

## Microsoft sakar framkvæmdastjórn ESB um að vilja koma í veg fyrir útgáfu nýs stýrikerfis.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft greindi frá því í síðustu viku að svo gæti farið að dreifing á Windows Vista, nýjasta stýrikerfi fyrirtækisins, drægist í Evrópu vegna tafa af hálfu samkeppnisyfirvalda Evópusambandsins (ESB), en það sakar Microsoft um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

Að sögn Microsoft sendi fyrirtækið greinargerð um stýrikerfið til framkvæmdastjórnarinnar og er þess beðið hvaða breytingar ESB vill sjá á kerfinu. Verði farið fram á miklar breytingar eru líkur á að stýrikerfið komi síðar út í Evrópu en annars staðar í heiminum.



**FRÁ KYNNINGU Á STÝRIKERFINU** Microsoft segir svo geta farið að Windows Vista, nýjasta stýrikerfi fyrirtækisins, verði dreift síðar í Evrópu en annars staðar vegna deilna við ESB. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Í svari ESB segir hins vegar að það sé ekki stjórnarinnar að gefa Microsoft grænt ljós heldur sé það fyrirtækisins að fara að reglum sambandsins.

Framkvæmdastjórn ESB og Microsoft hafa lengi eldað grátt silfur saman. Árið 2004 dæmdu samkeppnisyfirvöld ESB hugbúnaðarrisann til að greiða jafnvirði tæpra 46 milljarða íslenskra króna fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Þegar fyrirtækið hafði ekki framfylgt dómnum í júlí í fyrra voru 26,9 milljarðar króna lagðir ofan á fyrri upphæð.

# Þriðja innköllun á Sony-rafhlöðum

Japanska hátæknifyrirtækið Toshiba ætlar að innkalla um 340.000 rafhlöður fyrir tvær gerðir fartölva frá fyrirtækinu um allan heim. Sony framleiddi rafhlöðurnar og er þetta þriðja stóra innköllunin á rafhlöðum frá fyrirtækinu síðan um miðjan ágúst.

Rafhlöðurnar eru í fartölvum Toshiba af gerðunum Dynabook og Dynabook Satellite, sem framleiddar voru í mars og fram í maí á þessu ári.

Ástæðan fyrir innkölluninni er af öðrum toga en þeim þegar fartölvuframleiðendurnir Dell og Apple ákváðu að grípa til sömu ráða og innkalla tæplega 6 milljónir rafhlaða um allan heim. Í fyrri tilfellunum var um að ræða eldhættu af völdum rafhlaðanna, en nú er ástæðan sú að þær geta slökkt á sér fyrirvaralaust.

Talsmaður Toshiba vildi í gær hvorki láta hafa eftir sér hvað innköllunin geti kostað fyrirtækið né hvort kostnaðurinn falli á framleiðanda þeirra, Sony.

Sony hefur reiknast til að fyrri innkallanir á rafhlöðum muni kosta fyrirtækið á bilinu 20 til 30 milljarða jena eða jafnvirði rúmlega 12 til 18,2 milljarða íslenskra króna. Ekki liggur fyrir hver kostnaðurinn við innköllunina núna verður. **- jab**



**FARTÖLVA FRÁ TOSHIBA** Japanska fyrirtækið Toshiba ætlar að innkalla 340.000 rafhlöður sem Sony framleiddi fyrr á árinu.

*Vantar diskapláss?*
HITACHI DATA SYSTEMS
*Þessi er 2 Terabyte og stækkanleg í 42!*



Verð
833.222*
m.vsk

*Hitachi Data Systems hafa undanfarin ár verið leiðandi framleiðandi á diskastæðum fyrir stórfyrirtæki. Nú hefur fyrirtækið einbeitt sér að lausnum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem sameina háþróaða tækni, stækkanleika, hátt þjónustustig og gott verð. Afhendingartími á lausnum frá Hitachi er mjög skammur (oftast innan við vika) og 12 mánaða viðhaldssamningur er alltaf innifalinn.*

*HDS framleiðir diskastæður sem henta öllum stærðum fyrirtækja. Nánari upplýsingar eru á: www.hds.com eða í síma 575 9200.*

**Hitachi Tagmastore WMS100 iSCSI**
- Single Controller
- 2 x 2 ISCSI interfaces með 2 GigE ports.
- 2 TB SATA diskar (4 x 500 GB) stækkanleg í 42 Tb
- 512 MB Cache
- 12 mánaða viðhaldssamningur

iSCSI sameinar tvo samkiptastaðla (SCSI og TCP/IP) sem gerir þér kleift að tengja diskastæður við netkerfi þitt á einfaldan og hagkvæman hátt og nýta þar með núverandi fjáfestingu í netkerfi fyrirtækisins betur.

HITACHI DATA SYSTEMS | TrueNorth Partner Gold

Tölvuþjónustan SecurStore - 575 9200

* Verð sem miðast við gengi DKK þann 24.08.06. Athugið að 19" skápur sem sýndur er á mynd er ekki innifalinn í verði.

# Poppstjarna fer ekki út í geim

Rússneska þingið neitaði í síðustu viku að verða við bón bandarísku poppdrottningarinnar Madonnu um að fá að kaupa far með rússneska Soyuz-geimfarinu til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar árið 2008. Hefði þingið orðið við bón Madonnu hefði hún orðið önnur konan til að kaupa sér farmiða út í geim.

Einn þingmaður studdi Madonnu. Sagðist hann búast við mikilli fjölmiðlaumfjöllun vegna málsins og gæti hún tryggt framtíðarhorfur rússnesku geimvísindastofnunarinnar, sem meðal annars sérhæfir sig í því að bjóða auðkýfingum út í geim fyrir væna fúlgu.

Igor Panarín, talsmaður geimvísindastofnunarinnar, sagði að geimævintýri Madonnu þyrfti ekki að vera lokið. Hún væri vela á sig komin og stórefnuð í þokkabót. Gæti hún sótt um laust sæti til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar eftir þrjú ár.

Fyrsta konan sem fer út í geim sem ferðalangur fór í loftið aðfaranótt mánudags en þrír aðrir auðkýfingar hafa á síðastliðnum fimm árum farið með rússneska geimfarinu Soyuz til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar og dvalið þar í tíu daga. Þá er búið að tryggja för þess fimmta í mars á næsta ári.

Ferðir sem þessar eru hins vegar ekki fyrir hvern sem er því miðinn kostar um 20 milljónir dala eða rétt rúma 1,4 milljarða íslenskra króna. **- jab**



**MADONNA** Poppdrottningin Madonna hefur óskað eftir því að fara til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar eftir tvö ár. MARKAÐURINN/AP

**Heildarlausnir**
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
'Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

# Fjallað um Porter

Í dag heldur Runólfur Smári Steinþórsson prófessor fyrirlestur um Michael E. Porter, prófessor við Harvard-háskóla, undir yfirskriftinni „Einn helsti hugsuður heims - ágrip um Michael E. Porter“. Er fyrirlesturinn hluti af málstofuröð Hagfræðistofnunar og Viðskiptafræðistofnunar.

Í erindinu er sagt frá Porter, sem er viðurkenndur sem einn helsti hugsuður viðskiptalífsins. Einnig verða helstu verk Porters kynnt og sérstaklega fjallað um eitt framlag hans; samkeppniskraftagreininguna, sem kennd er í viðskiptaháskólum og notuð af árangursríkum fyrirtækjum víða um heim.

Tilefni fyrirlestrarins er koma Porters hingað til lands hinn 2. október næstkomandi en í heimsókninni heldur Porter tvo fyrirlestra; annan um samkeppnishæfni Íslands og hinn um stefnumótun, ásamt því að taka við heiðursdoktorsnafnbót við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn er öllum opinn og er haldinn klukkan 12.20 í stofu 101 í Odda.

- hhs



**MICHAEL PORTER** Einn helsti hugsuður viðskiptalífsins er væntanlegur hingað til lands í október. Af því tilefni heldur Runólfur Smári Steinþórsson prófessor fyrirlestur um Porter í dag.




# Microsoft kynnir People-Ready

Microsoft á Íslandi ætlar í næstu viku að ráðast í mikla kynningarherferð á People-Ready. Um er að ræða nýtt hugtak sem er afsprengi mikillar hugmyndavinnu hjá Microsoft.

Fyrsta skrefið verður morgunfundur fyrir æðstu stjórnendur fyrirtækja sem haldinn verður á Nordica Hotel á mánudag í næstu viku. Verður honum fylgt eftir með ráðstefnu fyrir tæknistjóra og yfirmenn upplýsingamála fyrirtækja hér á landi í húsakynnum Microsoft við Engjateig 7 daginn eftir og námsstefnu fyrir tölvu- og tæknisérfræðinga undir yfirskriftinni IT Pro Readiness á miðvikudag en þar verður Windows Vista kynnt.

- jab

# Forstjóri Revlon segir af sér

Jack Stahl, forstjóri bandaríska snyrtivörufyrirtækisins Revlon, hefur sagt upp störfum eftir einungis fjögur ár í forstjórastóli. Ástæðan er verri afkoma fyrirtækisins á öðrum fjórðungi ársins en búist hafði verið við.

Stahl mun gegna stöðu sinni næsta mánuðinn en eftir það mun David L. Kennedy, fjármálastjóri Revlon, taka við starfi hans.

Forstjóraskipti hafa verið nokkuð tíð hjá Revlon en síðastliðin sex ár hafa þrír forstjórar vermt stólinn. Þeir Kennedy og Stahl komu báðir til starfa hjá snyrtivöruframleiðandanum fyrir fjórum árum en báðir ólust þeir upp hjá gosdrykkjarisanum Coca-Cola í Bandaríkjunum og í Ástralíu.



**SNYRTIVÖRUR FRÁ REVLON**

Snyrtivöruframleiðandinn tapaði 87,1 milljón dala, eða tæplega 6,2 milljörðum króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er rúmlega tvöfalt meira tap en á sama tíma í fyrra, en þá nam tapið 35,8 milljónum dala, rúmlega 2,5 milljörðum króna.

Helsta ástæða tapsins er minni sala en búist var við á Vital Radiance-snyrtivörulínunni, sem hugsuð er fyrir konur yfir miðjum aldri og fór á markað síðastliðið haust. Um stærsta markaðsátak Revlon var að ræða í áratug og átti línan að snúa afkomu fyrirtækisins til hins betra.



Athugið nýja staðsetningu okkar!

E 359973.547 N 406534.807

**Ísmar** hefur flutt starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði að Síðumúla 28.

**Opið hús** sunnudaginn 24. september kl. 13-17, þar sem kynntar verða helstu nýjungar sem fyrirtækið býður upp á fyrir framkvæmda- og fagaðila.

Verið velkomin.

Icon Auglýsingahús

ÍSMAR

Síðumúli 28
108 Reykjavík

Sími 510 5100 www.ismar.is





HÆFILEG FJARLÆGÐ
OPNAR NÝJA SÝN

- Fyrirtaks veitingastaður og bar
- Stórkostleg náttúrufegurð
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Fyrsta flokks funda- og veisluaðstaða
- Örstutt í einstakar náttúruperlur
- Golfvöllur í næsta nágrenni

Á Hótel Klaustri er í boði frábær aðstaða fyrir hvers kyns mannfagnað, svo sem ráðstefnur, vinnufundi eða árshátíðir. Við bjóðum fjóra rúmgóða veislu- og fundasali í nýlegu og glæsilegu hóteli í námunda við stórkostlega náttúru.

ICELANDAIR HOTELS KLAUSTUR

Hótel Klaustur, beinn sími : 487 4900 S: 444 4040 fundir@icehotels.is

Nordica I Loftleiðir I Flughótel I Hamar I Flúðir I Rangá I Klaustur I Hérað www.icehotels.is




**KÍNVERSKUM FERÐAMÖNNUM FER HRATT FJÖLGANDI UM HEIM ALLAN** Ísland á sér eigið nafn á kínversku - Bingdao eða íseyjan - sem þykir mikill kostur í markaðsstarfi Ferðamálastofu í Kína. Kínverjar hrífast helst af hreina vatninu, víðerninu og fólksfæðinni hér á landi.

# Að krækja í kínverska ferðamenn

Kínverskum ferðamönnum á Íslandi fjölgar ár frá ári. Ferðamynstur Kínverja er allt öðruvísi en Íslendingar eiga að venjast og ýmislegt þarf að gera til laga ferðaþjónustu hér á landi að þeirra þörfum.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**
skrifar

Hér á landi eru engar merkingar á kínversku, hvorki í Flugstöðinni né annars staðar, skortur er á kínverskumælandi túlkum og leiðsögumönnum og lítið sem ekkert sérhæft efni er til sem sniðið er að Kínverjum. Hótelherbergi mætti laga betur að þeirra smekk og þörfum, vestrænn morgunverður er þeim oft ekki að skapi - þeir eru til að mynda vanir heitum mat á morgnana - en fáir staðir taka tillit til þess. Þar að auki eru margir Kínverjar hrifnastir af eigin matargerð en fátt er um kosti þegar snýr að úrvali af kínverskum veitingastöðum. Þetta var meðal þess sem kom fram á morgunverðarfundi Útflutningsráðs, Viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og Ferðamálastofu þar sem fundargestir veltu því fyrir sér hvernig laga mætti íslenska ferðaþjónustu að þörfum kínverskra ferðamanna, sem viðbúið er að muni fjölga gríðarlega hér sem annars staðar í heiminum á komandi árum.

Á fundinum voru þau Isis Cai og Pétur Yang Li, viðskiptafulltrúar við sendiráð Íslands í Peking. Isis sagði meðal annars frá því hverjar þarfir kínverskra ferðamanna væru og benti á hvernig mætti bæta þjónustuna við þá. Pétur fræddi fundargesti um menningarlegan mun á Kínverjum og Vesturlandabúum og hvernig mætti brúa það bil sem myndast getur í samskiptum þeirra á milli.

Fundinum stjórnaði Eiður Guðnason, fráfarandi sendiherra Íslands í Kína. Sagðist hann hafa komist að því þegar hann gegndi starfi sendiherra í Kína að Kínverjar vissu töluvert mikið um Ísland. Það væri ekki síst vegna þess að Ísland á sitt eigið nafn á kínversku - Bingdao - eða íseyjan. Hin Norðurlöndin eru ekki svo heppin. Hann sagði hreina vatnið, víðernið og fólksfæðina meðal þess sem helst hrifi Kínverja við Ísland, enda engu af þessu fyrir að fara í stórborgum í Kína.

Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu, tók í sama streng og Eiður. Sagði hann það staðreynd að Ísland ætti sér nafn á kínversku afar mikilvæga í markaðsstarfi Ferðamálastofu í Asíu. Hann segir stofuna gera ráð fyrir því að ferðamönnum frá Asíu muni fjölga hraðast allra markaðssvæða í framtíðinni. Kínverjar ferðast mest á tímabilinu maí til nóvember og einkum og sér í lagi á seinni hluta þess tímabils. Með því að vekja áhuga Kínverja á Íslandi mætti því lengja ferðamannatímann hér á landi, sem er eitt af markmiðum ferðamannaiðnaðarins.

Álitið er að um 120 milljónir Kínverja muni fara til útlanda árið 2020 en til samanburðar ferðuðust 29 milljónir Kínverja úr landi árið 2004. Gríðarlegur hagvöxtur hefur verið í landinu að undanförnu og kaupmáttur aukist gríðarlega. Þar að auki eru einungis fáein ár frá því losað var um þær hömlur að Kínverjar þurftu sérstakt boðsbréf til að ferðast til útlanda. Þetta hefur gert það að verkum að Kínverjar eiga nú mun auðveldara með að ferðast en áður.

Eitt af því sem taka verður tillit til er að ferðamynstur Kínverja er allt annað en okkar. Þegar þeir leggja land undir fót ferðast þeir langoftast í hópum og vilja sjá mörg lönd á fáum dögum. Þannig má gera ráð fyrir að kínverskir ferðamenn sem hingað koma staldri við í tvo til fjóra daga. Kínverskum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað verulega ár frá ári og sú þróun heldur hratt áfram upp á við. Því er ekki seinna vænna að átta sig á því hvaða þarfir þessi ört vaxandi hópur hefur. Vafalaust liggja mörg tækifæri falin handan við hornið og bíða þess að verða gripin.

120 1886 2006

# Hvert stefnir?

**Hagspá Landsbankans 2006–2015**

Greiningardeild Landsbankans býður til morgunverðarfundar mánudaginn **25. september kl. 8:00** til 9:40 á Hótel Nordica. Á fundinum verður leitað svara við spurningum sem eru ofarlega á baugi í efnahagsmálum.

- Hvert stefnir hagkerfið?
- Hvert stefnir fasteignamarkaðurinn?
- Hvert stefnir krónan?
- Hvert stefnir Seðlabankinn?

**Dagskrá:**

8:00 **Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri, setur fundinn**

8:05 **Höldum til hafs á ný**
Björn Rúnar Guðmundsson og Lúðvík Elíasson kynna hagspá Landsbankans 2006-2015.

8:45 **Hentar núverandi fyrirkomulag peningamála?**
Yngvi Örn Kristinsson, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs, fjallar um stjórn peningamála við skilyrði stórfjárfestinga og opins fjármagnsmarkaðar.

9:20 **Umræður og fyrirspurnir**

9:40 **Fundarlok**

Fundarstjóri: Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður Greiningardeildar

**Boðið verður upp á morgunverðarhlaðborð frá kl. 7:45.**
Vinsamlega skráið þátttöku á vef Landsbankans fyrir kl. 16, sunnudaginn 24. september.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár



**SKRIFAÐ UNDIR** Oscar Pistorius, suður-afrískur spretthlaupari, og Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, skrifa undir samning þar sem Össur skuldbindur sig til að styrkja hlauparann unga, sem er fótalaus neðan við hné, bæði fjárhagslega og með hönnun gervifóta sem gera eiga honum kleift að keppa við fullfríska íþróttamenn á Ólympíuleikunum í Peking árið 2008.
MYND/GVA

# Össur styrkir spretthlaupara

Gervilima- og stoðtækjafyrirtækið Össur hefur skrifað undir styrktarsamning við Oscar Pistorius, nítján ára gamlan heimsmethafa í 100, 200 og 400 metra hlaupi í sínum flokki. Tvö metanna setti hann nýverið á heimsmeistaramóti fatlaðra í Assen í Hollandi.

Oscar, sem er fótalaus fyrir neðan hné á báðum fótum, var hér á landi í síðustu viku til að aðstoða við prófun hlaupafóta sem Össur sérsmíðar á hann og stefnir á að keppa við ófatlaða hlaupara á Ólympíuleikunum í Kína. Til þess að það geti orðið að veruleika segist hann þurfa að bæta tíma sinn í 400 metra hlaupi um eina og hálfa sekúndu á næstu tólf mánuðum. “Það verður sjálfsagt rosalega erfitt, en ég held að það sé vel mögulegt og þá ekki síst vegna þeirrar miklu aðstoðar sem ég nýt frá Össuri,” segir hann. Besti tími Oscars í 400 m hlaupi er 47,3 sekúndur en til að keppa meðal ófatlaðra þarf hann að ná að hlaupa 400 metrana á 45,5 til 45,8 sekúndum. Til samanburðar má nefna að besti tími í 400 metra hlaupi karla hér á landi á þessu ári er 48,86 sekúndur. Þannig er hans besti tími um einni og hálfri sekúndu betri en sá besti hjá íslenskum hlaupurum það sem af er árinu.



**HLAUPAFÓTUR** á borð við þann sem Oscar Pistorius kemur til með að nota.

“Markmið Oscars er að ná lágmarkstíma í 400 metra hlaupi til þess að keppa á Ólympíuleikum meðal ófatlaðra árið 2008 og yrði hann þar með fyrsti fatlaði íþróttamaðurinn til að ná slíkum árangri,” segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, og bætir við að fyrirtækið sé stolt af því að fá að hjálpa honum að ná þessu metnaðarfulla markmiði. “Ég sagði við Oscar að ég gæti óhræddur lofað hverjum þeim forstjórastöðu hjá fyrirtækinu sem þættist geta unnið hann í spretthlaupi, enda er engin á landinu jafnsprettharður og hann. Oscar er hraðskreiðasti hlauparinn sem staddur er á landinu og þó hefur hann misst báða fætur,” benti forstjórinn á í ræðu sinni, en Oscar var aflimaður á báðum fótum vegna fæðingargalla þegar hann var einungis ellefu mánaða gamall. Össur styrkir Oscar með fjárframlagi út árið 2010 ásamt því að sérsmíða á hann hlaupafætur.

Össur er alþjóðlegt fyrirtæki sem hannar og framleiðir stoðtæki, spelkur og stuðningsvörur. Fyrirtækið er leiðandi á sínu sviði og annar stærsti stoðtækjaframleiðandinn í heiminum. Hjá fyrirtækinu starfa um 1.200 starfsmenn á þrettán starfsstöðvum víðs vegar um heim. Höfuðstöðvarnar eru hins vegar hér á landi, en starfsstöðvarnar eru í Bandaríkjunum, Kanada, Hollandi, Bretlandi, Svíþjóð og Ástralíu.

Á vef fyrirtækisins kemur fram að hlutverk þess sé “að hjálpa fólki að njóta sín til fulls” með því að ryðja úr vegi líkamlegum hindrunum af völdum sjúkdóma eða aflimunar með því að framleiða bestu stoð- og stuðningstæki sem völ sé á. “Sú þekking sem skapast hefur innan fyrirtækisins er grunnurinn að auknum vexti og nýsköpun í rannsóknar- og þróunarstarfi fyrirtækisins. Metfjárfesting á þessu sviði speglast í þeim mikla fjölda af nýjum vörum sem eru kynntar á hverju ári,” segir þar og áréttað er að áfram muni fjárfest í öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi, en hluti af slíku starfi er þróun sérstakra hlaupafóta á borð við þá sem Oscar Pistorius kemur til með að nota.

**Markmið Oscars er að ná lágmarkstíma í 400 metra hlaupi til þess að keppa á Ólympíuleikum meðal ófatlaðra árið 2008 og yrði hann þar með fyrsti fatlaði íþróttamaðurinn til að ná slíkum árangri**

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**17.** stýrivaxtahækkun Seðlabanka Íslands í röð á föstudaginn, um fimmtíu punkta upp í 14 prósent.

**0,6%** Hlutfall vanskila af útlánum á öðrum ársfjórðungi 2006.

**177** milljónir króna sem almennir hluthafar í Exista högnuðust um á fyrsta degi viðskipta félagsins í Kauphöll Íslands.

## BANKAHÓLFIÐ



### Eins og konfektkassi

Alfesca bauð í gær til fundar eldsnemma í morgunsárið. Á meðan fundargestir sötruðu kaffi og gæddu sér á frönskum hornum, suðrænum ávöxtum og öðru góðgæti fóru framkvæmdastjórar dótturfyrirtækjanna í Frakklandi, Spáni og Bretlandi yfir stöðuna og framtíðarhorfur. Varð mönnum tíðrætt um hvernig verð á laxi hefði gert þeim lífið leitt undanfarin misseri. Samþætting og samnýting dótturfyrirtækjanna hefði hjálpað til við að gera áhrifin af því minni en væntingar stóðu til. Nú væri verð á laxi á niðurleið og framtíðin því björt. Á borðum fundargesta hafði konfektkössum fullum af gómsætu súkkulaði verið dreift. Heyrðist þá upp úr eins manns hljóði við morgunverðarborðið: „Ætli þetta sé tilvísun í myndina um hann Forrest. Uppgjörið frá Alfesca er eins og konfektkassi – maður veit ekkert við hverju er að búast.“

### Verðbólgutölur í samhengi

Rúmlega sjö prósenta verðbólga mældist á Íslandi í ágúst síðastliðnum og er verðbólga hvergi meiri innan EES-ríkjanna. Þeir sem hafa látið hæst og kveinkað sér yfir verðbólgunni ættu þó að telja upp að tíu og líta til Afríkuríkisins Simbabve. Þar mælist verðbólga nú 1205 prósent á ársgrundvelli. Verðbólgan jókst um 211 prósent í ágúst, á sama tíma og atvinnuleysi mældist sjötíu prósent. Seðlabankastjórinn, Gideon Gono, ræður ekki við neitt og kennir ónefndum útlendingum um hvernig komið er. Sérfræðingar eru þó á einu máli um að ógnarstjórn Roberts Mugabe sé um að kenna og spá því að verðbólgan verði komin í 1800 prósent í árslok.

### Leitun að kjólfötum

Um helgina hélt Landsbankinn veglegan galakvöldverð í Zürich í Sviss. Um fjögur hundruð starfsmenn og viðskiptavinir skemmtu sér auðvitað konunglega. Öllu var tjaldað til að gera þennan atburð sem glæsilegastan og voru þær kröfur gerðar til veislugesta að þær mættu í kjól og hvítu. Olli þetta mörgum töluverðu hugarangri að þurfa að leita dyrum og dyngjum að viðeigandi fatnaði, enda ósjaldan til staðar í fataskápum landsmanna.






## 250-499 þús.



**Útsala**
Eyðir 7 lítrum verð 490.000, áður 690. Toyota Avensis Wagon. 1999. Ekinn 173.000 km. Lán 316.000 kr. Afb. 19 þ á mán. Uppl i s 896 1976 ath skipti á alskyns dóti.



Toyota Corola 1.8xli st. 4wd Ekinn 156.000 árg.1997 verð 290þ. uppl.6961656



Skoda Fabia árg. '00, ek. 120 þús., beinsk., heilsársdekk, verð 400 þús. Uppl. í s. 696 3867.

**Hyundai Sonata**
GLS árg. '98, ek. 127 þús., bíll í fínu lagi, skipti, lán. Sími 695 0443.

## 500-999 þús.



Toyota Yaris 1.3. árgerð '03, 5 d., beinsk. Grænn. Ek. 24 þ. Skoðaður '08. Listaverð 1.130.000. Verð 1.030.000. Bílalán 680.000 þ. Upplýsingar í síma 892 7852.

## 1-2 milljónir



Toyota Yaris '04, 5 dyra, ekinn 58 þús. km áhv. ca 830 þús. ca 19 þús. á mán. Verð 1.090 þús. S. 691 1002.

## 2 milljónir +



Mercedes Benz E500 Avantgarde árg. 2003 5L, ek 85þkm., leður, panorama sóllúga, þjófavörn 18" amg álfelgur, 17" álfelgur á vetrard., bi-xenon, parktronic, dvd, navigation, keyless go, þjónustubók hiti/kuldi/rafmagn/minni í sætum, cd magasín o.m.fl. EINN BEST BÚNI E500 LANDSINS! Ábyrgð enn í gildi! Verð 5.990þ. S. 821 2066 e. kl. 17.

## Bílar óskast

Sparneitinn bíll óskast, verð 50-300 þús. Má þarfnast lagfæringar. S 8469431

## Jeppar



Toyota 4runner Sport 2005 V8 4.7vvti, 270 hö., Ekinn 12 þ.km. sjálfskiptur, hraðastillir, dráttarbeisli, 32", stöðugleikavörn, HAC, DAC, læsingar o.m.fl. Bilanafríasti jeppi í USA 3 ár í röð! Sami undirvagn og LC90. Sama skipting og vél og LC100. e. 7 þ. km. 4,1m. ath. skipti, Bíllinn stendur hja bill.is simi 577 3777



Mercedes Benz ML 350 Inspiration árg. 2003 3500cc, ek. 90þ.km. Leður og lúga. Hiti og rafmagn í sætum, filmur, cd magasín, gps, o.m.fl. Verð aðeins 4.090þ. Bíll.is s. 577-3777

Þarf að losna við mikið magn af verkfærum fyrir lítinn pening jafnvel gefins. Þeir sem hafa áhuga, hafa samband við Mumma Vinnuvélaverkstæðið sf í 821-9013.




Sparaðu Milljón! Nú hefur Toyota Landcruiser fengið samkeppni! Honda Pilot er sömu stærðar með 244 hestafla vél, hlaðinn búnaði og meira en milljón krónum ódýrari hjá islandus.com. Besti jeppinn á markaðnum segja bandarískir bílavefir enda rakar Honda Pilot inn verðlaunum fyrir sparneytni, búnað og aksturseiginleika. Allt að 30% lægra verð á nýjum og nýlegum bílum frá öllum helstu framleiðendum. Láttu okkur leiðbeina þér með bestu bílakaupin. Íslensk Ábyrgð fylgir. Bílalán. Sími þjónustuvers 552 2000 og netspjall við sölumenn á www.islandus.com

## Sendibílar

Til sölu Ford Transit sendilbíll árg. '97, 12 rúmmetra kassi, 750 kg lyfta, ek. 70 þús. á vél. Uppl. í s. 699 7887.

## Vörubílar



Til sölu M. Benz Actros 2540L, árg. 2000, 27.5 tm krani, 8m pallur, mjög gott ástand og útlit, græn olía,ekin 350 þ. km. Verð 7,4 m+ vsk. Uppl. í s. 892 1116 & 893 6565.

Til sölu M. Benz árg. 1983 með framdrifi og búkka, ekinn 515 þ.km og Hiab 125 árg. 1993 með fjarstýringu og 4 í glussa. Verð 1.950 þ. G.V.Gröfur ehf sími 862 5700 & 862 5702.

Alternatorar, startarar og varahlutir fyrir flestar gerðir vörubíla, vinnuvéla og fólksbíla. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

## Mótorhjól

**Icebike.is auglýsir.**
Eigum mikið úrval af mótorhjólum og mótorhjólavörum. simi 421 5452, 867 1282. Iðavellir 10. Reykjanesbæ.

Tilboð óskast í Yamaha R1 árg. 2003, ek. 11 þ. km. Uppl. í s. 847 9145.

Suzuki DRZ 400S '05, ek. 2.700 km, 16 L tankur, mótorhlíf + fleira. Verð 630 þús. S. 847 4747.

Til sölu lítið notaður Race galli stærð Small. Verð 30 þús. Uppl. í s. 845 3896.

## Kerrur

Kerra frá Storm fyrir 2 fjórhjól eða vélsleða, með sturtu. Nánast ónotað. Kostar ný 240 þús. Verð 190 þús. S. 899 7510

## Tjaldvagnar

Combi Camp tjaldvagn árg. '91 sem þarfnast viðhalds er til sölu. Tilboð óskast. Uppl. í s. 694 2053.

## Hjólhýsi




**Nú fer hver að verða síðastur**
Hobby 560 Ufe Excelsior á stórlækkuðu verði. LANG FALLEGUSTU hobbyhúsin. Hlaðin aukabúnaði, aðeins 3 stk eftir. Hobbyhúsið umboðsaðili Hobby á Íslandi. Hobbyhúsið Dugguvogi 12. www.hobbyhusid.is

## Vespur




## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.



Til leigu mikið úrval af Vélhjólbörum með beltum og liðstýrðar á hjólum, Mini Traktorsgröfum og Smágröfum í mörgum stærðum, einnig Stauraborar sem hægt er að tengja við gröfurnar. Erum með kerrur sem hægt er að flytja tækin á. VINNULYFTUR EHF. S: 544 8444.

Alternatorar, startarar og varahlutir, fyrir vinnuvélar, vörubíla og fólksbíla. Ljósboginn Bíldshöfða 14. S. 553 1244.

## Lyftarar







**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.

## Bátar



**Fínn í sportið**
S.V. bátur er með Janmar 230 vél. Grásleppuleifi. Einnig Kumming 350 vél. S. 824 0213.

Óska eftir vatnabát. S.8986611

## Hjólbarðar

Nýjar 17" orginal álfelgur undir Pajero árgerð 2000+ . Einnig ný 4 stk 16" Bridgestone dekk. Eins 4 stk orginal 16" álfelgur og dekk undan pajero „00. Upplýsingar í síma 696 1002

4 stk. dekk 235/75 15" á 12 þ., 2 stk. 265/75 16" á 8 þ., 2 stk. 185/70 14" á 3 þ., 2 stk. 175/70 13" á 3 þ. S. 896 8568.

## Varahlutir







## TIL SÖLU




567 2277 **NÝJA** www.notadirbilar.is

# BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

Sölum. Ingimar • Lalli • Stefanía

# HAUST TILBOÐ



**TOYOTA LANDCRUISER 100 VX DISEL**
Nýskr. 8 / 2005 Ekinn 31 þ.km Ssk. Leður-Lúga-Bakkmyndavél- Loftpúðafjöðrun-**AUKALUTAPAKKI FYRIR 500.000 Verð 7.650.000**



**FORD ESCAPE LTD** Nýskr. 5 / 2004 Ekinn 48 þ.km Ssk. Leður-Lúga-Luxury comfort pakki. **Verð 3.190.000 Áhv. kr. 1.750.000 Mán.afb. kr. 47.000 Tilboð stgr. 2.850.000**



**M.BENZ C 180 KOMPRESSOR**
Nýskr. 2 / 2003 Ekinn 31 þ.km Ssk. **Verð 2.890.000 Skipti möguleg á ódýrari. Flottur og vel með farinn bíll!!!!**



**M.BENZ ML 350 SPORT** Nýskr. 2006 Nýtt ökutæki Ssk. 19" dekk- 4 rása rafstýrt fjórhjóladrif- Alcantara leðuráklæði- SPORT PAKKI Verð 7.690.000 VERÐ ER STAÐGREIÐSUVERÐ Á NÝJUM BÍL



**TOYOTA SIENNA LE AWD 3,3**
Nýskr. 10 / 2004 Ekinn 45 þ.km Ssk. 7 manna. Verð 3.390.000 Skipti möguleg á ódýrari. Tilboð stgr. 2.880.000



**TOYOTA LANDCRUISER 90 DISEL GX** (32") Nýskr. 12 / 1999 Ekinn 183 þ.km Ssk. Verð 1.990.000 Fallegur og velmeðfarinn bíll!



**TOYOTA AVENSIS S/D EXECUTIVE** Nýskr. 12 / 2005 Ekinn 8 þ.km Ssk. Leðuráklæði- Dráttarkúla. **Verð 3.090.000 Tilboð stgr. 2.880.000**



**LEXUS IS200** Nýskr. 12 / 2003 Ekinn 46 þ.km Ssk. 17" dekk 155 hestöfl **Verð 2.290.000 Áhv. kr. 1.800.000 Mán. afb. kr. 36.000. Skipti möguleg á ódýrari**



**NISSAN PATROL ELEGANCE** Dísel (33") Nýskr. 10 / 2003 Ekinn 46 þ.km Ssk. 7 manna - Leður- Lúga. **Verð 3.750.000 Áhv. kr. 2.500.000 Mán.afb. kr. 64.000**

**OPIÐ MÁN TIL FÖS 10-18 OG LAU FRÁ 12-16**

BÍLAKJARNINN • STÓRMARKAÐUR MEÐ NOTAÐA BÍLA

Nýjar, fullfrágengnar íbúðir
Möguleiki á **90%** láni

Sölusýning í dag kl. 16-18





BÚUM BETUR
BYGG
www.bygg.is



# Álfkonuhvarf 53-55

í fögru umhverfi við Elliðavatn

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir 4ra hæða fjölbýlishús með lyftum við Álfkonuhvarf við Elliðavatn. Í húsinu eru 3ja - 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi á svalagangi. Íbúðirnar verða búnar vönduðum innréttingum úr eik. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum. Í bílageymsluna er innangengt úr húsinu. Fallegur sameiginlegur suðurgarður. Húsið er með varanlegum utanhússfrágangi.

Íbúðir af ýmsum gerðum til sölu. Upplýsingar gefa sölumenn.

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is





# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

**Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu**

**Upplýsingar í síma 840 1616**


Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Fossvogur, einbýli.**
Tillaga að breytingu á skilmálum í deiliskipulagi fyrir einbýli í Fossvogi. Breytingin felst í því að nýtt ákvæði um kjallara bætist við skilmálana. Önnur ákvæði skilmálanna eru óbreytt.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Háaleitisbraut 68.**
Sagan var æskuverk Tolkiens en hann vann að gerð hennar árið 1918. Hringadróttinssaga kom ekki út fyrr en rúmum þrjáíu árum síðar. Bókin ku greina frá elstu sögnum ævintýraheimsins sem Tolkien skapaði og kenndur er við Miðgarð.

Christopher Tolkien á útgáfurétt að bókum föður síns en hann hefur með ötulli vinnu leitast við að varpa ljósi á feril Tolkiens með útgáfu ýmiss konar rita. Hann er einnig þekktur fyrir teikningar sínar sem birtust í þríleiknum vinsæla sem selst hefur í rúmum fimmtíu milljónum eintaka um allan heim.

## > Ekki missa af...

síðustu bíódögum kvikmyndahátíðarinnar **IFF** sem lýkur á **fimmtudaginn**.



dansleikhúsi **Pinu Bausch** sem sýnir verkið **Água** í **Borgarleikhúsinu**. Síðasta sýningin er kl. 20 í kvöld.

samsýningingunni **„Guðs útvalda þjóð“** í gallerii **Kling & bang**. Fjöldi myndlistar- og tónlistarmanna tekur þátt í sýningunni en sýningarstjóri er **Snorri Ásmundsson.**

# Fagnaður á svið á ný

Leikritið Fagnaður eftir breska leikskáldið og Nóbelsverðlaunahafann Harold Pinter fer aftur á svið Þjóðleikhússins og verður fyrsta sýningin næstkomandi sunnudag.

Harold Pinter, eitt frægasta leikskáld samtímans, hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 2005 en leikritið Fagnaður er af mörgum álitið hans fyndnasta og aðgengilegasta verk í áraraðir. Pinter er eitt frumlegasta og merkasta leikskáld Breta á síðari hluta tuttugustu aldar en hann hefur á ferli sínum skrifað á þriðja tug leikrita og haft gífurleg áhrif á leiklistarlíf í Bretlandi, bæði sem leikstjóri og höfundur. Á síðari árum hefur Pinter látið mikið til sín taka á opinberum vettvangi en hörð gagnrýni hans á ríkisstjórnir Bretlands og Bandaríkjanna vegna stefnu þeirra í alþjóðastjórnmálum hefur vakið mikla athygli. Harold Pinter voru á þessu ári veitt evrópsku leiklistarverðlaunin, virtustu leiklistarverðlaun álfunnar.

Mörg leikrita Pinters hafa verið sett upp á Íslandi; þau þekktustu eru Húsvörðurinn, Eins konar Alaska, Kveðjuskál, Heimkoman, Elskhuginn og leikritið Svik sem sett var upp hérlendis á síðasta ári. Fagnaður gerist á veitingastað í London þar sem matargestir eru allir að fagna einhverju. Undir niðri býr þó ógn og taugaveiklun sem ágerist þegar líður á. Verkið er margslungið og óvæntur húmor leikskáldsins nýtur sín vel.

Í tengslum við endurupptöku sýningarinnar verður boðið upp á Kvöldstund með Pinter þau kvöld sem sýningar verða og verður þá boðið upp á næringu fyrir líkama og sál. Að loknum málsverði í Leikhúskjallaranum mun Martin Regal, dósent í ensku við Háskóla Íslands, flytja erindi um Pinter og verk hans en leiksýningin hefst síðan kl. 21.00.

Leikstjóri Fagnaðar er Stefán Jónsson en leikarar eru Edda Arnljótsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Jón Páll Eyjólfsson, Kristján Franklín Magnús, Margrét Kaaber, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Ólafur Egill Egilsson. Þýðandi er Elísabet Snorradóttir, búningar eru í höndum Rannveigar Gylfadóttur, Björn Bergsteinn Guðmundsson sér um lýsingu og höfundur leikmyndar er Börkur Jónsson. - khh



**FAGNAÐI FAGNAÐ Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU** Verk Nóbelskáldsins Harolds Pinters fer aftur á svið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR




*Ein trú - tveir heimar*

**Samkomur í Dómkirkjunni**
**Ræðumaður sr. Helgi Hróbjartsson**

**Fimmtudagur 21. september kl. 20**
Ávarp og ritningarlestur: Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur og Jónas Þórisson framkvæmdastjóri Hk. Tónlist er í umsjá Léttsveitar Dómkórsins, Marteins H Friðrikssonar og **Laufeyjar Geirlaugsdóttur**.

**Föstudagur 22. september kl. 20**
Ávarp og ritningarlestur: Sr. Hjálmar Jónsson, sóknarpr. og sr. Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastj. SÍK. Tónlist er í umsjá Óskars Einarssonar, Fannyar Tryggvadóttur, Hrannar Svansdóttur og **Páls Rósinkrans**.
Eftir að samkomum lýkur er boðið upp á **ráðgjafarsamtöl** um trúarlíf og fræðslu og fyrirbæn. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson, dómkirkjuprestur leiðir samkomurnar.

***HJARTANLEGA VELKOMIN!***




**SYLVÍA VANDEN HEEDEN RITHÖFUNDUR** Varð rithöfundur fyrir slysni en hefur verið síscrifandi síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Safnhaugur í heilastað

**Flæmski rithöfundurinn Sylvía Vanden Heeden líkir höfuðinu á sér við safnhaug. Þar sé allt fullt af handahófskenndum upplifunum en í óreiðunni verða samt til frjósamar afurðir og ein þeirra er sagan um Rebba og Héru.**

„Ég byrjaði að skrifa því ég gat ekki gert neitt annað,“ segir Sylvía kímin. „Ég ætlaði mér að verða listamaður og fór í listaskóla. Ég hef verið að skrifa smásögur frá því ég var 9-10 ára og mig dreymdi um að skrifa bækur en óraði aldrei fyrir því að neitt yrði gefið út.“ Hún segist jafnan hafa byrjað með mikilfenglegan titil og langan efnislista. „Ég byrjaði á einum kafla og skrifaði annan og kannski síðustu setninguna í sögunni en kláraði aldrei það sem þurfti að vera á milli. Maður þarf sjálfsaga til að skrifa bækur og ég hafði hann hreinlega ekki.“

Núna er Sylvía búin að skrifa liðlega þrjátíu bækur af ýmsum toga. Eftir að hún hreppti verðlaunasæti í samkeppni um sögur fyrir unga lesendur kom fyrsta bókin hennar út, 1987, og hún hefur verið síscrifandi síðan. „Allt í einu var ég orðinn rithöfundur, eins og fyrir algjöra slysni,“ segir hún í gríni.

Sylvía segist skrifa allt nema ljóð. „Bækurnar mínar eru mjög ólíkar, ég skrifa fyrir börn á aldrinum 6-16 ára en líka myndabækur fyrir yngri lesendur, sögulegar skáldsögur og sálfræðilegar sögur fyrir fullorðna. Ég skrifa fantasíur eins og Rebba og Héru en líka sögur um dýr sem ekki ganga í fötum eða tala,“ áréttar hún.

Reyndar gleyma lesendur oft að hún hefur skrifað fleiri bækur en sögurnar um þá títtnefndu vini. „Það hafa komið út átta bækur um þau og sú fyrsta er komin út á íslensku.“ Sögurnar um Rebba, Héru og vini þeirra þykja með eindæmum hugljúfar og hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim á undanförnum árum. Fyrsta bókin um Rebba og Héru segir frá vetri í skóginum og er sérstaklega hugsuð fyrir börn sem eru að byrja að lesa. „Ég skrifaði þessa bók með unga lesendur í huga. Þeim finnst auðveldara að byrja á stuttum orðum og setningum en svo lengjast þau eftir því sem líður á söguna. Þetta er svona saga sem vex með barninu en það er auðvelt að byrja á henni.“ Sögurnar hafa ílengst á metsölulistum um alla Evrópu og hugmyndin hefur undið talsvert upp á sig, búið er að gera tölvuleiki eftir bókunum og gefa út orða- og uppskriftabók í sömu seríu.

Sylvía segist sjaldan þurfa að leita innblásturs fyrir skriftirnar, hugmyndirnar flæði nokkuð greiðlega en hún líkir höfðinu á sér við safnhaug. „Ég er ekki með heila, bara safnhaug,“ segir hún hlæjandi. „Þú veist að safnhaugurinn er í raun og veru bara rusl en úr honum verður samt frjósamur jarðvegur. Allt sem ég sé og upplifi fer á safnhauginn, flestu gleymi ég, eins og til dæmis hvar ég set lyklana mína, en svo geta verið litlir hlutir eða hugmyndir þar sem breiða úr sér, blómstra og úr verður saga.“

kristrun@frettabladid.is

# Músíkalskur fundur við meistarana

Píanóleikarinn Peter Máté heldur tónleika í TÍBRÁR-tónleikaröð Salarins í kvöld. Á efnisskránni eru verk eftir Janácek, Chopin, Bartók, Hjálmar H. Ragnarsson, Schubert og Franz Liszt. Í tilkynningu frá listamanninum segir að flest verkanna séu ættuð frá Austur-Evrópu. „Tónmál verkanna eru nátengd mállýsku og sérstökum framburði á tungu höfundanna, til dæmis móravísku Janáceks og ungversku Bartóks, og með það í huga er skemmtilegt að velta fyrir sér óvenjulegum hendingum í verkunum.“

Peter Máté er ættaður frá Ungverjalandi og lauk einleikara- og meistaragráðu frá Tónlistarakademíunni í Prag. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá 1990 og kennir nú við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Hann kveðst hafa fengið tækifæri undanfarið til að leika fyrir þröngan vinahóp á stofutónleikum. „Það hefur verið mjög skemmtileg reynsla að leika fyrir lítinn hóp eins og tíðkaðist oft á tímum rómantískú risanna þó að fyrirbærið eigið sér raunar mun lengri sögu. Spenna, gleði, ást, vinátta og kærleikur eru aðeins nokkur þeirra orða sem koma upp í hugann. Það er einmitt von og ósk mín að eiga góðra vina fund með píanóverkum meistaranna á þessum tónleikum.“

Tónleikarnir hefjast kl. 20 í kvöld.



**PETER MÁTÉ PÍANÓLEIKARI** Leikur verk ættuð frá Austur-Evrópu.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7192



13.01.06 † Sæbraut
Pétur Sigurðsson
59 ára



19.01.06 † Hnífsdalsvegur
Þórey Guðmundsdóttir
17 ára



23.02.06 † Bæjarbraut
Halla Margrét Ásgeirsdóttir
15 ára



28.02.06 † Sæbraut
Guðrún Jónsdóttir
18 ára



04.03.06 † Hjalteyrargata
Sesar Þór Viðarsson
19 ára



07.05.06 † Kjósarskarðsvegur
John Joseph Cramer
47 ára



06.06.06 † Elliðavatnsvegur
Hallgrímur Páll Guðmundsson
34 ára



02.07.06 † Varmahlíð
Sigrún Kristinsdóttir
20 ára



02.07.06 † Öræfasveit
Heiðar Þórarinn Jóhannsson
52 ára



23.07.06 † Drangsnesvegur
Þórður Björnsson
83 ára



23.07.06 † Eystri-Rangá
Birkir Hafberg Jónsson
26 ára



07.08.06 † Suðurlandsvegur
Rósa Björg Guðmundsdóttir
36 ára



16.08.06 † Kjalarnes
Linda Björg Rafnsdóttir
16 ára



16.08.06 † Garðskagavegur
Guðmundur Adam Ómarsson
21 árs



16.08.06 † Garðskagavegur
Jóhann Fannar Ingibjörnsson
34 ára



20.08.06 † Vesturlandsvegur
Eugeniusz Leszek Lojko
47 ára



23.08.06 † Vesturlandsvegur
Dariusz Wojewoda
25 ára



27.08.06 † Faxabraut
Bryndís Zophoníasdóttir
74 ára



28.08.06 † Borgarfjarðarvegur
Unnur Betty Guðmundsdóttir
18 ára




14.09.06

# NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

**Það sem af er þessu ári hafa tuttugu einstaklingar látið lífið í umferðarslysum á Íslandi. Þetta er hræðilegur fórnarkostnaður og við hljótum að spyrja hvort lífi einhvers þeirra hefði ekki mátt bjarga með betri umferðarmenningu.**

**Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp.**
Þú getur lagt þitt af mörkum með því að fara inn á **www.stopp.is.** og skrifa undir yfirlýsingu um betri hegðun í umferðinni.

Við vottum aðstandendum hinna látnu okkar dýpstu samúð og þökkum þeim fyrir að leggja okkur lið í þessu brýna verkefni.

## www.stopp.is

UMFERÐARSTOFA

# Sjónræn skáldskaparlist



LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Gunnlaðarsaga**

Kvenfélagið Garpur / Hafnarfjarðarleikhúsið

Leikrit byggt á skáldsögu Svövu Jakobsdóttur / **Leikgerð** Sigurbjörg Þrastardóttir / **Leikmynd** Wytautas Narbutas / **Búningar** Filippía Elísdóttir / **Sviðshreyfingar** Lára Stefánsdóttir / **Tónlist og hljóðmynd** Hlynur Aðils Vilmarsson / **Lýsing** Björn Bergsteinn Guðmundsson / **Leikstjóri** Þórhildur Þorleifsdóttir

Verk Svövu Jakobsdóttur hafa orðið leikhúslistafólki andleg uppörvun og kveikja hugmynda undanfarin misseri. Í Þjóðleikhúsinu gengur „Eldhús eftir máli“ ennþá eftir að hafa slegið rækilega í gegn á síðasta leikári og nú í byrjun nýs leikárs frumsýnir Kvenfélagið Garpur leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur á Gunnlaðarsögu í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Gunnlaðarsaga er mikið bókmenntaverk og sumpart uppgjör höfundar við ritlistina, pólitíkina, þjóðina, lífið og tilveru mannkyns á jörðinni. En ekki síst það hlutskipti að vera kona, rithöfundur, skáld, listamaður með ríka og sjálfstæða vitund í heimi sem karlar hafa skapað og þar af leiðandi farið með ákvörðunarvald eins og Guð hafi af örlæti sínu falið þeim það þrátt fyrir að konan sé lykill sköpunarverksins. Jafnvel orð eins vitund, greind, gáfur, sköpun og ást eru kvenkynsorð ef það skyldi hafa farið fram hjá einhverjum.

Verk Svövu eru ekki augljós í fyrstu atrennu enda eru þau oft og tíðum djúphugsuð, margræð og það þarf að fletta gegnum nokkur lög áður en komið er að innsta kjarnanum rétt eins og manneskjan í öllu sínu lífi sem aldrei getur lesið í það í upphafi þrátt fyrir góðan ásetning og fagrar fyrirætlanir. Nú bíð ég bara í ofvæni eftir því að sjá „Leigjandann“ á sviði ef einhver vill vera svo væn/n að skrifa leikgerð svona í tilefni þess að hann er nú loksins á förum héðan eftir að hafa verið þaulsætinn í hálfa öld. Það má heldur ekki gleyma því að Svava skrifaði prýðis leikrit á ferli sínum sem öll gætu gengið í endurnýjun lífdaga hvar og hvenær sem er.

En hvað varðar sýninguna þá vil ég að byrja á því að hrósa fallegu og glæsilegu samspili leikmyndar, ljósa og hljóðmyndar. Leikstjórinn nýtir rýmið vel og stílfærðar hreyfingar leikaranna njóta sín vel í ljósi, skuggum og speglum. Sigurbjörg Þrastardóttir nálgast bókmenntaverkið af mikilli auðmýkt og virðingu en þar liggur ef til vill veikleiki sýningarinnar.

Mér fannst textaflutningurinn oft svo yfirdrifinn, bókmenntalegur og hátíðlegur að ég átti í mestu erfiðleikum með að trúa því sem persónurnar voru að segja. Áherslur voru á stundum skringilegar og hefði leikstjórinn mátt vinna sum eintölin betur með leikurunum. Um miðbikið slitnaði þráðurinn nokkuð en lokaspretturinn var magnaður og áhrifaríkur.

Sóley Elíasdóttir fór með burðarhlutverkið, móðurina sem fer til Kaupmannahafnar að vinna í málum Dísar dóttur sinnar og fórst það prýðilega úr hendi utan smá óstyrks í byrjun sem á eftir að hverfa þegar líður á sýningarnar. Mér fannst þó búningurinn ekki hjálpa henni mikið í túlkuninni og jafnvel setja henni vissar skorður líkamlega svo hún virkaði stundum þvinguð þegar hún þurfti á því að halda að sleppa sér í tilfinningaólgunni. Sama fannst mér reyndar um rauða kjólinn sem Dís var látinn klæðast. Hann var skelfilega óklæðilegur með fullri virðingu fyrir því sem liturinn og sniðið átti að tákna af hálfu búningahönnuðarins.

Aðrir búningar féllu ágætlega að heildarmyndinni. Sólveig Guðmundsdóttir var í hlutverki Dísar og túlkaði það af einlægni framan af, en eins og áður sagði; yfirmótaður flutningurinn gerði mér erfitt fyrir um að trúa því sem sagt var. Svo skildi ég ekki af hverju leikstjórinn var að láta leikarana enduróma sjálfa sig af bandi og þykjast jafnvel vera að syngja af bandi. Það virkaði bara pínlegt.

Erling Jóhannesson var eina persónan sem talaði og hegðaði sér „eðlilega“ enda skilaði hann hlutverki sínu eins og til var ætlast, á rólegum afslöppuðum nótum. Arndís Hrönn Egilsdóttir lék Önnu, sem er megin stoðhlutverkið í sýningunni. Henni tókst að gæða persónu sína nokkrum húmor og kaldhæðni en mér þótti sem skjóta þyrfti styrkari stoðum undir samband hennar og móðurinnar (Sóleyjar). Leikverkið sem slíkt hefur ekki raunsæja byggingu; er í eðli sínu dialektískt og þess vegna hæpið að gera kröfu um svona röklega smámuni, en það hefði að mínu viti gefið skýrari mynd af persónunum. Aðrir leikarar áttu ekki margar línur utan Maríanna Klara Lúthersdóttir sem fór ágætlega með hlutverk Urðar. Sveinn Ólafur Gunnarsson gerði fátt eftirminnilegt og sömu sögu er að segja um Maríu Hebu. Ívar Örn sýndi hversu vel þjálfaður hann er líkamlega og framkvæmdi tilsettar hreyfingar hnökralaust.

Leikhópurinn var að skila vinnunni sinni og auðvitað geta ekki allir verið í aðalhlutverki en samt vottaði fyrir einhverjum skorti á sameiginlegri orku til að setja punktinn yfir. Það verður að segjast eins og er að sjónrænt yfirbragð sýningarinnar er afskaplega fallegt en leikurunum gengur misvel að nálgast innra líf textans til að geta skilað hreinni túlkun. En undir lok sýningarinnar verða skilaboðin skýr og eiga vissulega erindi við okkur mannkynið sem er á góðri leið með að tortíma sjálfu sér og heiminum sem það lifir í. Plús í kladdann fyrir að þora!

**GUNNLAÐARSAGA**

**Leikstjóri:** Þórhildur Þorleifsdóttir
**Aðalhlutverk:** Sóley Elíasdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Erling Jóhannesson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Ívar Örn Sverrisson, Maríanna Clara Lúthersdóttir.

**Niðurstaða:** Sjónrænt falleg sýning en leikhópinn skorti orku til að setja punktinn yfir i-ið.


BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ og KVENFÉLAGIÐ GARPUR kynna:
GUNNLAÐAR SAGA
eftir Svövu Jakobsdóttur í leikgerð Sigurbjargar Þrastardóttur
Frumsýning 15. september uppselt
2. sýning 16. september örfá sæti laus
3. sýning 22. september
4. sýning 23. september
Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Sýning hefst kl: 20:00
Miðasala í síma 555-2222 | www.hhh.is | www.midi.is

AUSTURBÆR


AFGANGAR
Fim. 21. sept. kl. 21.00
Fös. 22. sept. kl. 21.00
HAFIÐ BLÁA
Sun. 24. sept. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 8. okt. kl. 13.30 sæti laus
DREKASKÓGUR
Lau. 23. sept. kl. 14.00 miðaverð kr. 800 sæti laus
Miðasala Austurbæjar opinn 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 24/9 kl. 14 Lau 30/9 kl. 14
Sun 1/10 kl. 14 Sun 8/10 kl. 14
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 24/9 kl. 20 Lau 30/9 kl. 20
Fös 6/10 kl. 20 Sun 15/10 kl. 20
FOOTLOOSE
Fös 22/9 kl. 20 Lau 23/9 kl. 20
Fim 28/9 kl. 20 Fös 29/9 kl. 20
HVÍT KANÍNA
Nemendaleikhúsið frumsýnir nýtt verk eftir hópinn.
Fös 22/9 kl. 20 frumsýning UPPS.
Lau 23/9 kl. 20 hátíðarsýning UPPS.
Sun 24/9 kl. 20 Mið 27/9 kl. 20
BANNAÐ INNAN 16 ÁRA.
Engum hleypt inn án skilríkja.
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is
PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Água í Borgarleikhúsinu.
Í kvöld kl. 20 UPPS.
Síðasta sýning
Miðaverð 4.900.
MEIN KAMPF
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20 UPPS.
Fös 29/9 kl. 20
Lau 7/10 kl. 20
Sun 8/10 kl. 20
ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið fyrir alla!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Sun. 17/9 örfá sæti laus, fös. 22/9. lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00. Aðeins fáar sýningar í haust.
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl. 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 14:00, fös. 6/10 kl. 20:00, lau. 7/10 kl. 14:00, sun. 8/10 kl. 14:00, lau. 14/10 kl. 14:00, sun. 15/10 kl. 14:00.
SNEGLA TAMIN eftir Shakespeare
Japönsk gestasýning lau. 16/9 kl. 20:00.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 uppselt, lau. 30/9 uppselt, sun. 1/10 kl. 17:00, fim. 5/10, lau. 7/10, sun. 8/10 kl. 17:00, mið. 11/10, fim. 12/10, fös. 13/10, lau. 14/10, sun. 15/10 kl. 17:00, fim. 19/10, fös. 20/10, lau. 21/10.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Fim. 21/9, sun. 24/9, fim. 28/9.
Leikhúskjallarinn. Upplýsingar og borðapantanir í síma 585 1295.
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30-18:00 MÁN.– ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



Sýningar í Landnámssetri í september og október
Laugardagur 23. september kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 24. september kl. 16 Uppselt
Miðvikudagur 27. september kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 28. september kl.20 Laus sæti
Fimmtudagur 5. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 6. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 7. október kl. 20 Uppselt
Sunnudagur 8. október kl. 20 Örfá sæti laus
Fimmtudagur 12. október kl. 20 Laus sæti
Föstudagur 13. október kl. 20 Laus sæti
Laugardagur 14. október kl. 20 Örfá sæti laus
Sunnudagur 15. október kl. 20 Laus sæti
Fimmtudagur 19. október kl. 20 Laus sæti
LEIKHÚSTILBOÐ: Tvíréttaður kvöldverður og leikhúsmiði frá kr. 4300 - 4800
TEKIÐ Á MÓTI PÖNTUNUM frá kl. 10 til 16 mánudaga - fimmtudaga í síma 437 1600
Staðfesta þarf miða með greiðslu viku fyrir sýningardag

# Tíguleg uppgjöf fyrir efninu

Myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson hefur tilkynnt með formlegum hætti að verki hans sem kennt er við stúku Hitlers sé lokið og hann muni ekki, eins og lýst hafði verið yfir, „eiga við né endurbyggja“ verkið frekar.

Leifar af leikhússtúku Adolfs Hitlers sem reist var í Admirals Palast leikhúsinu í Berlín árið 1941 voru fluttar í húsakynni Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi þar sem Ragnar hugðist fremja gjörning í tengslum við rústirnar en hann vinnur iðulega með sína eigin nærveru í verkum sínum. „Nú þegar komið er að því að hefja þennan gjörning hefur efnið yfirtekið upphaflega áætlun mína,“ segir í yfirlýsingu listamannsins, sem líkti sigraðri stúkunni við verkið „Skipbrot vonar“ eftir Caspar David Friedrich. „Efnið sem er í þessu verki er það þungt og merkingarhlaðið að verkið sjálft hefur borið listamanninn Ragnar Kjartansson ofurliði. Ég gefst upp fyrir efninu og andanum í þessu verki.“

„Þetta er tignarleg uppgjöf,“ útskýrði Ragnar í viðtali og áréttaði einig að hann hafi áður upplifað þessa kennd. „Það er algengt að verki sé lokið fyrr en maður heldur.“ Ragnar órar ekki fyrir hvort aðrir gestir Hafnarhússins upplifi verkið á líkan hátt en hann segir það nú fullkomnað. Aðspurður um hvenær hann skynjaði að verkinu væri lokið segist Ragnar ekki geta svarað því.

Ragnar kveðst munu halda sínu striki, í bígerð er sýning í London og um næstu helgi mun hann fremja gjörning í tengslum við afhendingu Sjónlistarorðunnar ásamt Ásdísi Sif Gunnarsdóttur en þeim viðburði verður sjónvarpað beint frá Akureyri næstkomandi föstudag.

„Ég tek líka þátt í norður-evrópska tvíæringingnum Momentum en þar er ég með verk sem heitir Scandinavian Pain,“ útskýrir Ragnar og segir það verk til heiðurs svæðisbundnum tilfinningum sem skynja má í verkum Strindbergs, Ibsens og skandinavískri black-metal tónlist. Ragnar finnur bældri dramatík Skandinava heimili í hlöðu við norskan fjörð þar sem leikið var tónverk sem samið var í félagi við Ólaf Björn Ólafsson en Ragnar hóf einnig upp raust sína og söng í hlöðukjallaranum á meðan á gjörningum stóð.

Stúka Hitlers verður áfram til sýnis í Hafnarhúsinu en verkið er hluti samsýningarinnar Pakkhúss postulanna sem stendur til 22. október. - khh




**HÚS SKANDINAVÍSKA SÁRSAUKANS** Verk Ragnars á norður-evrópska tvíæringnum hverfist um bælda dramatík. MYND/RAGNAR KJARTANSSON



**RAGNAR KJARTANSSON LISTAMAÐUR** Gafst tígulega upp fyrir efniviði stúku Hilters. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

17 18 19 **20** 21 22 23

**Miðvikudagur**

### KVIKMYNDIR

- 20.00 **Stjórnmálaskor Háskóla Íslands** sýnir heimildarmynd um hvernig konur geta leitað réttar síns í **Íran**. Í myndinni **Divorce Iranian Style** er fylgst með konum í Íran, sem sækjast eftir lögskilnaði við eiginmenn sína. Myndin veitir afar góða innsýn í íranskt samfélag, um réttarfarið þar og stöðu kvenna. Aðgangur er öllum heimill en nemendur hafa forgang.

### FYRIRLESTRAR

- 20.00 Má bjóða þér sjálflýsandi svín? **Dr. Þorvarður Árnason**, forstöðumaður Háskólaseturs á Hornafirði og **Dr. Einar Mäntylä**, plöntusameindaerfðafræðing kafa ofan í umræðuna um erfðabreytt matvæli í **Vísindakaffi** á vegum **Rannís**. Kaffistofa Listasafns Reykjavíkur, **Hafnarhúsi**

### SÝNINGAR

- 09.00 **Listvinafélag Hallgrímskirkju** stendur að sýningu á verkum **Hafliða Hallgrímssonar**. Tólf myndverk hans eru nú til sýnis í fordyri kirkjunnar, sýningin stendur til 23. október.
- 10.00 Á sýningunni **Pakkhúsi postulanna** sem stendur yfir í **Listasafni Reykjavikur**, **Hafnarhúsi**, sýna ellefu listamenn verk af ólíkum togi. Sýningarstjórar eru **Daníel Karl Björnsson** og **Huginn Þór Arason**.
- 11.00 **Sigurbjörn Kristinsson** sýnir **abstraktmálverk** í **Boganum**. Sýningin heitir einfaldlega kompósísjónir en hún stendur til 5. nóvember.
- 11.00 Listamennirnir **Anna Eyjólfsdóttir**, **Jessica Stockholder**, **Ragnhildur Stefánsdóttir**, **Rúrí** og **Þórdís Alda Sigurðardóttir** sýna verk sín á samsýningunni **Mega vott** sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Sýningin er opin milli 11-17 en hún stendur til 2. október.
- 13.00 Myndlistamaðurinn **Iain Sharpe** sýnir í gallerii **Animu** við **Ingólfsstræti**. Sýningin er opin frá 13-17 og stendur til 7. október.
- 13.00 **Ragnheiður Jónsdóttir** og **Harpa Árnadóttir** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ**. Ragnheiður sýnir stórar kolateikningar í Ásmundarsal en Harpa sýnir tvær innsetningar.
- 13.00 Sýning á íslensku handverki og listiðnaði á vegum **Handverks og hönnunar** stendur yfir í **Bíósalnum** í **Duushúsunum** í **Reykjanesbæ**. Sýningin er opin alla daga kl. 13-17.30 og stendur til 24. sept.
- 13.00 Sýning á íslensku handverki og listiðnaði á vegum Handverks og hönnunar stendur yfir í Bíósalnum í Duushúsunum í Reykjanesbæ. Sýningin er opin alla daga kl. 13-17.30 og stendur til 24. sept.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 12.00 Yfirlitssýningu á ljósmyndum **Andrésar Kolbeinssonar** í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** í **Grófarhúsi** lýkur um næstu helgi. Myndir Andrésar frá árunum 1952-65 birta nýja sýn á ört vaxandi borg. Sýningin er opin milli 12-19 virka daga en 13-17 um helgar.

**hvar@frettabladid.is**





Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt

**Hrein þjónusta ehf**

Dalbraut 3, 105Rvk 897 2800 - 567 7773



- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLIST
- TUNGUMÁL
- SÖNGNÁM OG LEIKLIST
- NÁMSAÐSTOÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Í HAFNARFIRÐI

**Námskeiðin að hefjast!**

Innritun stendur yfir á haustönn 2006. Nánari uppl. í síma 585-5860 og á **www.namsflokkar.hafnarfjordur.is**

**TUNGUMÁL**
Ísl. f. útlendinga
Réttritun/málfræði
Pólska
Rússneska
Spænska
Ítalska
Franska
Enska
Sænska
Danska
Norska
Þýska

**HANDVERK**
Vatnslitamálun
Tréútskurður
Tálgunámskeið
Skartgripagerð
Olíumálun
Eldsmíði
Skopmyndagerð
Leirmótun
Myndl. f. börn
Skrautritun
Mósaik

**TÓNLIST**
Munnharpa/Gítar
Bongotrommur
Trommur
Saxófónn
Hljómborð
Söngtextagerð
Gítar
Blokkflauta
Fiðla
Harmonikka
Rafbassi
Að hlusta á klassík
Söngnám

**TÖLVUR**
Almennt tölvunám
Powerpoint
Autocad
Stafræn myndavél
After Effects
Tölvup./internet
Illustrator
Smáfyrirtæki/rekstur

**HEILSA/ÚTLIT**
Neglur
Stafaganga
Vöðvanudd
Svæðanudd

**MATUR**
Kaffinámskeið
Veislumatargerð
Tapas
F. saumaklúbbinn
F. matarklúbbinn
Danskt Smörrebröd
Austurlensk matargerð
Frönsk matargerð
Jólamatur
Fyrir heimavinnandi
Léttir réttir

**SAUMAR/PRJÓN**
Prjónað og þæft
Þæfing
Bútasaumur
Fatasaumur
Jólanámskeið

**ÝMIS NÁMSKEIÐ**
Hraðlestranámskeið
Sjálfsstyrking f. alla
Dagforeldranámsk.
Fuglaskoðun
Töfrabragðanámskeið
Vestur-Íslendingar
Listasaga
Goðafræði
Leiklist börn/ungl.
Fluguköst
Portfolio
Ísl. lækningajurtir
Garðhönnun
Matjurtagarðurinn
Dýr/atferli og hegðun
Hláturjóga
Fluguhnýtingar

**PRÓFAÁFANGAR**
Íslenska 102, 202
Spænska 103,203,403
Stærðfræði 102, 202
Námsaðstoð f.10.bekk

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Hnífamaður ruddist inn í stúdíó X-ins

„Ég get ekki ímyndað mér hvað þessi maður taldi sig eiga sökótt við mig. Hann á að hafa sagt að ég hafi gert grín að sér í þættinum Blautt malbik á föstudagskvöldið,“ segir rapparinn og útvarpsmaðurinn Halldór Halldórsson, eða Dóri DNA eins og hann er oftast kallaður. Sú undarlega uppákoma átti sér stað um miðjan dag á laugardag að maður vopnaður hnífi ruddist inn í hljóðver útvarpsstöðvarinnar X-ins 977 og heimtaði að ná tali af Dóra DNA. Þegar þetta gerðist var Egill „Gillzenegger“ Einarsson í hljóðverinu með þáttinn Með‘ann harðan.

„Ég var nú ekki á staðnum en mér skilst að Egill og félagar hafi náð að róa manninn niður,“ segir Frosti Logason, dagskrárstjóri X-ins 977. „Þessi maður hafði uppi ógnandi tilburði við starfsfólk okkar og hótaði meðal annars að rústa stúdíóinu okkar. Hann fór reyndar á brott án þess að rústa neinu, hann gerði víst ekki meira en að stinga hnífnum í útsendingarborðið okkar,“ segir Frosti enn fremur.

Hvorki Frosti né Dóri DNA segjast vita hvað manninum gekk nákvæmlega til með þessu uppátæki. „Maður veit náttúrlega hvernig þessir rapparar eru, sífellt skjótandi og stingandi hvern annan,“ segir Frosti á léttum nótum. Hann viðurkennir þó að starfsfólki X-ins hafi ekki staðið á sama og öryggisráðstafanir á stöðinni hafi þegar verið efldar. „Svona lagað gerist ekki aftur,“ segir Frosti.- hdm




**DÓRI DNA** Rapparinn knái hefur ekki hugmynd um af hverju maður vopnaður hnífi ruddist inn á X-ið um helgina í leit að honum.

**FROSTI LOGASON** Segir að uppákoma eins og varð um helgina muni ekki endurtaka sig.



**BRAD PITT** Er hugsanlega að fara að taka við af Tom Cruise í fjórðu Mission Impossible-myndinni.

## Tekur við af Cruise

Leikarinn Brad Pitt er hugsanlega að fara að taka hlutverk Tom Cruise í framhaldsmyndinni Mission Impossible en verið er að undirbúa tökur á fjórðu myndinni. Pitt hefur verið boðið aðalhlutverkið í myndunum og mun það vera annar karakter en Cruise lék í fyrri myndum. Ethan Hunt, karakterinn sem Cruise lék í fyrri myndum, mun ekki koma við sögu í fjórðu myndinni. Paramount-kvikmyndafyrirtækið sagði nýlega upp samningi sínum við Cruise og mun nú vera búið að bjóða Brad Pitt háa peningasummu ef hann tekur að sér að leika í myndinni.



**HÖNNUNARTEYMIÐ** Abi, Ange og Gabi uppskáru mikið lófatak í enda sýningarinnar.



**STUTTUR** Kjóll með frábæru munstri í víðu sniði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**BLÁR** Mismunandi tónar af bláum er hér blandað saman með glæsilegum árangri.

# Ferskur blær í tískuvikuna

Sýning hönnunarteymisins Three as Four vekur ávallt mikla athygli á tískuvikunni í New York og var sýningin nú engin undantekning á því. Eins og nafnið gefur til kynna er hönnuðirnir þrír einstaklingar en þau Abi og Ange eru af ísraelsku bergi brotin og Gabi er frá Palestínu og sem teymi koma þau sterk inn með ferskan blæ inn í bandaríska tísku. Merkið hefur verið til síðan árið 2000 en gekk þá undir nafninu As Four. Fyrir rúmlega ári gekk einn liðsmaður úr teyminu og til varð merkið Three as Four.

Sýning Three as Four fyrir sumarið 2007 var listfengin, litrík og skemmtileg. Munsturgleðin var allsráðandi með fallegum geómetrískum formum og sögðu hönnuðirnir að þau hefðu verið heilt ár að undirbúa munstrin og koma þeim yfir á efnin. Stuttir kjólar úr silkiefnum, niðurmjóar munstraðar buxur með háu mitti og víðir jakkar voru lykilflíkurnar í sýningunni ásamt leggingsbuxum með ísaumaðri blúndu sem vöktu mikla athygli. Það er einnig greinilegt að hönnuðirnir voru með innblástur frá sjónvarpsþáttunum á borð við „Battlestar Galactica“ því sumar flíkurnar vori eins og hálfgerðir geimfarabúningar. alfrun@frettabladid.is



**HNÉBUXUR** Buxur með klauf í ljósgráum lit við topp úr silki.

**JARÐLITIR** Eins og sjá má er mikið lagt í munstrið á þessum kjól.



**KÁPA** Stuttar buxur í brjáluðu munstri við venjulegan hvítan bol og svarta víða kápu.

**MUSSA** Þessi fallega flík mundi sóma sér vel bæði yfir buxur og við háa hæla. Margnota og skemmtileg flík.

**EIN STUTT OG EIN LÖNG** Ætli við förum að klippa aðra skálmina á buxunum okkar fyrir næsta sumar en ekki báðar eins og tíðkast hefur?

**HÁAR OG ÞRÖNGAR** Frábærar munstraðar buxur með háu mitti eins og munu greinilega slá í gegn næsta sumar.



**BLÖÐRUSNIÐ** Fjólublár kjóll með léttu sniði.



**HUDSON OG WILSON** Fóru saman til Hawaii aðeins nokkrum dögum eftir að Kate reyndi að lappa upp á hjónaband sitt og Chris Robinson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Saman á Hawaii

Leikkonan Kate Hudson fór ásamt ástmanni sínum, Owen Wilson, til Hawaii á dögunum. Þetta þykir skrítið þar sem ekki er langt síðan fréttir bárust af því að Kate væri að reyna að lappa upp á hjónaband sitt og rokkarans Chris Robinson. Leikkonan unga fór frá eiginmanni sínum í sumar og gaf út yfirlýsingar þess efnis að þau væri að skilja. Strax fór orðrómur af stað um að hún og Wilson væru par en þau leika saman í myndinni „You, Me and Dupree“ sem var frumsýnd í sumar.

# Oprah Winfrey í Hvíta húsið

Oprah Winfrey sem forseti? Kannski fjarlægur möguleiki en þó ekki. Reynsla af afþreyingariðnaðinum er ekki talin vera löstur á þeim sem vilja bjóða sig fram til forsetaembættis í Bandaríkjunum. Ronald Reagan var jú sem kunnugt er leikari í Hollywood áður en hann sneri sér að stjórnmálunum og Arnold Schwarzenegger var vanari því að sprengja upp vélmenni úr framtíðinni en að stjórna Kaliforníu.

Nú er á kreiki orðrómur umað sjónvarpskonan Oprah Winfrey ætli að blanda sér í slaginn þar vestra þegar þjóðin kýs sér næsta forseta. George W. Bush er á sínu síðasta kjörtímabili og ef marka má skoðanakannanir má telja líklegt að demókrati verði í Hvíta húsinu næst. Þeldökkir kjósendur eru ennfremur orðnir langþreyttir á því að sjá hvíta miðaldra karlmenn stjórna landinu og vilja fá svartan forseta næst sem standi vörð um réttindi þeirra.

Fjaðrafokið hófst þegar viðskiptamaðurinn Patrick Crowe tilkynnti um bók sína, Oprah for President: Run Oprah Run. Sjónvarpskonan og talsmenn hennar hafa vísað þessu öllu á bug og krafist þess að hætt verði við bókina og vefsíðu tengda henni með þeim formerkjum að þessi málatilbúnaður gæti verið meiðandi fyrir orðspor Opruh og frama hennar. Fjölmiðlar í Bandaríkjunum velta hins vegar vöngum yfir þessum viðbrögðum sjónvarpskonunnar og telja þau vera hálf fáranleg. „Ef Oprah myndi lýsa því yfir að ég ætti að bjóða mig fram til forseta Bandaríkjanna ætti ég þá að hóta henni lögsókn?“ spyr höfundur bókarinnar í viðtali við New York Post. - fgg



**OPRAH WINFREY** Hefur verið orðuð við forsetaframboð í Bandaríkjunum. Hún vísar orðróminum á bug. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

# Paris veldur vonbrigðum

Þrátt fyrir ágætis dóma og mikið auglýsingaflóð virðast bandarískir kaupendur ekki vera ginkeyptir fyrir fyrstu plötu hótelerfingjans Parisar Hilton, „Paris“.


PARIS HILTON

Þetta kemur nokkuð á óvart því smáskífulagið Stars Are Blind hefur fengið ágætisspilun á MTV og útvarpsstöðvunum en það virðist hreinilega ekki nægja. Popparar á borð við Beyoncé, Justin Timberlake og Janet Jackson skjóta þessari fyrirsætu ref fyrir rass, en platan hefur selst í 120 þúsund eintökum, sem þykir lítið í Bandaríkjunum. Bandaríska fréttastofan Fox News gerði mikið gys að plötunni og Paris og spáði því að fólk myndi muna eftir henni sem spurningu í borðspilinu Trivial Pursuit.

Þessar fréttir eru áfall fyrir tónlistardeild afþreyingarrisans Warner Bros, en fyrirtækið hefur ekki átt plötu á toppnum síðan nýjasta afurð hljómsveitarinnar Red Hot Chili Peppers kom út.


**BECKHAM OG FRÚ** David finnst Victoria sæt, þótt grannholda sé.

# Fúll út í Allen

Fótboltakappanum David Beckham var boðin smáskífa með söngkonunni Lily Allen að gjöf en þvertók fyrir að þiggja hana því Allen hafði verið „hundleiðinleg“ við Victoriu, spúsu hans. Beckham var í útvarpsviðtali og bauð spyrillinn honum geisladiskinn að gjöf.

Haft hefur verið eftir Allen að Victoria Beckham sé slæm fyrirmynd ungra stúlkna því hún eigi greinilega við átröskun að stríða. Beckham segir það bull og þvælu og finnst Victoria líta vel út, „sérstaklega þegar hún klæðir sig í búninginn minn“.

Beckham játaði enn fremur í viðtalinu að hann væri vinafár og hefði lítið samband við vini sína úr grunnskóla.

# Fergie ver Díönu

Nýjasta bók Pauls Burrell, The Way We Were, hefur valdið miklu fjaðrafoki í Bretlandi en þar heldur Burrell áfram að segja frá árum sínum í þjónustu Díönu prinsessu. Nú hefur fyrrverandi mágkona Díönu, Sarah Ferguson, ákveðið að koma Díönu til varnar og segir bókina vera til háborinnar skammar.


SARAH FERGUSON

„Fyrst hann fær eitthvað út úr því að skrifa um látna manneskju sem getur enga vörn sér veitt þá verður svo að vera,“ sagði Ferguson í spjallþættinum Good Day L.A. og var greinilega heitt í hamsi, sérstaklega vegna þess að Burrell lætur að því liggja að synir Díönu og Karls Bretaprins, Vilhjálmur og Harry, heiðri ekki lengur minningu móður sinnar. „Við elskum hana öll en af hverju getur fólk ekki bara látið hana og strákana í friði?“ sagði Fergie.

# Borgfirðingar stoltir af sonum sínum

„Ég verð að segja nei við þessu, einfaldlega vegna þess að við höfum ekki rætt þetta,“ svarar Steinn Eiríksson, sveitarstjóri í Borgarfjarðarhreppi, þegar hann er inntur eftir því hvort til standi að nefna einhver kennileiti eftir nýjustu stjörnu byggðarinnar, Magna Ásgeirssyni. „Við erum hins vegar rosalega stolt af Magna og því sem hann hefur afrekað og ekkert útilokað að við gerum eitthvað fyrir Magna en þá í fullu samráði við hann,“ heldur Steinn áfram. „Þetta er jú líka spurning um hvað hann vill,“ bætir sveitarstjórinn við.

Borgarfjörður eystri hefur verið töluvert í fjölmiðlum þetta sumarið, ekki eingöngu vegna velgengni Magna í sjónvarpsþættinum Rock Star heldur hefur tónlistarlífið verið með eindæmum blómlegt þar eystra. Emilíana Torrini hélt tónleika þar fyrr í sumar ásamt skosku sveitinni Belle & Sebastian og segist Steinn finna vel fyrir auknum áhuga á sveitinni. „Það eru þá sér í lagi Íslendingar sem eru að bæta í og vilja skoða náttúruna og svo er meistari Kjarval náttúrlega mjög tengdur þessum stað,“ segir sveitarstjórinn, stoltur af sínu fólki. „Við eigum mikið af „víkingum“ sem hafa verið að gera það gott þó þeir fái ekki jafn mikla athygli og Magni,“ bætir Steinn við. - fgg


**EMILIANA TORRINI** Kom í heimsókn til Borgarfjarðar ásamt hljómsveitinni Belle & Sebastian en tónleikarnir vöktu mikla athygli.


**JÓHANNES KJARVAL** Hafði mjög sterk tengsl við náttúruna á Borgarfirði eystri.


**STEINN EIRÍKSSON** Stoltur af firðinum sínum sem fengið hefur mikla athygli í sumar og segist finna vel fyrir auknum áhuga í kjölfar velgengni Magna Ásgeirssonar.


**MAGNI ÁSGEIRSSON** Stóð sig eins og hetja í Rock Star og er ekki útilokað að hann fái eitthvert kennileiti nefnt í höfuðið á sér.









## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú er komið á hreint hver mun kynna Evrópsku MTV-verðlaunahátíðna sem fer fram hjá nágrönnum okkar í Kaupmannahöfn 2. nóvember. Það er popparinn **Justin Timberlake** en hann er einnig tilnefndur sem besti karkynsflytjandinn og besti popparinn. „Ég er ótrúlega spenntur og upp með mér yfir þessu vali. Mér finnst frábært að hátíðin skuli fara fram í Kaupmannahöfn, sem mér finnst vera æðisleg borg," segir Justin en hann er nýbúinn að gefa út plötu sem hefur fallið vel í kramið hjá gagnrýnendum.











# FTT fordæmir auglýsingu Moggans

**Tónlistarmenn eru ósáttir við notkun Morgunblaðsins á erlendu lagi í sjónvarpsauglýsingu. Forsvarsmenn Morgunblaðsins eru sáttir við útkomuna.**

„Já, síðasta vígið fallið. Ég held að þeir hjá Morgunblaðinu ættu að velta því fyrir sér hvort ekki sé rétt að skrifa bara blaðið á ensku," segir Magnús Kjartansson, framkvæmdastjóri FTT – Félags tónskálda og textahöfunda.

Urgur er í íslenskum tónlistarmönnum vegna þeirrar tilhneigingar íslenskra stórfyrirtækja, sem hefur verið áberandi að undanförnu, að nota engilsaxnesk lög til að auglýsa íslenskan varning sinn á íslenskum markaði.

„Það er eins og ákveðin öfl í þjóðfélaginu geti ekki beðið eftir því að enska verði gerð að móðurmáli," segir Magnús. Hann segir steininn hafa tekið úr með Morgunblaðsauglýsingunni sem hefur verið leikin í sjónvarpi að undanförnu. Lag Davids Bowie er notað í auglýsingunni, en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær spilar Todmobile lagið þó erfitt sé að greina á milli frumútgáfunnar og útgáfu Todmobile. Er ályktunar að vænta frá FTT á næstunni en Magnús talar um málið sem hið mesta hneyksli.

Magnús bendir á að svo virðist sem skynvilla sé í gangi hjá markaðsmönnum, ráðgjöfum, auglýsingastofum og þá ekki síður stjórnendum fyrirtækja sem þiggja þessi ráð. Þarna séu menn á mjög hálum ís. Hann nefnir til söggunnar fleiri dæmi.

Magnús vísar til þess að kominn virðist upp iðnaður á Íslandi þar sem tónlistarmenn hermi eftir erlendum lögum og breyti þá kannski takti til að komast upp með að nota þau í auglýsingum og þannig megi komast hjá því að greiða flutningsréttinn. En erfitt sé að heyra mun. Þá sé auðveldara að eiga við fyrirtæki sem hafi með höfundarréttinn að gera. Þau vilji gera sem mest úr því og veiti leyfi til að nota lög fyrir ekki svo mikinn pening. En erfiðara sé að eiga við hljómplötufyrirtæki ef nota eigi lag í upprunalegri útgáfu. Því sé sá leikur leikinn að herma bara eftir lögunum þannig að lítill munur heyrist. „Við ræddum þetta hér en á endanum fannst okkur lagið svo flott og passa það vel við slagorð herferðarinnar að við ákváðum að nota það," segir Unnur Ingibjörg Jónsdóttir, markaðsstjóri Morgunblaðsins. „Við prófuðum að þýða texta lagsins en það kom afleitlega út. Í staðinn ákváðum við að láta þrjár íslenskar hljómsveitir flytja lagið og finnst það koma vel út. Meistari Bowie stendur einfaldlega alltaf fyrir sínu og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð við auglýsingunni. Það má hins vegar vissulega skoða það í víðara samhengi hvort það sé orðið of mikið um þetta á Íslandi," segir Unnur.

- jbg/hdm



**MAGNÚS KJARTANSSON** Framkvæmdastjóri FTT segir að síðasta vígið sé fallið eftir að Morgunblaðið notaði lag með erlendum texta í auglýsingu. Ályktunar er að vænta frá FTT um málið.



**UNNUR INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR** Markaðsstjóri Morgunblaðsins er sáttur við notkun á Bowie-laginu Changes í auglýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Leiður á viðtölum

Noel Gallagher, gítarleikari og aðallagasmiður Oasis, er orðinn hundleiður á að fara í blaðaviðtöl. Segir hann að litli bróðirinn Liam sleppi við allar slíkar skyldur. Jafnframt segist hann myndu hætta í sveitinni ef hann fengi ekki svona vel borgað.



„Vegna þess hve ég er vingjarnlegur og Liam er algjör andstæða mín er ég alltaf látinn fara í viðtölin. Ég þarf að vinna frá ellefu á morgnana til fjögur á nóttunni og mér finnst það ömurlegt. Hann fær að labba um í sínum asnalegu fötum, rífa kjaft og detta í það," sagði Noel. „Ef ég fengi ekki svona mikið borgað myndi ég líklega ekki nenna þessu. Mér finnst það sjúklega skemmtilegt að koma fram á tónleikum en að fara í tónleikaferð með krakkann okkar er enginn hægðarleikur."

Oasis gefur út safnplötuna Stop the Clocks í nóvember næstkomandi. Á plötunni eru lög á borð við Wonderwall og Live Forever.

**LIAM OG NOEL** Noel Gallagher er orðinn þreyttur á því að Liam sleppi við öll blaðaviðtöl.

# Gagnrýnir Hollywood

Bandaríska leikkonan Scarlett Johansson hefur nú gagnrýnt Hollywood fyrir að setja of mikla pressu á leikkonur að vera of mjóar. Scarlett segir að kynþokki kvenna felist ekki í holdafari og að henni sjálfri finnist ekki fallegt að stelpur líti út eins og strákar, en svo virðist þegar stúlkur eru grindhoraðar.

Scarlett segir jafnframt að tískubransinn og kvikmyndaheimurinn séu, með því að leggja áherslu á grannar leikkonur og fyrirsætur, að stuðla að átröskun meðal stúlkna. „Mér finnst Bandaríkjamenn búnir að tapa sér yfir í megrunaráætlanir í stað þess að hugsa frekar um heilbrigt líferni," segir Scarlett og bætir því við að hún muni aldrei fara í megrun sjálf enda ánægð með kvenlegan vöxt sinn og ávalar línur.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMGES

**SCARLETT JOHANSSON** Gagnrýnir útlitsdýrkun skemmtanabransans.




SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 4 - 6:10 - 8 - 10:20 | B.i. 7.ára. |
| NACHO LIBRE VIP | kl. 5:10 - 8 - 10:20 | |
| BÖRN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i.12.ára. |
| STEP UP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 7.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð |
| ANT BULLY M/-ensku tali | kl. 6:20 | Leyfð |
| LADY IN THE WATER | kl. 8:10 - 10:20 | B.i. 12.ára. |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 8:20 | B.i. 12.ára. |
| OVER THE HEDGE M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |
| BÍLAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| STEP UP | kl. 5:45 - 8 - 10:15 | B.i. 7.ára. |
| UNITED 93 | kl. 8 - 10:20 | B.i.14.ára. |
| MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| UNITED 93 | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| LADY IN THE WATER | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 8 | |
| YOU, ME AND DUPREE | kl. 8 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

| | | |
|---|---|---|
| NACHO LIBRE | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ANT BULLY m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| STEP UP | kl. 8 -10 | Leyfð |

www.sambioin.is | 575 8900




| | | |
|---|---|---|
| BÖRN | kl. 5:45 - 8 - 10.15 | B.i.12.ára. |
| AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 8 | Leyfð |
| BJÓLFSKVIÐA | kl. 8 - 10:15 | B.i.16 .ára. |
| PIRATES OF CARIBBEAN 2 | kl. 10:15 | B.i. 12.ára. |
| THE ANT BULLY M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

Kvikmyndahátíð

| | | |
|---|---|---|
| THE PROPOSITION - FORSÝNING. | kl. 8 | B.i.16 |
| The Libertine | kl. 5:45 | B.i.12 |
| Renaissance | kl. 8 | B.i.12 |
| Where the Truth Lies | kl. 5:45 | B.i. 16 |
| Down in the Valley | kl. 10:15 | B.i. 16 |
| A cock and bull story | kl. 5:45 | B.i. 16 |
| Öskrandi api, ballett í leynum | kl. 10:15 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919




**WILLIE NELSON** Var handtekinn fyrir skömmu eftir að nokkuð magn af maríjúana og ofskynjunarsveppum fannst í rútu sveitasöngvarans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nelson handtekinn

Sveitasöngvarinn Willie Nelson hefur bæst í hóp stórstjarna sem hafa komist hefur í kast við lögin að undanförnu. Lögreglan í Lafayette stöðvaði rútu hins 73 ára gamla Nelson og fann þar maríjúana og ofskynjunarsveppi. Lögreglan handtók söngvarann ásamt fjórum öðrum tónlistarmönnum sem voru með í för og má Nelson eiga von á hárri sekt og sex mánaða fangelsi. Maríjúanareykingar hafa löngum fylgt Nelson og því þarf þessi handtaka ekki að koma neinum á óvart. Í yfirlýsingu frá lögreglunni í Lafayette kemur fram að bæði Nelson og hinir fjórir hafi verið ákaflega samstarfsfúsir, sem kann að reynast þeim dýrmætt þegar kemur að dómsmeðferð.

# Flókin og metnaðarfull

**[TÓNLIST]**

**UMFJÖLLUN**

A Matter of Life and Death er 14. hljóðversplata Iron Maiden og sú þriðja síðan söngvarinn Bruce Dickinson og gítarleikarinn Adrian Smith gengu aftur til liðs við sveitina fyrir sjö árum. Iron Maiden hefur starfað í meira en 30 ár og á þeim tíma hefur sveitin séð tímana tvenna bæði hvað vinsældir og gæði tónlistarinnar varðar. Síðustu ár hafa verið sveitinni nokkuð góð. Hún hefur endurheimt sinni fyrri sess sem tónleikasveit og síðustu tvær plötur, Dance of Death sem kom út fyrir þremur árum og Brave New World frá árinu 2000 þóttu ágætar, sérstaklega þótti sveitinni takast vel til á Dance of Death, þó að sumum hafi kannski þótt tónlistin vera orðin full einföld.

A Matter of Life and Death er flóknari og metnaðarfyllri plata heldur en Iron Maiden hefur gert í langan tíma. Á henni eru tíu lög, en samt er hún yfir 70 mínútur að lengd. Tvö laganna eru yfir níu mínútur. Tónlistin á A Matter of Life and Death er undir sterkum áhrifum frá prog-rokki áttunda áratugarins, en hljómurinn er nútímalegri. Þeir sem kunna að meta Iron Maiden hinna mörgu takt- og kaflaskipta og hinna löngu vælandi gítarsólóa geta verið mjög sáttir við nýju plötuna. Þegar maður hefur þrjá gítarleikara innanborðs sem allir vilja taka sóló þá kemur sér vel að hafa lögin flest 7–9 mínútna löng. Hámarki nær proggið í hinu frábæra For the Greater Good of God.

A Matter of Life and Death sýnir að Steve Harris og félagar eru enn að þróa Maiden-stílinn. Besta plata sveitarinnar í langan tíma.

**Trausti Júlíusson**




**IRON MAIDEN**

A MATTER OF LIFE AND DEATH

**Niðurstaða:** Steve Harris og félagar sýna á A Matter of Life and Death að þeir hafa enn metnað og getu til að þróa Maiden-stílinn. Plata sem veldur ekki vonbrigðum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**David Beckham** hefur útskýrt þann misskilning að heimspressan hélt að **Victoria Beckham** ætti von á fjórða barni þeirra hjóna. Spænsk fréttastofa birti frétt þess efnis að Beckham væri ekki lengur kona einsömul en Beckham segist ekki hafa verið að segja já við fréttakonu stöðvarinnar þegar hún spurði hvort von væri á fleiri erfingjum í Beckham- fjölskyldunni. „Hún var mjög pirrandi og ég var bara að svara spurningum lítils stráks sem var þarna," útskýrði knattspyrnukappinn.



**Sean Penn** hefur formlega lýst því yfir að hann ætli sér ekki frama í bandarískum stjórnmálum. Ástæðan ku vera sú að hann sé ekki nógu hæfur í almannatengslum og það verði þau sem dragi hann niður. Sean Penn missti nýlega stjórn á skapi sínu þegar honum var bannað að reykja í Kanada og hefur átt erfitt með að kynna nýja og betri ímynd í fjölmiðlum en að hans eigin sögn er slíkt nauðsynlegt í stjórnmálabaráttu.




CINTAMANI

Cintamani kynnir:

ICELAND FILM FESTIVAL 2006

Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september

# AÐEINS 2 DAGAR EFTIR!

SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ SJÁ FJÖLDA ÚRVALSMYNDA FRÁ ÖLLUM HEIMSHORNUM.



„Tuttugu og einn dagur! Ég hefði átt að biðja um fatapeninga þegar ég skrifaði undir ráðningarsamninginn...!"
- JÖKULL

www.icelandfilmfestival.is

Iceland Film Festival

iff

ICELANDAIR · IH ICELANDAIR HOTELS · FRÉTTABLAÐIÐ · Tanqueray · KÖRFUBOLTI · REX

## > Ólafur liggur undir feldi

Ólafur Þórðarson knattspyrnuþjálfari liggur nú undir feldi og mun senn ákveða framtíð sína í knattspyrnunni. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið að hann væri að skoða sín mál en vildi ekki staðfesta hvort hann ætti í viðræðum við eitt eða fleiri félög. Hann staðfesti þó að hann hefði hafnað tilboði frá ÍR fyrir skömmu en hann hefur einnig verið orðaður við þjálfarastöðuna hjá Þrótti. Þá sagði hann einnig að til greina kæmi að hætta alfarið þjálfunarstörfum en yrði þá mikil eftirsjá að honum.



sport

sport@frettabladid.is

HÖRÐUR SVEINSSON: LENTI Í HELDUR LEIÐINLEGU ATVIKI Á ÆFINGU MEÐ SILKEBORG Í SÍÐUSTU VIKU

# *Var skallaður af samherja á æfingu*



Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson, leikmaður Silkeborgar í Danmörku, varð fyrir því leiðinlega atviki í síðustu viku að vera skallaður í andlitið af samherja sínum. Hörður sagði málið vera grafið og að atvikið hefði átt sér stað í hita leiksins.

„Það var bara smá æsingur á æfingunni sem er búið að leysa. Þetta var bara leyst strax og ekkert vandamál," sagði Hörður í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það var bara hasar á æfingunni og þetta var ekkert alvarlegt. Málið var svo bara afgreitt þannig að menn myndu ekkert tjá sig um þetta og málið yrði leyst innan félagsins. Mér semur mjög vel við þennan samherja minn utan vallar. Svona gerist bara í hita leiksins en þetta var auðvitað leiðinlegt atvik," sagði Hörður, sem fékk blóðnasir og rispu á nefið við skallann.

Hörður sagði í samtali við Fréttablaðið fyrr í þessum mánuði að hann væri mjög sáttur hjá Silkeborg og hann sagði að þetta atvik breytti engu þar um. „Þetta er bara til að krydda tilveruna. Það þýðir ekkert að erfa þetta, sérstaklega núna þegar við erum vonandi komnir á beinu brautina," sagði Hörður en Silkeborg sigraði Vejle 4-2 í síðasta leik.

Hörður sagðist ekki finna fyrir pressu af stuðningsmönnum Silkeborgar þrátt fyrir að stigin hefðu ekki verið að skila sér í hús. „Þetta hefur verið ósköp þægilegt og við höfum alveg fengið að æfa í friði. Við erum búnir að vera óheppnir í þessum leikjum og alls ekkert mikið slakari en hin liðin. Nema kannski í leiknum á móti FC Kaupmannahöfn. Þeir eru með hrikalega sterkt lið," sagði Hörður og hann vildi ekki meina að umrætt atvik á æfingunni í síðustu viku hefði verið vegna gremju leikmanna með gengi liðsins.

„Gremjan hefur verið furðulítil vegna þess að við höfum verið að spila vel, það vantar bara að fá síðustu sendinguna á réttan stað. Það er verið að vinna í þessu og við skoruðum nú fjögur mörk í síðasta leik. Það er bara vonandi að það opnist einhverjar flóðgáttir í kjölfarið."

Læknir Brann í Noregi:

## Ósáttur við að Kristján spilaði

**FÓTBOLTI** Þegar stundarfjórðungur var liðinn af leik Brann og Sandefjord í norsku úrvalsdeildinni um helgina varð Kristján Örn Sigurðsson fyrir olnbogaskoti andstæðingsins og nefbrotnaði við höggið. Hann kláraði engu að síður leikinn og af því var læknir liðsins, Ola Jösendal, ekki hrifinn. „Það var ekki gott að sjá til þeirra. Það væri engu líkara að þeir hefðu lent í götuslagsmálum," sagði Jösendal en annar leikmaður Brann, Erlend Hanstveit, lék með lausa framtönn í leiknum eftir samstuð við leikmann. Hann sagði að hann væri hræddur leikmannanna vegna en þeir eru óneitanlega mikil hörkutól.

Sjálfur sá Kristján ekkert athugavert við þetta. „Ég fann ekki fyrir neinum sársauka eða varð var við neitt annað vandamál," sagði Kristján við Bergens Tidende.

**- esá**

Íslandsmeistarar FH:

## Fyrstir í Meistaradeildina

**FÓTBOLTI Vefmiðillinn Soccernet vakti athygli á því í gær að FH væri fyrsta liðið sem væri búið að tryggja sér þátttökurétt í forkeppni Meistaradeildarinnar sem hefst á næsta ári.**

**Riðlakeppnin í núverandi móti er rétt nýhafin. FH tók þátt í forkeppninni nú í sumar, rétt eins og í fyrra, en féll úr leik í 2. umferð fyrir pólska liðinu Legia Varsjá. FH mun því þurfa að bíða í ansi langan tíma eftir því að spila á ný í Meistaradeildinni og þessi bið vekur nokkra athygli hjá erlendum félögum.**

**- esá**

# Hvaða kosti á Guðjón Þórðarson?

**Guðjón Þórðarson sagðist í sjónvarpsviðtali um helgina ekki vera á vonarvöl fengi hann ekki vinnu hjá ÍA, fleiri kostir væru í stöðunni. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins eru aðeins fjórir mögulegir kostir í stöðunni hjá Guðjóni fyrir utan ÍA. Ekki er samt víst að öll þessi félög muni leita eftir hans kröftum.**

**FÓTBOLTI** Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu er Guðjón Þórðarson sterklega orðaður við ÍA sem næsti þjálfari liðsins en hann hefur lýst yfir áhuga á starfinu og segir aðila á Akranesi hafa komið að máli við sig um að þjálfa liðið. Ekki er þó búið að skrifa undir neina samninga og það er ekkert fast í hendi í knattspyrnuheiminum fyrr en búið er að skrifa undir.

Það veit Guðjón líka en hann sagði í viðtali við nafna sinn Guðmundsson á Sýn um síðustu helgi að hann væri ekki á vonarvöl þó hann fengi ekki starfið hjá ÍA og að það væru fleiri kostir í stöðunni. Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði hvaða aðra möguleika Guðjón á hér á landi.

Fréttablaðið gefur sér að FH, KR. Valur, Keflavík og ÍBV komi hreinlega ekki til greina. Þrjú fyrstu liðin eru með þjálfara, Keflavík fer klárlega ekki aftur í samstarf við Guðjón og svo verður að teljast mjög ólíklegt að hann fari til ÍBV í 1. deildinni.

Að mati Fréttablaðsins koma þar af leiðandi átta lið til greina hér á landi sem gætu mögulega ráðið Guðjón í vinnu - Breiðablik, Fylkir, Grindavík, Víkingur, Fram, HK, Þróttur og Stjarnan.

Forráðamenn Breiðabliks sögðu að það væri pólitískur vilji af hálfu félagsins og Ólafs Kristjánssonar um að gera nýjan samning. Sama þótt liðið félli. Þegar spurt var hvort félagið hefði áhuga á Guðjón Þórðarsyni var svarið klárt nei.

Fylkismenn eru með samning við Leif Garðarsson sem rennur ekki út fyrr en eftir tvö ár og hann verður virtur að sögn Harðar Antonssonar, formanns meistaraflokksráðs Fylkis.

Hjá nýliðum HK fengust þau svör að þar væri enginn áhugi á að skoða þjálfaraskipti og verður því að teljast ansi líklegt að Gunnar Guðmundsson haldi áfram með liðið. Þróttur hefur samkvæmt heimildum blaðsins engan áhuga á Guðjóni en félagið hefur verið í viðræðum við Ólaf Þórðarson, fyrrum þjálfara ÍA.

Nokkra athygli vekur að Grindavík vill ekki loka á þann möguleika að semja við Guðjón, sem var kominn langleiðina til félagsins á sínum tíma en tók u-beygju við Bláa lónið á elleftu stundu og samdi við Keflavík. Sú ákvörðun fór ekki vel í þá aðila sem voru tilbúnir að greiða laun Guðjóns og spurning hvort þeir séu til í að setja pening í Guðjón í dag.

Ákveðið óvissuástand er í herbúðum Stjörnunnar þar sem Bjarni Benediktsson er að láta af formennsku í knattspyrnudeildinni og ekki er enn ljóst hver tekur við af honum. Jörundur Áki Sveinsson hefur þjálfað liðið síðustu ár en ekki liggur fyrir hvort hann muni gera það áfram. Það er því ekki hægt að afskrifa Stjörnuna en oft hafa fundist peningar fyrir íþróttalífið í bænum þegar á þarf að halda.

Róbert Agnarsson, formaður knattspyrnudeildar Víkings, sagði að félagið væri með þjálfara og væri ánægt með hann. Magnús Gylfason á tvö ár eftir af núverandi samningi við félagið en samningurinn er væntanlega uppsegjanlegur af beggja hálfu í lok móts. Aðspurður vildi Róbert ekki neita því að félagið hefði áhuga á Guðjóni.

Undir stjórn Ásgeirs Elíassonar vann Fram 1. deildina í sumar en þrátt fyrir það er Ásgeir ekki öruggur um stöðu sína. Samningur Ásgeirs við Fram er með endurskoðunarákvæði að loknu hverju tímabili og að sögn Finnbjörns Agnarssonar, formanns Fótboltafélags Reykjavíkur, er stjórnin að skoða framhaldið en hann var ekki til í að slá því föstu að Ásgeir yrði áfram við stjórnvölinn. Aðspurður hvort félagið hefði áhuga á Guðjóni Þórðarsyni svaraði Finnbjörn: „Hvaða lið hefur ekki áhuga á Guðjóni Þórðarsyni?"

**henry@frettabladid.is**

| Mögulegur áhugi á Guðjóni: |
|---|
| Fram |
| Grindavík |
| Stjarnan |
| Víkingur |

| Ólíklegt að reyni við Guðjón: |
|---|
| Breiðablik |
| FH |
| Fylkir |
| HK |
| ÍBV |
| Keflavík |
| Valur |
| Þróttur |



**HVAÐA LIÐ ÞJÁLFAR HANN?** Guðjón Þórðarson er kominn heim og ætlar að þjálfa lið hér á landi næsta sumar. ÍA er líklegt en ef það gengur ekki upp virðist Guðjón eiga fjóra möguleika í stöðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Kosning um Arnar og Bjarka eða Guðjón Þórðarson:

## Skoðanalausir Skagamenn?

**FÓTBOLTI** Á spjallsíðu ÍA var fyrir tveim dögum sett í gang skoðanakönnun á meðal stuðningsmanna liðsins um hvort þeir vildu fá Guðjón Þórðarson sem þjálfara eða halda tvíburunum Arnari og Bjarka Gunnlaugssonum áfram.

Um kvöldmatarleytið í gær höfðu aðeins tíu stuðningsmenn félagsins kosið. Sjö gáfu Arnari og Bjarka sitt atkvæði, Guðjón fékk tvö en einn vill hvorugan þessara kosta.

Stuðningsmennirnir ræða málið einnig á síðunni og þá kemur í ljós að ekki eru allir jafn hrifnir af því að fá Guðjón aftur upp á Akranes en yfirveguðustu stuðningsmennirnir vilja geyma umræðuna fram yfir næstu helgi og benda á að mikilvægast sé að styðja liðið um næstu helgi og tryggja um leið sætið í Landsbankadeildinni endanlega.

**- hbg**



**TVÍBURARNIR VINSÆLIR** Fleiri Skagamenn vilja að þeir haldi áfram en að Guðjón taki við, samkvæmt skoðanakönnun á heimasíðu ÍA.

Kæra Þórs/KA:

## KSÍ viðurkennir mistök

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, sendi ÍR bréf í gær þar sem fram kemur að sambandið hafi gert mistök er það gaf út keppnisleyfi fyrir Berglindi Magnúsdóttur en hún lék í marki ÍR í umspilsleikjunum gegn Þór/KA sem ÍR vann. Keppnisleyfið er kallað til baka þar sem Berglind hafði leikið með tveim félögum fyrr um sumarið en ólöglegt er að leika með fleiri en tveim félögum á einu tímabili. Það var því ekki ÍR sem gerði mistök heldur KSÍ er það veitti keppnisleyfið.

Spurning hvaða áhrif þetta hefur en Þór/KA hefur kært rimmunna vegna þess að Berglind stóð í markinu. Málið er á borði KSÍ og úrskurður ekki kominn en er væntanlegur fljótlega. - hbg

Gabriel Heinze að koma til:

## Heinze með í næstu viku?

**FÓTBOLTI Gabriel Heinze gæti leikið á nýjan leik með Manchester United eftir um árs hlé vegna meiðsla. Heinze sleit krossbönd í hné í leik gegn Villarreal í Meistaradeildinni í fyrra. Hann lék þó með Argentínu á HM í sumar og í nokkrum leikjum með United á undirbúningstímabilinu en hingað til hefur Alex Ferguson ekki treyst sér til að nota hann í deildinni. Ólíklegt er að Heinze verði með United gegn Reading um helgina en hann gæti vel komið við sögu í næstu leikjum eftir það.**

**Alan Smith er einnig á batavegi en Ryan Giggs verður frá í tvær vikur hið minnsta og Ji-Sung Park fram í desember. - esá**

ÍBV tók á móti Haukum í Meistarakeppni HSÍ í Eyjum í gær:

# Öruggur sigur hjá Haukum gegn ÍBV í Vestmannaeyjum

**HANDBOLTI** Handboltavertíðin hófst formlega í gærkvöldi þegar ÍBV og Haukar mættust í Meistarakeppni HSÍ í Vestmannaeyjum. ÍBV er núverandi Íslandsmeistari en Haukar unnu bikarkeppnina síðasta vetur.

Nokkrar breytingar hafa orðið á liðunum í sumar og þá aðallega hjá ÍBV, sem teflir fram nýju liði undir stjórn nýliðans Einars Jónssonar.

Einar á nokkuð í land með að gera ÍBV að meistarakandidötum, eins og búast mátti við þar sem hann er með nýtt lið í höndunum, því stúlkurnar hans höfðu í gær ekki roð við Haukunum, sem unnu örugglega, 24-33.

Jafnræði var með liðunum rétt í upphafi leiks en getumunur liðanna kom fljótlega í ljós og þá fór að draga í sundur með liðunum. Sanngjarn níu marka sigur staðreynd þegar upp var staðið og ljóst að Haukar verða sterkir.



**HAUKAR FÖGNUÐU** Haukastúlkur voru aldrei í vandræðum með ÍBV í gær.

Aganefnd KSÍ fundaði í gær og dæmdi menn í bann fyrir lokaumferðina:

## Þrír Blikar í banni í lokaumferðinni

**FÓTBOLTI** Aganefnd KSÍ dæmdi í gær sjö leikmenn Landsbankadeildar karla í leikbann og þeir missa því allir af leikjum sinna liða í lokaumferðinni.

Breiðablik er í mikilli fallbaráttu og ekki hjálpar það til að þrír leikmenn liðsins verða í banni í lokaumferðinni en það eru þeir Guðmann Þórisson, Nenad Zivanovic og Olgeir Sigurgeirsson.

Sigmundur Kristjánsson leikmaður KR, Barry Smith, leikmaður Vals, og Andri Ólafsson, leikmaður ÍBV, voru allir dæmdir í bann vegna of margra gulra spjalda og þá var David Hannah, leikmaður Grindavíkur, dæmdur í bann vegna rauða spjaldsins sem hann fékk í leik liðsins gegn KR um síðustu helgi. - dsd



**ÞRÍR BLIKAR Í BANN** Guðmann Þórisson fagnar hér marki fyrr í sumar en hann er einn þriggja leikmanna Breiðabliks sem dæmdir voru í leikbann. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON** Líklega áfram í Kópavogi.

Karlalið Breiðabliks:

## Ólafur væntanlega áfram

**FÓTBOLTI** Ólafur Kristjánsson mun að öllum líkindum halda áfram að þjálfa lið Breiðabliks og breytir þá engu hvort liðið fellur úr Landsbankadeildinni eða ekki.

„Það er pólitískur vilji fyrir því hjá báðum aðilum að hann haldi áfram," sagði Einar Kristján Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, við Fréttablaðið í gær. „Við erum mjög ánægðir með störf Ólafs og viljum gjarna að hann haldi áfram að vinna fyrir okkur." - hbg

Patrick Vieira:

## Vill klára ferilinn hjá Inter

**FÓTBOLTI Franski landsliðsmaðurinn Patrick Vieira sagði í samtali við franska blaðið L`Equipe að hann vildi ljúka ferlinum hjá núverandi félagi sínu, Inter á Ítalíu. Hann lék lengi með Arsenal og var orðaður við Manchester United í sumar en var seldur frá Juventus til Inter. „Tilboð Inter var hagstæðast fyrir mig í sumar og félagið er ekki síður heillandi. Ég mun nánast örugglega ljúka ferlinum hér í Mílanó." - esá**


# Gerðu góð kaup

2005 árgerðin af bílaleigubílum er komin. Allt bílar í verksmiðjuábyrgð til ársins 2008.

**Tilboðið gildir frá 20. - 23. sept.**

Verðdæmi
**HYUNDAI GETZ**
Árgerð 2005, ek.60 þús. Ásett verð → 1.200.000
**Tilboð** → 950.000
**kr. 13.900 á mánuði***



Verðdæmi
**RENAULT MEGANE II - SPORT TOURER**
Árgerð 2005, ek.50 þús. Ásett verð → 1.800.000
**Tilboð** → 1.430.000
**kr. 20.700 á mánuði***



Engin útborgun 100% lán

*Bílasamningur: Engin útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði.
Afborganir háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Aukahlutir á mynd: Álfelgur á Getz, Dynamic aukahlutapakki á Renault.

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.

bilaland.is



**SHAY GIVEN** Var fluttur á sjúkrahús eftir samstuðið við Harewood.

Meiðsli Shay Given:

## Eins og eftir bílaárekstur

**FÓTBOLTI** Glenn Roeder, stjóri Newcastle, segir að skurðlækninn sem framkvæmdi aðgerðina á Shay Given á mánudag hafi líkt meiðslum markvarðarins írska við þau sem gerast helst eftir árekstur bíla. Given lenti í samstuði við Marlon Harewood, leikmann West Ham, í leik liðanna um helgina og var fluttur á sjúkrahús með mikla verki í kviðarholinu. Í ljós kom að maginn hafi rifnað og gekkst Given undir aðgerð vegna þess á mánudagsmorgun.

„Skurðlæknirinn sagði að hann hafi aldrei séð neitt þessu líkt í gegnum fótboltann,“ sagði Roeder. Fyrstu fregnir herma að Given verði frá í sex vikur. - esá

Sorgarsaga frá Kasakstan:

## Leikmaður lést

**FÓTBOLTI Nilton Mendes, leikmaður FC Shakhtyor Karagandy í Kasakstan, lést á æfingu liðsins á mánudaginn. Leikmaðurinn fékk hjartaáfall á miðri æfingu en hann var einungis 30 ára gamall. Nilton var mjög vinsæll í Kasakstan en þar hefur hann leikið frá árinu 1999. Nilton var kjörinn besti leikmaður deildarinnar árið 2000.** - dsd

Karlalið Fram og Stjörnunnar keppa í kvöld um titilinn meistarar meistaranna:

# Mikið tilhlökkunarefni að hefja leik eftir langan undirbúning

**HANDBOLTI** Fram tekur á móti Stjörnunni í Safamýri í kvöld klukkan 19 í leik meistara meistaranna, en Fram er núverandi Íslandsmeistari og Stjarnan núverandi bikarmeistari. Þessi leikur markar upphaf handboltavertíðarinnar hjá körlunum en fyrstu leikirnir í DHL-deild karla eru 27. september.

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Framara, var fullur tilhlökkunar fyrir leikinn í kvöld og sagði að leikurinn legðist vel í sig.

„Við hlökkum bara til að byrja nýtt tímabil. Þetta er búinn að vera langur undirbúningur og þegar svo er vilja menn auðvitað fara að hefja leik. Það er komið hungur í leikmenn og alla sem að liðinu standa og þess vegna er bara tilhlökkunarefni að byrja þetta á þessum leik, meistarar meistaranna,“ sagði Guðmundur og bætti við að það kæmi í ljós í kvöld hvernig menn kæmu undan undirbúningstímabilinu.

„Það eru ákveðnir leikmenn sem hafa átt við meiðsli að stríða og það hefur vissulega áhrif á undirbúninginn. Þetta er ákveðin eftirvænting, t.d. hjá þjálfurunum, að sjá hvernig liðið er raunverulega. Maður veit það ekki algjörlega fyrr en liðið spilar alvöru leiki,“ sagði Guðmundur en tveir leikmenn eru meiddir hjá Fram fyrir leikinn í kvöld, þeir Einar Ingi Hrafnsson og Jón Björgvin Pétursson.

„Einar Ingi er búinn að vera meiddur í sjö vikur og það er auðvitað ekki gott því við þurfum á öllum okkar mönnum að halda,“ sagði Guðmundur en Jón Björgvin meiddist illa á öxl síðasta vetur og hefur verið meiddur allt frá áramótum.

Það var frekar þungt hljóðið í Sigurði Bjarnasyni, þjálfara Stjörnunnar, í gær þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

„Ég er nú ekki sáttur við hvernig undirbúningurinn hefur gengið. Leikmenn eru mikið búnir að vera meiddir og það hefur sett strik í reikninginn hjá okkur,“ sagði Sigurður. Gunnar Ingi Jóhannsson og Tite Kalandadze verða ekki með Stjörnunni í kvöld og þá er enn óvíst hvort Roland Valur Eradze getur verið með vegna meiðsla.

- dsd



**FRAM - STJARNAN** Sigfús Sigfússon, leikstjórnandi Framara, reynir hér að brjótast í gegnum vörn Stjörnunnar í leik liðanna á síðustu leiktíð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Formúla 1:

## Áfram í Tyrklandi

**FORMÚLA** Tyrkland mun aftur halda Formúlu 1 keppni á næsta ári en mótshaldarar voru sektaðir þess í stað um 350 milljónir króna fyrir að leyfa Mehmet Ali Talat að afhenda sigurlaunin að móti loknu. Talat er forseti þess hluta Kýpurs sem Tyrkir búa á en Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna ekki tilvist þess lands, einungis ríkisstjórnina í gríska hluta Kýpurs.

Átjan keppnir verða á næsta ári, einni meira en í ár. Belgíski kappakstursinn verður aftur á dagskrá en búist var við að keppnin á Imola-brautinni í San Marínó yrði í hættu en nú er útlit fyrir að því móti verði bjargað. - esá

Aston Villa:

## Doug Ellis lætur af störfum

**FÓTBOLTI Randy Lerner, bandarískur milljarðamæringur, hefur nú keypt 89,69 prósenta hlut í Aston Villa. Það þýðir að Doug Ellis, stjórnarformaður Aston Villa til margra ára, hefur nú látið af störfum. Ljóst er að margir stuðningsmenn Aston Villa munu fagna þessum fregnum enda Ellis mjög umdeildur í starfi. Það er jafnframt búist við því að Lerner kaupi afganginn af hlutabréfunum á næstu dögum.**

**Doug Ellis hefur tvisvar starfað sem stjórnarformaður Aston Villa, fyrst á árunum 1968 til 1975 og tók svo aftur við félaginu 1982, en hefur nú verið keyptur út af Lerner. Doug Ellis er 82 ára gamall.** - dsd






Deila veldur titringi í herbúðum Schalke:

# Schalke klofið vegna deilu Asamoah

**FÓTBOLTI** Mikil upplausn virðist ríkja í herbúðum þýska úrvalsdeildarliðsins Schalke vegna deilu þýska landsliðsmannsins Gerald Asamoah við þjálfara liðsins, Mirko Slomka. Skiptast leikmenn liðsins í tvær fylkingar vegna ákvörðun Slomka að setja Asamoah úr leikmannahópi liðsins fyrir leik gegn Herthu Berlín um síðustu helgi.

Þýska blaðið Bild greinir frá því að Asamoah hafi hnakkrifist við Slomko. „Ef ég spila ekki mun það hafa sínar afleiðingar,“ á Asamoah að hafa sagt við þjálfarann. Schalke tapaði leiknum, 2-0, en framkvæmdastjóri félagsins, Andres Müller, sagðist styðja ákvörðun þjálfarans. Sagði hann að hegðun Asamoah væri mjög skaðleg fyrir liðsanda félagsins.

Asamoah var sjálfur fastur fyrir. „Ég veit ekki á hverju ég ætti að biðjast afsökunar. Ef refsað yrði fyrir allt sem sagt er við þjálfarann í búningsklefanum þyrfti að dæma menn í leikbönn í hverri einustu viku.“

Frank Rost, markmaður liðsins og einn fimm meðlima í leikmannaráði félagsins, sagði að ráðið væri klofið í afstöðu sinni til málsins og að þrír meðmilimir væru andsnúnir ákvörðun þjálfarans. „Hvað mig varðar er hann enn góður liðsfélagi,“ sagði Rost.

Schalke situr í sjötta sæti deildarinnar eftir tapið um helgina. - esá



**GERALD ASAMOAH** Hér í slag gegn leikmanni Nancy í leik með Schalke í UEFA-bikarkeppninni í síðasta mánuði.
NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Markvörðurinn Andreas Isaksson meiddur:

# Spilar ekki gegn Íslandi

**FÓTBOLTI** Andreas Isaksson, aðalmarkvörður sænska landsliðsins, verður ekki með Svíþjóð þegar það mætir Íslandi og Spáni í undankeppni EM í næsta mánuði. Isaksson meiddist á æfingu með Manchester City á sunnudag og skaðaði þar krossbönd í hné og verður hann 6-8 vikur að ná sér. Isaksson hefur ekkert getað spilað í haust vegna meiðsla og stóð Rami Shaaban, markvörður Fredrikstad í Noregi, í marki Svía gegn Liechtenstein fyrr í mánuðinum.

Félagi Isaksson hjá City, varnarmaðurinn Hatem Trabelsi, verður einnig frá á næstunni vegna meiðsla. - esá


**Sirkus kemur á föstudögum!**

Nú færðu nýtt og litríkara Sirkus tímarit með Fréttablaðinu á föstudögum. Sirkus er blaðið sem flytur þér skemmtilegar fréttir af áhugaverðu fólki og sér til þess að þú vitir allt sem er að gerast um helgina. Auk þess fjallar blaðið á ferskan hátt um tísku, kvikmyndir, tónlist, lífsstíl og alls kyns fleira skemmtilegt.




FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

GOTT FÓLK McCANN

# Hvernig má ná hámarksárangri úr kostun?

Samtök auglýsenda og Birtingahúsið kynna í samstarfi við 365, **Dr. Björn Walliser** prófessor og einn helsta sérfræðing heims á sviði kostunar, stjórnunar og virkni þeirra. Hann mun flytja fyrirlestur á námstefnu sem haldin verður frá kl. 9–12 þann 28. september n.k. á Hótel Loftleiðum. **Skráning fer fram á sau.is**

**KOSTANIR**
Námstefna

**Kostanir og rannsóknir á þeim**
Hvernig hafa kostanir þróast og hverjar eru helstu niðurstöður rannsókna á þeim?

**Stjórnun kostana**
Hvernig á að ná hámarksárangri út úr kostunum?

**Áhrif kostana og mælingar á þeim**
Borga kostanir sig? Hvernig vitum við það?

365
SAU Rödd íslenskra auglýsenda
BIRTINGAHÚSIÐ FRÆÐI Í FRAMKVÆMD
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„You're trying to kidnap what I've rightfully stolen."**

Svar: Vizzini (Wallace Shawn) úr The Prinsess Bride frá 1987

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BERGSTEINN SIGURÐSSON SÁ MANN SKORA SJÁLFSMARK

# *Stundum er betur heima setið...*

Leitt er að sjá þegar menn sem hafa góðan málstað að verja eru með öllu ófærir að koma honum vel til skila á opinberum vettvangi, til dæmis í sjónvarpi, svo að á endanum hafa þeir unnið meiri skaða en gagn.Að ýmsu er að huga því margt getur farið úrskeiðis; ekki þarf nema óheppilega samlíkingu til að skapa þveröfug hugrenningartengsl við það sem til stóð. Búum til dæmi: Yfirmaður virtrar menntastofnunar, sem vinnur göfugt og þarft starf, vill vekja athygli stjórnenda og almennings á bágum fjárhag stofnunarinnar. Í sjónvarpsviðtali líkir hann hins vegar stofnunni við ...öh segjum söluturn, staglast jafnvel á samlíkingunni í gegnum viðtalið. Persónulega tel ég það



ekki til þess fallið að minna fólk á að viðkomandi stofnun sé mikilvæg og brýnt að tryggja áframhaldandi rekstur hennar. Ég myndi jafnvel taka svo stórt upp í mig að kalla þetta afleik.

Yfir í allt annað. Síðasta vetur fylgdist ég aðeins með þáttunum Rescue Me á Sirkus en þeir fjalla um störf og líf slökkviliðsmanna í New York. Ég fékk fljótlega leið á þeim, leiddist þessi yfirdrifna tilvistarkreppa nútímakarlmannsins, allt vitaskuld löðrandi í testósteróni. Fyrir nokkrum vikum var mér ráðlagt að horfa á þættina með það í huga að þeir fjölluðu fyrst og fremst um fíkn. Síðan hef ég séð tvo þætti og viti menn, mögulega bætti það við nýrri vídd og gerði þá aðeins áhugaverðari. Sjáum hvað setur.



▶ 21.30 *Gaman*

LITLA-BRETLAND



▶ 20.05 *Dægurmál*

VEGGFÓÐUR



▶ 21.30 *Spenna*

GOST WHISPERER



▶ 20:10 *Heimildamynd*

KRÓKALEIÐIR Í KÍNA



▶ 09.00 *Fréttaskýring*

FRÉTTAVAKTIN

## SJÓNVARPIÐ

**16.05** Ryder-bikarinn **16.55** Sjónlist 2006 (2:3) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Líló og Stitch (29:39) **18.23** Sígildar teiknimyndir (1:42)

**18.30 Herkúles (1:28)** (Disney's Hercules)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin (5:22)** (ER XII)
**21.00 Kokkar á ferð og flugi (6:8)** (Surfing the Menu II)Áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar, Ben O'Donoghue og Curtis Stone, flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti úr hráefninu á hverjum stað.
▶ **21.30 Litla-Bretland (5:8)** (Little Britain I)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sjónvarpið 40 ára (14:21)**
**22.30 Íþróttakvöld** Fjallað um Meistarakeppni HSÍ.
**22.45 Mótorsport**

**23.10** Vesturálman (21:22) **23.55** Ryder-bikarinn **0.45** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** How I Met Your Mother **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.25** Oliver Beene (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 The Simpsons (8:22)** (Simpson fjölskyldan)
▶ **20.05 Veggfóður**
**20.50 Oprah (99:145)** (3-Year-Old Obsessed With Her Looks) Útlitsdýrkun verður æ alvarlegra vandamál í nútímasamfélagi, einkum hjá börnum. Oprah kemst að því að ungabörn allt niður í þriggja ára aldur séu heltekin af útliti sínu og heimti að nota andlitsmálningu og hársnyrtivörur.
**21.35 The Inside (4:13)** (Nýliðinn) Racher grunar lykilvitni í morðmáli um að ljúga jafnvel þótt hún sé sannfærð um að hinn ákærði sé sekur.
**22.20 Strong Medicine (4:22)** (Samkvæmt læknisráði)

**23.05** Big Love (B. börnum) **23.55** Autopsy (e) (B. börnum) **0.55** Swimfan (B. börnum) **2.20** The Ring (Strangl. b. börnum) **3.55** The Inside (Strangl. b. börnum) **4.40** Strong Medicine **5.25** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.00** Insider (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (The Beard)
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 South Park**
**21.00 Blowin/ Up** Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar.
▶ **21.30 Ghost Whisperer** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.
**22.20 Smallville** (Mercy) Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

**23.10** Insider **23.35** Rescue Me (e) **0.25** Seinfeld **0.50** Entertainment Tonight (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Dýravinir (e)

**15.35** Made in L.A. (3/3) (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 All About the Andersons (e)**
▶ **20.10 Krókaleiðir í Kína (2/4)** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Heimir Sverrisson ákvað í vetur að gera eitthvað öðruvísi fyrir son sinn Daníel þar sem hann stendur á tímamótum í lífinu.
**21.00 America's Next Top Model VI** Þrettán vongóðar glæsidísir ganga eftir sýningarpallinum í von um að verða næsta ofurfyrirsæta.
**22.00 The L Word – Ný þáttaröð!**

**23.00** Sugar Rush – lokaþáttur **23.30** Conviction (e) **0.35** Da Vinci's Inquest (e) **1.20** Beverly Hills 90210 (e) **1.20** Melrose Place (e) **2.05** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið
▶ **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**21.10 Frontline 2006** (Tank Man / China's Moment)
**22.00 Fréttir**
**22.30 Hrafnaþing I**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Men With Brooms **8.00** Pixel Perfect **10.00** The Perez Family (e) **12.00** Bride & Prejudice **14.00** Men With Brooms **16.00** Pixel Perfect **18.00** The Perez Family (e) **20.00 Bride & Prejudice** (Brúður og hleypidómar) **22.00 Twelve Mile Road** (Sumar sviptinga) Bönnuð börnum. **0.00** The 51st State (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Eurotrip (Bönnuð börnum) **4.00** Twelve Mile Road (Bönnuð börnum)

## SKJÁR SPORT

**7.00** Að leikslokum **14.00** Bolton – Middlesbrough (e) **16.00** Sheffield Utd. – Reading (e) **18.00** Upphitun (e)

**18.50 Liverpool – Newcastle (b)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Everton – Wigan (e)**

**0.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **15.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** Sexiest Bad Boys **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** Johnny Depp THS **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Bad Girls **0.00** Johnny Depp THS **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Most Awesome Moments in Entertainment

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

GOTT FÓLK McCANN

SIRKUS



RÚV PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI

STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR

Rúv plús er á rás 99

OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS

digital ísland

## VIÐ MÆLUM MEÐ

### SIRKUS KL. 21.00
### America´s Next Top Model



Þrettán vongóðar glæsidísir ganga eftir sýningarpallinum í von um að verða næsta ofurfyrirsæta. Keppendur í þetta skipti eru á aldrinum 18-26 ára, þeirra á meðal húsamálari, barnfóstra, lyfjafræðingur og þýðandi. Sem fyrr er ofurmódelið Tyra Banks formaður dómnefndarinnar og nýtur hún dyggrar aðstoðar furðufuglanna Twiggy, Nigel Barker og J. Alexander.
Stelpurnar vilja allar vinna og það eitt að keppa í því hver er fegurst gefur fögur fyrirheit. Stelpurnar eru jafn mismunandi og þær eru margar og þar sem þær búa og vinna saman er óumflýjanlegt að einhverjir árekstrar verði. Það getur verið sprenghlægilegt að vera fluga á vegg og fylgjast með hamaganginum og ekki skemmir dramatíkin og tárin í kjölfar hennar. Fegurðin er nefnilega bara á yfirborðinu hjá sumum stúlknanna.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | | 7 | 2 | | | | |
| | 5 | 7 | | | 1 | 9 | 6 | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 5 | | | | |
| | | 4 | | | | 7 | | |
| | | | | 6 | 2 | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 9 | 8 | | | 1 | 4 | |
| | | | | 3 | 9 | | 8 | 7 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 9 | 3 | 2 | 1 | 6 | 8 | 7 | 5 |
| 8 | 7 | 2 | 3 | 5 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 4 | 1 | 7 |
| 2 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 1 |
| 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 |



▶ 21.30

*Knattspyrna*

SPÆNSKU MÖRKIN

*besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**20.35 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) (Bell Canadian Open) Helstu svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum.

▶ **21.30 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllumleikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.

**22.00 Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07) Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð ogspáð í spilin fyrir næstu leiki.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.15** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Inferno **14.30** Miðdegistónar **15.03** Sögur af sjó og landi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir

**22.15** DSCH **23.05** Fallegast á fóninn

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.30** Á vellinum **22.15** Geymt en ekki gleymt **0.10** Popp og ról **0.30** Spegillinn **1.10** Glefsur **3.00** Samfélagið í nærmynd **5.05** Óvissuferð – allir velkomnir

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


# Bylting í blaðalestri á Netinu!

vísir.is NÝJUNG!

**50 heppnir gestir á visir.is vinna utanlandsferð!**

Kíktu strax á vefblöð á **visir.is** því 50 gestir í september fá **utanlandsferð** með Iceland Express.

Iceland Express




VEF BLÖÐ

**Fréttablaðið hefur aldrei verið aðgengilegra!**
Lestu blöðin á visir.is. Ný tækni gerir þér kleift að finna efni á auðveldan og fljótlegan hátt, stækka letur og velja stakar greinar.

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

## HRÓSIÐ FÆR ...



*...Freyja Haraldsdóttir, sem lætur fötlun sína ekki aftra sér frá því að flytja fyrirlestra í öllum framhaldsskólum landsins undir yfirskriftinni „Það eru forréttindi að lifa með fötlun".*

# Alcan keypti upp eina tónleika hjá Bó

„Við erum bakhjarlar þessara tónleika og keyptum eina upp sem verða á laugardaginn klukkan fimm, þeir fyrstu í röð þriggja," útskýrir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Alcan-álversins í Straumsvík. „Björgvin er náttúrlega einn af helstu sonum Hafnarfjarðar og svo skemmtilega vill til að þegar álverið hóf framleiðslu á áli árið 1969 var Björgvin kjörinn Poppstjarna Íslands," segir Hrannar. Öllum starfsmönnum álversins er boðið ásamt mökum auk fyrrverandi starfsmönnum og mökum þeirra á tónleika Björgvins og Sinfóníunnar en mikil eftirspurn hefur verið eftir miðum á herlegheitin og þegar verið bætt við þriðju tónleikunum sem verða á sunnudeginum. Þá var helstu viðskiptavinum Alcan einnig boðið auk helstu birgja, bæði hér heima og erlendis.

Aðspurður hvort stór hópur af útlendum gestum væri væntanlegur til landsins til að berja goðið augum sagði Hrannar svo ekki vera, „Kannski tuttugu manns," sagði hann. Hafnfirðingar verða fjölmennir í Laugardalshöllinni á laugardaginn því þeim gafst tækifæri á að vinna sér inn miða á heimasíðu fyrirtækisins og reyndi fjöldi bæjarbúa fyrir sér og voru hinir heppnu dregnir út á föstudaginn.

Hrannar sagði mætinguna hjá starfsmönnum fyrirtækisins aldrei hafa verið meiri á neinn viðburð og því greinilegt að Björgvin nýtur mikilla vinsælda meðal sveitunga sinna í álverinu. „Við höfum verið að gera ýmislegt í tilefni af fjörutíu ára afmæli okkar og það er mikill spenningur og stemning hjá starfsfólkinu," sagði Hrannar, sem hafði þó ekki tekið frá sæti á fremsta bekk fyrir sjálfan sig. „Ég verð þarna í góðu stuði um miðjan sal." **- fgg**



**HRANNAR PÉTURSSON** Álverið keypti upp eina tónleika hjá Björgvini Halldórssyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands í Laugardalshöll.



**RANNVEIG RIST** Forstjórinn verður örugglega í góðu stuði meðal starfsmannanna á laugardaginn.



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Var kosinn Poppstjarna Íslands árið 1969, sama ár og álframleiðsla hófst í Straumsvík.



**LÁRÉTT**
**2** mál skips **6** sem **8** samkynhneigður **9** form 11 peninga **12** aumingi **14** einkennis **16** rás **17** að **18** óðagot **20** sjó **21** auma.
**LÓÐRÉTT**
**1** tilraunaupptaka **3** eftir hádegi **4** sárasótt **5** viður **7** lofaður **10** skítur **13** hola **15** vond **16** þjálfa **19** sælgæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2 lest, 6 er, 8 hýr, 9 mót, 11 fé, 12 ómagi, 14 aðals, 16 æð, 17 til, 18 fum, 20 sæ, 21 arma. **LÓÐRÉTT:** 1 demó, 3 eh, 4 sýfilis, 5 tré, 7 rómaður, 10 tað, 13 gat, 15 slæm, 16 æfa, 19 mm.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Hilmar Örn Agnarsson.
2. 20 ára afmæli lagsins Ammæli.
3. Unnur Birna Vilhjálmsdóttir.






ÓTTAR SVEINSSON: NÝ ÚTKALLSBÓK VÆNTANLEG FYRIR JÓLIN

# Flugslysið á Srí Lanka efniviður nýrrar bókar

„Bókin er helguð minningu þeirra sem fórust," segir rithöfundurinn og blaðamaðurinn Óttar Sveinsson sem er þessa dagana að skrifa þrettándu Útkalls-bók sína. Viðfangsefni Óttars að þessu sinni er flugslysið á Srí Lanka árið 1978. Þá fórst Flugleiðavél sem var í pílagrímaflugi á milli Mekka og Indónesíu. Vélin fórst þegar hún átti að millilenda á Srí Lanka. Alls létust 175 farþegar frá Indónesíu og átta Íslendingar sem voru í áhöfn vélarinnar. Fimm Íslendingar komust hins vegar lífs af og 74 aðrir.

„Ég byggi bókina upp á samtölum við þá sem komust af og sömuleiðis þá sem voru í áhöfninni sem beið á Srí Lanka," segir Óttar, en önnur Flugleiðaáhöfn átti að taka við af hinni á Srí Lanka. Óttar hefur einnig rætt við fjölda annarra sem tengjast þessum atburði á einn eða annan hátt.

Í bókinni Ísland í aldanna rás eftir Illuga Jökulsson er greint frá því að í fyrstu hafi verið talið að slysið mætti rekja veðurs. Síðar hafi orsakir slyssins verið raktar til þess að aðflugstæki hafi verið vitlaust stillt. Flugvélin var of lágt á lofti í aðflugi af þessum sökum og skall niður á kókoshnetuplantekru um 400 og hálfum kílómetra frá flugbrautinni. Vélin þeyttist um 400 metra eftir jörðinni, brotnaði í þrennt og tveir af fjórum hreyflum rifnuðu af. Eldur kviknaði í nokkrum hlutum flaksins. Eftir á var flakið svo illa útleikið að með ólíkindum þótti að nokkur skyldi hafa komist lífs af.

Óhætt er að fullyrða að bók Óttars eigi eftir að vekja mikla athygli þegar hún kemur út í byrjun nóvember, enda muna margir eftir flugslysinu á Srí Lanka. „Það er auðvitað mismunandi hvernig fólk man eftir þessu. Því er hins vegar ekki að neita að margir sem ég hef rætt við af þessu tilefni muna vel hvar þeir voru staddir þegar fréttir af slysinu bárust, rétt eins og með 11. september, morðið á Kennedy og fleiri atburði," segir Óttar Sveinsson. **hdm@frettabladid.is**



**ÓTTAR SVEINSSON** Næsta umfjöllunarefni hans í Útkalls-bókaflokknum er flugslysið á Srí Lanka árið 1978 þegar átta Íslendingar létu lífið og fimm komust af. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FÓRNARLÖMBIN FLUTT HEIM** Lík átta Íslendinga voru flutt heim eftir flugslysið á Srí Lanka. Í bók Óttars er rætt við þá sem komust af og ýmsa sem tengjast þessum atburði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kristján Kristjánsson**, áður kenndur við Kastljós, hefur tekið til óspilltra málanna sem fjölmiðlafulltrúi hjá FL Group, þótt blekið sé vart þornað á ráðningarsamningnum. Hans fyrsta útspil var að tilkynna endurkomu Sykurmolanna í Laugardagshöllinni 17. nóvember, í tilefni af því að tuttugu ár eru liðin frá útgáfu lagsins Ammæli. Aðkoma Kristjáns að tónleikunum er sú að „FL Group hefur ákveðið að styðja myndarlega við bakið á Sykurmolunum, enda má með nokkrum sanni segja að Sykurmolarnir og útgáfufyrirtæki þeirra, Smekkleysa, hafi beint og óbeint verið undanfari útrásar íslenskra fyrirtækja," eins og segir í tilkynningu frá fjölmiðlafulltrúanum. Spurning hvort Einar Bárðarson megi fara að passa sig?



Ýmissa grasa kennir í jólabókaflóðinu í á og meðal þess sem skolar á fjörur landsmanna er bókin Indjáninn eftir **Jón Gnarr** í útgáfu Eddu. Bókinni er lýst sem „skáldaðri ævisögu", sögð vera einlægum nótum og byggir víst á æskuminningum Jóns sjálfs, sem tekur sér líka skáldaleyfi og fléttar við frásögnina.



Gamanmyndin Borat með breska háðfuglinum Sacha Baron Cohen, betur þekktum sem Ali G, sló hressilega í gegn á kvikmyndahátíðinni í Totonto fyrir skömmu. Myndin verður frumsýnd á Íslandi í byrjun nóvember en þar sem eintak af myndinni er komið til landsins tóku nokkrir helstu forkólfarnir í bíóbransanum forskot á sæluna og horfðu á myndina í Smárabíói í gær. Nokkrir gestir fengu að fljóta með og njóta herlegheitanna og bar þar nokkuð á lykilmönnum úr hnakkalandsliðinu með Sigvalda Kaldalóns í broddi fylkingar. Sveppi var einnig í salnum og hló dátt að fíflaganginum í Borat og sjálf þjóðhetjan **Magni** mætti galvaskur. Á leið sinni út úr Smáralind var hann eltur af ungum og áköfum aðdáendum sínum og eins og við var að búast gaf rokkstjarnan geðprúða sér tíma til að gefa himinlifandi krökkunum eiginhandaráritun. **- bs/þþ**



# Vala Matt hætt í Veggfóðri

Ein ástsælasta sjónvarpskona landsins, Valgerður Matthíasdóttir, hefur ákveðið að hætta með sjónvarpsþátt sinn Veggfóður sem hefur verið á dagskrá Stöðvar 2 undanfarið. Vala hefur um árabil frætt Íslendinga um það nýjasta í hönnun og innanhúsarkitektúr og því augljóst að það verður sjónarsviptir af henni á þeim vettvangi. „Ég er eiginlega búin að ákveða að það sé komið nóg af svona þáttum," svarar Vala. „Ég er búin að vera með svona þátt í sjö ár, fyrst á Skjá einum en nú á Stöð 2," en Veggfóður verður áfram á skjánum fram í nóvember.

Valgerður hefur verið að í sjónvarpi ansi lengi og segir að rauði þráðurinn hjá sér hafi verið að hún sé alltaf reiðubúin að breyta til. „Mér hefur alltaf þótt það spennandi að kljást við ný verkefni og nýjar sjónvarpsstöðvar," útskýrir Vala. „Nú er bara kominn tími á nýja hluti." **- fgg**





**VALA MATT** Hefur ákveðið að segja skilið við sjónvarpið og reyna fyrir sér á nýjum vettvangi.


ÉG ER HLAUPARI
KÁRI STEINN KARLSSON 20 ÁRA
SEXTÁNFALDUR ÍSLANDSMEISTARI
TÍFALDUR ÍSLANDSMETHAFI
ÞREFALDUR DANMERKURMEISTARI
YFIR 30 SIGRAR Í GÖTUHLAUPUM
"ÉG VIL LÉTTA, ENDINGARGÓÐA, ÞÆGILEGA OG MJÚKA HLAUPASKÓ. ÞESS VEGNA VEL ÉG NIKE AIR HLAUPASKÓ ÚR BOWERMAN HLAUPALÍNUNNI"
AIR
NIKE

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

# *Pissað upp í vindinn*

Hér þrífst tiltölulega friðsælt þjóðfélag en stundum verða hér atburðir sem hleypa ugg í fólk. Fyrir skömmu safnaðist mikil ungmennafjöld saman í Skeifunni og nokkrir pissuðu víst inn í hraðbanka. Ég geri því skóna, án þess að hafa þó kynnt mér það, að þar hafi strákar verið að verki.

**LÖGREGLAN** var kölluð til og virðist sem nokkuð æði hafi runnið á hana því nokkru síðar birtust viðtöl við fólk sem var síður en svo ánægt með framgöngu hennar. Maður brákaðist á handlegg eftir barsmíðar laganna varða og þegar móðir annars hringdi í lögregluna til að grennslast fyrir um son sinn var henni sagt að hún vissi ekkert um hann þótt hann hefði þá þegar verið handtekinn. Svo var þarna líka strákur sem varð fyrir því að vera handtekinn einmitt þegar hann var í spreng – greinilega ekki einn þeirra sem sprændu í hraðbankann – og þegar hann hafði orð á þessu vandamáli við lögregluþjónana sögðu þeir honum að míga bara á sig.

**FRÁ** þessu skýrðu blöðin skilmerkilega og einmitt þegar þjóðin hafði áttað sig á því að lögreglan hafði farið offari birtust nýjar fréttir í Morgunblaðinu af útistöðum lögreglunnar við ungmenni. Að þessu sinni voru fréttirnar fengnar af vef lögreglunnar sjálfrar. Nú hafði hún verið beðin um að koma í fjölbýlishús þar sem íbúarnir höfðu fengið sig fullsadda af tveimur 12 og 13 ára stelpum sem létu þar öllum illum látum. Hafði Morgunblaðið eftir vef lögreglunnar að þær hefðu brugðist ókvæða við og hafi þær hótað „lögreglumönnum öllu illu og viðhöfðu svívirðingar sem ekki er hægt að hafa eftir. Lögreglumenn eru ýmsu vanir en þarna keyrði um þverbak enda var munnsöfnuður stúlknanna óhugnanlegur.“

**MORGUNBLAÐIÐ** kaus að sleppa síðustu setningunni í frétt vefjar lögreglunnar, sem skýrir af hverju fært er svona í stílinn með því að bregða upp mynd af fílefldum lögreglumönnum skjálfandi á beinum yfir kraftmiklum orðaforða smástelpna. Setningin er á þessa leið: „Þetta mál minnir að því leyti á uppákomuna í Skeifunni um helgina að víða skortir á aga og virðingu. Eins er það áhyggjuefni þegar fólk fylgir ekki fyrirmælum lögreglunnar.“

**Á SVONA** kjánalegan hátt reynir lögreglan að réttlæta ofbeldið og orðbragðið sem hún viðhafði í Skeifunni. Ætli stelpurnar orðljótu hafi boðið lögreglumönnunum óttaslegnu að míga á sig?

Ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla

SWIFT

Hugtök, Maí 06






Suzuki Swift er bíll sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílablaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year“ 2005 af virtasta bílablaði Bretlands „Car magazine“. Hann var valinn bíll ársins á Írlandi, Nýja-Sjálandi, Astralíu, Kina, Malasíu og Japan. Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award“ og „Design award of the year“.

25 ÁR Á ÍSLANDI 1981-2006

SUZUKI
...er lífsstíll!
SUZUKI BÍLAR HF. SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 51 00.
www.suzikibilar.is

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA BÍLL ÁRSINS 2006



ZEPTO the notebook company
TM Tölvukaupalán til 36 mánaða · 9 mánaða vaxtalaus raðgreiðslusamningur



ZEPTO 4015SE
*Fjölhæf og þolgóð*
15" XGA skjár
1,5Ghz Intel Celeron 1MB örgjörvi
512MB DDR2 vinnsluminni
80GB harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort o.fl.
Allt að 5 klst. rafhlöðuending
Tölvukaupalán: Kr. 3.723,- Vaxtalaust: Kr. 11.598,- Kynningarverð: Kr. 99.900,-



ZEPTO 2425W
*Öflug og skemmtileg*
15,4" Crystal Clear breiðtjaldsskjár
Intel Core Duo 1,83Ghz örgjörvi
Geforce Go 7600 256MB skjákort
100GB harður diskur
1024MB DDR2 vinnsluminni
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort, vefmyndavél, fingrafaralesari o.fl.
Allt að 4 klst. rafhlöðuending
Tölvukaupalán: Kr. 6.139,- Vaxtalaust: Kr. 19.609,- Kynningarverð: Kr. 169.900,-



ZEPTO 6615WD
*Sú öflugasta*
15,4" WSXGA 1680x1050 skjár
Intel Core Duo 2,0Ghz örgjörvi
Geforce Go 7600 512MB skjákort
1024MB DDR2 vinnsluminni
100GB 7200rpm harður diskur
Innb. DVD skrifari, þráðl. netkort, vefmyndavél o.fl
Tölvukaupalán: Kr. 7.175,- Vaxtalaust: Kr. 23.042,- Kynningarverð: Kr. 199.900,-

Gerðu verð- og gæðasamanburð áður en þú fjárfestir í fartölvu.

ORMSSON
SMÁRALIND · Sími 530 2900
AKUREYRI · Sími 461 5000
KEFLAVÍK · Sími 421 1535
SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800
www.ormsson.is